



Valslaðið

76. árgangur 2024



Velkomin í eitt af
undrum veraldar



BLUE LAGOON
ICELAND

ORMSSON



Nýr og glæsilegur sýningarsalur HTH

Fjölbreyttar og vandaðar
innréttingalausnir.

Lágmúla 8 Reykjavík



Svansvottaðar
innréttingar

Jólin og hefðirnar

Hugvekja á jólum 2024

Öll eigum við sterkar minningar um aðventuna og jólahaldið sem við upplifðum í bernsku. Hefðirnar og venjurnar sem við ólumst upp við hafa ávallt djúpa merkingu fyrir okkur og tilfinningalegar tengingar. Þessar minningar birtast yfirleitt ljóslifandi í huga okkar í aðdraganda jólanna.



Sumir reyna ár hvert að skapa sömu upplifun og tilfinningu og þau áttu í barnæskunni og halda þannig í heiðri minningar æskujólanna. Það er bæði fallett og dýrmætt.

Hefðir og jól haldast í hendur. Fjölskylduboðið með stórfjölskyldunni, jólaskemmtanir barnanna, jólahlaðborðið með félögum, jólatónleikar og jólamessan í kirkjunni okkar. Fyrir flesta er þetta tími gleði og eftirvæntingar en þó eru margir sem fyllast kvíða og finna til streitu á þessum árstíma yfir öllu því sem þarf að gera áður en jólin ganga í garð svo að þau verði örugglega fullkomin. Það er margt í boði að sjá og gera á aðventunni, tilboðin koma úr öllum áttum og auðvelt að óttast að maður sé að missa af einhverju ef maður tekur ekki þátt. Með slíku hugarfari er hætt við því að tíminn týnist og við gleymum að njóta augnabliksins.

Það er mikilvægt að staldra við og meta hvornig við viljum njóta þessa dýrmæta tíma sem aðventan og jólahátíðin er.

Sumum hefðum má ef til vill kasta fyrir róða ef þær þjóna ekki lengur sama tilgangi og þær gerðu áður. Nýta í staðinn tækifærið til að skapa nýjar hefðir. Hvað getum við gert á aðventunni og yfir jólin sem skapar okkur og fjölskyldunni minna stress en býr til meira rými fyrir það sem raunverulega gefur lífi okkar gildi: *samverustundir með okkar nánasta fólki.*

Ef við viðurkennum að jólin megi þróast ár frá ári, um leið og við höldum í þær hefðir sem okkur þykir vænst um, getum við vel forðast að skapa óhóflegar væntingar til okkar sjálfra og annarra. Sleppt þessu alkunna jólastressi sem margir finna fyrir.

Frá fornu fari hefur aðventan verið tími ihugunar og undirbúnings þar sem við erum hvött til þess að líta inn á við og gangast við mannlegum brestum okkar og leitast við að bæta okkur. Jólin koma brátt og á einu augabragði eru þau liðin. Það er mikilvægt að nýta þennan tíma til hvíldar, tengingar við okkur sjálf og okkar nánustu.

Það er svo margt hægt að gera sem skapar okkur gleði á



þessum árstíma. Fyrir mörg er nóg að heyra jólalög eða horfa á ákveðnar bíómyndir sem við tengjum við jólin. Föndur við kertaljós eða smákökubakstur með fjölskyldu eða vinum. Að spila borðspil með fulltrúum ólíkra kynslóða í fjölskyldunni hjálpar okkur að tengjast betur. Svo má einnig færa fólki gjafir sem annars fengi ekkert eða heimsækja fólk sem á fáa aðra að. Allt þetta getur skapað okkur og öðrum bæði vellíðan og hamingju um jólin. Jafnvel þau sem fá sjaldan gesti upplifa sig sem hluta af stórri og glaðværrí fjölskyldu ef þau finna að einhver man eftir þeim um jólin. Því þessi tími er hverju mannsbarni mikilvægur, sama á hvaða aldri við erum eða í hvaða aðstæðum. Að finna fyrir hlýju frá meðbræðrum sínum og systur yfir jólahátíðina getur jafnvel tundrað nýja von hjá fólki sem þarfnast hjálpar og félagsskapar og hvatt það til að rétta út hönd og óska eftir stuðningi frá sínum nánustu.

Boðskapur jólanna er í grunninn vonin, vonin um betri tíma framundan. Í jólaguðspjallinu heyrum við af ungum foreldrum sem þurftu að leggja á sig erfitt ferðalag til Betlehem og fengu hvergi inni nema í fábrotu fjárhúsi þar sem frumburður þeirra kom í heiminn, og var lagður í jötu. En það þarf enginn að efast um þá miklu gleði og jólaandann sem ríkti á þeirri stundu þrátt fyrir fábrotið umhverfið. Ef við gerum ekki óraunhæfar kröfur, sýnum sjálfum okkur mildi og munum eftir náunga okkar, þá verða vonin og gleðin einnig til staðar um þessi jól.

Megi góður Guð gefa þér og þínum, eftirminnilega og gleðiríka adventu og jólahátíð.

Sr. Asa Laufey Sæmundsdóttir prestur í Háteigskirkju.



Jólakveðja 2024

Mánaðavísur (brot)

Í janúar er frost og fönn og firnamikill gaddur. Hart á hjarni' og undir tönn, hrafinn ekki saddur.

Febrúar er frostsins tíð, fannir eru um allt og allt. Úti er oftast árans hríð og ógurlega kalt- svo kalt.

Í mars er myrkur fram á kvöld þá meira ljós við kveikjum. Enn eru kvöldin löng og köld en kátt í okkar leikjum.

Apríl prýðir pásكاتíð þrúð a messu hlýðum. Senn nú vikur vetrartíð, vorsins glöð við bíðum.

Í maí er vorsins velgja nær vakna blóm af dvala, kveðinn söngur fugla skær, steinar fara að tala.

Júní mesta birtu ber, boðar góðar stundir. Litil börn þá leika sér, létt um grænar grundir.

Júlí heitur heilsar þér hressir sál og huga. Gjörvallt lífið leikur sér, líka hungangsfluga.

Jón H. Karlsson



Valsblaðið • 76. árgangur 1. tbl. 2024

Útgefandi: Knattspyrnufélagið Valur, Hlíðarenda við Laufásveg

Ritstjóri: Guðni Olgeirsson Ritnefnd: Þorgrímur Þráinsson, Óttar Felix Hauksson, Dagný Rut Gísladóttir og Svala Þormóðsdóttir.

Auglýsingar: Björgvin Páll Gústafsson.

Ljósmyndir: Ágúst Björgvinsson, Baldur Þorgilsson, Guðni Olgeirsson, Gunnar Sverrisson, Hafliði Breiðfjörð, Hilmar Hilmarsson, Svali Björgvinsson o.fl.

Prófarkalestur: Óttar Felix Hauksson

Umbrot: Eyjólfur Jónsson

Prentun og bókband: Litróf



Meðal efnis:

12 Kristján Ásgeirsson fjallar um endurgerðan gervigrasvöll og frumhönnun fjölmota íþróttahúss á Hlíðarenda.

16 „Ógleymanlegt ferðalag.“ E. Börkur Edvardsson rifjar upp minningar frá rúmlega 20 ára setu í stjórnum hjá Val í viðtali við Benedikt Bóas Hinriksson.

22 Minjanefnd Vals fest í sessi. Nikulás Úlfar Músson fer yfir sögu minjanefndar.

25 Draumar rættust. Myndasaga frá Evrópubikarævintýri handbolta karla. Ljósmyndir Baldur Þorgilsson. Daníel Franz Davíðsson setti saman.

30 Þrusustuð á fjölsöttu kvennakvöldi Vals.

34 Eitt eftirminnilegasta ár hjá handknattleiksdeild Vals.

46 „Við unnum, við unnum, við unnum.“ Vignir Stefánsson fer yfir ferilinn hjá Val í viðtali við Jóhann Alfreð Kristjánsson.

49 „Allt er fertugum fært.“ Málfríður Erna Sigurðardóttir lagði skóna á hilluna í haust og rifjar upp farsælan knattspyrnuferil í viðtali við Guðna Olgeirsson.

54 Samheldið og öflugt samfélag á Hlíðarenda. Skýrsla barna- og unglingsviðs (BUS).

58 Íslandsmeistarar í körfuknattleik karla 2024. (myndaopna)

66 Fetar í fótspor föður síns á Hlíðarenda. Viðtal Guðna Olgeirssonar við Frank Aron Booker leikmann Vals í körfuknattleik.

69 Áfram Valur skokk.

84 Bikarmeistarar í knattspyrnu kvenna 2024. (myndaopna)

90 Löggan á línunni. Hildigunnur Einarsdóttir rifjar upp handboltaferilinn í viðtali við Guðna Olgeirsson.

94 Skýrslur frá KH karla og kvenna.

109 Stærsta árið í sögu Fálkanna.

112 Bára Grímsdóttir hefur stjórnað Valskórnum í 20 ár.

Forsíðumynd Valsblaðsins 2024 er af Evrópubikarmeisturum Vals í handknattleik karla fagna innilega ótrúlegum sigri í Aþenu á gríska liðinu Olympiacos eftir ævispennandi úrslitaleik sem endaði í vítakeppni. Áfram hærra. Ljósmynd Baldur Þorgilsson.



Arna Sif Ásgrímsdóttir er íþróttamaður Vals 2023

Sú hefur að velja íþróttamann Vals hófst árið 1992 þegar Halldór Einarsson gaf bikar og varð Valdimar Grímsson fyrir valinu. Árið 2023 var Arna Sif Ásgrímsdóttir leikmaður meistara-flokks kvenna í knattspyrnu fyrir valinu.

Til þessa hafa 13 knattspyrnumenn hlotið titilinn, 13 handknattleiksmenn og þrír körfuknattleiksmenn. Sautján sinnum hefur leikmaður karlaliðs verið valinn íþróttamaður Vals og fimmtán sinnum leikmaður kvennaliðs. Kynjaskiptingin er því nokkuð jöfn þegar kemur að vali á íþróttamanni Vals. Vert er að taka fram að sami leikmaður hefur í nokkrum tilfellum hlotið útnefningu oftast en einu sinni.

Kjör á íþróttamanni Vals fer að venju fram með þeim hætti að sjö manna dómnefnd kemur saman og metur frammistöðu þeirra leikmanna sem skarað hafa framúr á árinu. Nefndin horfir til nokkurra þátta við val sitt og síðan er kosið um það innan

Íþróttamenn Vals frá upphafi

- 2023** Arna Sif Ásgrímsdóttir, knattspyrna
- 2022** Pavel Ermolinski, körfuknattleikur
- 2021** Alexander Örn Júlíusson, handknattleikur
- 2020** Anton Rúnarsson, handknattleikur
- 2019** Helena Sverrisdóttir, körfuknattleikur
- 2018** Birkir Már Sævarsson, knattspyrna
- 2017** Orri Freyr Gíslason handknattleikur
- 2016** Bjarni Ólafur Eiríksson, knattspyrna
- 2015** Bjarni Ólafur Eiríksson, knattspyrna
- 2014** Kristín Guðmundsdóttir, handknattleikur
- 2013** Haukur Páll Sigurðsson, knattspyrna
- 2012** Guðný Jenný Ásmundsdóttir, handknattleikur
- 2011** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, handknattleikur
- 2010** Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, handknattleikur
- 2009** Dóra María Lárusdóttir, knattspyrna
- 2008** Katrín Jónsdóttir, knattspyrna
- 2007** Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrna
- 2006** Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrna
- 2005** Bjarni Ólafur Eiríksson, knattspyrna
- 2004** Berglind Íris Hansdóttir, handknattleikur
- 2003** Íris Andrésdóttir, knattspyrna
- 2002** Sigurbjörn Hreiðarsson, knattspyrna
- 2001** Rósa Júlía Steinþórsdóttir, knattspyrna
- 2000** Kristinn Lárusson, knattspyrna
- 1999** Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir, knattspyrna
- 1998** Guðmundur Hrafnkelsson, handknattleikur
- 1997** Ragnar Þór Jónsson, körfuknattleikur
- 1996** Jón Kristjánsson, handknattleikur
- 1995** Guðrún Sæmundsdóttir, knattspyrna
- 1994** Dagur Sigurðsson, handknattleikur
- 1993** Guðmundur Hrafnkelsson, handknattleikur
- 1992** Valdimar Grímsson, handknattleikur



Hörður Gunnarsson, formaður félagsins ásamt Málfríði Önnu Eiríksdóttur sem veitti viðurkenningunni móttöku fyrir hönd Örnú Sifjar sem sést á tölvuskjánum í bakgrunni.

nefndarinnar hver muni hljóta sæmdarheitið íþróttamaður Vals. Í nefndinni eiga sæti formenn allra deilda, sitjandi formaður Vals auk tveggja formanna þar á undan sem og Halldór Einarsson. Nefndin var samstíga í vali sínu á íþróttamanni Vals fyrir árið 2023 en eins og alltaf koma nokkrir leikmenn til greina enda stóðu meistaraflokkar félagsins sig vel á árinu. Árið var til að mynda sögulegt vegna góðs gengis kvennaliða félagsins því liðin fögnuðu Íslandsmeistaratitli í öllum greinum. Þetta góða gengi kvennaliða Vals er jöfnun á sama árangri frá árinu 2019.

Arna Sif Ásgrímsdóttir íþróttamaður Vals, varð árið 2023 Íslandsmeistari í þriðja sinn, ásamt því að vera valinn besti leikmaður Íslandsmótsins af sérfræðingum Bestu markanna á Stöð 2 sport sem og hjá Heimavellinum. Leikmaðurinn er þekktur fyrir að sýna ávallt góða og fágáða framkomu hvort sem er innan eða utan vallar.

Arna Sif átti ekki heimangengt við verðlaunaafhendinguna þar sem hún var stödd á heimahögum sínum norður á Akureyri þar sem hún dvelur hjá fjölskyldunni sinni yfir hátíðirnar. Hún var að vonum ánægð með sæmdarheitið: „Ég er gríðarlega stolt og þakklát fyrir þessa viðurkenningu. Það er mikill heiður að vera valinn íþróttamaður ársins hjá félagi sem er í hæsta gæðaflokki í öllum greinum. Fyrst og fremst vil ég þakka fyrir mig og um leið þakka liðsfélagunum mínum og öllum Völsurum fyrir frábært ár – Við höldum áfram, áfram hærra.“



Magnús Ólafsson formaður minjanefndar frá stofnun nefndarinnar árið 2010 fékk þakklætisvott frá Herði Gunnarssyni formanni fyrir óeigingjarnt starf að minjamálum hjá Val.



Bára Grímsdóttir kórstjóri Valskórsins til 20 ára með Herði Gunnarssyni formanni Vals.



Helga Vala Helgadóttir var valin sjálfboðaliði ársins hjá körfu- knattleiksdeild.

Áfram Valur – áfram hærra!

Ársskýrsla aðalstjórnar Vals árið 2024

Stjórn Knattspyrnufélagsins Vals

Ný stjórn félagsins var kjörin á aðalfundi Vals sem haldinn var 30. maí 2024. Aðalstjórn skipa Hörður Gunnarsson formaður, Arna Grímsdóttir, Edvard Börkur Edvardsson formaður knattspyrnudeildar, Dagný Rut Gísladóttir formaður barna- og unglíngaráðs, Hafrún Kristjánsdóttir, Hildur Björk Hafsteinsdóttir, Jón Halldórsson formaður handknattleiksdeildar, Jón Garðar Hreiðarsson, Karl Axelsson og Svali Björgvinsson formaður körfuknattleiksdeildar. Stjórn skipti með sér verkum og var Arna kjörin ritari aðalstjórnar og Hafrún kjörin varaformaður félagsins.

Á haustfundi knattspyrnudeildar í október sl. lét Edvard Börkur Edvardsson af störfum sem formaður knattspyrnudeildar Vals eftir tvo áratugi sem formaður deildarinnar. Edvard Berki er þakkað það mikilvæga og förnfúsa starf sem hann hefur innt af hendi fyrir Val á þessum langa og farsæla ferli. Í stað Edwards Barkar var Björn Steinar Jónsson kjörinn formaður knattspyrnudeildar og bjóðum við hann velkominn til starfa.

Afrekssvið og afreksstarf

Meistaraflokkar félagsins eru skipaðir einvala íþróttafólki, framúrskarandi þjálfurum, aðstoðarfólki og öflugum stjórnnum. Saman myndar þessi hópur samhentla heild utan vallar sem innan sem er grunnurinn af öflugu afreksstarfi Vals.

Gott og farsælt íþróttarár er að baki þar sem Valur var áfram á sigurbraut og vann til sex stórra titla þar af fimm innanlands, auk deildarmeistararitla. Þar ber hæst að Valur vann það einstaka afrek á árinu að verða Evrópubikarmeistari í handknattleik karla. Afrek sem ekki á sér hliðstæðu í íslenskri íþróttasögu og verður væntanlega seint leikið eftir. Valsliðið lék 14 leiki í keppninni og sigraði í 13 þeirra sem er meiriháttar afrek. Umgjörðin og skemmtunin sem var í boði á Hlíðarenda á þessum leikjum var einstök og setti önnur og ný viðmið í framkvæmd kappleikja hér hjá okkur á Hlíðarenda. Karla- liðið Vals í handknattleik varð síðan bikarmeistari á árinu.



Undirritun samnings við NI 29. desember 2023 um NI völlinn og NI höllina að Hlíðarenda. Hörður Gunnarsson formaður Vals og Silja Mist Sigurkarlsdóttir forstöðumaður markaðssviðs NI.

Kvennaliðið Vals í handknattleik vann til allra þeirra verðlauna sem liðið keppti um hérlendis, þ.e. þær urðu deildarmeistarar, bikarmeistarar og Íslandsmeistarar og töpuðu aðeins einum leik af þeim rúmlega 30 sem liðið spilaði á árinu. Auk þess er liðið komið í 16 liða úrslit Evrópubikarsins.

Þá er ótalinn frábær árangur karla liðs Vals í körfubolta sem varð deildarmeistari og fagnaði síðan Íslandsmeistaratitli eftir hreint magnað einvígi við Grindavík. Umgjörðin í einvíginu var einstök og körfuknattleiksdeildinni til sóma.

Kvennaliðið Vals í knattspyrnu varð bikarmeistari á liðnu sumri og hreppi annað sætið í Íslandsmótinu með jafni mörg stig og sigurvegari mótsins. Liðið var í efsta sæti fyrir úrslitakeppnina sem leikin var í fyrsta sinn í deildinni í ár. Samtals eru því titlarnir hjá Val orðnir 140, það er virkilega vel af sér vikið og til hamingju Valur. Þessi góði árangur og einstaka íþróttafólk er yngri iðkendum góð fyrirmynd og hvatning.

Barna- og unglíngasvið

Daglega iðar Hlíðarendi af lífi og fjöri þegar hundruð krakka eru þar samankomir til að stunda íþróttir sér til ánægju en jafnframt til að efla líkamlega, andlega og félagslega heilsu. Það er okkar hlut-

verk að taka vel á móti þessum krökkum og foreldrum þeirra þannig að þau upplifi ánægju og öryggi þegar Hlíðarendi er sóttur heim. Mikilvægt er einnig að á móti þeim taki hæfir þjálfarar sem sinni hlutverki sínu af kostgæfni. Ég er þess fullviss að Valur standi vel að þessum málum. Þeir tæplega 90 þjálfarar og leiðbeinendur sem starfa hjá félaginu leggja allir metnað sinn í að sinna hlutverki sínu af alúð og kostgæfni. Þakka ber sérstaklega öflugum hópum foreldra iðkenda sem eru ávallt tilbúnir að leggja starfinu lið.

Það er síðan félagsins að ákveða fyrir hvað við viljum að Valur standi og hvaða áherslur við viljum hafa í starfinu hverju sinni. Það verða allir að vera meðvitaðir um þessar áherslur, jafnt stjórnarmenn, iðkendur, starfsfólk félagsins, foreldrar og forráðamenn iðkenda.

Á aðalfundi Vals, sem haldinn var í lok maí sl., var gerð sú breyting á barna- og unglíngasviði að kjörnir voru deildarstjórnar fyrir hverja íþróttgrein í stað einnar stjórnar áður. Með þessu er verið að tryggja aðkomu fleiri áhugasamra og hæfileikaríkra stjórnarmanna. Þannig má enn betur sinna ört vaxandi hópi iðkenda. Þessar stjórnir sem og aðrar á vegum Vals eru skipaðar sjálfbodaliðum en þeir eru félaginu mjög mikilvægir. Verða störfin sem þeir sinna seint þökkuð og metin að fullu.

Rekstur félagsins

Það var bati á rekstri Vals á árinu þó að við hefðum einsett okkur í upphafi árs að gera enn betur. Tekjur jukust verulega á milli ára en kostnaður hækkaði einnig umfram áætlanir. Sem fyrr naut Valur stuðnings frá eignarhaldsfélaginu okkar (SES) og ber að þakka stjórn þess og framkvæmdastjóra fyrir þeirra stuðning við félagið.

Samstarfsaðilar Vals

Það er eilíft viðfangsefni að finna samstarfsaðila til að koma að rekstri félagsins og mjög mikilvægt að vel takist til. Valur er og á að vera eftirsóttur samstarfsaðili því að umfjöllun um Val í fjölmiðlum er mjög fyrirferðarmikil og fullyrða má að ekkert íþróttafélag sé sýnilegra almenningsi en félagið okkar. Sem dæmi má nefna að yfir 100 beinar útsendingar eru frá Hlíðarenda á ári hverju. Á árinu bættust við nokkrir mikilvægir samstarfsaðilar og enn aðrir endurnýjuðu samninga sína við Val. Sem dæmi má nefna að á árinu var gerður fimm ára samningur við N1 þar sem völlum og höll bera nafn þess fyrirtækis á samningstímanum. Má minna á nýjan og veglegan samning sem gerður var við Landsbankann sem og að Norðurál endurnýjaði samstarfssamning sinn um leið og hann var stækkaður. Auk framangreindra fyrirtækja eru stærstu samstarfsaðilar Vals í dag auglýsingafyrirtækið Billboard, Bláa lónið sem verið hefur einn stærsti samstarfsaðili Vals til margra ára, Vífilfell sem hefur stækkað samning sinn, búningaframleiðandinn Macron sem er stór og mikilvægur samstarfsaðili auk Origo sem verður áfram í góðu samstarfi við Val. Einnig má nefna fjölda fyrirtækja sem stutt hafa við einstaka deildir eða svið um styttri eða lengri tíma og má þar nefna Saltverk, Bjössu verktakafyrirtæki, Extra, Lengjuna, Öryggismiðstöðina, GG- lagnir, Epal, Colas og Bilaleigu Akureyrar. Öllum þessum aðilum og þeim fjölmörgu öðrum sem styrkja og styðja með einum eða öðrum hætti við starfsemi Vals eru færðar þakkir aðalstjórnar.

Framkvæmdir á félagssvæði Vals

Nú standa yfir framkvæmdir við nýjan gervigrasvöll félagsins. Völlurinn verður lagður besta fánlega gervigrasi en jafnframt verður hann upphitaður og flóðlýstur. Til stóð að völlurinn yrði tekin í



Fyrirhugað knattúshús og parkethús að Hlíðarenda.

notkun nú í haust en röð atvika urðu til þess að verkinu seinkaði lítillega. Til þess að tryggja gæði verksins og komast hjá því að vinna við lagningu vallarins við óheppilegar aðstæður var ákveðið að fresta lagningunni fram á næsta vor. Því er reiknað með að völluminn verði tilbúinn til notkunar á vordögum 2025. Framkvæmdin við gerð vallarins er á vegum Vals en samkvæmt samningi við borgina mun hún eignast völluminn og sjá um rekstur hans í framtíðinni.

Félagsstarf

Á haustmánuðum voru að venju haldin kvenna- og herrakvöld Vals. Sem fyrr var góður rómur gerður að framkvæmd þessara viðburða en geta má þess að herrakvöldið var nú haldið í 41. skipti og til gamans má segja hér frá því að Valur var fyrsta félagið sem bauð upp á slíka skemmtun. Kvennakvöld Vals er að festa sig í sessi sem árlegur viðburður Valskvenna og gesta þeirra.

Í ár var haldið í fyrsta sinn á Hlíðarenda sameiginlegt þorablót Vals og íbúa-samtaka Miðbæjar og Hlíða. Afar vel tókst til með skipulagningu, mæting var mjög góð og gestir skemmtu sér vel. Stefnt er að því að þorablót þessara aðila verði hér eftir haldin árlega. Þorablót 2025 verður haldið 1. febrúar nk. og hvet ég alla sem vettlingi geta valdið til þess að mæta. Stjórnnum og skipuleggjendum þessara kvölda eru færðar kærar þakkir fyrir sinn þátt í að þau heppnuðust jafn vel og raun ber vitni.



Dóra María Lárusdóttir og Málfríður Erna Sigurðardóttir eru mjög sigursælur uppaldar knattspyrnukonur í Val.



Efing hjá Valskórnum fyrir jólatónleika 2024.

Valskórinn starfaði að miklum krafti á árinu, hélt sína árlegu tónleika ásamt því að halda við þeim skemmtilega síð að heiðra okkur með nærveru sinni á gamlársmorgun. Kórfélögum og stjórnanda eru færðar þakkir fyrir þeirra framlag, en með starfi kórsins er verið að auka fjölbreytt starf undir merkjum Vals.

Íþróttamaður Vals

Að venju var tilkynnt um kjör á íþróttamanni Vals fyrir árið 2023 á gamlársmorgun og var það í 32. skipti sem kjörið fór fram. Íþróttamaður Vals var í fyrsta sinn kjörinn árið 1992 þegar Valdimar Grímsson varð fyrir valinu. Kjör á íþróttamanni Vals fer þannig fram að sjö manna dómnefnd kemur saman og metur frammistöðu þeirra leikmanna sem skarað hafa framúr á árinu. Nefndin horfir til nokkurra þátta við val sitt en síðan er kosið um það innan nefndarinnar hver muni hljóta sæmdarheitið íþróttamaður Vals það árið. Í nefndinni eiga sæti formenn allra deilda, sitjandi formaður Vals auk tveggja formanna þar á undan sem og Halldór Einarsson sem gaf upphaflega bikarinn og kom þessari hefð á.

Íþróttamaður Vals árið 2023 varð knattspyrnukonan Arna Sif Ásgrímsdóttir, en hún átti frábært tímabil með meistara-flokki Vals sem hampaði Íslandsmeistaratitli í knattspyrnu á árinu. Samtals hafa 13 knattspyrnumenn hlotið titilinn, 13 handknattleiksmenn og 3 körfuknattleiksmenn. Sautján sinnum hefur leikmaður karlalíðs verið valinn íþróttamaður Vals og fimmtán sinnum leikmaður kvennalíðs. Kynjaskiptingin er því nokkuð jöfn þegar kemur að vali á íþróttamanni Vals. Vert er að taka fram að sami leikmaður hefur í nokkrum tilfellum hlotið útnefningu oftast en einu sinni.

Umgengni, dagleg umhirða og viðhald

Á árinu lagði stjórn sérstaka áherslu á nauðsyn þess að bæta umgengni á svæðinu. Um 400.000 manns heimsækja Val á ári hverju og eru þá meðtaldir iðkendur, foreldrar, áhorfendur og aðrir gestir sem sækja æfingar og fjölbreytta viðburði á Hlíðarenda.

Það er ljóst að umfangsmikil starfsemi kallar á vakandi augu fyrir umgengni en auk þess er augljóst að halda verður vel

utan um skipulagt og reglubundið viðhald á fasteignum Vals. Ljóst er að með þeirri miklu velgengni sem Valur hefur átt að fagna í öllum greinum eykst ágangur og þar með viðhaldsþörf til muna. Við viljum að öll umgengni og viðhald á eigum Vals sé þannig að sómi sé að. Hér höfum við verk að vinna og saman þurfum við sannarlega að gera betur og mikilvægt er að hvert og eitt okkar leggi sitt af mörkum. Við verðum að ganga vel um svæðið, bæði úti og inni og sýna eignum félagsins þá virðingu sem þeim ber. Þessi aukna áhersla er strax farin að skila árangri en vinnu sem þessari lýkur eðlilega aldrei.

Samningur Vals og SES við Reykjavíkurborg

Undir lok síðasta árs eða nánar tiltekið þann 20. desember var undirritaður samningur á milli Vals, SES og Reykjavíkurborgar um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja á Hlíðarenda. Samningurinn er sá 17. sem gerður hefur verið á milli Vals og borgarinnar um uppbyggingu á Hlíðarenda, en sá fyrsti var gerður árið 2002. Vert er að geta þess að nú hafa átta borgarstjórar af hálfu borgarinnar komið að þessari áralöngu samningagerð og sá níundi hefur komið að framkvæmd samningsins. Mikil vinna var lögð í að klára þennan nýja samning sem er Val mjög mikilvægur og tekur á mörgum mikilvægum þáttum sem skipta félagið miklu máli, s.s. það sem snýr að framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja, breyttu skipulagi á lóðum Vals o.fl. Fyrir hönd Vals komu Grímur Sæmundsen og Sigurður Lárus Hólm auk formanns Vals að samningsgerðinni. Samningur Vals, SES og Reykjavíkurborgar tekur m.a. á eftirtöldum þáttum:

- Skipulagi á svonefndum A-reit var breytt þannig að nú má byggja fleiri íbúðir á reitnum, eða allt að 175, á kostnað minnkandi atvinnuhúsnæðis. Auk þess er afmörkuð lóð á A-reit fyrir byggingu fjölnota íþróttahúss á vegum Vals. Forhönnun er nú lokið en mannvirkið mun hýsa hálfknatt-hús og þrjá hand- og körfuboltavelli í fullri stærð. Auk þess búningsklefa fyrir meistara-flokka Vals í knattspyrnu ásamt klefum sem tengjast nýju mannvirki o.fl. Húsið er hannað af Kristjáni Ásgeirssyni hjá Alark en með aðkomu starfsmanna og stjórnar Vals.

Tröðfullt hús (3000 manns) á Hlíðarenda í úrslitaviðureign Vals og Grindavíkur í körfubolta vorið 2024. Ljós. Gunnar Sverrisson.



- Breytingu sem gerð var á J-reit þannig að þar verður byggður gervi-grasvöllur í fullri stærð og hófust framkvæmdir við hann sl. sumar.
- Frágangi á Snorrabrautarási sem er hluti af borgarlínu 1 og aðkoma að íþróttasvæði Vals á J-reit.
- Að tekin verði upp umræða um eignarhald og rekstur á íþróttamannvirkjum Vals á Hlíðarenda. Hugsunin er sú að leitað verði leiða til að leiðrétta og jafna þann mikla mun sem er á milli félaga í borginni og lýtur að rekstri mannvirkjana. Annars vegar þeirra fáu sem eiga og reka sín mannvirki og svo hinna sem eiga ekki sína aðstöðu en nota mannvirki sem alfarið eru í eigu borgarinnar. Eftir hrunið 2008 varð mikil breyting á styrkjum til viðhalds á mannvirkjum íþróttafélaga í borginni. En fram til þess tíma voru viðhaldsstyrkir sem félög eins og Valur fengu nánast jafn háir rekstrarstyrkjum sem borgin úthlutar til félaganna en viðhaldsstyrkir hafa nú nær alveg verið felldir niður sem bitnar mikið á félagi eins og Val.

Að lokum má geta þess að nú eru að störfum innan félagsins tveir hópar sem starfa eftir erindisbréfi frá Reykjavíkurborg. Annar hópurinn á að skila frumuppdrætti að fjölnotahúsi ásamt kostnaðar-áætlun fyrir mannvirkid en hinn hópurinn á að skila tillögum að rekstri og eignarhaldi á íþróttamannvirkjum Vals á Hlíðarenda. Í starfshópnum um skipulag á nýju íþróttamannvirki sitja; Jón Garðar Hreiðarsson og Sigurður Lárus Hólm af hálfu Vals. En í starfshópnum sem skoðar breytt rekstrar- og eignarhald á íþróttamannvirkjum Vals sem og



Undirritun samnings við Reykjavíkurborg 20. desember 2023. Frá vinstri: Helgi Magnússon formaður Hlíðarenda ses, Hörður Gunnarsson formaður Vals, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Grímur Sæmundsen formaður Valsmanna hf.

greiðslur frá borginni vegna afnota af mannvirkjum sitja af hálfu Vals Grímur Sæmundsen og Hörður Gunnarsson.

Nýr framkvæmdastjóri Vals

Jóhanna Gunnlaugsdóttir hefur verið ráðin framkvæmastjóri Vals en hún mun hefja störf í ársbyrjun. Hún tekur við starfinu af Styrmi Þór Bragasyni sem sagt hefur starfi sínu lausu. Styrmir Þór fer þó ekki langt þar sem hann hefur aftur tekið sæti í stjórn knattspyrnudeildar Vals. Jóhanna er viðskiptafræðingur að mennt auk þess að vera M.Sc í hagfræði og viðskiptum frá Hankem School of Economics. Hún kemur til Vals frá Össuri þar sem hún hefur m.a. gegnt starfi Process Manager sem felur m.a. í sér ábyrgð á greiningu á verkferlum á starfsstöðvum fyrirtækisins á heimsvísu. Jóhanna var um sex ára skeið íþróttastjóri Drumsö Idrottsskamrater í Finnlandi og hefur setið í stjórn handknattleiksdeildar Vals frá síðasta aðalfundi.

Stjórn Vals þakkar Styrmi Þór fyrir gott starf sem framkvæmdastjóri félagsins og

býður Jóhönnu jafnframt velkomna til starfa.

Lokaorð

Að vera Valsmaður er í raun öfundsverður lífsstill. Ég hef fylgst með fjölmörgum sjálfbodaliðum vinna óeigin-gjarnt starf hér á Hlíðarenda og hafa sumir lagt hönd á plóg árum og áratugum saman. Ég er bæði að tala um fólk sem gefur kost á sér til stjórnarstarfa og í önnur fjölbreytt störf sem til falla, m.a. við undirbúning heimaleikja og gæslu. Fyrir hönd aðalstjórnar Vals vil ég þakka hjartanlega öllu starfsfólki félagsins, stjórnun deilda og öðrum sjálfbodaliðum fyrir störf þeirra sem unnin eru af elju og dugnaði við oft á tíðum krefjandi aðstæður.

Að endingu vil ég þakka öllum Valsmönnum fyrir samstarfið og samveruna á árinu sem er að liða með óskum um gott og gleðilegt nýtt ár.

Valskveðja,

f.h. stjórnar, Hörður Gunnarsson, formaður Knattspyrnufélagsins Vals.

**Valsmenn –
bestu óskir
um gleðileg
jól og farsælt
nýtt ár**

Á að selja fasteign?
Ég fylgi þér alla leið
og veiti góð ráð

Þorsteinn Ólafs
lögiltur fasteignasali
842 2212 / to@remax.is



RE/MAX | Ég vinn fyrir þig

remax.is

Endurgerður gervigrasvöllur og frumhönnun fjölnota íþróttahúss á Hlíðarenda

Á árinu hefur verið unnið að endurgerð gervigrasvallar á norðvesturhluta íþróttasvæðis okkar Valsmanna, auk þess sem unnið hefur verið að frumhönnun fjölnota íþróttahúss til æfinga á suðvesturhluta svæðisins, þar sem áður var keppnisvöllur félagsins. Bæði þessi verk eru unnin á grundvelli samnings milli Knattspyrnufélagsins Vals, Hlíðarenda ses og Reykjavíkurborgar sem undirritaður var 20 desember 2023. Undirritaður hefur komið að báðum verkefnum og mun hér gera stuttlega grein fyrir þeim.


Endurbygging gervigrasvallar

Sótt var um leyfi til þess að endurbyggja fyrrverandi gervigrasvöll, vestan Arnarhlíðar og Snorrabrautaráss og um leið að snúa honum en hann var tekinn í notkun árið 2008. Hönnun endurgerðs vallar var unnin í góðri samvinnu við VSÓ verkfræðistofu, undir styrki stjórn Lárusar Hólms. Aðalverktaki við framkvæmdina er Bjössí ehf.

Endurbygging vallarins felst í megindráttum í að endurnýja gervigras og lýsingu og breyta legu vallarins, þannig að hann standi ekki skakkur á svæðinu. Ekki síður er stór þáttur í endurgerð vallarins fólgin í uppsetningu hitakerfis undir gervigrasyfirborði sem var ekki til staðar í eldri velli. Vallarlýsing verður endurnýjuð, í stað tíu 12 m hárra staura koma sex 15 m háir staurar með LED æfingalýsingu af fullkomnustu gerð.

Vegna tæknibúnaðar vallarins, í tengslum við flóðlýsingu og snjóbræðslu, er gert ráð fyrir litlu einangruðu tæknirými ásamt geymslurými í námunda hans, nánar tiltekið í suð-vestur horni vallarins. Mannvirki þetta tekur mið af þegar byggðum dreifistöðvum Veitna á skipulagssvæðinu hvað ytra yfirbragð varðar, lerkiklætt með grasþaki.

Vegna snúnings vallarins þá verður til töluvert svæði norðan hans. Þar er gert ráð fyrir að koma fyrir sparkvelli og




Endurgerður gervigrasvöllur.


körfuboltasvæði. Þetta yrði opið svæði, öllum aðgengilegt. Viðræður standa yfir við Reykjavíkurborg um þessa framkvæmd. Væntingar standa til að af henni verði á árinu 2025.

Á milli Valshlíðar og vallarsvæðis er

hæðarmunur sem gengið er frá með steiptum stoðvegg líkt og við Friðrúsvöll austan Snorrabrautaráss. Endurnýjunar er þörf á girðingu á milli Valshlíðar og æfingarsvæðis sem og meðfram vesturlanglið hins breytta gervigrasvallar.



Vallarhús við breyttan gervigrasvöll.



Hlíðarendi – yfirlit.

Öruggar leiðir iðkenda til og frá velli að íþróttamiðstöð verða tryggðar með víðum og björtum gönguleiðum undir framtíðar notkun Snorrabrautarássins svokallaða, en hann er ímynduð framlenging Snorrabrautar til suðurs.

Ljóst er að þessi endurgerði gervigrasvöllur verður mjög mikilvæg viðbót við útiæfingasvæði félagsins. Þannig verða þrír fullburða, upphitaðir og flóðlýstir keppnisvellir í fullri stærð sem unnt er að deila niður í fleiri smærri fleti, til umráða á svæðinu.

Hvað varðar æfingaaðstöðu innandyra, þá er ljóst að hún er löngu sprungin og tími til kominn að ráða bót á. Þar koma hugmyndir um fjölnota íþróttahús á svæðinu til sögunnar og mun ég gera grein fyrir þeim lið hér í framhaldi.

Fjölnota íþróttahús


Í upphaflegu deiliskipulagi af heildarsvæði Hlíðarenda sem unnið var í kjölfar samninga á milli Knattspyrnufélagsins Vals og Reykjavíkurborgar þann 11. maí 2002, var strax gert ráð fyrir sérstökum byggingarreit fyrir knattús samsíða áætl- uðum aðalleikvangi. Á þeim rúmu tveimur áratugum sem liðir eru hafa mýmargar hugmyndir að útfærslum lítið dagsins ljós. Þessar upphaflegu hug- myndir gengu út frá knattúsi yfir knatt- spyrnuvöll í fullri stærð. Síðar fæddust

tillögur að knattúsi yfir hálfan völl auk forbyggingar undir mögulegar náms- mannaíbúðir o.fl. og tillögur að knattúsi yfir stóran völl auk grunnrar forbyg- gingar. Enn síðar voru hugmyndir unnar um mögulega Reykjavíkurhöll í samkrulli við HSI og nokkrar hugmyndir að blöndu af knattúsi yfir hálfan völl með stúku við leikvang og forbyggingu með íbúðum og leikskóla o.fl. o.fl.


Árið 2023, rúnum tuttugu árum frá upphaflegum samningi á milli Vals og Reykjavíkurborgar, var nýr samningur gerður sem kveður m.a. á um endurgerð

ofangreinds gervigrasvallar og hönnun aðaluppdráttu fjölnota æfingahúss á fyrr- nefndri lóð. Æfingahúsið skyldi rúma knattspyrnuvöll í hálfri stærð og tvo handboltavelli í fullri keppnisstærð auk fylgirýma.


Hugmynd að útfærslu fjölnotahúss í samræmi við ofangreint var upphaflega kynnt í febrúar 2023. Hún hefur þróast hægt og rólega í kjölfarið og var þarfa- greiningarnefnd á vegum Vals sett á lag- ginnar í tengslum við útfærslur mann- virkisins og er henni gerð skil hér í blaði- nu í annarri grein. Hugmynd að breyttri



Upphitunarsvæði utan gervigrasvallar.



Fjölnota íþróttahús, keppnisvöllur og núverandi íþróttamiðstöð.



Tengingangur á milli núverandi íþróttamiðstöðvar og fjölnota íþróttahúss aftan við endalínu leikvangs.



Íþróttahús í úthverfi Parísar, arkitekt Martin Duplantier.

útfærslu fjölnota íþróttahúss var svo kynnt fyrir borgaryfirvöldum í nóvember 2024. Samkvæmt henni samanstendur mannvirkid af fjórum húshlutum:

- Parkethús – handbolti og körfubolti, þrjú fullburða handboltavellir
- Knatthús yfir hálfan knattspyrnavöll
- Tengibygging með líkamsræktarsal, búningsklefum og fylgirýmum
- Þakbygging, aðstaða fréttamanna við knattspyrnuleikvang

ugmyndin miðar við að unnt verði að tengja núverandi íþróttamiðstöð og þetta nýja fjölnota æfingamannvirki saman, þannig að iðkendur eigi innangengt þurrum fótum á milli þeirra um a.m.k. kaldan tengingang sem nær þvert eftir aðalkeppnisvelli félagsins.

Parkethús

Gert er ráð fyrir parkethúsi á einni hæð sem rúmar þrjú fullburða handboltavelli og þar með sama fjölda körfuboltavalla. Vegna aukins fjölda iðkenda munu þessir þrjú viðbótarsalir verða starfsemi félagsins afar mikilvæg búbot. Unnt verður að hólfa rýmið niður í þrjú afmarkaða sali með tvöföldum tjaldveggjum. Gert er ráð fyrir björtum æfingasali, án þess að hleypa truflandi sólarljósi inn í rýmið, líkt og hér má sjá útfært í íþróttahúsi sem staðsett er í Frakklandi.

Íþróttasalurinn opnast sjónrænt fram í almenning líkt og líkamsræktarsalur andspænis og knatthússalur, þannig að iðkendur á leið í æfingasali, hvort sem er í knatthús, parkethús eða líkamsrækt munu upplifa hús sem iðar af lífi hvert sem augað eygir. Sem fyrr getur, er hér fyrst og fremst um að ræða fjölnota æfingahús, ekki keppnishús, þó munu að sjálfsögðu fara þar fram æfingaleikir og hugsanlega heilu mótin. Með það að leiðarljósi, gerir tillagan ráð fyrir svalagangi á 2.hæð, allan hringinn, þar sem ágæt aðstaða skapast fyrir foreldra og aðra þá sem fylgjast vilja með slíkum keppnum, ekki ólíkt þeim aðstæðum sem fyrir eru í stærra íþróttahúsi okkar Valsmanna. Slíkur gangur nýttist ekki síður sem upphitunarsvæði.

Knatthús

Knatthúshluti mannvirkisins er staðsettur í suðurenda þess, næst Flugvallarvegi. Æfingasalur knatthúss rúmar hálfan völl,

merktan 68 m x 54,5 m auk öryggissvæða sem lögð verða með tartan yfirborði. Gaflar hans verði þaktir stórum birtugjöfum líkt og við forskrifuðum í knatt-hús Selfyssinga, sjá mynd að neðan.

Hægt verði að skipta gólfinu niður í þrjá 7 manna velli, hver þeirra u.þ.b. 22 x 50 m að stærð. Skiptingin er möguleg með fellitjöldum sem hvíla uppi í burðarvirki hallarinnar

Knatthúsi Lilleström í Noregi er hægt að skipta í smærri einingar.

Merkt stærð vallar er hálf vallarstærð keppnisvallar. Þannig er unnt að setja upp alls lags æfingar tengdar rétttri vallarstærð, hornspyrnur, aukaspyrnur o.s.frv.

Tengibygging

T- laga tengibygging, tengir saman knatt-hús og parkethús. Á milli íþróttasalanna er gert ráð fyrir átta almennum búning-sklefum, auk tækni-, geymslu- og snyrt-ingarýma. Búningasklefar veita beint aðgengi bæði í knatt hússal og parketsal. Sá hluti tengibyggingar sem snýr að leikvangi félagsins, rúmar stóran líkamsræktarsal, húsvörslu og búningsskelfa sem eru eyrnamerkir meistaraflokkum félagsins í knattspyrnu karla og kvenna auk búningsskelfa gesta. Þar verður einnig að finna tækni- og geymslurými auk sér aðgengi fréttu- og sjónvarpsmanna um stigahús og lyftu upp á þakrými tengibyggingarinnar.

Þakhýsi rúmar forrými að svalagangi íþróttahúss sem og aðstöðu sjónvarps – og fréttamanna. Aðstaða fyrir sjónvarpsupptökuvélar er á þaki fréttamannaaðstöðunnar.

Varamannabekkjum og aðstöðu fjórða dómara verður fyrirkomid undir skyggni langveggjar tengibyggingarinnar.

Rétt er að taka fram að sú hugmynd að fjölnotahúsi sem hér er kynnt, er til meðferðar hjá sameiginlegri nefnd Vals og Reykjavíkurborgar og getur þar tekið breytingum.



ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN



Æfingavellir í parkethúsi.



Fjölnota íþróttahús, horft frá áhorfendastíku leikvangs.



Líkamsræktarsalur, parketsalur og knatt hússalur í lifandi sjónrænum tengslum.



Knatthús yfir hálfan völl á Selfossi með stórum birtugjafa á göflum, arkitekt ALARK arkitektar ehf.

Ógleymanlegt ferðalag en fyrstu skrefin eftirminnilegust!

„Það var ávallt mikið hlegið í þessum stjórnnum sem ég hef verið í, alltaf gaman og mikill húmor. Það gerði það að verkum að fólk sóttist í að koma í þessar stjórnir, vildi vera með okkur og ílengdist í þeim.“

Nutum samverunnar á Hlíðarenda

Það var mikil samstaða manna á milli og bræðralag í öllum okkar verkum. Oftast var stutt í brosið og þekktum við alla sjálfboðaliða persónulega og hugsuðum vel um þá sem og starfsmenn á vellinum. Við nutum samverunnar á Hlíðarenda,“ segir fráfarandi formaður knattspyrnu-deildar Vals, Edvard Börkur Edvardsson sem lét staðar numið nýverið eftir 21 ár sem sjálfboðaliði í Val, yfirleitt sem formaður knattspyrnudeildarinnar. Það er ekki leiðinlegt að ræða við Börk og er hann ekki maður fárra orða þegar hann kemst á flug. Trúlega hefði verið hægt að gefa út sérstakt Valsblað með viðtali við hann að rifja upp sögur, stuð og atvik frá þessum tveimur áratugum þar sem hann stóð í stafni knattspyrnudeildarinnar.

Börkur kíkta aðeins í baksýnispegilinn fyrir Valsblaðið og rifjaði upp hvernig þetta var þegar hann stóð með heila knatt-



Börkur og félagar í yngri flokkum Vals í knattspyrnu.



E.Börkur Edvardsson með einn af fjölmörgum verðlaunabikurum frá stjórnarárum hans í knattspyrnudeild Vals.

spyrnudeild í höndunum og gekk í öll störf. „Ég gat ómögulega séð það fyrir hvernig aðstaðan hefur breyst yfir þennan tíma, breytingin er svakaleg og líklega talsvert meiri en fólk gerir sér grein fyrir. Kristalkúlan mín sýndi mér hana ekki. En ég gat að einhverju leyti séð það fyrir að keppnisliðin, karla- og kvennamegin, yrðu sigursæl og í fremstu röð ár eftir ár því það var það sem við stefndum að í upphafi. Kannski má segja að við höfum verið mjög langlífir í stjórninni því okkur er annst um orðspor og velgengni Vals; að við séum að keppa um alla titla í fótbolta og þar af leiðandi vorum við ekki tilbúnir að yfirgefa þetta verkefni enda tala okkar störf fyrir sig sjálf. En auðvitað sá maður ekki þessa uppbyggingu á aðstöðu Vals og á Hlíðarendahverfinu því það var ekki í kortunum þegar ég tók við,“ segir Börkur.

Börkur bendir réttilega á að svona hafi þetta þó ekki alltaf verið. Langt í frá meira að segja. „Það er óneitanlega kúnstugt að sjá og heyra í yngri starfsmönnum, stjórnarmönnum, foreldrum og iðkendum því þau halda að aðstaðan hafi alltaf verið svona. Þau eru jafnvel farin að gera óraunhæfar kröfur á eitthvað meira í sambandi við íþróttirnar í Val.

Það þyrfti að ná að tengja og segja frá hvaðan við erum að koma, hvað við erum búin að gera og hvað við erum stödd í dag. Búa til einhvers konar samfellu í rituðu máli að þetta hefur nú ekki alltaf verið svona niður í Val. Til að fólk átti sig betur á því hvaða Grettistaki hafi verið lyft á öllum sviðum félagsins. Það hafa margir dyggir Valsmenn fórnað sér og sínum frítíma og jafnvel sínum peningum við að byggja félagið upp að nýju. Nú þykir sjálfsagt að foreldrar mæti með börnin sín og geri kröfu á að æft sé í knattþúsi og völlum sé fjölgað og hitt og þetta en það var nú ekki svo þegar við tókum við.“

Góð uppskera

Á þeim árum sem Börkur var formaður og stjórnarmaður unnust yfir 70 titlar þar af 24 stórir titlar, 14 Íslandsmeistararitlar og 10 bikarameistararitlar. En þannig var það ekki áður en hann tók við. Aðstöðuleysið var mikið og allir flokkar æfðu út um hvippinn og hvappinn, innviðir voru orðnir fúnir, fjárhagsleg vandræði mikil og enn frekari hnignun blasti við. „Við höfðum einfaldlega sofnað á verðinum,



Börkur og eiginkona hans Berghildur Erla Bernharðsdóttir á góðum Valsdegi.

jafnvel djúpsvefni áður en ég tek við. Það var mikið verið að skera niður og reynt að hafa belti og axlabönd og helst ekki gera neitt. Slíkt kallar auðvitað á algjöra stöðnun sem leiðir af sér hnignun.

Við Valmenn vorum hættir að taka eftir rykinu í gluggunum og orðnir býsna sáttir við stöðuna. Vorum ánægðir að spila í fyrstu deildinni því þá áttum við sigurinn vísan. Kröfurnar og væntingarnar voru komnar þangað þegar við tókum við. Því er mér annnt um þessa vegferð sem félagið er komið á í dag. Ég þekki söguna, vinnuna, fórnirnar sem þurftu til.

Yngri stjórnendur Vals í dag ættu að læra þessa sögu og þekkja því það þarf að bera kennsl á hana, virða hana og þá vinnu sem lögð var í ferðalagið.

Litlu hlutirnir skipta miklu máli

Það eru mörg litil atriði sem hægt er að tína til sem gerir Val að sérstöku félagi.



Börkur og Pétur Pétursson þjálfari kvennaliðs Vals með mjólkurbikarinn.

Til dæmis að senda alltaf öllum Íslands- og bikarmeisturum meistaraflokka blóm og kærleikskveðju í karla- og kvennaflokki. Sú virðing sem Valur sýnir öðrum félögum gerir Val að Val. Kveðja alltaf okkar leikmenn og þjálfara á fallegan hátt. Þetta er sagan sem mér er annnt um. Þetta er fyrir mér fjölskyldan Valur. Þetta skiptir nefnilega máli. Litlu hlutirnir skipta svo miklu máli.

Við gerðum þetta vel fannst mér og er ég hræddur við, hvort sem það eru nýir stjórnendur, starfsfólk eða nýir foreldrar sem eru að koma með ungvíðin sín í Val, þekki ekki söguna og þar með kunna ekki að viðhalda henni. Að þá verðum við fljótir í hnignun aftur eða verðum eins og hinir og þar með er okkar sérstaða fokin út í veður og vind.“

Alltaf tími fyrir Val

Eðlilega hefur formannsembættið tekið mikinn tíma en Börkur á stóra samheldna fjölskyldu, rekur sitt fyrirtæki og á sín áhugamál. En einhvern veginn tókst honum alltaf að koma með hlýju og bros niður í Val. Kannski ekkert endilega strax eftir tapleik. En svona yfirleitt. Aðspurður segir hann að einhvern veginn hafi hann alltaf átt tíma fyrir Val. „Sem er stundum alveg ótrúlegt. Það var alltaf gaman að koma niður í Val. Á minni vakt þá föðm-uðust menn og konur og samkenndin mikil. Það á líka að vera gaman að hittast. Við stjórnendur hittumst á laugardagsmorgnum og fengum okkur rúnstykki og kaffi og margt skrafað og mikið hlegið. Lykilatriðið fannst mér að hafa gaman að því sem maður tekur sér fyrir hendir.“

Upphafið eftirminnilegast

Þegar hann er beðinn um að rifja upp skemmtilegar sögur, skemmtilegar minningar frá þessum árum sem formaður þá leitaði Börkur til upphafsins. Þegar gengið var í öll störf. En áratugirnir tveir voru í heild stórskemmtilegur tími ólík ár, ólíkar áskornanir en alltaf gaman.

„Það væri gaman að skrifa þessa sögu. Ár fyrir ár. Samskipti við leikmenn, aðra forráðamenn, innanbúðarmenn, allskonar skemmtilega fyra en líka miður skemmtilega. Erfiða menn í samningum, sumir ljúfir aðrir ekki og menn með mikið egó og sumir með aðeins of mikið egó. Ég er með þetta allt í kollinum á mér. Það getur vel verið að ég skrifi bók bara,“ segir hann og hlær.

„En ég held að menn átti sig ekki á því



Jón Höskuldsson og Börkur fagna einum af mörgum titlum Vals í knattspyrnu.



Hörður Gunnarsson formaður Vals og Börkur formaður knattspyrnudeildar hampa mjólkurbikarinn.



Bikarmeistarar Vals í knattspyrnu karla 2015. Einn af fjölmörgum titlum sem unnust í stjórnartíð Barkar.

að þegar ég tek við sem formaður og Jón Gretar, Jón Höskuldsson, Bragi, Steini, Davor, Kjartan Georg, Björn Guðbjörns, Ótthar bróðir, Skúli bróðir, pabbi og síðar Diddi koma með mér, þá gengum við í öll störf og þá meina ég öll störf.

Ég man á fyrsta heimaleiknum okkar á móti Þór Akureyri þá blésum við til fjölskylduveislu til að fjölga áhorfendum á gamla vellinum. Við auglýstum mikið og borguðum það að mestu leyti úr eigin vasa. Við blésum upp hoppukastala, dreifðum nammi á krakkana o.s.frv. og börnin okkar Jóns Gretars voru alltaf með í þessum ævintýrum. Daginn áður vorum við að skrúfa upp skiltin, gera við mörkin, þrifa og nánast að strika völinn. Þannig var umhverfið þegar ég byrjaði. Það var enginn starfsmaður. Bara Baldur húsvörður, sá mikli meistari. Og ef við

gerðum þetta ekki sjálfir þá var ekkert gert.“

Hann bætir við að allar hendur voru nýttar. Nánast þjóðnýttar til að bæta í umgjörðina. „Við vorum nánast farnir að labba í hús til að safna dósnum. Við skárum niður snúðana, helltum upp á kaffi, hengdu upp skiltin, keyrðum um hverfið með gjallarhorn til að minna á leiki, söfnuðum auglýsingum og fleira og fleira. Þess vegna held ég að okkur hafi þótt vænt um þessi störf og þessi samstaða og samtakamáttur myndaðist við þetta. Vegna þessa vildi fólk koma að hjálpa til því það sá okkur vinna og ganga í þessi störf. Við vorum engir spjátrungar. Við komum ekkert inn þegar vel gekk og skáluðum í kampavíni. Það er ennþá einn maður sem gengur í öll störf á Hlíðarenda óbeðinn, það er Toggi (Þorgrímur Þráinsson).



Fjör í Fjösinu á Hlíðarenda. Frá vinstri: Sigurbjörn E. Edvardsson, E. Börkur Edvardsson, Gunnar Kristjánsson Fjösameistari, Edvard Dagur Edvardsson og Edvard Skúlason.

Auðvitað var þetta stórkostlegur tími með Willum Þór, Betu, Freysa, Óla Jó og Bjössu á Hlíðarenda frá degi til dags. Og sigrarnir 2007 voru eftirminnilegir þegar við unnum bæði karla- og kvennamegin. En þegar ég lít til baka þá er þetta svipað og þegar maður stofnar fyrirtæki. Þegar það er komið vel á veg þá lítur maður til baka og sér hvað var gaman þegar allt var erfitt og maður gekk í öll störf. Þegar við vorum að byrja og við áttum ekki fyrir einu né neinu, það er skemmtilegast eftir á að hyggja. Erfiður tími, krefjandi en lang skemmtilegastur.“

Nýt að taka mér pásu frá boltanum

Hann bætir við að hann sé núna að njóta þess að vera í pásu frá fótbolthanum. Labba úti með hundinn og sinna aðeins sjálfum sér. En hann er ekki hættur að koma í kaffi niður í Val. Langt í frá. „Við gömlu félagarnir ætlum að styðja þá sem eru í stafni hverju sinni og vera svo í stúkunni að hrópa áfram Valur. Ég verð ekkert að anda ofan í hálsmálið á nýju stjórninni. Menn mega og eiga bara gera þetta með sínu nefi. Svo taka menn afleiðingunum af því en ég mun styðja við þá því ég veit alveg hvernig er að vera þarna með alla þá sem allt vita á bakinu. Þá er betra og skemmtilegra að styðja og vera hvetjandi,“ segir hann föðurlega.

Skilaboð til Valsara

„Höldum áfram að byggja Val upp sem fjölskyldufélag. Virðum söguna, lærum hana, kunnum og höldum áfram að skrifa hana. Horfum björtum augum til framtíðar og styðjum af heilum hug stjórnendur, þjálfara og leikmenn. Líka og miklu frekar þegar gefur á bátinn. Það eru allir að gera sitt besta og allir vilja félaginu vel. Áfram Valur.“

Titlar knattspyrnudeildar Vals undir stjórn Barkar (alls 24)

Meistaraflokkur karla:

- Íslandsmeistarar 2007, 2017, 2018, 2020
- Bikarmeistarar 2005, 2015, 2016

Meistaraflokkur kvenna:

- Íslandsmeistarar 2004, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010, 2019, 2021, 2022, 2023
- Bikarmeistarar 2003, 2006, 2009, 2010, 2011, 2022, 2024

Langar að spila með toppliðum í Evrópu

Arna Sif Jónsdóttir er 15 ára og leikur handbolta með 4. flokki

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Vonandi erlendis að spila handbolta og útskrifaður sjúkrapjálafari.

Af hverju Valur? Vegna þess að bróðir minn er Valsari.

Uppeldisfélag í handbolta? Valur.

Frægur Valsari í fjölskyldunni? Bróðir minn, Tryggvi Garðar Jónsson, frænkur mínar Hildigunnur Einarsdóttir og Sunneva Einarsdóttir.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í handboltanum? Mamma hefur alltaf mætt á leiki og farið í ferðir tengdar handboltanum.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Hildigunnur, vegna þess hversu lengi hún hefur enst í handboltanum.

Af hverju handbolti? Vegna þess að bróðir minn er í handbolta og ég var alltaf á leikjum með honum, svo er það skemmtilegasta íþróttin.

Helstu afrek í öðrum íþróttagreinum? Fyrir mér er handbolti eina íþróttin.

Eftirminnilegast úr boltanum? Allir titlarnir sem við Valsstelpurnar höfum unnið saman og tækifærin með landsliðinu og meistaraflokki hjá Val.

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili? Undanúrslit í bikar í 4. flokki.

Stærsta stundin á þessu ári? Þegar ég var valin í lokahóp í U-16 í sumar.

Besti stuðningsmaðurinn? Mamma.

Erfiðustu samherjarnir? Allar 2009 stelpurnar sem fóru á Norden cup.

Erfiðustu mótherjarnir? Það er alltaf erfitt að mæta til Eyja.

Mesta prakkarastrik? Þegar ég tók ein leigubíl í leyfisleysi úr Ísaksskóla í 1. bekk til að fara á handboltaæfingu á miðjum skóladegi.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna hjá Val? Hafdis markmaður.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val? Björggi markmaður.

Hvernig líst þér á yngri flokkana í handbolta hjá Val? Rosalega vel, mikið af flottum framtíðariþróttamönnum og konum.

Fyrirmynd þín í handbolta? Bróðir minn Tryggvi Garðar.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir? Hvað ég hef mikla trú á sjálfri mér og að ég veit að ég get alltaf gert betur.

Draumur um atvinnumennsku í handbolta? Já, heldur betur, mig langar mikið að fara til útlanda og spila með topp liðum í Evrópu.

Landsliðsdraumar þínir? Að vera fyrsti markmaður í A-landsliðinu í framtíðinni og að komast í lokahóp í sumar með U-17 sem er að fara á EM.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Að hann beri virðingu fyrir öllum leikmönnum sínum og geri kröfur til þeirra allra.

Nokkur orð um núverandi þjálfarateymi? Til fyrirmyndar.

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum og lífinu almennt? Að hafa trú á sjálfum sér og verkefningu, alltaf.

Hvernig finnst þér að hægt sé að auka jafnrétti kynja hjá Val? Með því að jafna umfjöllum, t.d. inn á samfélagsmiðlum. Það er alls ekki jafn mikið fjallað um stelpurnar og strákana í yngri flokkunum, t.d. inni á síðunni Valur handbolti.

Hvað getur Valur gert til að vinna gegn fordómum, einelti og öðru ofbeldi? Með fræðslu og umræðu um málefni.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki hjá Val? Með því að auglýsa þá meira, bæði hjá konunum og körlunum, jafn mikið.

Hvernig viltu sjá Val þróast á næstu



árum? Fjölga iðkendum og vinna fleiri titla.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum?

Með því að fá meistaraflökksleikmenn til að mæta og kynna starfið í grunnskólunum í kringum Val.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Þegar meistaraflokkur kvenna í handbolta vann alla titlana sem voru í boði. Til hamingju stelpur.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Að þjálfari sé vakandi fyrir líðan leikmanna sinna.

Hvað getur Valur gert til að hlusta betur á raddir og sjónarmið iðkenda hjá félaginu? Hlusta betur.

Besta bíómynd? Allar Pirates of the Caribbean myndirnar.

Besta bók? A million kisses in your lifetime.

Skemmtileg staðreynd um þig? Varði 30 bolta á 2x10 mín. í leik á móti gestgjöfunum í Helsinki á Höfuðborgarleikunum 2023.

Einkunnarorð? A goalkeeper can not win a game, he can only save it!

Hver stofnaði Val og hvenær? Séra Friðrik Friðriksson, 11. maí 1911.

Barnabarnabörn heiðursfélaga Vals eru vinir í Val

Andreas Ingason og Óskar Sveinn Einarsson, leikmenn 2. flokks, áttu fræga langaafa í Val.

Svo skemmtilega vill til að tveir ungir piltar í Val eru barnabarnabörn Andreasar Bergmann og Úlfars Þórðarsonar, heiðursfélaga Vals en þeir eru gríðarlega eftirminnilegir frumkvöðlar og eldhugar. Piltarnir leika með 2. flokki í fótbolta og heita Andreas Ingason og Óskar Sveinn Einarsson. Langaafar þeirra hefðu svo sannarlega verið stoltir af guttunum. Þótt piltarnir hafi verið vinir í Val í mörg ár, og spilað saman, uppgötvaðist það ekki fyrr en í fyrra hversu öflugir og miklir vinir langaafar þeir höfðu verið að Hlíðarenda.

Einar Sveinsson er faðir Andreasar og hann rifjar upp „gamla“ tímamann að Hlíðarenda með afa sínum, Úlfari: „Ég man vel eftir því að þeir Úlfar og Andreas spiluðu badminton á sunnudagskvöldum í gamla salnum að Hlíðarenda sem þeir reistu sjálfir. Þetta var helgur tími sem þeir misstu helst ekki af og fleiri gamlar heitur voru með þeim. Við bræðurnir þrír förum oft með afa í Valsheimilið. Toppurinn var að fá Póló eftir tímann! Ég var meðvitaður um hvað þeir helguðu sig störfum fyrir félagið og hversu óeingingjörn og mikilvæg þeirra verk voru. Pabbi minn æfði með Val sem strákur og svo við bræðurnir þrír og núna eru mínir tveir í Val og hafa verið í fótbolta og handbolta. Bróðursonur minn og nafni afa, Úlfar (Páll Monsi) Þórðarson, er svo einn af Evrópubikarmeisturum Vals í handbolta! Þannig að andi eldhuganna svifur enn yfir vötnum.“

Þess má geta að Úlfar Þórðarson augnlæknir spilaði aldrei fyrir Val en sem ungur drengur tók hann þátt í drengjahlaupi á vegum Vals. Þar með var hann orðinn Valsmaður. Úlfar var kunnur sundkappi og keppti á Ólympíuleikunum í Berlín árið 1936. Úlfar tók við sem formaður Vals árið 1946 og á næstu árum reis hvert mannvirkid af fætur öðru að Hlíðarenda. Hann var gerður að heiðursfélaga í Val árið 1981. Einstakur persónuleiki.



Frá vinstri: Ingi Örn Gíslason og sonur hans Andreas Halldór Ingason. Þá Óskar Sveinn Einarsson og faðir hans, Einar Sveinn Þórðarson, barnabarn Úlfars Þórðarsonar.

Andreas Bergmann lék heldur aldrei knattspyrnu með Val en hann flutti frá Eyrarbakka til Reykjavíkur árið 1927 og var fastur gestur á öllum leikjum Vals. Hann gerðist félagi í Val 1933, var í stjórn félagsins, formaður skíðanefndar Vals, teiknaði skíðaskálann, var í Hlíðarendanefndinni sem sá um byggingar að Hlíðarenda og svo mætti lengi telja.

Fræg er sagan af Andreasi Bergmann sem eiginkona hans sagði. Andreas dvaldi svo oft að Hlíðarenda að þegar hringt var heim til hans og spurt um hann, svaraði konan hans: „Nei, Andreas er heima hjá sér.“

Síðan má rifja það upp að vinirnir

Andreas og Úlfar tóku þátt í vígslu nýja íþróttahússins þann 19. september 1987 með því að ganga fram keppnisvöllinn og gefa fyrstu sendinguna í fang framtíðarleikmanna félagsins. Andreas var gerður að heiðursfélaga í Val árið 1969.

Þorsteinn Haraldsson Valsmaður, sem lést í haust, skrifaði árlega pistla í Valsblaðið um séra Friðrik og þá eldhuga sem lögðu sitt að mörkum í sjálfböðavinnu árum saman. Úlfar Þórðarson og Andreas Bergmann, sem eru báðir láttnir, eru meðal þeirra en þeir vörðu næstum öllum sínum frítíma að Hlíðarenda. Árið 2019 rifjaði Þorsteinn upp árin sín að Hlíðarenda í Valsblaðinu.



Sá merki Valsmaður Úlfar Þórðarson á sínum yngri árum.



Fjórir gríðarlega öflugir Valsmenn í gamla daga: Frá vinstri; Einar Björnsson, Andreas Bergmann, Úlfar Þórðarson og Ólafur Sigurðsson formaður Vals á 4. áratugnum.

„Ég sat í grænum Austin Gipsy jeppa Úlfars Þórðarsonar sem var hættur að vera formaður Vals en hann lagði drenrör af kappi til að ræsa fram grasvöllinn.

Ég sat hjá Svenna, syni Úlfars og við ókum rörum til föður hans frá hinum enda vallarins. Úlfar var því feginn að þurfa ekki að eyða dýrmætum tíma sínum

í akstur. Svenni var góður bílstjóri enda orðinn 10 ára. Ég var aðstoðarmaður Svenna.“

ALARK
arkitektar

JÓL 2024

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Fjölnota íþróttahús á Hlíðarendá



Minjanefnd Vals. Efri röð frá vinstri: Hermann Gunnarsson, Ólafur Már Sigurðsson, Kristján Ásgeirsson og Gunnar Svavarsson. Neðri röð frá vinstri: Nikulás Úlfar Másson, Óskar Jóhannesson, Magnús Ólafsson og Margrét Bragadóttir.

Minjanefnd Vals fest í sessi

Minjanefnd Knattspyrnufélagsins Vals hefur nú starfað í hart nær 15 ár og hélt sinn hundraðasta fund í ágúst sl. Magnús Ólafsson sem hafði verið formaður nefndarinnar frá stofnun hennar árið 2010, vék úr sæti formanns á þessum hundraðasta fundi. Nefndin hefur starfað samkvæmt hyggjuvitinu einu og hefur starfið verið margt. Í upphafi fólst það aðallega í því að utanum muni félagsins sem höfðu til langs tíma legið úti í Fjósi án alls utanumhalds, flokka þá og koma í betri geymslu í kjallara millibyggingarinnar. Nú hefur mikill meirihluti verðlaunagripa félagsins verið skráður auk þess sem haft hefur verið samband við opinber söfn um varðveislu skjala og ljósmynda félagsins. Að auki hefur minjanefndin staðið að sýningum í skápum og á spjöldum í íþróttasalnum, á báðum hæðum í millibyggingu og í Fjósinu.

Í stóru félagi eins og Knattspyrnufélaginu Val er mikilvægt að halda til haga fjölbreyttri sögu félagsins og jafnframt skrá alla þá gripi og muni sem félaginu berast, svo til stöðugt. Ekki síður er mikilvægt að fara yfir eldri muni sem varðveist hafa í gegnum langa sögu, allt frá 1911, og setja þá í samhengi við sögu félagsins í gegnum súrt og sætt.

Minjanefnd fest í sessi í samþykktum Vals

Í þessu ljósi taldi minjanefndin að komið væri að því að starfsemi minjanefndar, varðveisla og utanumhald muna, sýningarhald og miðlun sögu félagsins verðskuldi fastan sess í samþykktum Vals og starfsemin yrði þannig ein að stöðunum í fjölbreyttri starfsemi félagsins. Mikilvægt væri að hið góða starf sem minjanefndin hefur innt af hendi við verndun og viðhald á munum og gripum félagsins verði við haldið til allrar framtíðar, þannig að hin yfirgripsmikla saga þess verði ávallt varðveitt, sýnileg og til minnis þeim sem koma á Hlíðarenda, bæði til iðkunar og starfa sem og öllum gestum sem þangað eiga erindi.

Minjanefndin gerði tillögu að starfsreglum og skipan minjanefndar og sendi aðalstjórn félagsins. Frómt frá sagt var tekið vel í tillögu nefndarmanna og var hún samþykkt. Hún var lögð fyrir aðalfund félagsins þann 30. maí sl. Var tillagan samþykkt samhljóða. Starfsreglurnar kveða á um með hvaða hætti skuli stuðla að varðveislu muna Vals, samskipti minjanefndar og aðalstjórnar og hvernig hún skuli skipuð og staðfest á aðalfundi félagsins. Er þar með staðfest að miðlun og varðveisla muna Knattspyrnufélagsins Vals hefur öðlast fastan sess í starfsemi félagsins, til framtíðar.

F.h. minjanefndar, Nikulás Úlfar Másson

Samþykktir Knattspyrnufélagsins Vals

20. grein – Minjanefnd

Minjanefnd skal starfa á vettvangi félagsins. Stjórn hennar skipa allt að 6 meðlimir sem kjörnir eru af aðalfundi ár hvert. Skipar hún sjálf með sér verkum og kys sér þar á meðal formann. Nefndinni er heimilt að kalla til sín aðra aðila til samstarf ef þörf krefur.

Hlutverk minjanefndar er að safna, skrásetja og varðveita verð-

launagripri sem félagið vinnur til í keppni auk annarra gripa og ljósmynda sem félaginu berst. Nefndin sinnir jafnframt sýningarhaldi, bæði föstum sýningum og sýningum sem settar eru upp af ákveðnu tilefni. Marmiðið er að sameiginlegur arfur allra félaga í Val verði sýnilegur og stuðla þannig að aukinni samkennd í félaginu með því að varpa jákvæðu ljósi á félagið og styðja þá iðkun og starfsemi sem þar fer fram, á viðum grundvelli.

Um nánari starfshætti minjanefndar gilda starfsreglur sem samþykktar eru á aðalfundi félagsins.

Knattspyrnufélagið Valur – Minjanefnd Starfsreglur

1. Skipan

Minjanefnd knattspyrnufélagsins Vals starfar í umboði aðalstjórnar félagsins og eru meðlimir hennar kosnir á aðalfundi félagsins, til fjögurra ára í senn. Formaður Vals skal að jafnaði sitja a.m.k. einn fund minjanefndar á hverju ári. Nefndin stuðlar að varðveislu gripa er snerta starfið í Val með þeim hætti að félagar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að merkri sögu félagsins.

Minjanefnd Vals skal sýna fagmennsku við söfnun, skráningu og varðveislu gripa og miðla fjölbreyttri sögu félagsins, bæði á íþróttavellinum og í félagsstarfinu, á forvitnilegan hátt og vera félögum til upplýfingar, eftirbreytni og hvatning til frekari afreka í öllum þáttum iðkunar og starfsemi í Val.

Minjanefnd Vals hefur það að leiðarljósi að vera í góðum og sýnilegum tengslum við alla félagi í Val og safna munum, ljósmyndum og öðru sem varpar ljósi og veitir innsýn í margslungna sögu félagsins.

2. Hlutverk

Hlutverk minjanefndar Vals er að safna, skrásetja og varðveita verðlaunagripri sem félagið vinnur til í keppni auk annarra gripa og ljósmynda sem félagar og aðrir afhenda Val til varðveislu. Nefndin

veitir að jafnaði gripum ekki móttöku með skilyrðum. Nefndin hefur fullt umboð til að grísa muni Vals og eftir atvikum afhenda muni, s.s. ljósmyndir og skjöl, til varðveislu á söfnum sem sérhæfa sig í varðveislu slíkra muna. Nefndin hefur ein umboð, f.h. Knattspyrnufélagsins Vals, að setja sig í samband við fagaðila s.s. söfn, um málefni er varða söfnun og geymslu muna Vals.

Nefndin sinnir sýningarhaldi, bæði föstum sýningum og sýningum sem settar eru upp af ákveðnu tilefni. Með uppsetningu sýninga verði sameiginlegar arfur allra félaga í Val sýnilegur og þannig stuðlað að aukinni samkennd í félaginu með því að varpa jákvæðu ljósi á félagið og styðja þá iðkun og starfsemi sem þar fer fram, á viðum grundvelli.

3. Markmið

- Að áhersla verði lögð á heildstæða söfnun gripa.
- Að öllum deildum félagsins sé sinnt með sama hætti.
- Að varðveita og sýna margbreytileika starfsins í Val.
- Að verklag og hlutverk nefndarinnar á sviði varðveislu sé skýrt.
- Að fagmennska, markviss vinnubrögð og metnaður einkenni starf nefndarinnar.
- Að stuðla að því að varðveisluskilyrði og aðbúnaður allra gripa sé viðunandi.

Samþykkt á aðalfundi Vals, dags.: 30.05.2024



Það var sannkölluð gleðistund þegar nokkrir kappar hittust í 90 ára afmælisveislu Ægis Ferdinandssonar. Frá vinstri Ægir, Gunnar Gunnarsson, Páll Aronsson, Árni Njálsson að setja sögur en það voru margar minningar rífaðar upp. Lárus Loftsson (t.h.) var þeim til halds og trausts svo ekkert færi úrskeiðis. Mynd Guðni Olgeirsson.



Gríðarlega mikið af hæfileikaríkum krökkum í Val

Ísabella Sara Tryggvadóttir er 18 ára og leikur fótbolta með meistaraflokki

Nám? Er í Fjölbautaskólanum í Garðabæ.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Vonandi að spila erlendis, með góðan atvinnumannaférl að baki.

Af hverju Valur? Mér fannst ég þurfa að taka næsta skref á mínum ferli og fannst heillandi að koma í svona „professional“ umhverfi eins og Valur býður upp á.

Uppeldisfélag í fótbolta? KR.

Frægur Valsari í fjölskyldunni? Það er enginn sérstakur sem mig dettur í hug nema jú auðvitað systurnar Margrét Lára og Elísa Viðars. Við erum fjarskyldar frá Vestmannaeyjum svo það ætti að telja með.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltanum? Mamma mín er minn helsti stuðningsmaður og á ég henni mikið að þakka.

Af hverju fótbolti? Lífið hefur alltaf snúist mikið um fótbolta á mínu heimili svo það var þannig séð ekkert annað í stöðunni en að byrja sjálf í fótbolta.

Helstu afrek í öðrum íþróttagreinum? Vann engin verðlaun en ég var mjög lofandi körfuboltaleikmaður, ef fótboltinn hefði ekki virkað væri ég klárlega þar.

Eftirminnilegast úr boltanum? Það var alveg gaman að skora þrennu á móti Frakklandi og fá að upplifa það að fara á stórmót með U-19.

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili? Það sveið virkilega að taka á móti silfurmedalíunni og að komast ekki lengra í Meistaradeildinni.

Stærsta stundin á þessu ári? Þegar við urðum bikarmeistarar.

Besti stuðningsmaðurinn? 5. flokkur kvenna var mjög duglegur að styðja við okkur í sumar en svo verð ég að gefa

honum Peter þetta en hann missir ekki af leik, sama hvort þeir séu hér heima eða erlendis.

Erfiðustu samherjarnir? Það er óþolandi að mæta Natōshu á æfingum, þú ferð ekkert léttilega fram hjá henni og svo geturðu líka nánast gleymt því að þú sért að fara að ná boltanum af Katie.

Erfiðustu mótherjarnir? Mér hefur alltaf fundist krefjandi að mæta Stjörnunni á útivelli.

Athylisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna hjá Val? Nadía Atla.

Athylisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val? Aron Jó.

Hvernig líst þér á yngri flokkana í fótbolta hjá Val? Þeir lofa mjög góðu og það er gríðarlega mikið af hæfileikaríkum krökkum innan félagsins.

Fyrirmynd þín í fótbolta? Cristiano Ronaldo er mín stærsta fyrirmynd, en ég lít einnig mjög upp til bróður míns Guðmundar Andra.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir? Ég er mjög áráðinn og ákveðinn sóknarleikmaður, sem er góður í að skapa hættu fyrir framan markið og keyra á menn, einn gegn einum, þegar svæðið er stórt.

Ég er með mjög góðan leikskilning og ég er einnig virkilega öflugur pressuleikmaður.

Draumur um atvinnumennsku í fótbolta? Mig dremmir um að spila fyrir stærstu liði í heiminum og að vinna Meistaradeildina.

Landsliðsdraumar þínir? Míni helstu landsliðsdraumar eru að vera lykilleikmaður í A-landsliðinu okkar og fá að upplifa það að taka þátt á stórmótum.

Uppáhalds erlenda fótboltaboltafélagið? Real Madrid, en fylgi öllum liðum sem Cristiano Ronaldo spilar með.

Nokkur orð um núverandi þjálfarateymi? Þau eru jafn ólík og þau eru mörg

en þau hafa öll sýna styrkleika og vega þannig hvert annað upp og mynda gott þjálfarateymi.

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum og lífinu almennt? Það er mikilvægt að hugsa vel um sig, passa upp á næringu og svefn. Það er líka mikilvægt að leggja sig fram og hafa trú á sér og sínum markmiðum.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki hjá Val? Fyrst og fremst að auglýsa alla leiki vel og jafnvel hafa einhverja viðburði/skemmtanir inn á milli í leikjum og fyrir leiki.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum? Það gæti verið sniðugt að fá yngri flokka þjálfarana að fara í hverfisskólana og kynna fyrir krökkunum íþróttastarfið sem boðið er upp á og bjóða þeim að mæta á æfingar.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Það var alveg magnað hvað aðsóknin var mikil á úrslitaleikinn hjá okkur um Íslandsmeistaratitilinn og magnað að fá að upplifa það að spila fyrir framan alla þessa Valsara.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Það gæti verið gott að skapa jákvætt og öruggt félagslegt umhverfi með því að leggja áherslu á virðingu, jafnræði og stuðning milli allra iðkenda og þjálfara og mynda umhverfi þar sem iðkendur upplifa öryggi og jákvæða sjálfsmynd.

Besta bíómynd? Allar myndir sem Adam Sandler leikur í.

Skemmtileg staðreynd um þig? Ég á tvíburabróður.

Einkunnarorð? Sá sem gerir aldrei mistök, gerir aldrei neitt.

Hver stofnaði Val og hvenær? Séra Friðrik Friðriksson, árið 1911.



EVROPUKVÖLD AÐ HLÍÐARENDA

ERU ENGU LÍK

Myndir: Baldur Þorgilsson.
Síuhönnun: Daniel Franz Davíðsson.





DRAUMAR RÆTTUST





Í AÐENU | 25. MAÍ 2024

Myndir: Baldur Þorgilsson, Síðuhönnun: Daníel Franz Davíðsson.





Norden Cup meistarar Vals í 4. flokki kvenna. Efri röð frá vinstri: Arna Sif Jónsdóttir, Laufey Helga Óskarsdóttir, Hekla Hrunn Andradóttir, Þórdís Gunnarsdóttir, Sara Björt Ámundadóttir, Kristín Ósk Halldórsdóttir, Sólrún Una Einarsdóttir og Arnar Daði Arnarsson þjálfari. Neðri röð frá vinstri: Anna Margrét Alfreðsdóttir, Alba Mist Gunnarsdóttir, Sara Sveinsdóttir, Jakobína Zita Benediktsdóttir og Ebba Guðriður Ægisdóttir.

Fjórði flokkur fyrsta íslenska kvennaliðið til að vinna Norden Cup í handbolta

Nóttina 26. desember 2023 héldum við stelpurnar í 4. flokki kvenna á Norden Cup í góðu jólaskeppi. Við vorum ótrúlega spenntar fyrir mótinu. Við vorum búnar að telja niður dagana lengi og loksins var komið að þessu. Við flugum til Kaupmannahafnar og tókum rútu þaðan til Gautaborgar þar sem mótið fór fram. Það voru nokkrar stelpur hjá okkur sem forfölludust og því þurftum við að næla okkur í lánsmenn frá öðrum liðum, það voru þær Dís frá Stjörnunni og Ebba frá Haukum, þær smellpössuðu inn í góða hópinn okkar og hjálpuðu okkur mikið á mótinu. Við nýttum fyrsta daginn í að koma okkur fyrir á hóteliinu, nokkuð þreyttar eftir langan ferðadag.

Góð byrjun á mótinu

Daginn eftir áttum við fyrsta leikinn okkar á móti Skuru IK sem var spilaður á Lundbystrand. Þann leik unnum við 15 – 12 og fögnuðum sigrinum með því að fara í Liseberg tívolið og skemmtum okkur konunglega. Kannski ekki besta líkamlega endurheimtin en mjög góð fyrir andlegu hliðina. Næsta dag kepptum við tvo leiki á móti norskum liðum, þ.e. Skedsmo HK og Bjarg. Við unnum þá báða og komumst þannig í 8 liða úrslit og þar með var fyrsta markmiðinu okkar náð.

Snemma næsta morgun kepptum við 8 liða úrslit gegn HK Rygge og það var hörkuleikur. Við unnum leikinn með einu marki og vorum þá komnar í undanúrslit á móti KFUM frá Danmörku. Þann leik unnum við líka og vorum því komnar í úrslit á Norden Cup.

Norden Cup meistarar

Spennan var mikil og Arnar Daði hélt flottan fund til að undirbúa okkur fyrir leikinn. Við spiluðum þann leik mjög vel, mjög góð vörn og fengum aðeins þrjú mörk á okkur í seinni hálfleik. Arnar Daði var búinn að þjálfa okkur í vörn allt tímabilið og var því mjög stoltur þjálfari með þennan svakalega varnarleik, það geta allir spilað vörn (eins og hann segir). Við unnum úrslitaleikinn og vorum þar með fyrsta íslenska kvennaliðið til að sigra Norden Cup. Laufey og Ebba voru valdar menn leiksins enda geggjáðar eins og við allar.

Við flugum síðan heim á gamlársgöngu dauðþreyttar og ég held að fáar okkar hafi náð að halda út til miðnætis til að fagna áramótum. Það skipti þó engu því að við byrjuðum nýtt ár sem Norden Cup meistarar. Áfram Valur!

Alba Mist Guðmundsdóttir 4. flokki skrifaði.

Vel heppnuð Valsakademía 2024

Þann 5.–16. ágúst 2024 fór fram frumraun á Valsakademíunni. Námskeiðið heppnaðist hrikalega vel. Tæplega 110 iðkendur skráðu sig úr fjölmörgum íþróttafélögum.

Þeir Valsarar sem komu að námskeiðinu: Leon Pétursson, Björgvin Páll, Ingvi, Halli Dan (utan vallar).

Fyrirlestrar: Þorgrímur Þráins, Heimir Hallgríms, Óskar Bjarni, Finnur Freyr, Elísa Viðars, Hafrún Kristjáns, Ólöf.

Á æfingum: Heimir Hallgríms, Pétur Pétursson, Tufa, Gylfi Þór Sig, Nadía Atla, Ísabella Sara, Katie Cousins, Ragnheiður Þórunn, Adda Baldurs, Berglind Rós, Málfríður Erna, Fanndís Friðriksdóttir, Aron Jóhannsson, Sigurður Egill, Kristinn Freyr, Arna Sif, Berglind Björg, Málfríður Anna, Silja Úlfarsdóttir, Haukur Páll, Viktor Unnar, Birkir Már Sævars, Hólmar Örn, Gaupi, Margrét Lára Viðarsdóttir.

Markmannspjálfarar: Kjartan Sturlu, Gísli Þór, Fanney Birkis, Íris Dögg, Sigurður B.

Yngri flokka þjálfarar Vals: Leon Pétursson (alla daga), Gísli Eggertsson, Sverrir Þór Kristinsson, Kristófer Heimisson, Auður Kjerulf, Ásdís Aþena, Ísak Þór, Daniel Hjaltalín, Snorri Már Friðriksson.

Það sem var kennt með fyrirlestrum: Tæknileg og taktísk atriði varnarlega, hvernig á að búa til góða liðsheild og sigurlíð, hvernig á að vera utan vallar, næring og knattspyrna, mikilvægi andlega þáttarins í íþróttum, fjölmiðlar og íþróttir.

Það sem var kennt með æfingum: Tæknileg og taktísk atriði varnarlega, skot, sendingar, hvernig við bregðumst við þegar við töpum bolta (og vinnum bolta), móttökur, halda bolta í yfirtölu og margt fleira.

Þetta er komið til að vera næstu ár, og hægt að byggja ofan á þetta námskeið.

Allur hagnaður fer í barna- og unglingastarfið hjá Val.

Áfram Valur!

Hallgrímur Heimisson yfirþjálfari yngri flokka í knattspyrnu hjá Val tók saman.




Þorgrímur Þráinsson.




Heimir Hallgrímsson og Gylfi Þór Sigurðsson.



Óskar Bjarni Óskarsson og Finnur Freyr Stefánsson.



Hafrún Kristjánsdóttir.



Tufa.




Pétur Pétursson.



Berglind Björk Þorvaldsd.



Fanndís Friðriksdóttir.



Hólmar Örn Eyjólfsson.



Nadía Atladóttir.



Þrusustuð á fjölsóttu kvennakvöldi Vals

Kvennakvöld Vals var haldið laugardagskvöldið 19. október í veislusal Vals og þangað mættu um 200 konur á öllum aldri sem styðja félagið og finnst gaman að gera sér glaðan dag, að hittast, gæða sér á ljúffengum mat og dansa fram eftir kvöldi. Anna Steinsen sá um veislustjórn og hélt uppi stemningunni, Jónsi í Svörtum fötum mætti á svæðið og kom salnum í rífandi stemningu með söng og undirleik og DJ Sóley tryllti dansgólfið og handknattleiksdeildin sá um happdrætti. Einnig var mikil stemning í sjálfsmyndahorninu. Ljós. Guðni Ólgeirsson.







Myndi vilja sjá fleiri íþróttagreinar hjá Val

Daníel Montoro er 17 ára og leikur handbolta með 3. flokki og æfir með meistaraflokki

Nám? Er á eðlis- og stærðfræðibraut í MS.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Spilandi í þýsku Bundesligunni.

Af hverju Valur? Var sóttur af nokkrum félögum yfir í Val en einnig leist mér vel á þjálfarana og aðstöðuna.

Uppeldisfélag í handbolta? Fjölirnir.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í handboltanum? Þau hafa mætt á alla leikina mína, stutt mig inni á vellinum og eins rætt leikina við mig eftir leiki.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjöl-skyldunni? Ég.

Af hverju handbolti? Því mér fannst hann skemmtilegur.

Helstu afrek í öðrum íþróttagreinum?

Var markahæstur í deildinni í fótbolta fyrir svona þremur árum.

Eftirminnilegast úr boltanum? Keppa á EM með U-18 landsliðinu.

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili?

Tapa á móti Fram í 8-liða úrslitum um Íslandsmeistaratilinn.

Stærsta stundin á þessu ári? Vinna deildina.

Besti stuðningsmaðurinn? Mamma.

Erfiðustu samherjarnir? Jens.

Erfiðustu mótherjarnir? KA.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna hjá Val? Hafdis.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val? Aggi.

Hvernig líst þér á yngri flokkana í handbolta hjá Val? Mjög vel.

Fyrirmynd þín í handbolta? Dika Mem og Yanis Lenne.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir?

Hoppa hátt og er góður í að skjóta.

Draumur um atvinnumennsku í handbolta? Komast á Final 4.

Landsliðsdráumar þínir? Vinna Ólympíuleikana.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Þegar hann hugsar vel um leikmennina sína og er sanngjarn.

Uppáhalds erlenda handboltafélagið? Montpellier í Frakklandi.

Nokkur orð um núverandi þjálfarateymi? Finnst þeir vera geggjaðir og gaman að spila undir þeirra stjórn.

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum og lífinu almennt? Að hafa metnað fyrir hlutunum og gefa sig allan fram.

Hvernig finnst þér að hægt sé að auka jafnrétti kynja hjá Val? Með því að gera jafnt fyrir stráka og stelpur.

Hvað getur Valur gert til að vinna gegn fordómum, einelti og öðru ofbeldi? Þeir geta passað upp á að taka þetta föstum tókum ef grunur er á slíku.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki hjá Val? Auglýsa alla leiki.

Hvernig viltu sjá Val þróast á næstu árum? Ég myndi vilja sjá fleiri íþróttargreinar hjá félaginu.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum?

Auglýsa vel í skólum.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Þegar liðið vann Evrópubikarinn.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Trygga öryggi og passa upp á hvern og einn leikmann sem einstakling.

Besta bíómynd? *Willy Wonka*.

Besta bók? *Guinness world record* bækurnar.

Skemmtileg staðreynd um þig? Elska mjólk.

Einkunnarorð? Þú klúðrar öllum skotum sem þú tekur ekki.

Hver stofnaði Val og hvenær? Séra Friðrik, árið 1911.

Gefa þarf fleiri ungum Völsurum séns í meistaraflokki

Matthías Kjeld er 15 ára og leikur fótbolta með 2. flokki/KH og 3. flokki og hefur verið í hópi í meistaraflokki

Nám? Ég er í 10. bekk í Hlíðaskóla.

Framtíðarstarf? Vonandi atvinnumaður í fótbolta en annars klárlega eitthvað fót-boltatengt.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Atvinnu- maður í fótbolta í prime- inu mínu.

Af hverju Valur? Eg er alinn upp í Hlíð- unum og ég hef alltaf verið í Val.

Frægur Valsari í fjölskyldunni? Það er því miður enginn en ég ætla að verða frægastur.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótbolta? Mjög vel, þau hafa mætt á flest alla leiki og bara mjög góð við mig. Pabbi gaf mér talent og mamma hefur alltaf stutt mig.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjöl- skyldunni? Klárlega afi minn (Afi Tommi) hann er góður í öllum íþróttum og svo er hann líka íþróttakennari.

Af hverju fótbolta? Ég hef spilað fót- bolta allt mitt líf og það er það skemmti- legasta sem ég geri.

Helstu afrek í öðrum íþróttgreinum? Ég var Íslandsmeistari í 5 km hlaupi í mínum aldursflokkum þegar ég var 12 ára.

Eftirminnilegast úr boltanum? Þegar ég fór út til Póllands með U-15 landslið- inu að spila mína fyrstu landsleiki.

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili? Hvað við töpuðum ógeðslega mikið af leikjum.

Stærsta stundin á þessu ári? Þegar ég fór út á reynslu með Hoffenheim í Þýska- landi og Club Brugge í Belgíu.

Besti stuðningsmaðurinn? Afi minn. Hann hefur mætt á alla leiki sem ég hef spilað og keypt alla takkaskó á mig. Hann er kóngurinn.

Erfiðustu samherjarnir? Getur verið erfitt a móti Josua stundum, síðan er Snorri krefjandi þegar hann kemst upp með að rífa í mig.

Erfiðustu mótherjarnir? Breiðblik í öllum flokkum, það er alltaf erfitt að spila á móti Breiðabliki, þeir eru svo ógeðslega margir góðir þar.

Athyglisverðasti leikmaður í meistara- flokki kvenna hjá Val? Ísabella Sara og Katie Cousins eru báðar *ballers*.

Athyglisverðasti leikmaður í meistara- flokki karla hjá Val? Lúkas Logi og Orri Hrafn eru líka *ballers*.

Hvernig líst þér á yngri flokkana í fót- bolta hjá Val? Fullt af góðum og efni- legum, bæði stelpum og strákuum sem ég hef tekið eftir.

Fyrirmynd þín í fótbolta? Gylfi Sig og Neymar.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir? Innan vallar er ég góður á boltanum, einn á einn, góð skot og góðar sendingar. Síðan er ég mjög þrjóskur. Utan vallar er ég myndinn og skemmtilegur.

Draumur um atvinnumennsku í fót- bolta? Já, draumurinn minn er að spila fyrir Arsenal og reyna að vera eins góður leikmaður og ég mögulega get.

Landsliðsdraumar þínir? Komast í A-landsliðið og komast með þeim á stór- mót HM eða EM.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Mikill agi, samt skemmtilegur, góðar æfingar og síðan bara að nenna þessu.

Uppáhalds erlenda fótbolta- félagið? Arsenal

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum og lífinu almennt? Hafa gaman að því sem þú ert að gera. Auka- æfingar. Vera næs og gera það sem er gaman í lífinu.

Hvernig finnst þér að hægt sé að auka jafnrétti kynja hjá Val? Reyna að fá jafn marga á kvennaleiki eins og karla- leiki.

Hvað getur Valur gert til að vinna gegn



fordómum, einelti og öðru ofbeldi?

Tala um það á fundum, eða bara tala um hlutina, vekja meiri athygli á því.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki hjá Val? Auglýsa alla leiki, hafa stemm- ingu á leikjunum og svo væri fínt að vinna deildina – þá mæta allir.

Hvernig viltu sjá Val þróast á næstu árum? Ég væri til í innanhússvöll og góða þjálfara alls staðar og reyna að ala upp fleiri atvinnumenn heldur en Valur hefur gert t.d. með því að gefa fleiri ungum Völsurum séns í meistaraflokki.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum?

Hafa eins góða aðstöðu og hægt er og þá vilja fleiri koma í Val.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Þegar Gylfi Sig kom í Val.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Allavega það sem hefur látið mig líða vel eru þjálfar- arnir sem hafa þjálfað mig, Leon, Halli Heimis, Viktor Unnar, Síðan er Ritzo reyndar ekki þjálfari en það er geitin.

Hvað getur Valur gert til að hlusta betur á raddir og sjónarmið iðkenda hjá félaginu? Hlusta meira og fókusa meira á yngri flokkana í Val.

Besta bíómynd? *I am Zlatan*.

Besta bók? *Kiddi klaufi*.

Skemmtileg staðreynd um þig? Fyrsta æfingin mín var með KR þegar ég var þriggja ára.

Einkunnarorð? Aldrei láta kappið bera fegurðina ofurlíði.

Hver stofnaði Val og hvenær? Séra Friðrik fyrir svona hundrað árum.



Meistaraflokkur Vals í handknattleik kvenna 2024 vann alla titla sem voru í boði. Efri röð frá vinstri: Viðar Bjarnason styrktarþjálfari, Sigurgeir Jónsson aðstoðarþjálfari, Ágúst Jóhannsson þjálfari, Millý Elíasardóttir, Ágústa Jónasdóttir, Morgan M. Þorkelsdóttir, Elísa Elíasdóttir, Mariam Eradze, Hafdís Renötudóttir, Thea Imani Sturludóttir, Þórey Anna Ásgeirsdóttir, Lovisa Thompson, Hildur Björnsdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, Guðrún Hekla Traustadóttir, Auður Gestsdóttir, Sólveig Lóa Höskuldsdóttir sjúkraþjálfari, Hlynur Morthens markmannsþjálfari og Björg Guðmundsdóttir liðsstjóri. Fremri röð frá vinstri: Silja Müller, Ásta Þórhallsdóttir, Arna Karitas Eiríksdóttir, Sara Lind Fróðadóttir, Sigríður Hauksdóttir, Ásdís Þóra Ágústsdóttir, Lilja Ágústsdóttir, Ásrún Inga Arnarsdóttir og Elín Rósa Magnúsdóttir. Ljós. Baldur Þorgilsson.

Eitt eftirminnilegasta ár í sögu handknattleiksdeildar Vals

Ársskýrsla handknattleiksdeildar Vals 2023–2024

Nú þegar keppnistímabilið 2023/2024 er að baki, er kominn tími til að líta yfir farinn veg, meta árangurinn, njóta og horfa fram á veginn með eftirvæntingu.

Keppnistímabilið 2023/2024 er klárlega eitt eftirminnilegasta ár í sögu handknattleiksdeildar Vals. Bæði liðin okkar, karla og kvenna náðu eftirtektarverðum árangri.

Meistaraflokkur karla varð Evrópubikarmeistari og bikarmeistari.

Meistaraflokkur kvenna unnu alla titla sem í boði voru og fóru svo til taplausar í gegnum keppnistímabilið á Íslandi, töpuðu aðeins einum leik.

Meistaraflokkur karla

Tímabilið hófst með nokkuð breytt lið frá árinu á undan. Margir af drengjunum okkar hættu, skiptu um lið eða fóru í

atvinnumennsku út í hinn stóra handboltshaheim. Við fengum svo nokkra nýja leikmenn til liðs við hópinn sem aðlöguðust vel og áttu eftir að syrja mjög hópinn. Það var því ákveðin spennan í loftinu að sjá hvernig mikið breytt lið myndi standa sig keppnistímabilið 2023/2024. Liðið samanstóð eins og oft áður af reyndum, sem og ungum og efnilegum leikmönnum. Liðið bjó yfir mikilli reynslu frá þátttöku í Evrópukeppni tímabilin á undan, þar sem að liðið hafði staðið sig frábærlega. Hver og einn leikmaður hafði vaxið mikið við þá reynslu sem átti svo sannarlega eftir að koma í ljós þegar leið á keppnistímabilið.

Bikarmeistarar

Í mars sigraði liðið í bikarkeppni HSÍ. Lið ÍBV laut í lægra haldi fyrir okkar

drengjum og sigruðu strákarnir okkar örugglega fyrir framan fulla Laugardalshöll af áhorfendum. Það er alltaf séstaklega gaman að verða bikarmeistari og stemningin í kringum þann titil alltaf ævintýrlega mikil.

Evrópubikarmeistarar

Evrópubikarmeistaratitillinn vannst 25. maí í Aþenu, þar sem að við lögðum lið Olympiacos í hreinum úrslitaleik um þennan stærsta titil sem íslenskt félagslíð hefur nokkru sinni sigrað. Úrslitarimman var ótrúlega spennandi. Spilaðir voru tveir leikir, heima og að heiman. Drengirnir okkar áttu fyrri úrslitaleikinn heima á Hlíðarenda, þar vannst frábær sigur eftir hnífjafnan leik allan tímann, strákarnir áttu frábærar lokamínútur sem tryggðu á endanum fjögurra marka sigur.



Evrópubikarmeistarar karlalíðs Vals í handknattleik 2024. Aftari röð frá vinstri: Fannar Þorbjörnsson, Jón Halldórsson, Óskar Bjarni Óskarsson, Arnar Þór Fylkisson, Björgvin Páll Gústavsson, Alexander Petersson, Úlfar Páll Monsi Þórðarson, Breki Hrafn Valdimarsson, Tómas Sigurðsson, Stefán Pétursson, Anton Rúnarsson, Jón Gunnar Kristjánsson, Theódór Hjalti Valsson og Eva Gunnlaugsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Agnar Smári Jónsson, Aron Dagur Pálsson, Andri Finnsson, Róbert Aron Hostert, Allan Nordberg, Benedikt Gunnar Óskarsson, Viktor Sigurðsson, Alexander Örn Júlíusson, Ísak Gústafsson, Vignir Stefánsson, Bergur Elí Rúnarsson, Magnús Óli Magnússon, Tjörvi Týr Gíslason, Finni Jóhannsson, Daniel Þórðarson og Svala Þormóðsdóttir. Ljós. Baldur Þorgilsson.

Liðið fór svo til Aþenu í seinni leikinn. Sá leikur reyndist liðinu ansi efiður og ekki voru liðnar nema fimmtán mínútur liðnar þegar lið Olympiacos var komið í fjögurra marka forystu og forskotið hjá strákunum farið fyrir bý. Liðið lenti sjö mörkum undir á tímabili í leiknum og allt stefndi í að titillinn myndi renna úr höndum drengjanna okkar. En þá kom í ljós ótrúleg þrautseigja drengjanna. Þessir drengir kunna hreinlega ekki að gefast upp og á lokamínútu leiksins skoraði Magnús Óli lokamark leiksins, sem tryggir okkur fjögurra marka tap og þar af leiðandi réttinn til að fara í vítakeppni upp á hvort liðið yrði Evrópubikarmeistari.

Það voru fimm svellkaldir leikmenn sem stígu á vítapunktinn fyrir lið Vals, Benedikt Gunnar Óskarsson, Ísak Gústafsson, Allan Norðberg, Magnús Óli Magnússon og Agnar Smári Jónsson. Allir okkar leikmenn skorðu úr sínum vítaskotum sem dugði til sigurs þar sem að lið Olympiacos nýtti aðeins fjögur af sínum vítaskotum og þar af leiðandi varð lið Vals Evrópubikarmeistari.

Fagnaðarlætin hjá liðsmönnum, þjálfurum og þeim tæplega 100 áhorfendum sem fylgdu okkur til Aþenu voru ólýsanleg og fyrir okkur sem þar vorum eignuðumst við minningar sem við getum vermt okkur við það sem eftir lifir ævinnar.

Valshjartað stækkaði svo um munar og 25. maí fékk nýja merkingu í sögu Vals.

Þjálfarateymi Vals


Óskar Bjarni Óskarsson var þjálfari liðsins. Aðstoðarþjálfarar voru Anton Rúnarsson og Björgvin Páll Gústavsson, sjúkráþjálfarar voru Jón Gunnar Kristjánsson og Kári Jónsson, styrktarþjálfari liðisins var Daniel Þórðarson. Þegar þessi orð eru skrifuð þá er ljóst að Óskar Bjarni Óskarsson mun ekki stýra liðinu á komandi tímabili og hefur Ágúst Jóhannsson verið ráðinn í hans stað.

Þessir drengir kvöddu okkur eftir tíma-

blið 2023–2024 og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra framlag til Vals.

Alexander Örn Júlíusson, hætti.
Vignir Stefánsson, hætti.
Bergur Elí Rúnarsson, hætti.
Stefán Pétursson, hætti.
Jóel Bernburg, Stjarnan.
Tómas Sigurðsson, HK.
Tjörvi Týr Gíslason, Bergisher.
Breki Hrafn Valdimarsson, meiddur.
Aron Dagur Pálsson, HK.
Benedikt Óskarsson, Kolstad.

Þessir drengir gengu til liðs við okkur í upphafi keppnistímabilsins 2024–2025



Magnús Óli Magnússon á kunnuglegum slóðum. Ljós. Baldur Þorgilsson.



Róbert Aron Horstert í góðu færi.
Ljósmynd Baldur Þorgilsson.

og bjóðum við þá hjartanlega velkomna í Val.

Bjarni í Selvindi, Færeyjar.
Kristófer Máni Jónasson, Haukar.
Miodrag Corsovic, Svartfjallaland.

Meistaraflokkur kvenna

Tímabilið hófst með nánat óbreytt lið frá fyrra ári og töluverð spennu var fyrir tímabilinu í ljósi frábærs árangurs síðustu misseri. Undanfarin ár hefur meistaraflokkur Vals kvenna í handbolta verið með allra fremstu liðum landsins. Það er alltaf mikil pressa að vera á toppnum og oft mjög erfitt að halda sér þar ár eftir ár. Það var því nokkur pressa á stelpunum okkar, pressa sem þær áttu svo sannarlega eftir að standast og gott betur en það.

Stelpurnar unnu alla titla sem í boði voru

Meistarar meistaranna, bikarmeistarar, deildarmeistarar og Íslandsmeistarar. Stelpurnar áttu hreint út sagt magnað keppnistímabil, fóru nánast taplausar í gegnum alla leiki héraendis og unnu alla

titla sem í boði voru. Árangur þessa hóps þetta árið kórónaði það stórkostlega starf sem unnið hefur verið í meistaraflokki kvenna Vals undanfarin ár. Liðið er skipað reyndum leikmönnum í bland við ungar og ótrúlega efnilegar uppaldar Valsstúlkur sem koma úr yngri flokka starfi félagsins.

Liðið varð bikarmeistari í mars eftir sigur gegn Stjörmustúlkum. Leikurinn var nokkuð jafn en enn og aftur sýndu stúlkurnar okkar sterkan sigurvilja og karakter sem landaði bikarmeistaratitlinum og stemningin við það að verða bikarmeistari hjá stelpunum var ólýsanleg.

Liðið tryggði sér svo Íslandsmeistaratitlinn á vordögum eftir að hafa sigrað lið Hauka 3-0 í úrslitaeinvíginu. Ótrúlega öruggt eftir keppni við sterkt lið Hauka. Það að vinna öll mót og tapa ekki nema einum leik héraendis er stórkostlegt afrek sem liðið getur verið stolt af. Þegar þessi orð eru skrifuð er liðið ennþá taplaust á keppnistímabilinu 2024–2025, líklega orðnar það lið frá upphafi sem hefur leikið flesta leiki án taps.

Liðið spilaði í Evróukeppinni og datt út á móti fínasterku liði Dunar Rea frá Rúmeníu en það lið fór í undaúrslit Evr-



Hildigunnur Einarssdóttir í baráttu á línunni. Ljós. Baldur Þorgilsson.

Starfið er margt

ópukeppninnar. Liðið tapaði með einu marki á heimavelli eftir frábæra frammi-stöðu. Útileikurinn reyndist erfiður og enduðu okkar stúlkur á því að tapa leiknum með átta mörkum og Evrópu-ævitýrið úti.

Það þarf mikinn metnað, mikla ástríðu, þraugseigju og fórnfýsi til að halda sér á toppnum ár eftir ár. Steppurnar okkar í Vals leggja mikla vinnu á sig. Það sem skiptir svo líka mjög miklu máli er það hversu öflugar fyrirmyndir þær eru fyrir komandi kynslóðir og það er gaman að segja frá því að í dag eigum við ótrúlega margar ungar og efnilegar handknattleikskonur sem eru á leiðinni upp úr yngri flokka starfi Vals – þannig að framtíðin í kvennaboltanum er vægast sagt björt.

Þjálfarateymi Vals

Ágúst Þór Jóhannsson er þjálfari liðsins, Aðstoðarþjálfarar eru Dagur Snær Steingrímsson, Sigurgeir Jónsson, Hlynur Morthens markmannsþjálfari, Sólveig Lóa Höskuldsdóttir sjúkrapþjálfari, Viðar Bjarnason styrktarþjálfari og að ógleymdri Björgu Guðmundsdóttur sem er liðsstjóri.

Þessar stúlkur kvöddu okkur að eftir keppnistímabilið 2023–2024 og þökkum við þeim kærlega fyrir framlag þeirra til Vals.

Sara Sif Helgadóttir, Haukar.
Sara Dögg Hjaltadóttir, ÍR
Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, hætti.

Þessar stúlkur gengu til liðs við okkur núna fyrir keppnistímabilið 2024–2025.

Elísa Elíasdóttir, ÍBV.
Elísabet Milý – Elíasdóttir, Stjarnan
Silja Muller Arngrímsdóttir, Færeyjar.

Ungmennalið félagsins

Valur teflir fram ungmennaliðum í næst efstu deild handboltans. Þarna er vettvangur fyrir okkar efnilegasta handboltafólk að taka næstu skref til þess að þróa hæfileika sína til þess að komast í fremstu röð og leika með meistaraflokkum félagsins. Þessi hópur er félaginu mikilvægur, þar sem framtíðarleikmenn félagsins “fæðast” hérna verða einnig til mjög mikilvægir einstaklingar sem halda áfram í félaginu okkar, taka að sér þjálfun, stjórnarstörf og önnur mikil-



væg sjálfboðaliðastörf. Við megum aldrei gleyma að það eru aðeins fáir útvaldir leikmenn sem komast alla leið í boltanum og á sama tíma höfum við mikil og jákvæð áhrif á líf alls þess unga fólks sem tekur þátt í okkar starfi. Þjálfarar strákanna voru þeir Heimir Ríkharðsson og honum til aðstoðar voru þeir Anton Rúnarsson og Baldvin Fróði Hauksson. Þjálfarar stelpnanna voru Dagur Snær Steingrímsson, Grétar Áki og Ágúst Jóhannsson þeim til aðstoðar.

Uppskeruhátíð meistaraflokka Vals 2024

Mfl. karla

Efnilegasti leikmaður: Ísak Gústafsson.

Mikilvægasti leikmaður: Tjörvi Týr Gíslason.

Besti leikmaður: Benedikt Gunnar Óskarsson.

Besti leikmaður Vals U-karla: Þorvaldur Örn Þorvaldsson.

Mfl. kvenna

Efnilegasti leikmaður: Guðrún Hekla Traustadóttir.

Mikilvægasti leikmaður: Hafdís Renötudóttir.

Besti leikmaður: Thea Imani Sturladóttir.



Viðurkenningar til Valsara á lokahöfi HSÍ. Hafdís Renötudóttir, Thea Imani Sturludóttir, Alexander Örn Júlíusson, Benedikt Gunnar Óskarsson, Ágúst Jóhannsson og Björgvin Páll Gústavsson.

Besti leikmaður Vals U-kvenna: Guðrún Hekla Traustadóttir.

Á uppskeruhátíð Vals fengu eftirtaldir viðurkenningar fyrir tímabilið 2023–2024 fyrir fjölda leikja:

100+ Andri Finnsson, Björgvin Páll Gústavsson, Lilja Ágústsdóttir, Ásdís Þóra Ágústsdóttir, Thea Imani Sturlu-

dóttir, Þórey Anna Ásgeirsdóttir og Sara Sif Gísladóttir.

150+ Hildur Björnsdóttir, Benedikt Gunnar Óskarsson og Róbert Aron Hostert.

250+ Morgan Porkelsdóttir

400+ Alexander Örn Júlíusson og Vignir Stefánsson.



Ungviðió fagnar Íslandsmeistaratitli í handbolta kvenna með Valsstelpunum. Ljós. Baldur Þorgilsson.

Landsliðsfólk Vals

Meistaraflokkur karla:

Björgvin Páll Gústavsson og Benedikt Gunnar Óskarsson spiluðu með A- landsliði karla á árinu sem er að líða.

Meistaraflokkur kvenna:

Thea Imani, Hafðís Renötudóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, Elín Rósa Magnúsdóttir, Lilja Ágústsdóttir, Þórey Anna Ásgeirsdóttir og Elísa Elíasdóttir spiluðu með A- landsliði kvenna á árinu sem er að líða.

Yngri flokkar Vals

Gott og faglegt yngriflokkastarf Vals hefur verið eitt af flaggskipum handknattleiksdeildarinnar svo lengi sem fólk man eftir. Starfið sem þar hefur verið unnið hefur skilað okkur óteljandi iðkendum upp í meistaraflokka félagsins og margir þeirra síðan orðið að leikmönnum íslenska karla- og kvennalandslíðsins. Anton Rúnarsson var yfirþjálfari yngri flokka Vals og stýrði því verkefni af mikilli alúð og kostgæfni. Anton og allir þeir þjálfarar sem koma að yngriflokkastarfi Vals eiga þakkir skyldar fyrir frábærlega vel unnin störf.

Landsliðsfólk Vals í handbolta — yngri flokkar

U-16 drengir:

Anton Máni Francisco Heldersson, Bjarki Snorrason, Gunnar Róbertsson, Logi Finnsson og Örn Kólar Kjartansson.

U-16 stúlkur:

Arna Sif Jónsdóttir, Eva Steinsen Jónsdóttir, Hrafnhildur Markúsdóttir og Laufey Helga Óskarsdóttir.

U-18 drengir:

Dagur Leó Fannarsson, Daníel Matoro og Jens Sigurðarson.

U-18 stúlkur: Anna Karitas Eiríksdóttir, Ágústa Rún Jónasdóttir, Ásrún Inga Arnarsdóttir, Ásthildur Jóna Þórhallsdóttir, Guðrún Hekla Traustadóttir og Kristbjörg Erlingsdóttir.

U-20 drengir:

Daníel Örn Guðmundsson

U-20 stúlkur:

Lilja Ágústsdóttir



Landsliðsstelpur U16. Arna Sif Jónsdóttir, Eva Steinsen Jónsdóttir, Hrafnhildur Markúsdóttir og Laufey Helga Óskarsdóttir.

Stjórn handknattleiksdeildar Vals:

Jón Halldórsson, Eva Gunnlaugsdóttir, Svala Þormóðsdóttir, Fannar Þorbjörnsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Harðarson, Páll Grétar Steingrímsson og Theodór Hjalti Valsson.

Sjálfbodaliðar

Handknattleiksdeild Vals er þeirrar gæfu aðnjótandi að eiga marga tryggja og öflug sjálfbodaliða sem vinna ómetanlegt starf fyrir deildina. Tíminn sem þessir einstaklingar setja í rekstur deildarinnar er algerlega ómetanlegur. Okkur hefur tekist jafnt og þétt að fjölga sjálfbodaliðum og er sérstaklega gaman að sjá eldri leikmenn og aðra sem hafa tengst félaginu áður koma aftur til "starfa" fyrir handknattleiksdeildina.



7. og 8. flokkur karla.



6. flokkur kvenna.



Guðrún Tekla Traustadóttir best í úrslitum 3. flokks kvenna.

Valur

Ég vil enda þennan pistil á því að seija að á undanförunum árum hef ég upplifað aukið samstarf og samskipti milli deilda félagsins sem er ótrúlega jákvætt. Það skiptir okkur sem félag miklu máli að standa saman, njóta og taka þátt í vengingni allra deilda og standa saman með öllum deildum þegar á reynir. Valur er samfélag þar sem gott er að koma saman og njóta og uppskera allt það sem hlýst af hinu góða starfi sem unnið er á Hlíðarenda. Valur er samfélag sem gott er að tilheyra.

Takk fyrir árið, kæra Valsfjölskylda.

Jón Halldórsson formaður handknattleiksdeildar Vals.



Íslandsmeistarar 3. flokks kvenna í handbolta 2024. Efri röð frá vinstri: Grétar Áki Andersen hjálfari, Dagur Snær Steingrímsson hjálfari, Sara Lind Fróðadóttir, Ásrún Inga Arnarsdóttir, Ágústa Rún Jónasdóttir, Kristbjörg Erlingsdóttir, Sólveig Þórmundsdóttir, Arna Sif Jónsdóttir, Þórunn Mínervudóttir, Benedikta Björk Prastardóttir, Halldóra Ingvarsdóttir og Hlynur Morthens. Neðri röð frá vinstri: Hekla Soffía Gunnarsdóttir, Arna Karitas Eiríksdóttir, Katla Margrét Óskarsdóttir, Guðrún Hekla Traustadóttir, Erla Sif Leósdóttir, Kristína Phuong Anh Nguyen, Oddný Mínervudóttir og Ásthildur Jóna Þórhallsdóttir.



Bikarmeistarar 5. flokks kvenna í handbolta 2024. Frá vinstri: Iðunn Erla Mýrdal Helgadóttir, Iðunn Vala St Kristbjörnsdóttir, Krístrún Lilja Fannarsdóttir, Embla Davíðsdóttir, Elisabet María Heimisdóttir, Freyja Hjaltalín Ólafsdóttir, Lilja Þórisdóttir Hraundal, Matthildur Helga Ólafsdóttir, Sara Sigurvinsdóttir, Sara Sveinsdóttir, Anna Soffía Borgarsdóttir og Saga Ljós Sigurðardóttir.



Íslandsmeistarar 4. flokks karla í handbolta 2024. Efri röð frá vinstri: Grétar Áki Andersen hjálfari, Gunnar Róbertsson, Þórhallur Árni Höskuldsson, Bjarki Snorrason, Kári Steinn Guðmundsson, Guðjón Atli Sævarsson, Sigurður Atli Ragnarsson, Viktor Númi Björnsson, Örn Kólar Kjartansson, Anton Máni Francisco Helderesson, Jóhann Ágústsson, Logi Finnsson, Starkaður Björnsson, Erling Hólm Ottason, Kristinn Sighvatsson, Arnar Daði Arnarsson hjálfari.



Bikarmeistarar 6. flokks kvenna í handbolta 2024. Frá vinstri: Elma Björg Davíðsdóttir, Sólrún María Sigurþórsdóttir, Fannáis Hera Finnsdóttir, Emma Björgvinsdóttir, Emilía Ósk Antonsdóttir, Stella Dis Scheving, Margrét Júlía Reynisdóttir og Thelma Briet Ingimundardóttir.



Íslands- og deildarmeistarar 4. flokks kvenna í handbolta 2024. Efri röð frá vinstri: Eva Steinsen Jónsdóttir, Hekla Hrund Andradóttir, Arna Sif Jónsdóttir, Sigrún Erla Þórarinsdóttir, Hrafnhildur Markúsdóttir, Ester Elisabet Guðbjartsdóttir, Embla Heiðarsdóttir og Arnar Daði Arnarsson hjálfari. Neðri röð frá vinstri: Alba Mist Gunnarsdóttir, Lena Líf Orradóttir, Laufey Helga Óskarsdóttir, Anna Margrét Alfreðsdóttir, Sara Sveinsdóttir, Sara Sigurvinsdóttir og Ingibjörg Rún Elisabetardóttir.



Deildarmeistarar 3. flokks karla í handbolta 2024. Efri röð frá vinstri: Heimir Ríkarðsson hjálfari, Anton Rúnarsson hjálfari, Jakob Felix Pálsson, Gabriel Kvaran, Dagur Armannsson, Hilmar Már Ingason, Vilhjálmur Geir Geirsson, Atli Hrafn Bernburg, Jens Sigurðarson, Hrafn Þorbjarnarson, Dagur Leó Fannarsson, Jóhann Nökkvi Jóhannsson og Baldvin Fróði Hauksson hjálfari. Neðri röð frá vinstri: Höskuldur Tinni Einarsson, Arnór Flóki Barðason, Matthías Ingi Magnússon, Óliver Bjarkason, Daniel Montoro, Arnar Gauti Birgisson og Auðunn Páll Gestsson.

Uppskeruhátíð handknattleiksdeildar 2024. Yngri flokkar.

9. flokkur karla og kvenna

Nafn aðalþjálfara: Lovísa Thompson og Signý Pála Páladóttir.

Helstu markmið: Að leyfa börnum á aldrinum 3–5 ára að kynnst handbolta og hafa gaman. Það gekk vel og gaman var að sjá framfarir í grunnatriðunum. Hress og skemmtilegur hópur. Þetta er í fyrsta skipti sem 9. flokkur er hjá félaginu. Vonandi halda sem flestir áfram að mæta, taka virkan þátt og bæta sig í handbolta.

8. flokkur kvenna

Nafn aðalþjálfara: Ásdís Þóra.

Helstu markmið: Að kynna þeim fyrir handbolta og hafa gaman og það tókst mjög vel. Ólíkir einstaklingar, allar mjög skemmtilegar og ná vel saman. Tókum þátt á öllum mótum vetrarins og stóðum okkur eins og hetjur. Stelpurnar mættu vel á meistaraflokksleiki, sem var skemmtileg upplifun fyrir þær. Þær búnað að eignast margar fyrirmyndir.

8. flokkur karla

Nafn aðalþjálfara: Anton Rúnarsson og Daníel Örn Guðmundsson.

Helstu markmið: Hafa gaman á æfingum, læra grunntækni í skotum og fintum! Búa til góða liðsheild. Strákarnir tóku miklum framförum og stóðu sig hrikalega vel. Miklar framfarir frá fyrstu æfingu. Skemmtilegir strákar sem eiga framtíðina fyrir sér. Miklir Valsarar. Tóku þátt í fjórum mótum yfir tímabilið.

7. flokkur kvenna

Nafn aðalþjálfara: Ingimundur Ingimundarson.

Helstu markmið: Auka við færni í grunnatriðum handboltans, svo sem sendingum, skotum og hreyfingum, en fyrst og fremst að hafa gaman að því að vera í handbolta. Allar tóku framförum bæði sem einstaklingar og hópur. Sjálfstraustið skein af þeim í mótunum, og þátttaka var mjög góð. Gleði og dugnaður einkenndi hópinn, óhræddar við að prófa sig áfram, og passa vel hvor upp á aðra. Mjög góð þátttaka í mótum bæði hjá iðkendum og foreldrum.

7. flokkur karla

Nafn aðalþjálfara: Daníel Franz.

Helstu markmið: Kenna drengjunum grunnatriði handbolta, gildi, færni og hugtök. Að þjálfar upp einstaklinga sem liðsheild. Tókst vel með aga, reglum, góðu eftirliti, samskiptum og leiðbeiningum. Samheldinn og áhugasamur hópur. Góð þátttaka í mótum, allir sem mættu á æfingar komu á mót. Margir flottir einstaklingar sem gætu orðið góðir félagsmenn, og nokkrir gætu farið lengra með rétttri þjálfun.

Ástundun og áhugi: Askur Nóason.

Mestu framfarir: Dagur Snæland Hafsteinsson

Leikmaður flokksins: Birnir Alex Kjartansson.

6. flokkur kvenna

Nafn aðalþjálfara: Ingimundur Ingimundarson, Anton Rúnarsson og Lilja Ágústsdóttir.

Helstu markmið: Halda áfram að bæta sig í grunnatriðum handboltans, auka við kunnáttu í uppstilltum sóknar- og varnarleik, efla trú iðkenda á sjálfum sér og hugrekki til að taka af skarið. Virkilega flottur vetur hjá öllum flokknum. Framfarir á mörgum sviðum og flottur árangur á mótum vetrarins. Eldra árið varð í 2. sæti á Íslandsmóti og yngra árið varð Íslands- og bikarmeistari (A- og B-úrslit). Kraftmikill og skemmtilegur hópur með stóra og fjölbreytta karaktera. Miklir Valsarar, alltaf tilbúnir að hjálpa félaginu (sjoppa, boltasækjarar o.fl.).

6. flokkur karla

Nafn aðalþjálfara: Baldvin Fróði Hauksson.

Helstu markmið: Skemmtilegar og gagnlegar æfingar með áherslu á grunnfærni og betri liðsheild. Auka athygli og einbeitingu á æfingum. Gekk mjög vella á ná markmiðunum. Keppnisskap, leikgleði og áhugi einkenndi hópinn. Tvö lið á eldra ári og tvö lið á yngra ári tóku þátt í mótum og árangur góður og almenn ánægja með tímabilið.

5. flokkur kvenna

Nafn aðalþjálfara: Ingimundur Ingimundarson.

Helstu markmið: Ná tókum á grunnatriðum handboltans, bæta tæknileg atriði og leikskilning, þetta hópinn. Flokkurinn bætti sig bæði tæknilega og andlega. Sveiflur yfir veturinn en heilt yfir gott tímabil. Áhugasamur og hæfileikaríkur flokkur. Mikil jákvæðni, sér-

staklega á bikarvikunni þar sem stelpurnar fengu mikið hrós.

Eldra árið: 3. sæti á Íslandsmóti og bikarmeistari.

Yngra árið: Stóðu sig vel, nálægt því að festa sig í sessi í 2. deild.

5. flokkur karla

Nafn aðalþjálfara: Baldvin Fróði Hauksson.

Helstu markmið: Að æfingar væru skemmtilegar og gagnlegar, kynna mismunandi sóknar- og varnarafbrigði, auka tæknilega og líkamlega færni. Gekk mjög vel; skemmtilegur hópur af duglegum strákum, góðir félagsmenn, keppnisskap, leikgleði og samheldni. Tvö lið á yngra ári tóku þátt í mótum og eitt á eldra ári. Miklar framfarir milli móta og aukin liðsheild.

Ástundun og áhugi: Stefán Snæland Hafsteinsson.

Mestu framfarir: Kári Halldórsson.

Leikmaður flokksins: Tjörvi Franklín Bjarkason.

4. flokkur kvenna

Þjálfari: Arnar Daði Arnarsson

Helstu markmið: Að bæta varnarleik og skapa sterka varnarmenn, með áherslu á liðsheild og góða stemningu. Leikmenn tóku varnarleikinn mjög alvarlega og náðu frábærum árangri í öllum leikjum. Markvarslan var einnig áberandi góð. Metnaður, jákvæðni, sigurhugarfar einkennir hópinn og þeir eru algjörir snillingar. Strákarnir urðu bæði deildar- og Íslandsmeistarar og í 2. sæti í B-úrslitum. Yngra árið sigraði Norðurlandamótið, *Norden Cup*. Þjálfarinn lýsir hópnum sem einum skemmtilegasta sem hann hefur þjálfað. Miklir hæfileikar og tilbúnar að læra og bæta sig. Framtíðin er björt fyrir þessar stelpur.

Ástundun og áhugi: Kristín Ósk Halldórsdóttir.

Mestu framfarir: Sigrún Erla Þórarinsdóttir.

Leikmaður flokksins: Hrafnhildur Markúsdóttir.

4. flokkur karla

Þjálfarar: Grétar Áki Andersen og Arnar Daði Arnarsson.

Helstu markmið: Byggja á fyrri árangri og krefja drengina meira. Teymið sýndi miklar framfarir bæði í varnar- og sóknarleik. Liðsheild, ákefð og keppnisskap einkennir hópinn. Árangur liða:



4. flokkur kvenna.



4. flokkur karla.



3. flokkur kvenna.



3. flokkur karla.



Jens Sigurðsson og Hrafn Þorbjarnarson.



Guðrún Tekla Traustadóttir og Jens Sigurðsson efnilegust í yngri flokkum.



Örn Kólar Kjartansson og Gunnar Róbertsson.

Valur 1: Íslandsmeistarar, 2. sæti í deild, 3. sæti á Balaton Cup, undanúrslit í bikarkeppninni.

Valur 2: Enduðu í 3. sæti í C-riðli lotu þrjú. 8 liða úrslit í bikar og miklar framfarir yfir tímabilið. Þjálfarar lýsa hópnum sem einstökum að þjálfar. Miklir hæfileikar sem munu styrkja meistaraflokk félagsins í framtíðinni.

Leikmaður flokksins: Gunnar Róbertsson

Mestu framfarir og Maggabikarinn: Örn Kólar Kjartansson

3. flokkur kvenna

Þjálfarar: Dagur Snær Steingrímsson og Grétar Áki Andersen.

Helstu markmið: Gera æfingar markvissar og bæta leikmenn jafnt og þétt. Leikmenn sýndu miklar framfarir og náðu frábærum árangri með vel unnum æfingum. Dugnaður og samheldni einkennir hópinn. Þær urðu í öðru sæti



Hrafnhildur Markúsdóttir, Stefánsbikarinn og Sigrún Erla Þórarinsdóttir.

bæði í deildar- og bikarkeppni og lönduðu Íslandsmeistaratitli með sigri í úrslitakeppninni.

Mestu framfarir: Sara Lind Fróðadóttir.

Leikmaður flokksins: Arna Karitas Eiríksdóttir.

3. flokkur karla

Þjálfari: Heimir Ríkarðsson, Anton Rúnarsson og Baldvin Fróði Hauksson.

Helstu markmið: Gera góða leikmenn enn betri og byggja upp sterka liðs-



Sara Lind Fróðadóttir.



Anna Karitas Eiríksdóttir.

heild. Strákarnir tóku miklum framförum og náðu frábærum árangri í keppnum. Mikill metnaður, dugnaður og samheldni einkennir hópinn. Strákarnir lögðu mikið á sig í æfingum og uppskárú góðan árangur, urðu deildarmeistar og tóku þátt í bikarkeppni og úrslitakeppni. Þjálfari lýsir hópnum sem frábærum með sterka karaktera og bjarta framtíð.

Leikmaður flokksins: Jens Sigurðarson.
Mestu framfarir: Hrafn Þorbjarnarson.



Liðsmynd frá Balatonmótinu: Efri röð frá vinstri: Gunnar Róbertsson, Kári Steinn Guðmundsson, Anton Máni Francisco Hheldersson, Erling Hólm Ottason, Örn Kólar Kjartansson, Viktor Númi Björnsson, Starkaður Björnsson og Bjarki Snorrason. Neðri röð frá vinstri: Guðjón Atli Sævarsson, Þórhallur Árni Höskuldsson, Jóhann Ágústsson, Sigurður Atli Ragnarsson, Logi Finnsson og Kristinn Sighvatsson.

Balaton Cup í Ungverjalandi

Í janúar síðastliðnum fór ég ásamt liðsfélögum mínum í 4. flokki karla til Ungverjaland til að taka þátt á Balaton cup frá 20.–25. janúar. Balaton Cup er boðsmót á vegum ungverska stórveldisins Veszprem. Á mótinu voru ásamt okkur lið eins og Barcelona, GOG frá Danmörku, Zagreb frá Króatíu og Fúchse Berlín frá Pýskalandi svo dæmi séu nefnd.

Þessi eftirminnilega ferð byrjaði á laugardeginum 20. janúar. Við áttum flug frekar seint kl. 18:30 beint til Búdapest og vorum lentir rétt fyrir miðnætti þar sem við gistum eina nótt á ÍBIS hóteli við hlið flugvallarins. Daginn eftir vorum við sóttir af mótshöldurum og héldum til Veszprem. Við fórum beint upp á hótél Betekints og tékkudum okkur inn. Síðar þann dag fórum við á æfingu í Veszprem Arena aðalhöll Veszprem og fengum við aðeins að skoða völinn, náðum góðri æfingu fyrir komandi átök og skoðum þetta glæsilega mannvirki.

Mótið fór vel af stað

Morguninn eftir áttum við síðan fyrsta leik gegn norska liðinu Haslum. Við unnum þann leik með 12 mörkum. Eftir að vera 16-11 yfir í hálfleik settum við í sjötta gir og unnum að lokum 32-20. Næsta dag beið erfiður leikur þegar við mættum gestgjöfunum í Veszprem akademíunni. Leikurinn var jafn nánast allan leikinn en undir lok leiksins náðu Veszprem menn undirtökunum og unnu loks fimm marka sigur. Staðan í hálfleik var 12-11 Veszprem mönnum í vil og endaði 24-19. Seinasti leikurinn í riðlinum beið okkar seinna um kvöldið þegar við mættum Barca. Við stóðum í þeim allan fyrri hálfleik þar sem staðan var 9-9 en þá tóku Barca menn á rás og unnu okkur með sex marka mun. sex marka mun, lokatölur 23-17. Af því að Barca men töpuðu fyrir Haslum og við unnum þá með tólf mörkum þá var annað sætið

staðfest og framundan viðureign gegn GOG í undanúrslitum næsta dag. Leikurinn gegn GOG var erfiður en við stóðum í þeim mest megnis leiksins. Við töpuðum að lokum með sjö mörkum. Hálfleikstölur voru 10-13 GOG í vil og lokatölur síðan 21-28.

Dramatískur sigur í leik um 3. sætið við Fúche Berlín

Eftir tap í undanúrslitum var ljóst að Fúche Berlín beið okkar í leik um 3. sætið daginn eftir en við vorum orðnir þreyttir eftir erfiða leiki alla vikuna. Leikurinn við Fúchse var spennandi og skemmtilegur. Geggjúð umgjörð einkenndi þennan frábæra leik með þjóðsöng og góðri mætingu í einni af flottustu höllunum sem er leikið í meistaraeild í handbolta. Leikurinn var jafn og skiptumst við á að leiða á meðan leiknum stóð. Hálfleikstölur voru 19-20 Fúchse Berlín í vil. Sama gekk í seinni hálfleik og endaði leikurinn með jafntefli eftir að Þórhallur Árni markmaður bjargaði okkur þegar rétt um mínúta var eftir þar sem Fúchse Berlín hefðu getað komist í eins marks forustu. Við fórum í sókn en okkur mistókst að stela sigrinum undir lok leiks og vítakastkeppni var staðreynd.

Á vítapunkt fyrir hönd Vals fóru þeir Bjarki Snorrason, Logi Finnsson, Gunnar Róbertsson og Jóhann Ágústsson. Fyrstur var Bjarki Snorrason og skoraði og Fúchse gerði slíkt hið sama, Þetta endurtók sig þegar Logi Finnsson og Gunnar Róbertsson skoruðu báðir og staðan 3-3. Jóhann steig þá fram og skoraði 4-3 en Anton Máni markvörður okkar Valsmanna varði síðasta vítið frá Fúche Berlín og tryggði okkur 3. sætið. Það var fagnað vel og innilega en því miður skemmdi matareitrun fyrir okkur og 3-4 leikmenn liðsins og einn þjálfari veiktust. Eftir skemmtilega sex daga í Ungverjalandi var haldið heim. Við fórum til Búdapest þar sem fyrsta flug okkar var til London Gatwick þar sem þriggja tíma stopp var framundan. Þaðan var haldið heim til Íslands. Skemmtileg ferð sem einkenndist af frábærum félagsskap og miklum handbolta sem var alveg frábært. *Jóhann Ágústsson í fjórða flokki skrifaði.*

Vel heppnuð keppnisferð 4. flokks karla til Svíþjóðar

Í sumar fórum við strákarnir í 4. flokki karla á Partille Cup. Við flugum til Osló og svo beið okkur fjögurra tíma rútuferð upp í skóla í Gautaborg þar sem mótið var haldið. Okkar fyrsta verkefni var að fara um morguninn beint í vatnsrenni-brautagarðinn Skara sommerland og eyða öllum deginum þar.

Riðlakeppnin

Fyrsti leikur fyrir 2009 liðið var á móti Lugi HF 2 sá leikur endaði í 23-21 marka tapi. Hjá 2008 var það auðveldur sigur gegn Eskilstuna Guif 26-6. Seinna um daginn atti 2009 kappi við CD Puertosol. Þann leik sigruðu þeir örugglega 20-9. Næsta dag þurfti 2009 liðið að taka traminn til Överåsvalen þar sem þeir kepptu á móti Lilleström HK. Þeir áttu annan auðveldan leik sem endaði 23-8 þeim í vil. Næsti leikur dagsins var Skanderborg HB og var barist af mikilli hörku. En sá leikur endaði í síru þriggja marka tapi 16-13. Næst var komið að 2008 strákunum, þeir rúlluðu yfir báða leiki dagsins. Fyrri leikinn unnu þeir 24-4 á móti JSG Roetgen-Eynattenog seinni leikinn 22-9 á móti Furesø Håndbold. 2009 drengirnir ætluðu ekki að láta tapið gegn Skanderborg HB stoppa sig. Morguninn eftir kepptu þeir í grenjandi rigningu gegn Eskilstuna Guif sem var auðveldur sigur 16-5. Ekki var löng bið eftir síðasta leiknum í riðlinum. Sem endaði með góðum sigri gegn Trauma IL 16-9. Eftir þessi úrslit kom í ljós að þeir myndu enda í 2. sæti í riðlinum með bestu markatöluna (+39). 2008 liðið átti einn leik eftir í riðlinum gegn Don Bosco Gent HC sem þeir áttu létt með 31-8. Þeir voru þá í lang efsta sæti í riðlinum sínum með (+88) í marka tölu. Eftir þessa leiki var ekki annað að gera heldur enn að fara í tívolíðið Liseberg og skemmtilega af deginum.

Spennandi úrslitakeppni

Næsta dag keppti 2008 liðið um morguninn í 64 liða úrslitum á móti H43 Lund 2 sem þeir unnu 21-10. Nú voru það 2009 strákarnir sem tóku á móti OV Helsing-



Hópmynd á Partille cup 2024. Efri röð frá vinstri: Jóhann Ágústsson, Þórhallur Árni Höskuldsson, Starkaður Björnsson, Bjarki Snorrason, Anton Máni Francisco Heldersson, Erling Hólm Ottason, Kári Steinn Guðmundsson, Gunnar Róbertsson, Kristinn Sighvatsson, Örn Kolar Kjartansson og Viktor Númi Björnsson. Neðri röð frá vinstri: Ágúst Levi Karlsson, Tómas Blöndal Peterson, Bragi Þór Arnarsson, Ólafur Kári Bjarnason, Guðjón Atli Sævarsson, Fannar Dagur Fjalarsson, Jónas Thor Þórhallsson, Óskar Sveinn Einarsson, Sigurður Atli Ragnarsson, Arnar Daði Arnarsson þjálfari og Grétar Áki Andersen.

borg þetta var hörku leikur sem þeir unnu með gullnu marki í framlengingu 13-12. Þá eru 2008 strákarnir komnir í 32. liða úrslit gegn FH ingunum sem þeir unnu örugglega 18-10. Nú voru bæði lið komin í 16. liða úrslit. 2009 mættu Lugi HF 1 og 2008 mættu IFK Ystad bæði voru þetta hörku leikir en aðeins 2008 liðið náði að koma sér í 8 liða úrslit með fjögurra marka sigri 18-14. 2009 áttu erfiðan leik gegn Lugi HF 1 og dattu úr keppni eftir gott mót. 19-12 var staðan. Daginn eftir átti 2008 liðið leik gegn HEI Håndbold 1 í 8. liða úrslitum sem þeir töpuðu 15-12 í erfiðum leik. Þetta var síðasti leikur Valsliðanna á þessu flotta og skemmtilega móti. Þetta mót gerði mikið fyrir okkur Valsstrákana og gerði okkur að betri liðsheid og félögum.

Sigurður Atli Ragnarsson 4. flokki.





Íslandsmeistarar í handbolta kvenna 2024

Ljós. Baldur Þorgilsson





„Við unnum! Við unnum! Við unnum!“

Viðtal við Vigni Stefánsson – fyrrum leikmann Vals í handbolta

Það urðu vatnaskil hjá karlaliði Vals í handbolta nú í vor þegar tveir af reynslumestu leikmönnum liðsins, þeir Alexander Örn Júlíusson og Vignir Stefánsson ákváðu að leggja skóna á hilluna eftir farsælan feril á Hlíðarenda. Valsblaðið tók Vigni Stefánsson tali á dögnum og fór með honum yfir tíma sinn hjá félaginu.

„Það hafði farið að læðast að manni, síðustu tvö tímabilin, kannski að fara að segja þetta gott. Ég hafði íhugað þetta árið á undan en var ekki tilbúinn þá. Það var líka kannski erfitt að fara að draga upp gamlakalla-spjaldið, sérstaklega með Bjögga í liðinu og tala nú ekki um eftir að Peterson mætti á svæðið. Maður var þriðji elstur, en samt lang yngstur af okkur þremur, Bjögga og Lexa. En það var kirsuberíð á kökuna á mínum ferli hjá Val þegar við hrepptum Evrópubikarinn í vor. Mér fannst það fullkominn tímarpunktur.“

Vignir gekk til liðs við Val árið 2012 frá ÍBV en þá hafði hann vakið athygli fyrir framgöngu sína með Eyjamönnum.

„Ég kem til Vals frá Eyjum, kominn í háskóla í bænum. Fann lendingu hér sem varð líka svona farsæl. Ég hef sagt að ég sé ekki eftir einni æfingu með Valsliðinu. Fyrstu árin voru enginn glamúr. Við vorum í smá brasi, hreinlega í fallbaráttu á tímabili en svo fór landið að rísa hjá liðinu.“

Íslandsmeistaratitillinn 2017 er Vigni eftirminnilegur.

„2016 urðum við bikarmeistarar, fyrsti stóri titillinn minn hjá Val. Svo vinnum við bikarinn aftur og erum í hörkubaráttu í Evrópu þar sem við föllum út í undanúrslitum gegn Turda frá Rúmeníu á mjög ósanngjarnan hátt. Erum á sama tíma í undanúrslitum á Íslandsmóti þar sem við klárum Fram. Við ákváðum að nýta okkur bara vonbrigðin úr Evrópu og fórum svo í þennan oddaleik í Krikanum, í úrslitum gegn FH sem við klár-uðum. Það var ótrúlega sætt og þá eflist maður bara og vill meira. Í kjölfarið komu svo misgóð ár.“

Nýr kafli hjá Valsliðinu hófst svo þegar Snorri Steinn tók við liðinu.

„Snorri tók svo við og þá hófst einhver nýr kafli. Hann ætlaði bara sína leið og það var eins gott að menn væru bara klárir með. Þarna komu frábær ár og hreinlega einhver ár, frá 2020 þar sem maður man varla eftir því að hafa tapað bikar. Við vinnum 8 titla í röð, án þess að annað lið komist að. Auk þess að við vorum valdir lið ársins í uppgjöri um Íþróttamann og Íþróttalið ársins 2022.“

„Þarna varð líka til einhver einstök stemning. Við vorum frábærir félagar, allir vildu vinna og það varð til ótrúlegt andrúmsloft og dýnamík. Þetta er eitthvað bræðralag sem myndast og menn voru til í að hlaupa í gegnum veggir fyrir hvern annan. Það voru alltaf smá hreyfingar á liðinu, menn að fara í atvinnu-mennsku en þá stigu bara aðrir upp.“



Vignir Stefánsson fagnar einum af mörgum titlum sínum með Val í handbolta með fjölskyldunni, eiginkonunni Hlíf Hauksdóttur og sonunum Hauki Heiðari og Tómasi Orra.

Vignir talar vel um Óskar Bjarna sem hefur verið í kringum hann og liðið öll þessi ár.

„Óskar er ekki bara hluti af þessu liði heldur bara risastór hluti af félaginu. Hann er svolítið hjartað í húsinu, það skiptir hann máli ekki bara gengi okkar, heldur allra liða Vals, hvort sem það er 5. flokkur eða meistaraflokkarnir. Þetta smitar bara út frá sér. Að hlutirnir séu gerðir svona vel. Hann var þarna í kringum okkur öll árin, fór svo og aðstoðaði Snorra og tók síðan við liðinu. Alltaf hægt að leita til hans, fá ráð og þælingar. Ómetanlegur karakter í þessu félagi.“

Vignir náði að spila nokkra landsleiki og átti eftirminnilega innkomu inn á Evrópumótið 2022.

„Ég fékk símtal með nánast engum fyrirvara. Nýkominn úr fríi á Tenerife og var auðvitað bara klár. Við fórum þarna ég og Magnús Óli á sama tíma. Sendir í blóðprufu, við bólusettir báðir og þetta átti allt að vera í góðu lagi. Við tókum eina æfingu, svo vorum við bara mættir á gólfíð á móti Frökkum fyrir fullri höll daginn eftir. Eins eðlilegt og það nú er. Ég gerði engar glóriur held ég, bara að hlaupa og berjast og við unnum þarna frábæran sigur. Ég segi að ég hafi aldrei tapað fyrir Frökkum á stórmóti.“



Vinirnir, Valsararnir og Evrópubikarmeistararnir Vignir Stefánsson og Alexander Örn Júlíusson.

Daginn eftir greinist ég svo með Covid og var bara kippt út. Vægast sagt eftirminnileg helgi.“

En eftirminnilegasta stund ferilsins var þann 25. maí síðastliðinn þegar Valsliðið landaði Evrópubikarnum eftir frækinn sigur á Olympiacos.

„Við náðum sterkum sigri héna heima og fórum svo út og þar var svolítið hringl á þessu öllu. Leikurinn færður í stærri höll og gekk víst ýmislegt á varðandi skipulag en við vorum að mestu verndaðir frá öllum þessum hamagangi. Leikurinn byrjaði ekki mjög vel fyrir okkur – manni fannst við vera skrefinu á eftir en við náðum svo góðum kafla og minnkuðum muninn í lokin og tryggðum okkur þessa vítakeppni. Við höfðum ekkert æft þessi víti neitt sérstaklega. Við ætluðum bara að vinna leikinn. Þetta raðaðist bara svona og svo er allt jafnt í vítakeppninni þar til aðalhetjan þeirra skaut í slána, en ég vil meina að Björggi hafi bara lokað markinu. Þá tók bara við einhver mesta geðshræring sem ég hef upplifað. Það var einhver ný tilfinning man ég þegar maður vann Íslandsmeistararitilinn 2017 en þetta var eitthvað allt annað. Ég hljóp bara inn í þvöguna þegar úrslitin voru ljós og öskraði bara „Við unnum, við unnum, við unnum!“ Svo verður eiginlega bara smá móða í sigurvímuni.“

Vignir segir að hann og liðið, kannski enn vera að melta stærðina á þessu afreki.

„Fyrir þetta einvígi var rifjað upp fyrir okkur þegar Valsliðið fór í úrslit í Evrópukeppninni 1980 og þá kannski fattaði maður aðeins stærðina á þessu. Við eigum sennilega eftir að hittast strákarnir alltaf þann 25. maí og rifja þetta upp og verðum kannski þínu óþolandi gamalmenni sem mun ekki leiðast að tala um þetta. En vonandi er þetta afrek sem verður einhvertímann endurtekið og þá vonandi líka af Val eða þá ÍBV.“

Þótt Vignir sé nú hættur er hann enn áberandi í kringum handboltann í Val.

„Maður mætir á heimaleikina og stundum úti. Og auðvitað



Vignir lék meira en 400 handboltaleiki fyrir Val á ferlinum.

Evrópuleikina. Lifir enn og hrærist í þessu og reynir að gera eitthvað og græja þegar maður er beðinn. Þetta er stór hluti af lífi manns og maður verður vonandi áfram með annan fótinn.“

Vignir og konan hans Hlíf létu draum rætast við þessi tímamót og helltu sér út í rekstur og reka nú apótek í hverfinu sínu.

„Við opnuðum semsagt Apótek Nor, í Norðlingaholtinu þar sem við búum. Við lifum á þann veginn, að kýla á það og grípa gæsina. Þetta var hugmynd og möguleiki og við spurðum bara af hverju ekki? Eigum við ekki að reyna þetta og við opnuðum í sumar og þetta hefur bara verið líf og fjör.“



Vignir Evrópubikarmeistari og Hlíf Hauksdóttir eiginkona hans á góðri stundu í Apenu eftir úrslitaleikinn.



Evrópubíkar- meistaratitillinn eftirminnilegastur

Daniel Örn Guðmundsson er tvítugur og leikur handbolta með ungmennaliði Vals og meistaraflokki

Nám? Viðskiptafræði í HR.

Framtíðarstarf? Eitthvað tengt markaðsmálum.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Enn þá að spila handbolta í Val eða einhvers staðar erlendis og kominn með góða vinnu.

Af hverju Valur? Ég ólst upp í Hlíðunum og Valur er hverfisliðið.

Uppeldisfélag í handbolta? Valur.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í handboltanum? Þau mæta á alla leiki hjá mér og hjálpa mér að fjármagna ferðirnar sem maður hefur farið í.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Grímur Orri Guðmundsson.

Af hverju handbolta? Vinirnir voru í handbolta.

Helstu afrek í öðrum íþróttagreinum? Náði gulli í karate í 3. bekk.

Eftirminnilegast úr boltanum? Landsliðsferðirnar og Íslandsmeistaratitillinn í 3. flokki 2022.

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili? Að hafa ekki lent ofar í Grillinu.

Stærsta stundin á þessu ári? EM með U-20 landsliðinu.

Besti stuðningsmaðurinn? Grímur bróðir.

Erfiðustu samherjarnir? Bjöggi og Kovan.

Erfiðustu mótherjarnir? Hinrik Örn í Víkingi.

Mesta prakkarastrik? Ég tók bílinn

hans afa í leyfisleysi þegar ég var 16 ára og ekki kominn með bílpróf, mæli ekki með.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna hjá Val? Elín Rósa.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val? Andri Finnsson gerir margt athyglisvert á vellinum.

Hvernig líst þér á yngri flokkana hjá Val? Mjög vel, flottir árgangar og mikið af efnilegum leikmönnum.

Fyrirmynd þín í handbolta? Guðjón Valur.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir? Ég er hornamaður sem get spilað vörn og ég legg mig alltaf allan fram.

Draumur um atvinnumennsku í handbolta? Það væri draumur að fá að spila með annaðhvort Barcelona eða Veszprem.

Landsliðsdraumar þínir? Ég stefni á að vera í U-21 landsliðinu næsta sumar og svo væri alltaf draumur að fá að spila A-landsleik í framtíðinni.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Ákveðinn, hvetjandi og heldur góðum aga.

Uppáhalds erlenda handboltafélagið? Veszprem.

Nokkur orð um núverandi þjálfarateymi? Þjálfarar með mikla reynslu, skýra stefnu, miðla upplýsingum vel til leikmanna og eru sanngjarnir.

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í

íþróttum og lífinu almennt? Að hafa trú á sjálfum sér er mikilvægast.

Hvernig finnst þér að hægt sé að auka jafnrétti kynja hjá Val? Passa að það sé samræmi í auglýsingum fyrir leiki hjá báðum kynjum.

Hvað getur Valur gert til að vinna gegn fordómum, einelti og öðru ofbeldi?

Vera með fræðslu fyrir bæði leikmenn og þjálfara.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki hjá Val? Auglýsa meira á samfélagsmiðlum.

Hvernig viltu sjá Val þróast á næstu árum? Vil sjá félagið halda áfram að berjast um alla titla í öllum greinum og auka þátttöku í Evrópukeppnum.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum? Heimsækja hverfissskólana og bjóða krökkum að mæta á æfingar.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Evrópubikarmeistaratitillinn.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Halda félagslega viðburði til að þetta hópa saman.

Besta bíómynd? *Hangover*.

Besta bók? *The Hobbit*.

Einkunnarorð? You miss 100% of the shots you don't take.

Hver stofnaði Val og hvenær? Séra Friðrik, 11. maí árið 1911.

Allt er fertugum fært

Málfríður Erna Sigurðardóttir lagði skóna á hilluna í lok sumars eftir afar farsælan feril í knattspyrnu. Málfríður Erna fæddist árið 1984, sama ár og Birkir Már Sævarsson sem einnig lék sinn síðasta leik með Val í sumar. Það á vel við að nota máltækið „Allt er fertugum fært“ um þessar tvær goðsagnir á Hlíðarenda, bæði uppalin á Hlíðarenda og léku með yngri flokkum Vals og hafa haldið mikla tryggð við félagið.

Málfríður Erna kom fyrst við sögu í Valsliðinu árið 2000 og hefur alls leikið 251 leik í efstu deild fyrir félagið og auk þess 59 leiki samtals fyrir Stjórnuna og Breiðablik. Einungis Dóra María Lárusdóttir á fleiri leiki með Val í efstu deild, samtals 269 og af þeim sem hafa leikið með Val er Sandra Sigurðardóttir sú eina sem á fleiri leiki í efstu deild kvenna hér á landi, alls 333. Á ferlinum í meistaraflokki hefur Málfríður alls 7 sinnum orðið Íslandsmeistari í fótbolta með Val og sjö sinnum bikarmeistari, samtals 14 stórir titlar sem er einstakt afrek. Auk þess varð hún einu sinni Íslandsmeistari og bikarmeistari með Breiðabliki og hefur því alls 16 sinnum fagnað stórum titlum á ferlinum.

Fríða, eins og við köllum hana, gekk til liðs við Val að nýju fyrir síðasta tímabil og lauk ferlinum þar sem hann byrjaði, árið 2000 og náði að leika 24 tímabil í meistaraflokki. Fríða er þriggja barna móðir og æfa þau öll með yngri flokkum Vals. Dætur Fríðu heita Guðrún Dís (f. 2012 spilar með 5. fl. kvenna) og Sunna Líf (f. 2014 spilar með 6. fl. kvenna) og sonurinn heitir Fannar Dagur (f. 2009 og spilar með 3. fl. karla). Þegar Fríða kom að Hlíðarenda til að ljúka ferlinum segir hún að mikil ánægja hafi verið á heimilinu með þá ákvörðun „Ég á tvær dætur og einn son sem æfa öll bæði handbolta og fótbolta hjá félaginu. Ég er hins vegar fyrst og fremst auðvitað að gera þetta fyrir sjálfa mig en það skemmir ekki fyrir að börnin séu með mér á Hlíðarenda alla daga.“

Á þessum tímamótum hjá Fríðu er ekki úr vegi að fara yfir ferilinn og rifja ýmislegt upp. En hver skyldu fyrstu kynni Fríðu af Val og yngri flokkunum hafa verið sem löðuðu hana að fótboltanum. „Upphaflega fór ég að æfa hjá Val af því mig langaði í Valsgalla. Ég bjó í miðbænum og bróðir minn hafði verið að æfa í einhvern tíma hjá Val og mig langaði mjög mikið í Valsgalla en fékk að vita það hjá mömmu að ég fengi hann ekki nema ég byrjaði að æfa. Parna var ég um 10 ára gömul.“

Hvaða viðburðir eru eftirminnegastir í yngri flokkunum hjá Val og hvaða þjálfarar og liðsfélagar voru eftirminnilegir?

Fótboltaffjölskyldan fer saman á völinn. Frá vinstri: Guðrún Dís Fjalarsdóttir, Málfríður Erna Sigurðardóttir, Fannar Dagur Fjalarsson, Fjalar Þorgeirsson eiginmaður Fríðu og Sunna Líf Fjalarsdóttir.



„Þæjumótið í Vestmannaeyjum á sérstakan sess í minningunni og Gull- og Silfurmótið (Síamamótið í dag) þar á eftir. Elísabet Gunnarsdóttir er sennilega sá þjálfari sem hafði mestu áhrifin á mig og var ég heppin að hún kom að þjálfra hjá Val. Salih Heimir Porca var líka eftirminnilegur þjálfari sem kenndi okkur mjög mikið. Þeir liðsfélagar sem ég vil helst nefna eru þær sem voru með mér í yngri flokkum og fóru með mér alla leið upp í meistaraflokk. Þar ber helst að nefna Dóru Maríu Lárusdóttir og Kristínu Ýr Bjarnadóttir. Tvíbúrasysturnar Kristín og Guðbjörg Sigurðardætur voru frábærir liðsfélagar og vinkonur í yngri flokkum og ég gæti nefnt miklu fleiri,“ segir Fríða. Enginn hefur spilað fleiri leiki fyrir Val í fótbolta kvenna en Dóra María, alls 265 og Kristín Ýr er einnig meðal leikjahæstu Valskvenna með 153 deildarleiki fyrir Val.

Fyrstu kynni af meistaraflokki Vals 16. ára. Er eitthvað sem stendur þar upp úr í minningunni? „Ég man að ég kom þarna inn kornung í leik á móti ÍBV sem við töpuðum reyndar 2-0 en fékk góðar viðtökur frá eldri leikmönnum (Ásgerði Hildi Ingibergs, Rósu Júlíu Steinþórs, Írisi Andrésar, Soffíu Ámunda og fleirum) og spilaði þó nokkra leiki. Árið eftir unnum við bikarinn sem var mjög eftirminnilegt fyrir mig sem 17 ára leikmann í meistaraflokki,“ segir Fríða, en gaman er að segja frá því að allir



Fríða með viðurkenningu í yngri flokkum Vals.



Fannar Dagur (2009) sonur Fríðu leiðir móður sína inn á völlinn í landsleik.



Fríða með dætur sínar Sunnu Líf (2014) og Guðrínu Dís (2012) á landsleik á Laugardalsvelli.

Þessir leikmenn sem hún nefnir léku meira en 100 leiki í efstu deild fyrir Val, en voru að ljúka ferlinum á þessum fyrstu árum Fríðu í meistaraflokki.

Yngri landsliðin. Þú spilaðir marga leiki með yngri landsliðunum. Hvað stendur upp úr þar í minningunni? „Allar ferðirnar sem ég fór voru eftirminnilegastar, fór til landa sem ég hefði aldrei farið til ef ekki hefði verið fyrir þessa leiki. Ólafur Guðbjörnsson og Úlfar Hinriksson voru þeir þjálfarar sem þjálfuðu mig mest í yngri landsliðunum, báðir toppmenn og góðir þjálfarar,“ segir Fríða en hún lék rúmlega 40 landsleiki með yngri landsliðum Íslands.

Þegar þú ferð yfir ferilinn með Val allt frá 2000–2024 með stuttum hléum vegna barnsburðar og eins þegar þú spilaðir með Stjörnunni og Breiðablik hvað myndir þú segja að hafi einkennt Valsliðið allan þennan tíma? „Það má segja að gullskíð kvennaknattspyrnu hjá Val hafi byrjað þegar Elísabet Gunnarsdóttir tók við liðinu. Hún setti standardinn mjög hátt og að mínu mati á hún stærstan þátt í því að búa til þann kultúr sem einkennt hefur kvennaknattspyrnuna hjá félaginu síðustu 20 ár þrátt fyrir að einhverjar lægðir hafi komið inn á milli. Freyr Alexandersson sem kom næstur á eftir Betu, var líka frábær fyrir Val og kvennaknattspyrnuna, tók við keflinu af henni. Aðrir sem hafa komið á eftir hafa reynt að viðhalda þessum kultúr og velgengni, nú síðast Pétur Pétursson með góðum árangri. Einnig má hrósa þeim sem hafa verið í stjórn knattspymudeildar Vals sem hefur stutt vel við kvennaknattspyrnuna í gegnum tíðina.“

Stórir titlar með Val. Ef ég skil þetta rétt þá hefur þú hampað 12 stórum titlum sem leikmaður með Val. Hvað útskýrir þessa miklu velgengni að þínu mati og hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa verið með svona sigursælum Valsliðum? „Það er rétt að ég hef verið þátttakandi í mörgum stórum titlum hjá Val en hef svo sem ekki lagt það á mig að telja þá alla. Eins og áður sagði tengi ég þessa velgengni mikið við innkomu Elísabetar Gunnarsdóttir í félagið. Hún breytti þeim stöðlum sem fyrir voru í kvennaknattspyrnu hjá félaginu, hækkaði rána til muna, setti miklar kröfur á okkur leikmenn sem við kunnum vel við og innleiddi mikið sigurhugarfar hjá öllum sem komu að liðinu, leikmönnum, starfsliði, stjórn og stuðningsfólki. Þetta mótaði mig sem leikmann og hefur hjálpað mér alla tíð,

einnig held ég að við sem vorum hluti af þessu liði höfum náð að smita aðra leikmenn sem við spiluðum með seinna á ferlinum,“ segir Fríða af hógværd og sannfæringu.

Eftirminnilegasti titillinn á ferlinum? „Fyrsti Íslandsmeistaratitillinn minn 2004 er sennilegast sá eftirminnilegasti, það var upphafið af þessu gullaldarskeiði kvennaknattspyrnunnar hjá Val þar sem margir titlar fylgdu á eftir. Ég verð einnig að nefna Íslandsmeistaratitillinn sem ég vann með Breiðablik 2015, þá eftir þriðju barneignina mína,“ segir Fríða.

Hvernig tilfinning er það að fá tækifæri að spila með A-landsliðinu og hvað stendur upp úr á landsliðsferlinum?

„Það sem stendur heilt upp úr er að koma sér alltaf aftur í landsliðið bæði eftir barneignir og meiðsli. 33 landsleikir eru ágætis tala en ég veit ekki töluna á öllum þeim leikjum þar sem ég var í hópi en fékk ekki leik, viðurkenni alveg að ég hefði viljað spila miklu fleiri landsleiki. Það var líka eftirminnilegt að komast í lokahópin fyrir EM 2017, líklega ekki margar þriggja barna mæður sem hafa náð því.“ Segir Fríða.

Eftirminnilegasta eða mikilvægasta markið sem þú hefur skorað og hvers vegna? „Ég hef aldrei verið mikill markaskorari, setti samt nokkur eftir horn og aukaspjúrur á ferlinum.

Eftirminnilegast er líklega þegar mér tókst að skora tvö mörk í landsleik gegn Kína, bæði eftir horn,“ segir Fríða og til fróðleiks þá eru þetta einum mörkin hennar með landsliðinu.

Eftirminnilegustu þjálfararnir hjá Val og hvers vegna? Ekki stendur á svari: „Elísabet Gunnarsdóttir og Freyr Alexandersson. Ekki bara góðir þjálfarar heldur líka leiðtogar sem ruddu brautina í Val fyrir aðra sem komu á eftir.“

Eftirminnilegustu samherjarnir í Val frá ferlinum. „Mjög erfitt að velja einhverjar frá svona löngum ferli en hópurinn 2004–2010 var einstakur.“

Hefur þú sloppið við meiðsli á ferlinum? „Ég hef verið mjög heppin með meiðsli í gegnum ferilinn. Þar spila genin og góð þjálfun inn í en líka heppni. Mesta svekkelsið var þegar ég missti af hálfu tímabili 2013 og EM vegna ökklabrots.“

Nú spilaðir þú með Stjörnunni og Breiðablik um tíma.

Hvernig var að spila með þessum liðum og hvað er eftirminnilegast frá þeim tíma? „Það voru stór skref að skipta um lið á sínum tíma, sérstaklega til erkifjendanna í Breiðablik. Ég

fann hins vegar á þeim tíma (2015) að ég varð að fara til að prófa eitthvað nýtt en ætlaði alltaf að koma aftur í Val, sem ég gerði. Í Breiðablik hitti ég fyrir Þorstein Halldórsson, núverandi þjálfara A-landsliðs kvenna, sem reyndist mér mjög vel enda frábær þjálfari. Þá hafði Breiðablik ekki unnið í einhvern tíma og gaman að taka þátt í Íslandsmeistaratitlinum 2015 og bikarmeistaratitlinum 2016. Þegar ég fór til Stjörnunnar 2021 var það töluvert öðruvísi en þegar ég fór til Breiðabliks. Þá var mikil uppbygging í gangi og Stjarnan töluvert frá því að gera atögu að titlum. Langtímarkiðið hjá félaginu var alltaf að komast í Meistaradeildina sem tókst eftir að við náðum 2. sæti 2022. Við vorum síðan grátlega nálægt bikarúrslitum 2023 eftir að hafa tapað fyrir Breiðablik í vítaspyrnukeppni.“

Nú hefur þú eignast þrjú börn og alltaf haldið áfram að spila fótbolta á hæsta stigi aftur. Veit að margar stelpur hætta eftir fyrsta barn. Hvað dreif þig áfram að spila fótbolta samhliða uppeldi barnanna? „Fótbolti og íþróttir yfirhöfuð er rauði þráðurinn á mínu heimili, öll börnin æfa bæði handbolta og fótbolta hjá Val ásamt því að eiginmaðurinn, Fjalar Þorgeirsson, spilaði fótbolta til 2014 og hefur verið að þjálfa síðan þá. Það sem dreif mig áfram eftir barneignirnar var gamla góða keppnissemi og sýna og sanna fyrir sjálfa mig og aðra að þetta væri alveg hægt.“

Nú eru öll börnin þín í handbolta og fótbolta hjá Val. Hvernig líst þér á starfið í yngri flokkunum hjá félaginu og hvað myndir þú helst vilja bæta í þeim efnum? „Starfið í yngri flokkunum er í grunninn mjög gott en það er alltaf rými fyrir bætingu. Fyrir stuttu síðan skiptust barna- og unglingaráð upp eftir íþróttagreinum sem ég tel að sé heillaskref fyrir allar greinarnar í Val, fleiri flottir aðilar að borðinu og hnitmiðara eftir greinum. Valur, eins og önnur félög, þarf síðan að finna gott jafnvægi á milli þess að þjónusta börnin í hverfunum og sinna afreksstarfi sem er vandmeðfarið.“

Nú varstu kjörin í stjórn knattspyrnudeildar um daginn. Hvaða sýn hefur þú á uppeldis- og afreksstarf hjá félaginu til framtíðar? „Það var mikill heiður fyrir mig að að vera kjörin í stjórn knattspyrnudeildar hjá félaginu sem ég ólst upp í og hefur gefið mér svo mikið. Mín sýn er að Valur eigi að vera einhvers konar miðpunktur í uppeldisstarfi í hverfunum sem eru í kringum félagið, vera staður þar sem öllum á að líða vel eins og mér leið á sínum tíma og börnunum mínum núna. Eins og áður sagði, þarf að vera gott jafnvægi á milli þjónustu og afreks og það er ekkert leyndarmál að flestir Valsarar sem ég hef verið í samskiptum við væru til í að sjá fleiri yngri leikmenn koma upp og spila með meistaraflokkum félagsins. Hvort að þetta sé raunhæft 2025 verður að koma í ljós en þetta er klárlega eitt af langtíamarkmiðum hjá félaginu,“ segir Friða og hlakkar greinilega til þess að taka þátt í starfi knattspyrnudeildar Vals.

Skilaboð til ungu kynslóðarinnar. Hvaða heilræði hefur þú til barna og ungmenna sem vilja ná langt í íþróttum og lífinu almennt? „Lykillinn að velgengi bæði í íþróttum og flestu í lífinu er gamla góða seiglan, þrautseigja og vinnusemi. Standa upp og halda áfram þrátt fyrir að sending klikki, leikur tapist eða vera ekki valin(n) í það lið sem þið teljið ykkur eiga heima í. Gefa alltaf 100% í alla leiki, æfingar og spila fyrir liðið ásamt því að vera góður liðsfélagi, þá gerast yfirleitt góðir hlutir,“ segir Friða að lokum og hefur greinilega skýra hugmynd um hvað skipti máli til að ná markmiðum sínum.

Valsblaðið þakkar Málfríði Ernu Sigurðardóttur fyrir áhuga-vert viðtal og innsýn í einstakan feril í knattspyrnu og óskar henni velfarnaðar í stjórn knattspyrnudeildar.



Friða hefur fagnað fjölmörgum stórum titlum í knattspyrnu á löngum ferli í meistaraflokki (2000–2024).

Stórir titlar Friðu í fótbolta

- Íslandsmeistari með Val: 2004, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010 og 2019.
- Bikarmeistari með Val: 2001, 2003, 2006, 2009, 2010, 2011 og 2024.
- Íslandsmeistari með Breiðablik: 2015
- Bikarmeistari með Breiðablik: 2016

Leikjahæstu Valskonur í A-deild Íslandsmóts

1. Sandra Sigurðardóttir 333
2. Málfríður Erna Sigurðardóttir 310, þar af 251 fyrir Val
3. Dóra María Lárusdóttir 269
4. Fannís Friðriksdóttir 255
5. Raket Logadóttir 216
6. Hallbera Guðný Gísladóttir 207
7. Elín Metta Jensen 189
8. Mist Edvardsdóttir 174
9. Pála María Einarisdóttir 171
10. Elísa Viðarsdóttir 168
11. Katrín Jónsdóttir 166
12. Kristín Ýr Bjarnadóttir 153
13. Soffía Ámundadóttir 152
14. Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir 152
15. Margrét Lára Viðarsdóttir 143



Margir efnilegir leikmenn í yngri flokkunum

Ágústa Valtýsdóttir er 16 ára og leikur knattspyrnu með 3. flokki

komið á leiki hjá mér og sýnt þeim áhuga. Líka mjög dugleg að skutla mér á æfingar!

Hver er besti mætt íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Ég eda foreldrar mínir.
Af hverju fótbolli? Af því mér hefur alltaf fundist mjög gaman í fótbolta síðan ég var lítil.

Helstu afrek í öðrum íþróttagreinum? Hæfileikamótun í körfubolta.

Eftirminnilegast úr boltanum? Öll mótin með vinkonunum!

Stærsta stundin á þessu ári? Mark með U-17 í Skotlandi.

Besti stuðningsmaðurinn? Foreldrar mínir og afi.

Erfiðustu samherjarnir? Arna Sif.

Mesta prakkarastrik? Ætli það sé ekki bara öll síma- og dyraötin!

Athyglisverðasti leikmaður í meistara-flokki kvenna hjá Val? Jasmin Erla Ingadóttir.

Athyglisverðasti leikmaður í meistara-flokki karla hjá Val? Patrik Pedersen.

Hvernig líst þér á yngri flokkana í fótbolta hjá Val? Mjög vel, margir efnilegir leikmenn sem verður spennandi að fylgjast með í framtíðinni.

Fyrirmynd þín í fótbolta? Elin Metta, Margét Lára og Hlín Eiríks.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir? Sendingar, leikskilningur og klára færi.
Draumur um atvinnumennsku í fótbolta? Já.

Landsliðsdraumar þínir? Vera mikilvægur leikmaður í A-landsliðinu.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Hvetjandi og áhugasamur.

Uppáhalds erlenda fótboldaboltafélagið? Manchester United.

Nokkur orð um núverandi þjálfarateymi? List vel á þá, er spennat að kynna þeim betur og læra af þeim.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki hjá Val? Halda áfram að auglýsa leikina vel og fá yngri leikmenn til að leiða inn á. Það var með skemmtilegri hlutum sem ég gerði þegar ég var lítil.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum?

Auglýsa starfið og hafa mikið af vinkonu-æfingum, það var alltaf mjög vinsælt!

Besta bíómynd? *Legally Blonde*.

Besta bók? *Óstöðvandi* – Sara Björk.

Einkunnarorð? Gera alltaf sitt besta.

Hver stofnaði Val og hvenær? Séra Friðrik Friðriksson, 1911.

Nám? MR.

Framtíðarstarf? Tannlæknir.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Ennþá í fótbolta og búin með eitthvað háskólanám.

Af hverju Valur? Systur mínar voru í Val.

Uppeldisfélag í fótbolta? Valur.

Frægur Valsari í fjölskyldunni? Guðni Bergsson.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltanum? Þau hafa alltaf

GETRAUNANÚMER VALS



101





Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Aðalsteinn Rúnar Óttarsson

Agnar Smári Jónsson

Alexander Örn Júlíusson

Anthony Karl Gregory

Anton Rúnarsson

Arna Grímsdóttir

Arnar Einarsson

Atli Sigurðsson

Ágúst Björgvinsson

Ágúst Fannar Einþórsson

Ágúst Þór Jóhannsson

Árni Pétur Jónsson

Árni Huldar Sveinbjörnsson

Ásdís Þóra Ágústsdóttir

Ásta Júlía Grímsdóttir

Bakkagrandi ehf.

Baldur Bongó

Baldur Bragason

Baldur Steindórsson

Baldur Þorgilsson

Baldur Þórólfsson

Baldvin Fróði Hauksson

Berglind Rós Ágústsdóttir

Birgir Örn Friðjónsson



VALSARAR HITTA BEINT

Í MARK Á

BULLSEYE
Darts & Drinks

Gleðilegt nýtt píluár!

Austurbæ v/ Snorrabraut - bullseye.is

Valur – Samheldið og öflugt samfélag á Hlíðarenda

Ársskýrsla barna- og unglingasviðs (BUS) 2024

Á Hlíðarenda stendur hjarta öflugts og blómlegs íþróttasamfélags sem vex og dafnar með hverju ári. Á árinu 2024 fóru fram yfir 12.000 æfingar á vegum Vals og fleiri en 65.000 áhorfendur mættu á kappleiki félagsins. Að auki hafa um 350.000 manns heimsótt Hlíðarenda til að fylgjast með eða taka þátt í viðburðum tengdum íþróttastarfinu. Þessi mikla þátttaka endurspeglar kraftinn og breiddina í starfsemi barna- og unglingasviðsins.

Fjölgun iðkenda og fjölbreytt samfélag

Starfið á Hlíðarenda hefur aldrei verið jafn blómlegt og á árinu 2024. Fjöldi iðkenda á barna- og unglingasviði hefur aukist um 33,7% frá árinu 2022 og nú eru þeir samtals um 1.500. Þar af æfa um 350 börn handbolta, 400 körfubolta og 800 fótbolta. Um 450 börn í 1.–4. bekk nýta sér Valsrútuna til að komast á æfingar, og íþróttaskólinn okkar, þar sem ungir Valsmenn á aldrinum 2–4 ára taka sín fyrstu skref í skipulögðu íþróttastarfi, fer fram á laugardagsmorgnum og telur um 150 iðkendum.

Þessi mikli vöxtur er bæði stórt tækifæri og áskorun fyrir Val. Fjölgun iðkenda stuðlar að fjölbreyttara samfélagi, þar sem iðkendum af erlendum uppruna fjölgar, og eykur þörfina fyrir öflugum og

fjölbreytta umgjörð. Við leggjum áherslu á að mæta þessum vexti af ábyrgð og tryggja að hver iðkandi fái tækifæri til að njóta góðrar aðstöðu og stuðnings.

Hins vegar fylgja vaxtarverkir, þar sem núverandi aðstaða er orðin yfirfull. Iðkendum þurfa stundum að æfa seint á kvöldin eða deila æfingapláss. Við vinnum hörðum höndum að því að bæta aðstöðuna til að mæta aukinni eftirspurn, því hver iðkandi skiptir máli, hvort sem hann er að taka sín fyrstu skref í íþróttaskólanum eða keppa á landsvísi fyrir Val.

Uppbygging á Hlíðarenda í góðum farvegi

Það hefur orðið töluverð hreyfing á málum varðandi uppbyggingu aðstöðu á

Hlíðarenda. Nýi fótoltavöllurinn er farinn að taka á sig mynd og áætlað er að hann verði tilbúinn fyrir næsta sumar. Jafnframt bindum við vonir við að nýtt íþróttahús sé nú í sjónmáli.

Félagsandi og sjálfbodaliðastarf

Starfið hjá Val byggist ekki aðeins á iðkendum og þjálfurum heldur einnig á stuðningi sjálfbodaliða, foreldra og annarra velunnara. Án ómetanlegrar vinnu þeirra væri ekki hægt að halda uppi jafn umfangsmiklu starfi og raun ber vitni. Ef áhugi er á að taka þátt í sjálfbodastarfi Vals, er öllum velkomið að hafa samband og verða hluti af þessu sterka samfélagi.

Valur er ekki aðeins vettvangur íþróttaheldur sameiningartákn fyrir fólkið í hverfinu. Hér byggjum við upp sterkt samfélag þar sem allir fá tækifæri til að vaxa og dafna, bæði í íþróttum og í lífinu.

Nýr íþróttafulltrúi tekur til starfa

Í janúar 2024 tók Louisa Christina Martinsdóttir við starfi íþróttafulltrúa barna- og unglingasviðs af fráfarandi íþróttafulltrúa, sem hafði gegnt stöðunni í átta ár. Louisa hefur tekið starfinu með ferskum krafti og miklum metnaði, og það hefur verið ánægjulegt að sjá nýjar hugmyndir koma inn í starfið. Hún hefur lagt áherslu á að byggja upp öflugum umgjörð og styrkja tengsl milli allra sem að starfinu koma, til að styðja við jákvæða þróun innan barna- og unglingasviðs Vals.

Öflug uppbygging fyrir hverja deild

Við höfum skipað öflugar stjórnir fyrir hverja deild innan BUS sem vinna náið með yfirþjálfara og nýjum íþróttafulltrúa. Þessi nýja stjórnarskipan tryggir skýra verkferla í þjálfun og samskiptum. Nýjar handbækur fyrir þjálfara og foreldra eru einnig í vinnslu sem styrkja tengslin við foreldraráðin og byggja upp sterkt samstarf þar sem bæði þjálfarar og foreldrar vinna saman að því að styðja við börnin.





Deildarstjórnir

- Formaður barna og unglingsviðs : Dagný Rut Gísladóttir.
- Handboltadeildin: Helga Þórunn Gunnlaugsdóttir (formaður), Heiður Baldursdóttir, Einar Sveinn Þórðarson, Sindri Kamban og Einar Valdimarsson.
- Fótboltadeildin: Valgarður Finnbogason (formaður), Fjalar Þorgeirsson, Jónas Hlíðar Vilhelmsson, Guðrún Wium Guðbjörnsdóttir og Inga Rósa Harðardóttir.
- Körftboltadeildin: Elsa Gísladóttir (formaður), Eirný Þórólfsdóttir, Gunnur Jónsdóttir, Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir og Valgerður B. Eggertsdóttir.

Aftek á árinu

Árið 2024 hefur verið ár þar sem iðkendur okkar hafa sýnt að með seiglu, vinnusemi og jákvæðu hugarfari er allt mögulegt – bæði á vellinum og utan hans. Við erum ekki aðeins stolt af þeim titlum og árangri sem iðkendur okkar hafa náð á vellinum heldur líka af þeirri þrúðmennsku, samvinnu og liðsheild sem þau sýna í hverju skrefi.

Valur hefur alltaf lagt áherslu á að skapa umhverfi þar sem vinátta og virðing fara hönd í hönd við keppnisanda og metnað. Það er okkur sérstakt ánægjuefni að sjá iðkendur okkar stíga fram sem sterkir einstaklingar sem vinna vel saman og sýna góðan dómgreind í leik og lífi.

Þessi árangur er ávöxtur sameiginlegrar vinnu iðkenda, þjálfara, foreldra og allra sem að starfinu koma. Í hverri æfingu, á hverjum leikdegi og á öllum þeim mótum sem við tökum þátt í, endurspeglar iðkendur okkar grunngildi Vals: Ábyrgð, metnað, heilbrigði og lífsgleði.

Þeir eru ekki aðeins íþróttamenn heldur fyrirmyndir í samfélaginu.

Við erum stolt af hverjum og einum sem klæðist búningi Vals – saman höldum við áfram að vaxa, bæði sem einstaklingar og sem hluti af sterkri liðsheild.

Framtíðarsýn og bætt aðstaða fyrir allar deildir

Hluti af framtíðarsýn Vals er að efla starfið með fjölbreyttri þjónustu í takt við breyttar áherslur og þarfir samfélagsins. Við höfum því lagt aukna áherslu á að bjóða iðkendum upp á sérhæfða þjónustu, svo sem skipulagða styrktarþjálfun fyrir unglunga. Allir iðkendur í 8. bekk og eldri fá nú styrktaræfingar 1–2 sinnum í viku undir handleiðslu þjálfara. Þessar æfingar eru mikilvægur þáttur í því að auka líkamlega getu iðkenda, draga úr meiðslum og gera starfið faglegra.

BUS vinnur einnig markvisst að því að bæta aðstöðu fyrir allar deildir barna- og unglingsstarfsins, í samstarfi við yfirþjálfara hvers sviðs og íþróttafulltrúa. Markmið okkar er að efla þjónustu við iðkendur, tryggja nægan búnað fyrir alla flokka og skapa jákvætt og styðjandi starfsumhverfi fyrir þjálfara. Með þessum skrefum leggjum við grunn að framtíð þar sem Valur getur áfram vaxið og þróast í takt við vaxandi fjölbreytileika og þarfir samfélagsins.

Viðurkenning og þakki til allra sem hafa lagt hönd á plóg

Árið 2024 hefur verið ár breytinga og þróunar fyrir barna- og unglingsvið Vals. Nýjar stjórnir, nýr framkvæmdastjóri, nýr íþróttafulltrúi og nýir yfirþjálfarar hafa tekið við og leitt starfið inn í

nýja tíma. Breytingar eru oft áskoranir en þær skapa einnig spennandi tækifæri til vaxtar. Við hjá Val tökum þeim með opnum hug og bjartsýni fyrir framtíðina.

Við viljum færa yfirþjálfurum, þjálfurum, foreldrum og sjálfbodaliðum okkar innilegar þakki fyrir ómetanlegt framlag þeirra á árinu. Þeir hafa með sinni vinnu lagt grunn að sterku og stuðningsríku umhverfi þar sem börn og ungmenni fá tækifæri til að blómstra. Með krafti, einingu og eldmóði höfum við náð árangri og höldum áfram á þeirri vegferð með bjartsýni.

Lokorð

Við viljum þakka öllum iðkendum, þjálfurum, foreldrum og sjálfbodaliðum fyrir framlag þeirra til starfsins á árinu. Starfsemi Vals byggir á gæðum og metnaði allra sem að því koma, og gildin okkar – *ábyrgð, metnaður, heilbrigði og lífsgleði* – munu áfram vera leiðarljós í öllu okkar starfi. Við horfum bjartsýn fram á veginn og tökum fagnandi á móti því sem framtíðin hefur upp á að bjóða.

Áfram Valur, áfram hærra!

Dagný Rut Gísladóttir Formaður BUS og Louisa Christina íþróttafulltrúi Vals.





Sigurreifir Valsarar eftir sigur í úrslitaleik á Ítölum. Efri röð frá vinstri: Halldór Geir Jenson þjálfari, Diðrik Högni Yeoman, Bjartur Þór Björnsson, Elías Páll Einarsson, Sveinn Geirsson, Ásbjörn H. Benediktsson, Arnór Bjarki Halldórsson, Páll Gústaf Einarsson, Ísleifur Jónsson, Viktor Örn Ragnheiðarson, Ágúst S. Björgvinsson þjálfari, Stormur K. Traustason og Jóhannes Prastarson. Fremri röð frá vinstri: Tómas Gauti Guðmundsson, Bjartur Einarsson, Ágúst Bartoszek, Úlfar Sigurbjarnson, Þorsteinn Snæland og Gabriel K. Ágústsson.

Valsstrákarnir stóðu uppi sem sigurvegarar eftir æsispennandi úrslitaleik

Strákarnir í 10.–11. flokki í körfubolta fóru um páskana í æfinga- og keppnisferð til Spánar. Alls voru 24 lið í mótinu í U-16. Valsmenn stilltu upp tveimur jöfnum liðum. Bæði liðin unnu alla þrjá leiki í riðlinum þar sem aðeins fyrsti leikur hjá báðum liðum var jafn.

Við tóku 16 liða úrslit og urðu andstæðingarnir sterkari þegar leið á keppnina. Bæði lið komust áfram upp úr 16- og 8-liða úrslitum en mættust svo innbyrðis í undanúrslitum og því ljóst að Valur myndi spila til úrslita.

Valsstrákarnir unnu síðan sigur í æsispennandi úrslitaleik, þar sem þeir náðu fram 5 stiga sigri eftir mjög jafnan og spennandi leik gegn sterku ítölsku liði.

Ágúst Björgvinsson yfirþjálfari



Prettyboy Choco hitti strákana í Barcelona og vildi endilega fá mynd með þeim og strákarnir urðu að sjálfsgöðu við þeirri ósk tónlistarmannsins.

Góður árangur á handboltamóti í Viborg í Danmörku

Við í 5. flokki kvenna í handbolta, fórum í keppnisferð til Viborgar í Danmörku í byrjun ágúst. Við byrjuðum ferðina á því að fara í Djurs Sommerland sem var mjög gaman. Síðan kepptum við nokkra leiki á móti alls konar liðum. Eftir að hafa unnið alla okkar leiki töpuðum við á móti danska úrvalsliðinu Godvad og komumst því ekki í úrslit. Godvad vann svo mótið. Leikur hjá strákaliði Stjörnunnar féll niður og því spiluðum við vinnáttuleik við þá og unnum. Þetta var æðisleg ferð og við vorum mjög heppin með veður. Mikil og skemmtileg afþreying var á svæðinu. Við prófuðum strandhandbolta, töpuðum öllum leikjunum þar. Við prófuðum að sitja á nautabanaþæki og fórum í búbbulbolta. Það var líka gaman að tala við stelpurnar í hinum liðunum og mjög gaman að horfa á önnur lið keppa.

Fyrir hönd 5. flokks kvenna, Iðunn Erla Mýrdal Helgadóttir, markmaður í 5. flokki og Soffía Bæringsdóttir, ein fararstjóra.



Danmerkurfarar 5. flokks kvenna í handbolta. Frá vinstri: Iðunn Erla Mýrdal Helgadóttir, Þórhildur Káradóttir, Sara Sveinsdóttir, Iðunn Vala St. Kristbjörnsdóttir, Embla Davíðsdóttir, Matthildur Helga Ólafsdóttir, Freyja Hjaltalín Ólafsdóttir, Krístrún Lilja Fannarsdóttir, Elísabet María Heimisdóttir, Sara Sigurvinsdóttir, Anna Soffía Borgarsdóttir. Fyrir framan er Ingimundur Ingimundarson þjálfari.

PARTÝBÚÐIN

**Óskar Valsmönnum
gleðilegrar hátíðar
og velfarnarnaðar
á nýju ári**

Faxafeni 11, Reykjavík, s. 534 0534



Íslandsmeistarar í körfubolta karla 2024

Ljós. Guðni Ólgeirsson







Það væri gaman að eiga nokkra A- landsleiki

Kristbjörg Erlingsdóttir er 18 ára og leikur handbolta með 3. flokki og meistaraflokki

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili? Tapa bikarúrslitum.

Besti stuðningsmaðurinn? Pabbi og mamma.

Erfiðustu samherjarnir? Ásta.

Erfiðustu mótherjarnir? Fram, oft frekar erfiðar.

Mesta prakkarastrik? Ég er dugleg að bregða fólki.

Athylgisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna hjá Val? Lovísa Thompson.

Athylgisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val? Bjarni í Selvindi.

Hvernig líst þér á yngri flokkana í handbolta hjá Val? Mjög vel, ég hef bara heyrt góða hluti.

Fyrirmynd þín í handbolta? Henny Reistad er í miklu uppáhaldi.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir? Samviskusöm og góður liðsfélagi.

Draumur um atvinnumennsku í handbolta? Spila úti í Danmörku einn daginn.

Landsliðsdraumar þínir? Það væri gaman að eiga nokkra A-landsleiki.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Léttur í skapi en ákveðinn þegar þess þarf.

Nokkur orð um núverandi þjálfarateymi? Skemmtileg blanda.

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum og lífinu almennt? Borða vel, sofa vel og auðvitað æfa vel.

Hvernig finnst þér að hægt sé að auka

jafnrétti kynja hjá Val? Þjófnað upp á sömu aðstöðu og sama metnað með æfingar.

Hvað getur Valur gert til að vinna gegn fordómum, einelti og öðru ofbeldi?

Þjálfarar og aðrir þurfa að vera vakandi fyrir þess konar málum og tekið sé strax á þeim.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki hjá Val? Auglýsa leiki og ekki hafa miða á leiki of dýra.

Hvernig viltu sjá Val þróast á næstu árum? Halda áfram að gera góða hluti og leggja áherslu á yngri flokkana.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum?

Auglýsa í skólum og samfélagsmiðlum.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Allir stóru titlarnir.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Passa upp á að það sé vel komið fram við alla og að það séu æfingar sem henta öllum.

Besta bíómynd? *Mamma mia.*

Besta bók? *Dóttir.*

Skemmtileg staðreynd um þig? Mikill *Friends* aðdáandi.

Einkunnarorð/Mottó? Allt er hægt, það þarf bara að vilja.

Hver stofnaði Val og hvenær? Séra Friðrik, 1911.

Nám? Náttúrufræðibraut í Kvennaskólunum í Reykjavík.

Framtíðarstarf? Hjúkrunarfræðingur.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Starfandi sem hjúkrunarfræðingur, mögulega með handboltann á hliðinni.

Af hverju Valur? Bjó í Valshverfinu og stóra systir mín æfði þar.

Uppeldisfélag í handbolta? Valur.

Frægur Valsari í fjölskyldunni? Enginn frægur, en afi minn var mikill Valsari.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í handboltanum? Gæti ekki beðið um betri stuðning, hjálpa mér í öllu eins og þau geta.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Ég, en svo á litli bróðir minn spennandi framtíð í körfubolta.

Af hverju handbolta? Eldri systir mín æfði handbolta í Val.

Helstu afrek í öðrum íþróttgreinum? Nokkrar medalíur í hlaupum.

Eftirminnilegast úr boltanum? Íslandsmeistaratitillinn í fyrna.



Valsstrákar í 3. flokki karla í handbolta með félögum frá Gummertsbach. Frá vinstri: Anton Rúnarsson, Baldvin Fróði Hauks-son, Arnar Gauti Birgisson, Gabríel Kvaran, Hilmar Már Ingason, Arnór Flóki Barðason, Dagur Leó Fannarsson, Jens Sigur-ðarson, Auðunn Páll Gestsson, Óliver Bjarkason, Vilhjálmur Geir Geirsson, Jóhann Nökkvi Jóhannsson, Markús Guðmundsson, Dagur Ármann, Hrafn Þorbjarnarson, Daniel Montoro, Matthías Ingi Magnússon, Óðinn Örn, Jakob Pálsson og Heimir Ríkarðsson.

Mælum algjörlega með að fara á „Final four“ í handbolta

Við strákarnir í 3. flokki í handbolta fórum til Þýskalands í sumar og auðvitað eins og allar góðar keppnisferðir byrjaði ferðin á brasi. Við biðum á Duesseldorf flugvelli í nokkra klukkutíma eftir bílunum okkar, rosaleg frestun. En gerðum bara góða hluti úr því, til dæmis að borða, spjalla, leita að McDonald's og fleira. Síðan þegar bílarnir loks komu var fyrst stoppað í Gummertsbach þar sem við fengum að sjá Elliða Snæ Vignisson og Arnór Snæ Óskarsson spila. Síðan lékum við æfingaleik við akademíuna hjá Gum- mertsbach. Þaðan keyrðum við til Berg-

isch og lékum æfingaleik við akademíuna þeirra. Næst var förinni heitið til Kölmar, (Cologne/Köln) sem var alveg magnaður staður. Þar fórum við á „Final four“ og fengum að sjá Barcelona, Kiel, Álalorg og Magdeborg spila. Því miður komust okkar menn frá Magdeborg ekki í úrslit en Barcelona og Álalorg kepptu um gullið. Í frítímanum var sko nóg að gera, fórum allir í lasertag og tölvuspil hvert kvöld og í skemmtigarð þar sem voru rússíbanar og vatnsrennibrautir. En í frítímanum var það aðallega fótolti, þar sem við skiptum í tvö lið með tveimur

þjálfurum og Baldvin Fróða á flautunni. Í einum fótoltalaik tók meira að segja gamli Heimir Ríkarðsson þátt með okkur í fótolti og var valinn maður leiksins. Vorum mjög duglegir líka á McDonald's í morgun-, hádegis- og kvöldmat. En allt í allt vorum við strákarnir yfirburðaglaðir með þessa ferð og mælum algjörlega með að fara á „Final four“. Án nokkurs vafa er þessi ferð ógleymanleg, geggjáður hópur, frábær mórall í hópnum og frá- bærir þjálfarar með.

Hrafn Þorbjarnarson 3. flokki tók saman.

DA GO
— LAW —
DAGO LÖGMANNSPJÓNUSTA

DAVOR PURUŠIĆ
LÖGMAÐUR



📍 Lágmúli 5, 4.hæð
108 Reykjavík

✉️ davor@dago.is

☎️ +354 789 3030



Bikarmeistarar Vals 1974 í knattspyrnu. Aftari röð frá vinstri: Þórður Þorkelsson, formaður Vals, dr. Yuri Ilitchev, þjálfari Vals. Bergsveinn Alfonsson, Halldór Einarsson, Vilhjálmur Kjartansson, Hörður Hilmarsson, Kristinn Björnsson, Sigurður Jónsson, Lárus Ögmundsson, Guðjón Harðarson, Helgi Benediktsson, Rafn Guðmundsson, stjórnarmaður knattspyrnudeildar og Hans Guðmundsson, formaður knattspyrnudeildar. Fremri röð frá vinstri: Alexander Jóhannesson, Atli Eðvaldsson, Sigurður Dagsson, Jóhannes Eðvaldsson, Sigurður Haraldsson, Hermann Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson, Grímur Sæmundsen og Dýri Guðmundsson.

50 ár frá bikarmeistaratitli Vals

Hörður Hilmarsson, fyrrum landsliðsmaður Vals og atvinnumaður, rifjar upp sigurinn gegn Skagamönnum árið 1974 og mótun „gullaldarliðs“ félagsins.

Þeir sem eru komnir til „vits og ára“ eru meðvitaðir um að knattspyrnulið Vals árin 1976–1978 hafi verið skemmtilegasta og besta lið sem Valur hefur teft fram frá upphafi í meistaraflokki karla. Og hugsanlega í sögu Íslandsmótsins. Rússinn Youri Ilitchev var við stjórnvölinn en hann fékk efnivið í hendurnar sem blómstraði tveimur árum eftir þennan glæsilega bikarsigur.

Eins og innmúraðir Valsmenn vita varð Valur Íslandsmeistari í knattspyrnu árin 1966 og 1967 með grjótharða leikmenn í hverri stöðu. Nægir þar að nefna Árna

Njálsson (*Árni Njáls með arma stáls*) Bergsvein Alfonsson, Sigga Dags, Hermann Gunnarsson, Halldór Einarsson og svo mætti lengi telja. Þegar kjarni þessa hóps lagði skóna á hilluna skapaðist ákveðið millibilsástand hvað árangur varðar. Engu að síður voru flestir sam-mála um að næstu árin hafi Valsliðið oft leikið af fingrum fram með skemmtana-gildi að leiðarljósi á kostnað stöðugleika. Það virðist liðin tíð!!

Sem dæmi þá sigraði Valur-ÍBA 6-5 á Laugardalsvelli 1970 og Fram 5-2 ári síðar. Þarna voru kunnugleg nöfn að stíga sín fyrstu meistaraflokksspor og leggja grunn að glæstum ferli. Kynslóðin ein-kenndist af leikmönnum sem voru fæddir 1952 og hver af öðrum komst upp í meistaraflokk sem var markmið flestra. Nægir að nefna leikmenn eins og Hörð Hilmarsson, Inga Björn Albertsson, Róbert Eyjólfsson, Vilhjálmur Kjartansson, Lárus Ögmundsson, Helga Ben. og Helga Björgvins.

Árið 1973 varð algjör kúvending í þjálfun meistaraflokks þegar Dr. Youri Ilitchev hóf að þjálfra liðið. Leikmenn upplifðu nýjan heim. „Það að vera undir stjórn þessa magnaða þjálfara var eins og að vera í háskóla fótboltans,“ segir Hörður Hilmarsson og aðrir leikmenn þessa tíma tækju án efa undir það.

En Róm var ekki reist á einni nóttu og hvað þá að hægt væri að breyta hugarfari og kúltúr leikmanna á einu keppnistímabili. Það tók tíma að skapa sigurlið en fyrsti titillinn kom í hús, með Youri við stjórnvöllinn, þegar Íslandsmeistarar ÍA voru lagðir að velli í bikarúrslitum árið 1974. Hörður Hilmarsson, fyrrum atvinnumaður og landsliðsmaður Vals, situr fyrir svörum.

– Hversu langt var Youri kominn með þróun liðsins þegar að þessum bikarúrslitaleik kom árið 1974?

„Youri kom til landsins árið 1973 og þá hófst vegferð sem skilaði Val frábærum

liðum, verðskulduðum titlum og okkur leikmönnum vináttu sem endist í mörgum tilfellum ævina á enda. Á fyrsta ári dr. Youri gekk vel og við urðum í 2. sæti Íslandsmótsins. ÍBK (Keflavík) undir stjórn Joe Hooley var hindrun sem við náðum ekki að yfirstíga en við vorum á réttri leið og spiluðum góðan fótbolta.

Það voru því mikil vonbrigði að ná ekki að gera alvöru atloðu að Íslandsmeistaratitlinum árið 1974. Við leikmenn litum á bikarúrslitaleikinn við nýbakaða Íslandsmeistara ÍA sem tækifæri til að reka af okkur slyðruorðið og sýna að við gætum unnið ÍA. Það gekk eftir.“

– Af hverju varð ÍA Íslandsmeistari en ekki Valur 1974? Þið voruð með snjalla og sterka leikmenn.

„Það er erfitt að segja núna, hálfri öld síðar. Ég hef mínar skoðanir á því en kýs að halda þeim fyrir mig. Er ekki oft sagt „góðir hlutir gerast hægt“? Við vorum í endurnýjunar- og uppbyggingarfasa sem hélt áfram næstu árin þegar inn í liðið komu ungir leikmenn með mikla getu, áhuga og einstakan metnað. Atli Eðvaldsson kom inn haustið 1974 en næstu ár komu Guðmundur Þorbjörnsson, Albert Guðmundsson og Maggi Bergs, svo dæmi séu tekin og í framhaldinu varð Valsliðið tilbúið til að berjast um alla titla sem í boði voru. Íslandsmeistaratitlar 1976, '78 og '80 segja sína sögu, en ég vil meina að það hafi verið aulagangur okkar sjálfra að verða ekki Íslandsmeistarar 5 ár í röð, með fullri virðingu fyrir ÍA og ÍBV.“

– Manstu hvað Youri sagði fyrir bikarúrslitaleikinn 1974 sem gerði það að verkum að þið lékuð frábærlega?

„Nei, ég man það ekki. Hann var ekkert sérstakur „peppari“ fyrir leiki. Þar var Ian Ross, „Roscoe“ vinur minn, mun fremri en Youri kenndi okkur knattspyrnu, að hugsa leikinn öðruvísi en áður hafði verið gert. Hann gerði mér gott. Ég hafði leikið sem kantmaður, útherji, fyrstu árin í meistaraflokki en hann færði mig inn á miðjuna, fyrst í tíuna, fyrir aftan tvo framherja en síðar færðist ég aftar á miðsvæðið. Þar naut ég mín best.“

– Hversu marga leiki spilaðir þú með Val og hvaða ár?

„Þeir voru eitthvað á þriðja hundraðið á árunum 1971–1983. Ég lék eitt sumar með KA, var kennari á Akureyri 1972–'76 og bjó þar lungann úr árinu og spilaði handbolta með KA á veturna, í fimm ár



Hörður Hilmarsson heilsar forseta Íslands, Kristjáni Eldjárn, fyrir landsleik á Laugardalsvelli. Honum til vinstri handar er Janus Guðlaugsson en á hægri hönd eru Atli Eðvaldsson og Teitur Þórðarson. Það er fyrirlíði landsliðsins, Valshetjan, Sigurður Dagsson markvörður sem kynnir leikmenn fyrir forsetanum.

en kom suður á vorin til að spila fótbolta með Val. Fyrir utan eitt sumar þegar ég var fyrirlíði KA, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar KA og þjálfaði 3. og 5. flokk KA. Það var skemmtilegt sumar og í nógu að snúast.

Ég fór líka í atvinnumennsku til Svíþjóðar. Lék með AIK 1980 og '81, þar af alla leiki liðsins í „Allsvenskan“ seinna árið. Vildi ekki framlengja samninginn, var með heimþrá.

Þá gerðist ég spilandi þjálfari UMF Grindavíkur í eitt ár en kom svo heim að Hlíðarenda og endaði ferilinn þar 1983, aðeins þrítugur að aldri.“

– Hversu margir fóru í atvinnumennsku úr þessu frábæra liði á 8. áratugnum?

„Bikarúrslitaleikurinn var síðasti leikur Jóhannesar „Búbba“ Eðvaldssonar fyrir Val. Búbbi fór til Holbæk í Danmörku og þaðan til Glasgow Celtic þar sem hann sló í gegn og átti flottan feril, ekki síst sem fyrirlíði landsliðsins. Kristinn Björnsson lék með Vålerenga í Noregi og Vilhjálmur Kjartansson með Norrby í Svíþjóð. Síðar, 1980 fór ég til AIK og Atli Eðvaldsson til Þýskalands, þar sem hann lék með Fortuna Düsseldorf og Borussia Dortmund, auk annarra erlendra félaga. Albert Guðmundsson spilaði með Edmonton Drillers í Kanada og Guðmundur Þorbjörnsson lék með Baden í Sviss. Vona að ég sé ekki að gleyma neinum.“

– Gerðist eitthvað í þessum eftirminnilega bikarúrslitaleik sem Mogginn sagði ekki frá?

„Ég verð að rifja það upp að Halldór Einarsson, vinur minn, alias HENSON, kom inn á í leiknum þegar tvær mínútur voru eftir. Dóra tókst á þeim stutta tíma að finna einu steinvöluna á grasvellingnum í Laugardal, renna sér í skriðtæklingu á grjótið og hrufla á sér lærið; reif upp gömul sár af mölinni á Melavellingnum. Hann haltraði síðan alblóðugur upp stígann í heiðursstúkuna þar sem bikarinn var afhentur. Sannur stríðsmaður Halldór.“

– Erum við að gleyma einhverju?

„Ég held ekki en ég man ekki hvers vegna Youri var ekki áfram með Valsliðið 1975. Ég held að rússneska sendiráðið eða utanríkisráðuneytið hafi eitthvað haft með það að gera. Valur réð Skotann Joe Gilroy árið 1975. Hann gerði mig að fyrirlíða liðsins en það var erfitt hlutskipti þetta árið því Joe var ekki rétti maðurinn fyrir Val á þessum tímamarki. Það voru árekstrar á milli þjálfarans og leikmanna og stundum erfitt að bera klæði á vopnin og sætta menn.“


En Youri kom aftur og var með Valsliðið 1976 og '77 og eitt mesta gulltímabilið í sögu Vals varð að veruleika. Reyndar verð ég að nefna Ungverjann Guyala Nemes sem þjálfaði okkur 1978 og 79 og átti stóran þátt í árangrinum 1978; 18 leikir, 17 sigrar, 1 jafntefli. Magnað lið!“



Stemning og gleði á herrakvöldi Vals

Í ár eru 41 ár frá því að fyrsta herrakvöld Vals var haldið, árið 1983. Að þessu sinni var herrakvöldið föstudaginn 1. nóvember í veislusal Vals og allt að 200 gestir á öllum aldri áttu þar ánægjulega kvöldstund saman. Svali Björgvinsson var veislustjóri kvöldsins og fór m.a. yfir íþróttarárið í máli og myndum eins og honum er einum lagið og dró fram ótrúlega tölfræði um velgengni félagsins. Gísli Einarsson var ræðumaður kvöldsins og sagði gamansögur eins og hann er þekktur fyrir. Veitingastaðurinn Laugaás sá um glæsilegt steikarhlaðborð og Jón Sig (500 kallinn) skemmti herrum kvöldsins með tónlist að vopni og handknattleiksdeildin sá um happdrætti. Meðfylgjandi myndir sýna vel stemninguna. Ljós. Guðni Ólgeirsson.





Fetar í fótspor föður síns á Hlíðarenda

Frank Aron Booker gekk til liðs við Val árið 2019 og hefur á undanförunum árum leikið stórt hlutverk í sigursælu körfuboltaliði félagsins sem hefur tvisvar landað Íslandsmeistarattitli, 2022 og 2024 og bikarmeistarattitli 2023.

Frank Aron Booker fæddist á Íslandi árið 1994 sama ár og faðir hans, Frank Alonzo Booker, lauk farsælum körfuboltaferli á Íslandi en hann lék síðustu þrjú tímabilin með Val. Frank ólst upp á Íslandi til 11 ára aldurs og er íslenska móðurmálið hans. Hann ólst upp í Hafnarfirði og spilaði bæði handbolta og fótbolta með FH. Frank fluttist síðan 11 ára til Bandaríkjanna og fór fljótlega að æfa körfubolta. Hann náði að leika fjögur tímabil í bandaríska háskólaboltanum, með Oklahoma háskólanum, í Suður- Karólínu og með Florida Atlantic. Árið 2018 hóf hann atvinnumannaferil sinn í Frakklandi með ALM Évreux í 2. deildinni. Frank Aron var sumarið 2019 valinn í íslenska landsliðshópin og lék þá sínar fyrstu mínútur fyrir Íslands hönd. Fullyrða má að þetta landsliðsverkefni hafi haft þær afleiðingar að Frank Aron fluttist aftur heim til Íslands og gekk til liðs við Val. Eina tenging hans við Val var sú að faðir hans hafði leikið með félaginu. Frank hefur skýringu á reidum höndum, hvers vegna hann kom að Hlíðarenda. „Ég kom heim til þess að spila með landsliðinu og fann þá hvað ég var búinn að sakna þess mikið að vera heima með fjölskyldunni minni. Ég vissi að pabbi hafði spilað með Val og fór ég þangað að æfa, fékk þá þessa hugmynd að spila með Val og talaði við Ágúst Björgvins. Það var tekið mjög vel á móti mér. Mér leið bara eins og ég væri kominn heim. Þetta var mjög góður tími, gott að vera loksins kominn aftur heim.“ Frank Aron tók vel í svara nokkrum spurningum fyrir Valsblaðið um ferilinn og lífið og tilveruna en hann er giftur Höllu Maríu Jónsdóttur en þau fyrir þeirri sorg að missa ófætt barn í mars á þessu ári sem þau höfðu gefið nafnið Natalia Ósk Booker.

Hvernig var að alast upp á Íslandi og tengdist þú Val á þeim tíma?

„Það var mjög gott að alast upp á Íslandi, mikill friður og sem krakki gat ég verið úti að leika fram á kvöld án þess að mamma væri með áhyggjur af mér. Eftirminnilegasti tíminn minn á Íslandi er klárlega allur tíminn sem ég eyddi heima hjá ömmu minni og afa, það var alltaf í miklu uppáhaldi. Ég hafði engin önnur tengsl við Val önnur en í gegnum pabba, var alinn upp í Hafnarfirði og æfði fótbolta og handbolta með FH,“ segir Frank sem bjó ellefu fyrstu æviárin á Íslandi.

Hvernig var að flytja 11 ára út til Bandaríkjanna, hver var



Fedgarnir Frank Aron Booker og Frank Alonzo Booker sem lék körfubolta með Val fyrir um þrjátíu árum.

helsta breytingin frá því að búa á Íslandi og hvað stendur upp úr frá þeim tíma?

„Það koma upp blendnar tilfinningar gagnvart þessari spurningu, það var mjög skrítið fyrst og erfitt að hitta ekki íslensku fjölskylduna mína. Ég var orðinn vanur íslensku veðri og menningu og þurfti að aðlagast öllum breytingunum frekar hratt. Helsti munurinn er örugglega bara hversu stór Bandaríkin eru og að halda upp á jólin að morgni 25. des en ekki eins og á Íslandi. Einnig voru strangari útivistarreglur fyrir krakka, eins og þegar ég var úti að leika mér, þá þurfti ég alltaf að vera kominn heim áður en kviknaði á ljósastaurunum. Í skólanum stendur það upp úr, að læra enskuna þar sem íslenska er mitt móðurmál. Í Bandaríkjunum á ég ótrúlega stóra fjölskyldu, Thanksgíving, jólin og allar veislur voru alltaf mjög margmennar og skemmtilegar. Bandaríska fjölskyldan mín fór oft á sumrin á eina strönd í Georgíu þar sem við spiluðum blak og grilluðum, það var mjög gaman,“ segir Frank og bætir við að það hafi líka verið eftirminnilegt að hafa farið á *Sweet 16* með University of Oklahoma og hafa unnið *High School Region Championship* í körfubolta sem unglingur. „Loks er mjög eftirminnilegt þegar ég kom loksins aftur heim jólin 2016 eftir að hafa verið í Bandaríkjunum í 10 eða 11 ár, og ekki hitt fjölskylduna mína allan þann tíma,“ segir Frank.

Atvinnumannaferill í Evrópu. Þú gekkst til liðs við franska liðið ALM Évreux 2018. Hvernig var sú reynsla og hvað stendur upp úr frá þeim tíma?

„Mikil og góð reynsla sem kenndi mér mjög mikið, um það hvernig það er að vera atvinnumaður í körfubolta. Hvað maður þarf að leggja mikið á sig og fórna mörgu. Ég held það standi upp úr hvað þetta var erfitt. Það að vera í öðru landi aleinn, þekkja engan og að þurfa að plana allt sjálfur, komandi úr háskólaboltanum í Bandaríkjunum, þar sem allt er planað fyrir þig og vel haldið utan um mann,“ segir Frank sem lék að meðaltali 21,6 mínútur í leik og skoraði 8,7 stig í leik með ALM Évreux.

Viðtal Guðna Olgeirssonar við Frank Aron Booker



Frank Aron Booker á góðri stundu með eiginkonu sinni Höllu Mariu Jónsdóttur.

Hvernig hefur landsliðsferillinn verið?

„Landsliðsferillinn hefur verið frekar stuttur en skemmtilegur. Ég hef spilað, held ég, fjóra leiki með landsliðinu og mér finnst það algjör heiður að fá að spila með þessum strákum fyrir landið mitt. Ég hef núna verið valinn í 16 manna hóp á móti Ítalíu og er spenntur að byrja að æfa og spila með strákunum. Markmiðið er að vinna á móti Ítalíu og komast í Euro Basket 2025,“ segir Frank en íslenska karlalandsliðið er í lykilstöðu hvað varðar möguleika á sæti á Eurobasket 2025 í Evrópumóti í körfubolta. Frank Aron telur að Ísland eigi möguleika á að ná langt í körfubolta, íþróttin sé að stækka mjög hratt hér á landi og að við eigum fullt af efnilegum leikmönnum. „Þurfum bara að æfa vel saman, þetta hópinn og vera grimmir á vellinum,“ segir Frank ákveðinn.

Hvernig kom til að þú lékst um tíma með Breiðablik?

„Ég meiddist og fór í aðgerð og bataferlið tók mun lengri tíma en áætlað var. Í kjölfarið fékk ég engan samning fyrrihluta tímabils 2022 en síðan fékk ég símtal rétt fyrir jól frá Danero Thomas þar sem hann sagði mér að Pétur, þáverandi þjálfari Breiðabliks, hefði áhuga á því að fá mig í liðið. Ég var meira en til í að fá tækifæri á því að spila aftur og koma mér aftur í form eftir meiðslin. Pétur mun alltaf eiga sérstakan stað hjá mér, hann er frábær,“ segir Frank en hann sneri síðan aftur til Vals og náði að eiga þátt í fyrsta Íslandsmeistaratitli félagsins í körfukattleik karla vorið 2022 eftir 39 ára bið.

Hvernig myndir þú lýsa síðustu þremur tímabilum í körfunni hjá Val?

„Þetta hefur verið sjúklega gaman, sjúklega erfitt og allt þar á milli. Það sem stendur mest upp úr er þegar við töpuðum fyrir Tindastól í oddaleik á Hlíðarenda vorið 2023, það var ótrúlega sárt. Og þegar við komum til baka í fyrra og tókum titilinn, það var ólýsanleg tilfinning. Það sem skýrir þennan góða árangur liðsins, að mínu mati, er blanda af því hvað Finnur Freyr er frábær þjálfari, hvað við strákarnir höfum spilað vel saman og hvað við erum allir miklir vinir. Ég held að það skipti miklu máli að hópur sé vel saman slípaður,“ segir Frank Aron stoltur Valsari. Hann tekur einnig fram að það skipti mjög miklu máli og hvetji liðið mjög mikið áfram, að hafa stuðningsmennina og finna fyrir orkunni frá þeim. Einnig hefur Frank Aron ekkert nema gott að segja um bæði þjálfarateymið og stjórn Vals.

Yfirstandandi tímabil hefur ekki farið vel af stað. Hvernig list þér á þetta tímabil?

„Auðvitað hefur tímabilið ekki byrjað vel en það er nóg eftir og við strákarnir erum ekki að gera þetta í fyrsta skipti saman.



Frank Aron Booker einbeittur í heimaleik að Hlíðarenda á móti Njarðvík.

Við erum sterkur og góður hópur og þurfum bara að fókusa og æfa betur saman. Markmiðið er bara að vinna alla titla sem eftir eru og bara gera okkar besta,“ segir Frank Aron en þegar þetta er skrifað er liðið nýlega búnir að leggja KR á heimavelli eftir spennuleik sem lofar góðu upp á framhaldið.

Hvernig finnst þér uppbyggingarstarfið hjá félaginu í körfu, bæði karla og kvennamegin?

„Mér finnst starfið í körfuboltadeildinni hjá Val vera á góðri leið, sé alveg fyrir mér að einhverjir í yngri flokkunum munu spila í meistaraflokki einn daginn bæði karla- og kvennamegin ef þau halda ástinni á körfuboltanum og vilja vinna vinnuna. Mikilvægt er að krakkarnir hafi gaman af körfubolta, passi vel upp á svefn og mataræði, séu mjög duglegir að æfa og teygja og finni sína rútínu, séu tilbúinir að fórna tíma fyrir körfuboltann,“ segir Frank Aron og hefur greinilega fulla trú á ungu kynslóðinni í körfubolta hjá Val.

Valsblaðið þakkar Frank fyrir að viðtalið og að fá innsýn í líf hans hér á landi og erlendis og einnig að deila sárrí reynslu, að missa ófætt barn, það er afar þungbær lífsreynsla. En Frank Aron gefur ekki upp nein langtímaplön en segir að lokum: „Ég veit ekkert hvað framtíðin hefur upp á að bjóða en eins og er líður mér vel með Val og elska að vera heima á Íslandi. Tek bara ákvarðanir eitt tímabil í einu.“



Frank Aron Booker ásamt John „Sarge“ Siers sem er margreyndur þjálfari frá Bandaríkjunum en hann hjálfaði í vel sóttum körfuboltabúðum í júní að Hlíðarenda.



Það er full vinna að vera Valsari

Gabriel Ágústsson er 15 ára og leikur körfubolta með 10. flokki

að þjálfra meistaraflokk karla í körfunni, komst ég í goskælinn og náði mér alltaf í Sprite flösku, þetta gerði ég mörgum sinnum áður en einhver fattaði.

Athyglisverðasti leikmaður í meistara-flokki kvenna hjá Val? Sara Líf, hún er geggjúð í vörn.

Athyglisverðasti leikmaður í meistara-flokki karla hjá Val? Kári og Kristó, geggjáðir í P'n'R, engin getur stoppað þá í því.

Hvernig líst þér á yngri flokkana í körfubolta hjá Val? Mjög vel.

Fyrirmynd þín í körfubolta? Milos Teodosic, Martin Hermannson og Kevin Punter.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir? Senda- og skjóta boltanum.

Draumur um atvinnumennsku í körfubolta? NBA eða Euroleague.

Landslíðsdraumar þínir? Komast í landsliðið og vinna Eurobasket.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Leiðtogahæfileikar, samskiptahæfileikar, þekking á íþróttinni, sveigjanleiki og þolinmæði.

Uppáhalds erlenda íþróttafélagið? Fenerbahçe í EuroLeague.

Nokkur orð um núverandi þjálfara-teymi? Það hefur sýnt fram á góða leiðtogahæfileika og samskiptahæfni. Þeir þekkja íþróttina vel, hvetja leikmenn áfram og vinna að því að ná fram bestu mögulegu frammistöðu leikmanna og liðsins.

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum og lífinu almennt? Stöðugleiki og aga, jákvæð viðhorf og seigla, stöðug sjálfsrækt og markmiðasetning.

Hvernig finnst þér að hægt sé að auka jafnrétti kynja hjá Val? Valur er í fararbroddi þegar kemur að jafnrétti sem sést vel í umgjörð á mfl. karla og kvenna.

Hvað getur Valur gert til að vinna gegn fordómum, einelti og öðru ofbeldi? Með því að allir Valsarar standi saman eins og ég upplifi þegar ég í Valsheimilinu.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki hjá Val? Aðsóknin í körfuboltann hefur verið geggjúð í úrslitakeppninni síðustu þrjú ár sem er að hafa betri og betri áhrif á deildarkeppnina. Það er full vinna að vera Valsari og því mikilvægt að umgjörð sé góð og það sé alltaf hægt að fá að borða á leikjum eins og hamborgana sem við strákarnir höfum verið að selja síðustu ár.

Hvernig viltu sjá Val þróast á næstu árum? Væri mjög gott að fá annað íþróttahús. Húsið okkar er alltaf í notkun, mjög margir leikir í mfl. og æfingar að falla niður eða æfingar mjög seint eftir mfl. Leiki. Sama á við um að leikir eru oft mjög seint á kvöldin.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum? Það eru mjög margir að æfa körfubolta í Val, sérstaklega í minniboltanum þar sem ég er aðstoðarþjálfari MB 8–9 ára, þar eru 30–40 krakkar í einum litlum sal. Það sem þarf að gera, er að bæta aðstöðuna svo allir geti fengið æfingatíma og nóg pláss. Ég veit að það eru enn fleiri að æfa hjá MB, sé að þar eru næstum 70 strákar í gamla salnum á æfingu.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Íslandsmeistari karla í körfubolta í troðfullu Valsheimilinu.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Mér líður mjög vel í Val, frábærir liðsfélagar og allir mjög góðir félagar, óháð íþróttgrein.

Besta bíómynd? *All Quiet on the Western Front*.

Besta bók? *Mýrin*.

Skemmtileg staðreynd um þig? Ég er hálfur Lithái og hálfur Íslendingur og er líka góður í tölvuleikjum.

Einkunnarorð? Alltaf að halda áfram og aldrei gefast upp.

Hver stofnaði Val og hvenær? Var það ekki Svali Björgvinsson 11. maí 1911?

Nám? 10. bekk Kársnesskóla.

Framtíðarstarf? Körfuboltamaður.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Vonandi að spila í EuroLeague.

Af hverju Valur? Besta félagið.

Uppeldisfélag í körfubolta? Valur.

Frægur Valsari í fjölskyldunni? Fyrir utan þabba minn, Ágúst Björgvinsson, er það Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir í mfl. fótbolta.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í körfuboltanum? Þau hafa hjálpað mér mjög mikið og hvatt mig áfram. Pabbi hefur farið með mig í körfubolta í Ameríku á hverju sumri og svo allar keppnisferðirnar með Val. Mamma passar alltaf upp á að ég fái góðan og hollan mat eftir æfingar.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Afi Stasys í Litháen, var atvinnumaður í fótbolta í mörg ár.

Af hverju körfubolti? Gaman í körfu og því að pabbi minn er að þjálfra mig.

Helstu afrek í öðrum íþróttgreinum? Catan meistari.

Eftirminnilegast úr boltanum? Ætli að það sé ekki bara síðasta ferðin í EYBL

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili? Tapa í lokaúrslitunum og fá silfur.

Stærsta stundin á þessu ári? *Blackeberg Cup* með 2009 liðinu.

Besti stuðningsmaðurinn? Mamma og Dominik litli bróðir minn.

Erfiðustu samherjarnir? Páll, Stormur og Elías.

Erfiðustu mótherjarnir? Stjarnan 08 og 09 og KR 09.

Mesta þakkarastrik? Þegar ég var 3–4 ára með þabba á æfingum, þegar hann var

Áfram Valur skokk!

Þegar haustar að og lægðirnar taka að hellast yfir landið getur verið freistandi að telja sér trú um að það viðri ekki til hlaupa. En þá er gott að finna skjól hjá hlaupahópnum, góðum félagsskap sem hvetur mann áfram og veitir gleði og ánægju.

Valur skokk er öflugur hlaupahópur sem hefur verið starfandi samfleytt frá árinu 2007. Þarna sameinast fjölbreyttur hópur fólks úr ólíkum áttum á ýmsum aldri, sem öll eiga það sameiginlegt að njóta þess að fara út að hlaupa. Markmiðin eru ólík, sumir mæta fyrst og fremst fyrir ánægjuna sem fylgir því að hlaupa saman í hópi, eða vilja bara halda sér í formi; aðrir stefna á að bæta tímann sinn í keppnishlaupi, eða að hlaupa sitt fyrsta (eða jafnvel fimmtánda) maraþon. Hvert sem markmiðið er þá er hlaupahópurinn styðjandi og hvetjandi, æfingarnar til þess gerðar að ná að komast aðeins lengra, aðeins hraðar, eða bara viðhalda úthaldi og styrk.

Fjölbreytt prógram

Þjálfari Vals skokk er Daniel Freyr Garðarsson, sem er meðal sterkari millivega-hlaupurum Íslendinga og keppti til skamms tíma fyrir Iowa-háskóla. Daniel passar vel upp á að allir meðlimir fái þjálfun við sitt hæfi og æfingaprógram er lagt upp þannig að sveigjanleiki sé til að laga það að hverjum og einum. Æfingar eru þrisvar í viku, sprettir og tempó hlaup



Valur skokk á grasgrænum sumardeg.

á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30 og lengra rólegt hlaup á laugardagsmorgnum kl. 9. Yfir vetrartímann bætist við inniæfing í Laugardalshöll á mánudögum kl. 19:30, þar sem lögð er áhersla á fjölbreyttar æfingar sem reyna á ólíka þætti í hlaupunum.

Sumarnámskeið

Annað árið í röð stóð Valur skokk fyrir sumarnámskeiði sem sérstaklega var miðað að fólki sem var nýbyrjað að hlaupa eða að snúa aftur eftir hlé. Sett var upp 12 vikna æfingaáætlun sem undir-

búningur fyrir Reykjavíkumaraþon en þó nokkrir þátttakendur náðu þar að hlaupa sitt fyrsta 10 km hlaup. Námskeiðið var mjög vel sótt og hluti þeirra sem tóku þátt hafa haldið áfram að hlaupa með hópnum inn í haustið.

Hlaupaferðir

Annað hvert ár heldur Valur skokk í hlaupaferð til útlanda. Þá er valinn staður sem býður upp á ólíkar vegalengdir – hálf og heilt maraþon og 10 km – þannig að allir finni hlaup við sitt hæfi. Í ár hélt 25 manna hópur til Amsterdam og tóku Valsarar bæði þátt í heilu og hálfu maraþoni. Aðstæður voru frábærar, brautin flöt og mikil hvatning heimamanna á hlaupaleiðinni. Frábær ferð í góðum félagsskap.

Þátttaka í hvers kyns hlaupaviðburðum, almennings- og keppnishlaupum er stórkostleg upplifun með hlaupahóp á borð við Val skokk. Stuðningur hópsins er dýrmætur og hvatningin ómetanleg, fyrir utan að geta fagnað með félögum sínum að loknu vel heppnuðu hlaupi, deilt reynslu og upplifun, hvort sem það er að loknu Reykjavíkumaraþoni eða hlaupi yfir fjöll og firnindi.

Nýir félagar eru alltaf velkomnir, það eina sem þarf eru góðir hlaupaskór og viðeigandi fatnaður.

Verið velkomin í Val skokk!

Magnús Þór Þorbergsson tók saman.



Maraþonhópurinn í Amsterdam lagði snemma af stað.



Íslandsmeistarar karlalíðs Vals í körfuknattleik 2024. Fremri röð frá vinstri: Frank Aron Booker, Taiwo Badmus, Kristinn Pálsson, Finnur Freyr Stefánsson, Kári Jónsson, Justas Tamulis, og Benedikt Blöndal. Miðröð frá vinstri: Anna Sóley Jensdóttir, Finnur Tómasson, Brynjar Snær Grétarsson, Kristófer Acox, Hjálmar Stefánsson, Ástþór Atli Svalason, Jamil Abiad og Svali H. Björgvinsson. Efsti röð frá vinstri: Finnur Atli Magnússon, Björn Kristjánsson, Sófus Bender, Þorgrímur Starri Halldórsson, António Monteiro, Joshua Jefferson og Bjartmar Birnir. Ljós. Gunnar Sverrisson.

Háspenna á Hlíðarenda í körfubolta og mikil stemning

Ársskýrsla körfuknattleiksdeildar 2024

Árið 2024 varð meistaraflokkur karla deildar- og Íslandsmeistari í fjórða sinn og annað sinn á síðustu þremur árum. Þeir mættu Grindavík í úrslitakeppni og þurfti fimm leiki til að ná fram úrslitum. Allir leikir unnust á heimavelli og unnu Valsmenn titilinn í N1-höllinni að Hlíðarenda fyrir framan troðfullt hús, um 3.000 manns. Eins og undanfarin ár í úrslitakeppninni komust færri að en vildu og er öll umgjörð í úrslitum hvergi flottari en að Hlíðarenda.

Þjálfarar meistaraflokkanna á yfirstandandandi tímabili eru Jamil Abiad sem tók við kvennaliðinu af Hjalta Þór Vilhjálmssyni og Finnur Freyr Stefánsson sem er á sínu fimmta ári með karla-liðið. Í stjórn sitja Svali Björgvinsson formaður, Einar Jón Ásbjörnsson, Grímur Atlason, Gunnar Zoëga, Lárus Blöndal, Sveinn Zoëga og Vala Páls-

dóttir. Sem fyrr eru stjórninni innan handar stór hópur fólks sem hjálpar til við fjáröflun, umsjón leikja o.fl. og vill stjórnin koma á framfæri þökkum til þeirra allra fyrir þeirra framlag og óeingingjarnt starf fyrir Val.

Meistaraflokkur kvenna

Tímabilið 2023–2024 var erfitt hjá Valskonum og enduðu þær í 7. sæti deildarinnar. Mikilið var um meiðsli hjá liðinu og einnig stóðu erlendir leikmenn ekki undir væntingum og þurfti að skipta þeim út á tímabilinu. Hjalti Þór Vilhjálmsson var aðalþjálfari liðsins. Sami leikmannakjarni hefur verið í liðinu í nokkurn tíma eða þær Ásta Júlía Grímsdóttir, Guðbjörg Sverrisdóttir, Dagbjört Dögg Karlsdóttir, Eydis Eva Þórisdóttir, Sara Líf Boama, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir, Berta María

Þorkelsdóttir og Elísabet Thelma Róbertsdóttir.

Þjálfari Vals er Jamil Abiad og tók hann við af Hjalta Þór Vilhjálmssyni. Jamil kom til félagsins á síðasta tímabili og er jafnframt aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla. Honum til aðstoðar er Margrét Ósk Einarsdóttir en hún lék upp alla yngri flokka með Val og hefur einnig hjálfað yngri flokka og leikið með meistaraflokki Vals. Einhverjar breytingar urðu á liði Vals fyrir yfirstandandi tímabil. Hildur Björk Kjartansdóttir lagði skóna á hilluna en hún hefur verið lykilleikmaður Vals undanfarin ár og hefur tvisvar orðið Íslandsmeistari með Val. Komnar eru Alyssa Cerino, Jiselle Elizabeth Valentine Thomas, Alexandra Eva Sverrisdóttir og þá eru komnar aftur í Val eftir stutta fjarveru þær Ingunn Erla Bjarnadóttir og Lea Gunnarsdóttir.



Sá sem leikur af sannri íþrótt
vinnur sér söma

Meistaraflokkur Vals í körfuknattleik kvenna haustið 2024. Aftari röð frá vinstri: Margrét Ósk Einarsdóttir aðstoðarþjálfari, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir, Guðbjörg Sverrisdóttir, Ásta Júlía Grímsdóttir, Alyssa Cerino, Berta María Þorkeldsdóttir, Elísabet Thelma, Sigrún María Birgisdóttir, Jamil Abiad þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Sara Líf Boama, Eydís Eva Þórisdóttir, Fatima Rós Joof, Dagbjört Dögg Karlsdóttir, Fatou Jallow, Ingunn Erla Bjarnadóttir, Jiselle Thomas. Ljósmynd Ágúst Björgvinsson.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla varð deildarmeistari og Íslandsmeistari á árinu 2024. Nokkuð var um meiðsl hjá liðinu í deildarkeppninni en það kom ekki niður á árangrinum því leikmannahópurinn var skipaður mörgum reynslumiklum leikmönnum sem fylltu í skarðið. Í átta liða og fjögurra liða úrslitum mættu Valsmenn Hetti og Njarðvík. Í úrslitum mættu þeir Grindavík í spennandi einvígi. Fimm leiki þurfti til og unnust allir leikir á heimavelli liðanna, 3-2, og Valsmenn stóðu upp sem Íslandsmeistarar. Úrslita-keppnin er um margt söguleg. Kári Jónsson, sem hafði verið frá keppni vegna meiðsla, spilaði sína fyrstu leiki á tímabilinu í úrslitunum og átti sinn þátt í því að landa Íslandsmeistaratitlinum. Það var síðan mikið áfall þegar Kristófer Acox, sem var búinn að vera einn besti leikmaður úrslitakeppninnar, meiddist illa eftir aðeins 25 sekúndur í úrslitaleiknum og þurfti að yfirgefa völinn. Það þyrmdi yfir alla í húsinu en liðsfélagar hans létu ekki deigan síga, unnu leikinn og Valur varð Íslandsmeistari.

Valur var í þriðja skipti á jafnmörgum árum með meistaraflokk karla í úrslitum og því komin mikil reynsla á að halda stóra fjölmenna íþróttaviðburði að Hlíðarenda. Umgjörðin öll var enn glæsi-

legri en áður og voru um 3.000 áhorfendur á úrslitaleiknum sem er fjölmennasti leikur sem hefur verið haldinn í N1 höllinni að Hlíðarenda. Íslandsmeistaralið Vals var skipað einvalaliði: Kristófer Acox, Kára Jónssyni, Hjálmari Stefánsyni, Kristni Pálssyni, Frank Aron Booker, Taiwo Hassan Badmus, Antonio Monteiro, Justas Tamulis, Ástþóri Atla Svalasyni, Benedikt Blöndal, Brynjari

Snæ Grétarssyni og Tómasi Davíð Thomassyni.


Þjálfari Vals er Finnur Freyr Stefánsson en hann er á sínu fimmta ári með liðið. Honum til aðstoðar er Jamil Abiad en hann er einnig aðalþjálfari meistaraflokks kvenna. Litlar breytingar eru á meistaraflokki fyrir yfirstandandi tímabil þar sem kjarninn úr Íslandsmeistaraliðinu er áfram með liðinu. Farnir eru þeir Antonio



Íslandsmeistaratitli í körfubolta karla fagnað á Hlíðarenda í troðfullu húsi, eftir sigur í oddaleik á móti Grindavík. Ljós. Gunnar Sverrisson.



Fagnað með formanninum. Frá vinstri. Kári Jónsson, Svali Björgvinsson og Kristófer Acox.



Frank Aron Booker og Ástþór Atli Svalason.

Monteiro og Justas Tamulis og komnir Sherif Ali Kenney og Bruno Levanic. Benedikt Blöndal hefur tekið sér hlé frá körfunni en hann er orðinn leikjahæsti leikmaður Vals með yfir 350 leiki með meistaraflokki Vals. Stjórn körfunnar þakkar honum allt hans framlag, innan og utan vallar, síðustu 14 ár með meistaraflokki og vonast til að sjá hann aftur á parketinu á nýju ári.

Starfið er margt



Pálmar Ragnarsson hjálpari MB 6-7 ára alltaf líflægur á uppskeru-hátíðinni.



Fulltrúar Vals í U16 stúlknaði. Frá vinstri; Ingibjörg Svaladóttir, Berta Þorkelsdóttir og Margrét Ósk Einarsdóttir sem var í hjálparteyminu.

Yngri flokkar

Mikil og góður uppgangur hefur verið í yngri flokkum í körfuboltanum síðustu ár. Iðkendur eru nú rúmlega 350 og fer fjölgandi ár hvert. Þegar á heildina er lítið hefur árangur aldrei verið betri. Flest öll lið voru að bæta árangur sinn milli ára og aldrei hafa verið jafn mörg lið í 1. deild. Fjögur af fimm drengjaliðum spila í 1. deild og tvo af þremur stúlknaðið. Stelpurnar í 7. flokki kvenna höfnuðu í 2. sæti á Íslandsmótinu eins og strákarnir í 11. flokki drengja. Einnig gerðu yngri flokkar það gott á erlendi grundu á síðasta keppinstímabili og 2009 drengir unnu nýlega haustmót í Stokkhólmi og 2008 drengir byrja Evrópukeppni yngri liða vel með því að vinna alla leiki í fyrstu keppnishelginni í Lettlandi. Einnig átti körfuknattleiksdeild fimm leikmenn sem spiluðu með yngri landsliðum KKÍ ásamt því að eiga gríðarlega stóran hóp af leikmönnum í æfingahópum landsliða. Árangur kemur ekki af sjálfu sér en iðk-

endur og foreldrar hafa lagt mikið af mörkum svo starfið geti verið sem allra best. Aldrei hafa verið jafn margir færir og reynslumiklir hjálparar yngri flokka hjá deildinni. Mikið framfaraskref var tekið í sumar að ráða inn styrktarhjálpara Páll Arnar Kandeh sem hjálpar yngri flokka í körfubolta og handbolta. Til að yngri flokkar í félaginu haldi áfram að dafna jafn vel þarf verulega að bæta aðstöðu fyrir innanhússgreinar félagsins. Við erum löngu búin að sprengja utan af okkur þá frábæru aðstöðu sem við höfum að Hlíðarenda.

MB 5-6-7 ára drengja og stúlkna hjálpari: Pálmar Ragnarsson.

Helstu markmið? Helstu markmiðin eru að kveikja áhugann á körfubolta, kveikja eldmóðinn fyrir því að langa til þess að æfa sig og leggja sig fram, kenna grunnatriði körfuboltans og mikilvægi þess að æfa sig í að verða góðir liðsfélagar sem drífa lið sitt



Fulltrúar Vals í U15 drengjaliði. Gabríel K. Ágústsson og Högni Yeoman ásamt Ólöfu Helgu Pálsdóttur sem var aðalhjálpari U15 stúlknaíðs. Ólöf Helga er nýráðin verkefnastjóri körfuknattleiksdeildar og hjálpar yngri flokka hjá Val.



Vel mætt á morgunæfingar í körfuboltanum, stelpur og strákar æfðu skottækni saman í nokkrum lotum kl. 6.30 á morgnana.



Minni bolti 8 – 9 ára drengir og stúlkur saman á uppskeruhátíðinni í vor.

áfram bæði þegar gengur vel og erfiðlega.

Strákar: Þeir leggja sig mikið fram á æfingum og taka miklum framförum í hverjum mánuði. Þetta er stór hópur og því er mikilvægt að þeir hlusti vel og taki þátt. Þeim finnst mörgum skemmtilegt að gera krefjandi æfingar því þeir vita að þannig taka þeir mestum framförum. Einnig eru margir að leggja sig fram við það að hafa jákvæð áhrif á líðið sitt og hér gætu verið nokkrir framtíðar fyrirliðar á ferðinni.

Stelpur: Það gengur rosalega vel því stelpurnar eru mjög áhugasamar og hafa góðan stuðning frá foreldrum sínum. Þær mæta vel á æfingar og koma tilbúnar til þess að leggja sig fram, læra og taka framförum. Það verður gaman að fylgjast með þessum efnilega hópi í framtíðinni.

Strákar: Mikið fjör einkennir hópin en það er alltaf mikil stemning á æfingum. Fjöldinn er rosalega mikill og því fylgir mikill kraftur og mikið fjör. Þeir mæta vel og sumir eru mættir á hverja einustu æfingu til þess að leggja sig fram. Hópurinn er flinkur í körfubolta og fljótur að tileinka sér nýja tækni.

Stelpur: Mikil leikgleði og skemmtilegt andrúmsloft lýsir þessum hópi vel. Stelpurnar koma á æfingar í miklu stuði og það er alltaf gaman. Þær hlusta vel og leggja sig fram í því sem við erum að gera. Þær taka vel á móti kenndu og eru fljótur að tileinka sér nýja tækni og óhræddar við að reyna erfiða hluti þegar við spilum en þannig taka þær mestum framförum.

Við förum á fimm mót á tímabilinu í vetur hjá bæði strákum og stelpum. Á þessum mótum eru stig ekki talin heldur snúast þau um leikgleði og að æfa sig. Á mótunum leggjum við áherslu á að öll börnin í hópnum fái að skína og því er mikilvægt að börnin spili vel saman, fái öll að reyna að taka skot, leggi sig fram í vörn og fleira. Einnig leggjum við mikla áherslu á að þau séu góðir liðsfélagar, geti haldið sína eigin liðsfundi fyrir og eftir leik og hvetji hvort annað áfram.

MB 8–9 ára drengja og stúlkna

Þjálfarar: Margrét Ósk Einarsdóttir og Jamil Abiad.

Helstu markmið? Að halda áfram að byggja ofan á grunn hjá krökkunum þar sem Jamil er mjög góður tækniþjálfari. Efla liðsheildina og liðsandann. Það tókst mjög vel að ná markmiðum og miklar framfarir hjá hópnum sérstaklega eftir áramót. Gleði, dugn-

aður og virkni einkenna hópinn.

Krakkarnir fóru á fjögur mót. Hjá Fjölni, Val, Breiðablik og Stjörnungni og sýndu frábæra takta innan sem utan vallar og voru ein stór liðsheild. Voru félaginu til sóma og stóðu sig afskaplega vel.

MB 10–11 ára stúlkna

Þjálfarar: Bjarni Þór Gíslason og Ingunn Erla Bjarnadóttir.

Helstu markmið? Hafa gaman af að spila körfubolta, byggja upp sjálfstraust hjá stelpunum og veikja áhuga á körfubolta. Gekk mjög vel, stelpurnar eru fljótur að læra og yfirleitt einbeittar á æfingum. Frábær liðsheild og góð stemning er í hópnum. Stelpurnar styðja hver aðra og eru góðar vinkonur. Þær hlusta vel og eru duglegar og einbeittar á æfingum og í leikjum. ÍMB 10 voru með tvö lið sem kepptu í Íslandsmótinu og tóku auk þess þátt í Nettómótinu. Þær bættu sig mikið



Minni bolti 10–11 ára stúlkur á uppskeruhátíð körfuboltans í vor.



MB 8–9 ára drengja. Frá vinstri: Fálki, Nökkvi, Flóki Freyr Elísson, Christopher Helgi Garcia og Þórbergur Tjörvason Rafnar.



MB 8–9 ára drengja. Frá vinstri: Júlíus A. Björnsson Schmitz, Þórarinn Smári Guðjónsson, Elfar Freyr Gunnarsson, Wolfram Orri Ágústsson Bade og Björn Kári Jónsson.



MB 8–9 ára drengja. Frá vinstri: Þórður Björn Eysteinnsson, Styrmir Páll Búason, Thor Tristan Eypórsson, Kjartan Loki Árnason og Tryggvi Páll Tómasson.



MB 8–9 ára stúlkna. Efri röð frá vinstri: Elísabet Ósk Sigurjónsdóttir, Kolbrá V. Grétarsdóttir og Emma Sól Björnsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Ása Valdís Heidarsdóttir og Sara Líf Björnsdóttir.



MB 8–9 ára stúlkna. Efri röð frá vinstri: Helga María, Eik Hlynisdóttir og Sóley Freysdóttir. Neðri röð frá vinstri: Áróra Steinunn Dungal og Alda Andradóttir. Liggjandi: Andrea Kolbrún Reynarsdóttir.



Strákarnir í minnibolta 10–11 ára á æfingu að Hlíðarenda.

yfir veturinn bæði hver og ein og sem lið. Í MB 11 voru 3–4 lið sem kepptu á Íslandsmóttinu. Liðin kepptu í A- til D-riðlum og fengu stelpurnar verkefni við sitt hæfi. Í lok móts vorum við með lið í 4. sæti A-riðils, 2. sæti C-riðils og 2. sæti D-riðils. Stelpurnar fengu einnig margar tækifæri á að fá reynslu í að

spila með B-liði í 7. flokki sem er góð reynsla inn í næsta vetur

MB 10–11 ára drengja

Þjálfarar: Friðrik Þjálfí Stefánsson og Ágúst Bartoszek.

Helstu markmið? Hafa gaman, byggja upp góða liðsheild og bæta sig í körfu-

bolta. Það gekk mjög vel að ná markmiðunum, menn æfðu vel, bættu sig mikið og urðu enn betri hópur þegar leið á tímabilið. Frábærir drengir, elska klúbbinn og elska leikinn. Mikið keppnisskap inn á vellinum en algjör ljúfmenni fyrir utan hann. Voru með A- og B-lið á Íslandsmóti í báðum

flokkum. Menn bættu sig með hverju móti og eru staðráðnir í að komast upp í hærri riðla á næsta tímabili.

7. flokkur drengja

Þjálfarar: Aron Páll Hauksson og Tómas Orri Ingvaldsson.

Helstu markmið? Fjölga iðkendum, verða betri í körfubolta og skapa góðar æfinga venjur og liðsanda. Náðu þessum markmiðum, búið að fjölga í hópnum og drengirnir hafa sýnt góðar framfarir í vetur. Gleði og orka eru helstu einkenni hópsins en einnig vilji til að standa sig vel. 7. fl. A- og B-lið tóku þátt í Íslandsmótinu og gekk veturinn ágætlega. B-liðið sýndi góðar framfarir og spilaði marga höruleiki, sigrar og töp. A-liðið komst hæst í B-riðil mótsins og spilaði þar fjóra mjög skemmtilega leiki. Í heildina gekk veturinn vel.

7. og 8. flokkur stúlkna

Þjálfarar: Andrea Björt og Anna Friða Ingvarsdóttir.

Helstu markmið? Að spila betri vörn, sérstaklega á skrín, verða Íslandsmeistarar A-liða í 7. flokki og komast upp í A-riðil og haldast þar í 8. flokki. Og að allir fái tækifæri og hlutverk við hæfi. Báðir flokkar bættu sig í vörn og sýndu ýmsar aðrar framfarir. Metnaður, seigla og áhugi einkenna hópinn.

7. fl. A-lið: Enduðu í 2. sæti eftir flottan vetur.

7. fl. B-lið: Allar fengu tækifæri og þær stóðu sig mjög vel. Unnu sig upp riðla og á síðasta mótinu spiluðu þær í B-riðli.

8. fl. A-lið: Þær komust strax upp í A-riðil og héldust þar allan veturinn.

8. fl. B-lið: Já, allar fengu tækifæri og hlutverk við hæfi.

8 og 9. flokkur drengja

Þjálfarar: Ágúst Björgvinsson og Friðrik Þjálf Stefánsson.

Helstu markmið? Halda áfram að auka áhuga, bæta tækniatriði og leikskilning. Komast í hærri riðla á Íslandsmóti. Strákarnir bættu sig svakleega mikið. Samheldnin í hópnum varð enn betri þegar leið á tímabilið. A-liðin í báðum flokkum unnu sig upp í efstu deild Íslandsmóts. Fjölbreyttur hópur, duglegir, skemmtilegir og fjögurir strákar. Æfa mikið aukalega.

8. fl. A-lið vann sig upp í A-riðil og stóð sig vel meðal þeirra bestu á úrslitamótinu.



Strákarnir í 7. flokki í körfubolta á æfingu í gamla sal.



Strákarnir í 8. flokki tryggðu sér sæti í 1. deild í 9. flokki fyrir tímabilið 2024–25. Frá vinstri: Friðrik Þjálf Stefánsson þjálfari, Benedikt Tumi Aronsson, Jónatan Vignir Guigay, Atli Freyr Haraldsson Katrínarson, Agape Izekor, Bjartur Otti Þorsteinsson, Pétur Magnús Sigurðsson, Matthías Hallur Jóhannsson, Ágúst S. Björgvinsson þjálfari, Funi Snær Torfason og Árni Dan Ármannson.




9. flokkur stúlkna. Bergdís Saga Sævarsdóttir, Margrét Kristín Einarsdóttir, Kára Kjartansdóttir, Úlfhildur Andradóttir, Þórdís Elín Sigurðardóttir og Margrét Ósk Einarsdóttir þjálfari. Nedri röð frá vinstri: Embla Katrín Reynarsdóttir, Rún Sveinbjörnsdóttir, Rakel Sara Steinarsdóttir, Róska Halldóra Hjálmarsdóttir og Guðbjörg Zelda Marvinsdóttir.



2011 stelpurnar enduðu í öðru sæti Íslandsmótsins. Fyrir framán: Íris Lóa Hermannsdóttir og Rún Sveinbjörnsdóttir. Miðröð: Elma Kristín Stefánsdóttir, Ella Thodora Kazooba Devos og Fransíska Ingadóttir. Aftasta röð frá vinstri: Andrea Björt þjálfari, Hugrún Edda Kristinsdóttir, Eyja Gardarsdóttir, Heiðrún Helena Svansdóttir og Anna Fríða Ingvarsdóttir þjálfari.

Starfið er margt



Diðrik Högni Yeoman



Kári Sigurborgarson.

8. fl. B-lið endaði í E-riðli, unnu 3 af 4 á síðasta móttinu.

9. fl. A-lið komst í úrslitaleik 2. deildar Íslandsmótsins, spilar í 1. deild að ári.

9. fl. B-lið mest, yngri strákarnir spiluðu upp fyrir sig. Unnu nokkra leiki í 4. deildinni.

Mestu framfarir: Kári Sigurborgarson.

Besti liðsfélagi: Diðrik Högni Yeoman.

Leikmaður flokksins: Gabríel K. Ágústsson.



Gabríel K. Ágústsson



Frábær árangur hjá 10. flokki drengja í 2. sæti Íslandsmóttinu eftir að hafa verið nýliðar í 1. deild. Aftari röð frá vinstri: Ágúst S. Björgvinsson þjálfari, Högni Yeoman, Páll Gústaf Einarsson, Arnór Bjarki Halldórsson, Ísleifur Jónsson, Sveinn Geirsson og Geir Jónsson þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Elías Páll Einarsson, Gabríel K. Ágústsson, Atli Freyr Haraldsson Katrínarson, Stormur K. Traustason og Jóhannes Prastarson.

9. flokkur stúlkna

Þjálfari: Margrét Ósk Einarsdóttir.

Helstu markmið? Helstu markmið voru að leyfa leikmönnum að bæta sinn leik, fá meiri reynslu, þar sem einungis voru þrjár á réttum aldri og allir leikmenn á fullu með yngri eða eldri flokkum. Stelpurnar enduðu í 3. sæti í deildinni eftir tvöfalda umferða og voru ekki langt frá því að vinna Njarðvík í undanúrslitum og komast í úrslitaleikinn. Samvinna, virðing og gleði einkennir þennan hóp. Stelpurnar settu allt í reynslubankann eftir tímabilið og miklar framfarir hjá öllum.

Mestu framfarir: Þórdís Elín Sigurðardóttir.

Besti liðsfélaginn: Bergdís Saga Sævarsdóttir.

Leikmaður flokksins: Raket Sara Steinarsdóttir.



10. flokkur stúlkna – Gaman að segja frá því að í þessum leik voru báðir þjálfarar liðanna konur, báðir dómamarar leiksins voru konur og starfsmenn ritaborðsins voru konur. Efri röð frá vinstri: Margrét Ósk Einarsdóttir þjálfari, Fatima Rós Joof, Ingibjörg Sigrún Svaladóttir, Gerður María Sveinsdóttir, Berta María Þorkelsdóttir, Karólína Karlsdóttir og Margrét Kristín Einarsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Þórdís Elín Sigurðardóttir, Bergdís Saga Sævarsdóttir, Emma Lovísa Arnarsdóttir, Raket Sara Steinarsdóttir og Emma Cortes Ólafsdóttir.



Berta María Þorkelsdóttir, Ingibjörg Sigrún Svaladóttir, Fatima Rós Joof og Emma Cortes Ólafsdóttir.

10.–11. flokkur drengja

Þjálfarar: Ágúst Björgvinsson og Halldór Geir Jensson.

Helstu markmið? Halda áfram að bæta sig sem einstaklingar og lið og omast í fjögurra liða úrslit A og B. Strákarnir sýndu mjög miklar framfarir í vetur enda æfðu þeir gríðarlega vel. Bæði lið komust í fjögurra liða úrslit og unnu, spiluðu því til úrslita og höfnuðu í öðru sæti. Samstaða, áhugi og metnaður einkenna hópinn.

Íslandsmót A-lið 2. sæti 1.deild – B-lið 2. sæti 3.deild.

Duttu út í annarri umferð bikarkeppninnar í 8-liða úrslitum.

Llorett de Mar Basketball tournament Spáni 1. og 3.sæti.

Lampe Challenge Svíþjóð 4. sæti Elite og 7. sæti Open.

Mestu framfarir: Arnór Bjarki Halldórsson.

Besti liðsfélaginn: Ísleifur Jónsson.

Leikmaður flokksins: Stormur Kiljan Traustason.

10. flokkur stúlkna

Þjálfari: Margrét Ósk Einarsdóttir.

Helstu markmið? Markmið flokksins voru að koma liðinu upp í 1. deild. Stelpurnar tóku þátt í deildarkeppni, þar sem þær unnu öll liðin í deildinni a.m.k einu sinni og tryggðu sér 2. sætið í deildinni og þar sem sæti í úrslita-keppni um að komast upp í 1. seild. Samvinna, virðing og gleði einkennir þennan hóp.

Mestu framfarir: Karólína Karlsdóttir.

Besti liðsfélaginn: Ingibjörg Sigrún Svaladóttir.

Leikmaður flokksins: Berta María Þorkelsdóttir.

12. flokkur og ungmanna-flokkur drengja

Þjálfarar: Friðrik Þjálfí Stefánsson 12. flokki og Jamil Abiad ungmenna-flokki.

Helstu markmið? Bæta sig sem einstaklingar, og gera atlögu að titlum. Vegna gífurlega margra meiðsla var liðsárangur ekki sá sem vonast var eftir. Unnu þrátt fyrir það nokkra virkilega sterka sigra. Sem einstaklingar bættu menn sig mikið. Virkilega metnaðarfullir ungir menn sem eiga framtíðina fyrir sér. Góðar fyrirmyndir og hjálpsamir í félagsstarfinu. Einstök liðsheild. Voru með A- og B-lið á Íslandsmóti. A-lið endaði í 6. sæti efstu deildar, 1 sigri frá að komast í undanúr-



12. flokkur kvenna. Efri röð frá vinstri: Margrét Ósk Einarsdóttir þjálfari, Karólína Karlsdóttir, Viðja Dís Rögnvaldsdóttir, Berta María Þorkelsdóttir, Fatima Rós Joof, Ingibjörg Sigrún Svaladóttir og Ingibjörg Kjartansdóttir. Neðri röð frá vinstri: Anna Ásmundsdóttir, Emma Cortes Ólafsdóttir og Rakel Sara Steinarsdóttir.



Páll Gústaf Einarsson með Einarshöfn bikarinn efnilegasti leikmaður yngri flokka Vals.

slit. B-liðið komst í undanúrslit 3. deildar.

Viðurkenningar 12. flokkur

Mestu framfarir: Óðinn Þórðarson.

Besti liðsfélaginn:

Luis Emmanuel Valle.

Leikmaður flokksins:

Finnur Tómasson.



Finnur Tómasson.




Bergsbikarinn, Berta María Þorkelsdóttir Valsari ársins í yngri flokkum körfubolta ásamt Ágústi Björgvinssyni, þjálfara.

Viðurkenningar ungmanna-flokksur

Mestu framfarir: Tómas Davíð.

Besti liðsfélaginn: Oliver Colington.

Leikmaður flokksins: Símon Tómasson.



Oliver Colington.



Símon Tómasson.

12. flokkur stúlkna

Þjálfari: Margrét Ósk Einarsdóttir.

Helstu markmið? Helsta markmið flokksins var að koma liðinu upp í 1. deild, Stúlkurnar tóku þátt í deildarkeppni og gekk vel framán af en síðan kom smá hökk í leikina eftir áramót sem reyndist okkur dýrt í lokin þar sem við rétt misstum af úrslitakeppninni. Samvinna, virðing og gleði einkennir þennan hóp.

Mestu framarir: Fatima Rós Joof.

Besti liðsfélaginn: Anna Ásmundsdóttir.

Leikmaður flokksins: Ingibjörg Sigrún Svaladóttir.

Einarsbikarinn

Páll Gústaf Einarsson. Efnilegasti leikmaður yngri flokka Vals

Bergsbikarinn

Berta María Þorkelsdóttir Valsari ársins í yngri flokkum Vals.



Margrét Ósk Einarsdóttir þjálfari er uppalin upp alla flokka í Val.



Frá uppskeruhátíð yngri flokka 2024.

Vil sjá fleiri uppalda leikmenn í öllum meistaraflokkum

Rakel Steinarsdóttir er 15 ára og leikur körfubolta með 10. flokki

Framtíðarstarf? Draumurinn að spila áfram körfubolta og örugglega bara innanhússarkitekt.

Uppeldisfélag í körfubolta? Hef verið í alltof mörgum liðum en byrjaði í Þór Þorlákshöfn í 2. bekk, svo fór ég í Hauka í 4.–6. bekk og svo núna Val, þannig að ég myndi bara segja Valur og Haukar.

Af hverju Valur? Flutti í hverfið.

Frægur Valsari í fjölskyldunni? Kristófer er ættaður frá Færeyjum eins og ég, telst það með?

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í körfuboltanum? Við gerum þetta allt saman, förum saman á leiki, mætum saman á meistaraflokksleiki og þau mæta á alla mína leiki, sýna áhuga og fara með í ferðir og allskonar, eru hluti af foreldrahópnum og eru Valsarar.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Frændi minn, Jón Guðni Fjóluson sem spilar með Víkingi í fótbolta.

Af hverju körfubolti? Ég byrjaði í körfubolta af því mér fannst fimleikar svo leiðinlegir sem krakki, og svo kom meistaraflokkur Þórs í heimsókn í skólann og gaf okkur körfubolta – þá var ég bara strax *hooked*.

Helstu afrek í öðrum íþróttagreinum? Þrúðasta liðið í 7. flokki á TM mótinu í fótbolta á Sauðárkróki með Haukum.

Eftirminnilegast úr boltanum? Svíþjóðarferðin með stelpunum fyrir tveimur árum (þegar ég klessti á dómaraann).

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili? Tapið á móti Fjölni í úrslitaleik um deildarmeistaratitil 2. deildar – svíður ennþá.

Stærsta stundin á þessu ári? Fyrsti leikurinn.

Besti stuðningsmaðurinn? Balli Bongó.

Erfiðustu samherjarnir? Allar.

Erfiðustu mótherjarnir? Haukar, alltaf

erfitt að spila á móti gömlu liðsfélögum sínum.

Mesta prakkarastrik? Er ekkert mikið að prakkarast en ég stakk einu sinni af á leikskólanum.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna hjá Val? Alyssa.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val? Kári verður svakalegur í ár.

Hvernig líst þér yngri flokkana í körfubolta hjá Val? Bara vel – mörg efnileg að koma upp í elstu flokka. Mæli með að fylgjast vel með okkur.

Fyrirmynd þín í körfubolta? Caitlin Clark og Kári Jón.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir? Pristarnir úr horninu.

Draumur um atvinnumennsku í körfubolta? Að sjálfsögðu.

Landsliðsdraumar? Væri draumur að ná lokahóp með U-16 næsta sumar.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Agi, góður hlustandi, húmor, sanngjarn og hreinskilin.

Uppáhalds erlenda íþróttafélagið? Liverpool.

Nokkur orð um núverandi þjálfarateymi? Bara frekar miklir meistarar.

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum og lífinu almennt? Fyrst og fremst að vera góður liðsfélagi og eiga góða liðsfélaga. Sjálfsagi, dugnaður, metnaður og að æfa aðeins meira en hinir.

Hvernig finnst þér að hægt sé að auka jafnrétti kynja hjá Val? Jafnir æfingartímar, æfingaferðir, og jafn góðir þjálfarar fyrir alla.

Hvað getur Valur gert til að vinna gegn fordómum, einelti og öðru ofbeldi?

Hafa nógu marga starfsmenn svo að þeir geti unnið að því að fræða og taka á málum sem koma upp.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki



hjá Val? Hafa betri umgjörð á leikjum þannig að allir leikir verði meiri viðburðir ekki bara í úrslitakeppninni og nýtt stuðningsmannalag.

Hvernig viltu sjá Val þróast á næstu árum? Að við förum að sjá fleiri titla hjá yngri flokkum sérstaklega í körfunni. Það er að fara að gerast trúir ég. Svo vil ég sjá fleiri uppalda leikmenn í öllum meistaraflokkum.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum?

Gefa uppöldum leikmönnum tækifæri í meistaraflokkum. Þá væri eftirsóknarvert að alast upp í Val. Svo er bara að halda áfram að ráða inn frábæra yngri flokka þjálfara.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Íslandsmeistaratillinn karla í körfu síðasta vor.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Þjóða upp á sálfræðinga, fræðslu, hollan mat í sjoppunni.

Hvað getur Valur gert til að hlusta betur á raddir og sjónarmið iðkenda hjá félaginu? Finna lausnir svo að æfingar falli ekki svona oft niður og passa að muna eftir okkur og gefa okkur fleiri klefa, takk.

Besta bíómynd? 10 things I hate about you.

Skemmtileg staðreynd um þig? Þegar ég fæddist sagði ljósmóðirin að ég yrði hávaxin vegna þess að lærleggurinn var svo langur. Ég er samt ennþá að bíða eftir þessum auka sentimetrum.

Einkunnarorð? „Hard work outweighs talent – every time.“

Hver stofnaði Val og hvenær? Séra Friðrik stofnaði Val árið 1911.



Sigursælir Valsarar eftir frábæran úrslitaleik gegn heimamönnum í Blackeberg. Aftari röð frá vinstri: Gabriel K. Ágústsson, Guðmundur Óli Davíðsson, Sigurður Inguson og Óli Gunnar Sveinsson. Fremri röð frá vinstri: Kári Sigurborgarson, Atli Freyr Haraldsson Katrínarson, Jóhann Grétar Yngvason og Diðrik Högni Yeoman.



Sigurveggar í haustmóti Blackeberg í Stokkhólmi Svíþjóð. Aftari röð frá vinstri: Haraldur Ísleifur liðsstjóri, Kári Sigurborgarson, Jóhann Grétar Yngvason, Atli Freyr Haraldsson Katrínarson, Diðrik Högni Yeoman og Ágúst S. Björgvinsson þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Gabriel K. Ágústsson Óli Gunnar Sveinsson, Guðmundur Óli Davíðsson og Sigurður Inguson.

Sigurveggarar á körfubolta- móti í Stokkhólmi

Strákarnir í 10. flokki drengja sigruðu í haustmóti Blackeberg Basket Cup Stokkhólmi í Svíþjóð sem þeir tóku þátt helgina 6.–8. september, mótið var haldið í 20. sinn. Strákarnir spiluðu virkilega vel allt mótið og unnu alla sína fjóra leiki nokkuð örugglega og eru heldur betur að uppskera eftir miklar og góðar æfingar í allt sumar. Gabriel K. Ágústsson var valinn besti leik-

maður úrslitaleiksins ásamt því að vera valinn MVP mótsins í mjög jöfnu og sterku Valsliði.

Leikir í riðilinum: Skuru IK Baset 89-73, Fryshuset 80-62 og KFMU Blackebergs 91-69

Úrslitaleikur: KFMU Blackebergs 81-49

Ágúst Björgvinsson tók saman

Coca-Cola

macron



Valsarar eiga alltaf að standa saman

Stormur Kiljan Traustason er 16 ára og leikur körfubolta með drengjaflokki

Nám? Félagsfræðibraut í Menntaskólunum við Sund.

Framtíðarstarf? Atvinnumaður í körfubolta.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Að spila körfubolta á hæsta stigi.

Af hverju Valur? Vinur minn æfði körfubolta hjá Val og bauð mér með á æfingu, eftir það var ekki aftur snúið.

Uppeldisfélag í körfubolta? Valur.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í körfuboltanum? Þau hafa stutt mig bæði andlega og efnahagslega en þau eru alltaf til staðar fyrir mig.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Ég :) ... en pabbi minn var líka efnilegur handboltamaður.

Af hverju körfubolti? Skemmtilegasta íþrótt í heimi fyrir það fyrsta. Mér finnst körfubolti gefa mér ákveðið frelsi þegar ég er inni á vellinum en með aga, vinnu-semi og ákveðni þá finnst mér ég geta allt.

Helstu afrek í öðrum íþróttagreinum? Ég spilaði golf þegar ég var yngri og náði þar ágætis árangri en valdi körfuboltann.

Eftirminnilegast úr boltanum? Að spila fyrir landsliðið.

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili? Að lenda í öðru sæti og ná ekki markmiði okkar strákanna að verða Íslandsmeistarar.

Stærsta stundin á þessu ári? Að keppa í úrslitaseríunni.

Besti stuðningsmaðurinn? Alltaf mamma og pabbi.

Erfiðustu samherjarnir? Páll Gústaf.

Erfiðustu mótherjarnir? Stjarnan vegna þess að við höfum aldrei náð sigri gegn þeim.

Athyglisverðasti leikmaður í meistara-flokki kvenna hjá Val? Dagbjört Dögg.

Athyglisverðasti leikmaður í meistara-flokki karla hjá Val? Kiddi Páls.

Hvernig líst þér á yngri flokkana í körfubolta hjá Val? Frábærir hópar af ungum og efnilegum leikmönnum.

Fyrirmynd þín í körfubolta? Fyrirmyndin mín er klárlega Kobe Bryant en það er vegna agans sem hann hafði og keppnisskapsins.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir? Í körfubolta þá myndi ég fyrst nefna vörn en vinn að því stöðugt og stöðugt að lesa leikinn eins vel og ég get.

Draumur um atvinnumennsku í körfubolta? Að komast eins langt og hægt er í boltanum en auðvitað væri NBA draumurinn.

Landsliðsdraumar þínir? Að spila í FIBA World Cup með íslenska landsliðinu.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Það eru fjögur lykiltríði sem ég hef í huga sem einkenna góða þjálfara en það er traust, stuðningur, keppnisskap og þekking á leiknum.

Uppáhalds erlenda íþróttafélagið? Los Angeles Clippers.

Nokkur orð um núverandi þjálfara-teymi? Þjálfarinn minn hefur trú á mér og liðinu okkar og gefur alltaf sitt allra besta.

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum og lífinu almennt? Grundvallaratriði er að gefast aldrei upp því annars er það sjálfgefið að þú ferð ekkert lengra en þar sem þú ert staddur. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að vera þú sjálfur og vera sama um álit annarra, þú veist hver þú ert og það er nóg.

Hvernig finnst þér að hægt sé að auka jafnrétti kynja hjá Val? Ég þekki það nú ekki alveg nógu vel en ég myndi bara auglýsa báða flokka jafn mikið og jafn vel og bera jafna virðingu fyrir báðum kynjum.

Hvað getur Valur gert til að vinna gegn fordómum, einelti og öðru ofbeldi?

Fyrsta skrefið er að tala um hlutina og vandamálin. Einnig er mikilvægt að hafa hátt um það og ala iðkendur þannig upp að Valsarar eiga alltaf að standa saman.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki



hjá Val? Auglýsa þá betur og hafa góða menningu í Valsheimilinu sem fólk vill koma og upplifa.

Hvernig viltu sjá Val þróast á næstu árum? Ég vonast til þess að yngri flokkarnir muni fá næg tækifæri með meistara-flokkum en annars bara að menningin haldi sér á góðum stað.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum?

Hvetja krakka til að koma með vini sína á æfingar og prufa.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Íslandsmeistarar.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Bara vera duglegur að minna á að íþróttir eiga að vera skemmtilegar og jákvæð upplifun.

Hvað getur Valur gert til að hlusta betur á raddir og sjónarmið iðkenda hjá félaginu? Ég myndi segja að bara hlusta vel því iðkendur hafa oft vit á því sem þeir eru að segja.

Besta bíómynd? *Fight club*.

Besta bók? *Hrein karfa*.

Skemmtileg staðreynd um þig? Ég komst inn í ungleikaranám í Borgarleikhúsinu og var þar í tvö ár.

Einkunnarorð? Gera allt eins og þú elskar það þó það sé erfitt því það mun borga sig á endanum.

Hver stofnaði Val og hvenær? Valur var stofnaður þann 11. maí árið 1911 af drengjum í KFUM, að hluta til fyrir tilstilli séra Friðriks Friðrikssonar.



Valsmenn með verðlaun sín í fyrstu EYBL ferðinni. Aftari röð frá vinstri: Ágúst S. Björgvinsson hjálfari, Arnór Bjarki Halldórsson, Benóni Stefán Andrason, Páll Gústaf Einarsson, Sveinn Geirsson og Högni Yeoman. Fremri röð frá vinstri: Ágúst Bartoszek, Gabriel K. Ágústsson, Jóhannes Þrastarson, Stormur Traustason og Lárus Ólafsson.



Sáttir með árangur í Lettlandi. Páll Gústaf sem var valinn besti leikmaður Valsliðsins er hér með Stormi og Gabriel.



Valsstrákarnir í körfuboltanum, búnir að ferðast víða á árinu, hér í rútu frá Riga til Venspils Lettlandi.

Unnu alla leikina

Valsstrákarnir í fyrsta U-17 ára móti í Evrópu deild í körfubolta

Strákarnir í 11. flokki leika í Evrópu deild EYBL eða European Youth Basketball League tímabilið 2024–25 og um er að ræða þrjár keppnishelgar í vetur fyrir hvert lið. Í þessu móti taka þátt sterk U-17 ára lið, flest frá Finnlandi, Eistlandi, Póllandi, Lettlandi og Litháen. Fyrsta mótið var 26.–29. september og var haldið í Venspils í Lettlandi. Strákarnir gerðu góða ferð þar sem þeir unnu alla sína fjóra leiki fyrstu keppnishelgina. Næsta mót verður síðustu helgina í janúar í Tallinn, Eistlandi. Páll Gústaf Einarsson var valinn besti leikmaður Valsliðsins og Benóni Andrason var valinn í fimm manna stjórnu liði mótsins í mjög jöfnu og góðu Valsliði. Úrslit leikjanna: Venstspils Spars Lettland 81-71, ToPo Finnland 65-53, KK Sokud / Kalev Eistlandi 80-70 og BK Kelava Lettlandi 107-85.

Ágúst Björgvinsson hjálfari tók saman.



Góður árangur

Góður árangur hjá körfuboltastrákunum á sterku móti í Stokkhólmi

Strákarnir í 10. flokki drengja í körfubolta spiluðu á sterku þriggja daga móti í Stokkhólmi Svíþjóð í lok maí sem kallast Lampe Challenge. Strákarnir í þessum hópi hafa verið lengi saman og lagt mikið á sig og aftur var farið með tvö lið, líkt og til Spánar tæpum tveimur mánuðum áður. Nú var liðum skipt upp eftir styrkleika, þar sem sterkara liðið spilaði í Elite flokki og hinir í opnum flokki. Á tímabilinu fengu strákarnir að spreyta sig á móti liðum frá sex mismunandi þjóðum, þ.e. Ítalíu, Noregi, Litháen, Svíþjóð, Spáni og Þýskalandi.

Valur Rauður endaði í 4. sæti í Elite flokki U-16

Valur Hvítur endaði í 7. sæti í opnum flokki U-16

Ágúst Björgvinsson hjálfari tók saman.



Valur hvítur. Aftari röð frá vinstri: Ísleifur Jónsson, Eðvarð Rafn Flóruson, Bjartur Einarsson, Kári Sigurborgarson og Ágúst S. Björgvinsson hjálfari. Fremri röð frá vinstri: Sveinn Geirsson, Úlfar Sigurbjarnarson, Ágúst Bartoszk og Ásbjörn Benediktsson.



Valur rauður. Aftari röð frá vinstri: Jóhannes Þrastarson, Páll Gústaf Einarsson, Arnór Bjarki Halldórsson, Högni Yeoman og Ágúst Björgvinsson hjálfari. Fremri röð frá vinstri: Tómas Gauti Guðmundsson, Gabriel K. Ágústsson, Elías Páll Einarsson og Stormur K. Traustason.





Bikarmeistarar í knattspyrnu kvenna 2024

Ljós. Hafliði Breiðfjörð





Lærdómsrík körfubolta-ferð til Spánar

Stúlkur úr 8. og 9. flokki (fæddar 2010–2011) vörðu viku við æfingar og keppni í Santa Susana á Spáni í sumar. Stelpurnar mættu með tvö lið í U-14 flokki á hið sterka EURO YOUTH BASKETBALL CUP mót og æfðu við toppaðstæður í aðdraganda mótsins. Ferðin gekk vel og komst annað liðið alla leið í leikinn um þriðja sæti á mótinu. Stelpurnar fengu þarna í fyrsta skipti tækifæri til að æfa við nýjar aðstæður erlendis og keppa við erlenda andstæðinga og komu til baka bæði reynslu og minningum ríkari.

Ágúst Björgvinsson tók saman



Allur Spánarhópurinn. Ferðin gekk í alla staði vel og er undirbúningur næstu ferðar nú þegar hafinn. Efri röð frá vinstri: Anna Friða Ingvarsdóttir hjálfari, Eyja Garðarsdóttir, Heiðrún Helena Svansdóttir, Kára Kjartansdóttir, Embla Katrín Reynarsdóttir, Bergdís Saga Sævarsdóttir, Margrét Kristín Einarsdóttir, Úlfhildur Andradóttir, Hugrún Edda Kristinsdóttir, Ástríður Embla Eysteinsdóttir og Nína Gísladóttir. Fremri röð frá vinstri: Ylfa Guðlaugsdóttir, Ella Theodora Kazooba Devos, Róska Halldóra Hjálmarsdóttir, Fransiska Ingaðóttir og Elma Kristín Stefánsdóttir. Liggjandi: Rún Sveinbjörnsdóttir og Íris Lóa Hermannsdóttir.



Select vörurnar fást í Altis
Allt sem þú þarft fyrir handbolta- og fótboltaæfingar.

ALTIS | SELECT player's choice | ALTIS.IS



Valshópurinn í Pocano. Frá vinstri: Halldór Geir Jensson hjálfari, Friðrik Þjálfí Stefánsson hjálfari, Eðvarð Rafn Flóruson, Högni Yeoman, Óli Gunnar Sveinsson, Arnór Bjarki Halldórsson, Dominik K. Ágústsson, Bob Hurley Hall of fame hjálfari, Stormur K. Traustason, Sigurður Inguson, Gabriel K. Ágústsson, Kári Sigurborgarson og Ágúst S. Björgvinsson hjálfari.

Vel heppnaðar æfingabúðir í körfubolta í Bandaríkjunum

Valsdrengrir úr 9. flokki voru í körfubolta-búðum í Pocono í Pennsylvaníu í tvær vikur í lok júní. Æfingabúðirnar eru þær elstu í Bandaríkjunum og hafa verið starfandi síðan 1963. Strákarnir fóru í tvær búðir, í fyrri körfubolta-búðunum stjórnaði Hall of Fame hjálfarinn Bob Hurley. Eftir strangar æfingar í Pocano fjöllum fóru strákarnir til New York borgar í þriggja daga skoðunar- og verslunarferð sem þeir notuðu sem verðlaun fyrir sjálfa sig eftir erfiðar og strangar æfingabúðir úti í hitanum í tvær vikur.

Ágúst Björgvinsson hjálfari tók saman



Pocano körfubolta-búðirnar eru uppi í fjöllumum og leikmenn spila körfubolta úti allan daginn, hér má sjá hluta af hópnum með nokkrum heimamönnum í alvöru BBQ, fyrir aftan má sjá kofana sem leikmenn gista í.



Bikarmeistarar kvenna og karla í handknattleik 2024

Ljós. Baldur Þorgilsson







Fjölskylda Hildigunnar kom á HM í fyrra. Þessi mynd er tekin eftir leik. Efst frá vinstri: Þórdís Gunnarsdóttir, Arna Sif Jónsdóttir, Johanna Lammers, Briet Dagbjartsdóttir, Dagbjartur G. Einarsson og Salvör Egilsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Bjartey Rut Þórðardóttir, Hildigunnur með Einar Egil Dagbjartsson, Elín Björg Harðardóttir, Þórdís Sólrún Þórðardóttir, Sunneva Einarsdóttir með Dagnýju Björgu Þórðardóttur. Neðst: Vigdís Dagbjartsdóttir.

Löggan á línunni

Hildigunnur Einarsdóttir er 36 ára og er í lykilhlutverki hjá ógnarsterku kvennaliði Vals í handbolta sem vann allt titla sem voru í boði á síðustu leiktíð. Liðið hefur byrjað á þessu tímabili með látum og hefur unnið alla leiki í deildinni og er einnig komið í 16-liða úrslit í Evrópubikarkeppninni eftir að hafa slegið út Kristianstad frá Svíþjóð.

Hildigunnur á að baki langan feril í atvinnumennsku í fjórum löndum, 104 landsleiki í handbolta frá 2006 en þá tók hún þátt í sínu fyrsta stórmóti í handbolta, HM sem fram fór í desember 2023. Hún missti af HM í Brasilíu árið 2011 vegna meiðsla. Landsliðsferillinn er nú að baki en hún nýtur sín vel í Valsliðinu

og er hvergi hætt. Hún tók vel í beiðni Valsblaðsins um viðtal til að fara yfir ferilinn og rifja upp stærstu stundirnar í handbolta- um en hún starfar sem lögreglukona hjá lögreglunni á höfuð- borgarsvæðinu.

Hvar ertu alin upp og hvernig hófst íþróttuferilinn? „Ég er alin upp í 108 hverfinu og er uppalin Frammari. Ég byrjaði í handbolta sex ára gömul með Fram. Eftirminnilegt atvik í yngri flokkum er örugglega þegar ég var að fara að keppa í 4. flokki og þurfti að fá lánaðan búning hjá vinkonu minni sem bjó í næstu götu. Ég ætlaði að hlaupa til hennar nema að mér lá svo á að ég hljóp yfir götuna án þess að kíkja hvort það væru bílar og það kom bíll og keyrði á kálfann á mér. Sem betur fer var bíllinn ekki á mikilli ferð svo ég slasaðist ekki mikið en ég skammaðist mín svo mikið að ég ákvað að samt að spila leikinn. Eftir leikinn fór kálfinn á mér að stífna vel upp.“

Af hverju Valur og hvernig kom það til og hvernig hafið þið systur fylgst að í íþróttum? „Ég fór í Val á sínum tíma því Kalli Erlings og Gústi hringdu með spennandi tilboð. Ég var enn



Hildigunnur í baráttu á línunni með þýska liðinu Bayern Leverkusen sem er í rauðum búningum.



Hildigunnur brýst í gegn á línunni í leik með þýska liðinu HCL (Handball Club Leipzig).

að spila skyttustöðu í Fram en var alltaf á leiðinni á línuna. Þeir hringdu og ætluðu að gera úr mér alvöru línumann og varnarmann. Þeir ræddu við Sunnevu systur stuttu seinna en hún kom ekki fyrr en nokkrum árum seinna. Sama fyrir hana, bara spennandi tækifæri að koma í Val og spila og bæta sig sem leikmaður. Eldri systir mín, Elín Björg, var sjúkrahjálfari Vals á þeim tíma og því vorum við systurnar þrjár sameinaðar í einu liði sem var hrikalega gaman. Það eru sannkölluð forréttindi að fá að æfa og keppa með systur sínur. Árið 2010 og 2011 urðum við Íslandsmeistarar og þrátt fyrir að Sunneva hafi verið fótbrotin (2010) og ég með slitið krossband (2011) var ógleymanlegt að fagna Íslandsmeistaratitli með tveimur systur sínur.

Fyrstu kynni af meistaraflokki í handbolta með Val? „Fyrstu kynni mín af Val, þá æfðum við í Laugardalshöllinni því framkvæmdum á Hlíðarenda var ekki lokið. Liðsfélagar mínir tóku vel á móti mér og voru þar meðal annars Arna og Hera Grímsdætur, Drífa Skúladóttir, Ágústa Edda, Katrín Andrésar og Berglind Íris svo nokkrar má nefna. Frábærar stelpur. Mig minnir að við lentum í 3. sæti í deildinni það árið – þá var engin úrslita-keppni þannig það lið sem vann deildina varð Íslandsmeistari.

Avinnuennska í 9 ár 2012–2021 í Evrópu með ýmsum liðum í fjórum löndum. Hvernig var sú reynsla? „Ég byrjaði í Noregi í tæp þrjú tímabil, kláraði síðasta tímabilið í tvo mánuði í Svíþjóð. Bergen var æðisleg og ég tók miklum framförum í Nor-eg. Það var mikið æft og mikið lyft og ég var með einn besta handboltahjálfa sem ég hef verið með, Tore Johannessen.

Eftir það fór ég til Þýskalands í Koblenz, stoppaði þar stutt og eftir það fór ég til Leipzig. Það var eitt skemmtilegasta ár sem ég spilaði í handbolta úti. Við spiluðum í meistaradeildinni (Champion league) og það var mikið leikjaálag. Ég spilaði þar með topp leikmönnum frá Þýskalandi og Póllandi sem dæmi. Ef það lið hefði ekki orðið gjaldþrota í júní 2017 hefði ég örugglega spilað þar áfram. Eftir það þurfti ég að rétta úr fjárhagskútnum þar sem ég var ekki búin að fá laun lengi og endaði þá að fara til Hypo Nöe í Austurríki. Það var erfitt að mörgu leyti og erfitt að fara úr topp handbolta í Þýskalandi í lakari deild í Austurríki. En maður nýtti tímann vel, æfði mikið, byrjaði í háskólanámi í fjarnámi frá Íslandi og kynntist frábærum Íslendingum sem bjuggu þarna og voru að þjálfra og spila í West Wien.

Ég var staðráðin í því að fara aftur til Þýskalands og fór til Dortmund og var þar í ár. Þjálfarinn minn frá Leipzig tók við því liði og tók mig inn þrátt fyrir að þá vantaði ekki línumann. En hann stoppaði stutt með það lið og ég fór til Leverkusen og kláraði síðustu tvö árin þar úti,“ segir Hildigunnur sem segist hafa elskað að fá tækifæri að spila svona lengi í atvinnuennsku á háu gæðastigi, með góðum leikmönnum, góðum þjálfurum og hafa fengið að lifa í algjöru atvinnuennuamhverfi. „Þetta var mjög þroskandi reynsla og ég mun alltaf sakna þess að spila úti. Ég eignaðist frábæra vini og gerði það besta úr öllum aðstæðum sem hægt var,“ segir Hildigunnur greinilega stolt af atvinnuferlinum erlendis.

Hvað stendur upp úr í landsliðsferlinum og hvaða liðsfélagar eru þar eftirminnilegastir og leikir? „Ég lék með yngra landsliði U-20 á HM í Makedóníu. Það var hrikalega gaman og mjög eftirminnilegt mót. Ég byrjaði að spila 18 ára með A-landsliðinu en tókst aldrei að fara inn á stórmót hér áður fyrr. Ég hætti síðan í landsliðinu árið 2018 og var mjög sátt með þá ákvörðun. Ég var síðan beðin um að taka aftur upp þráðinn með liðinu árið 2021 eftir að ég kom til baka í Val og fór með liðinu á HM í Noregi og Danmörku í fyrra sem var mjög skemmtilegt. Ég er sátt með minn feril í landsliðinu og hef ferðast mikið, á frábærar vinkonur úr landsliðinu eins og Örnur Sif Pálsdóttur og Íris Björk Simonardóttur svo dæmi séu nefnd. Það sem stendur upp úr eru ferðalögin og vinskapurinn sem myndaðist í landsliðinu og ég er ótrúlega þakklát fyrir það sem landsliðið gaf mér og því geng ég mjög sátt frá mínum landsliðsferli. Ég og Sunneva náðum einum landsleik saman og síðan var Elín systir líka sjúkrahjálfari í landsliðinu í 6 ár, þannig að fá að deila þessari reynslu með þeim stendur upp úr,“ segir Hildigunnur sem hefur leikið alls 104 landsleiki og auk þess farið með liðinu einu sinni á stórmót, HM árið 2023. Hún segir það forréttindi að fá að spila fyrir Ísland og eins segist hún vona innilega að landsliðsstjelpurnar spili vel á EM núna í desember og eigi gott mót og að þær njóti sín.

Endurkoma í Val 2021. Hvernig skýrir þú velgengni liðsins á undanförunum árum? „Gústi hringdi í mig þegar ég var að spila úti og bað mig um að koma aftur í Val þar sem ég væri að koma heim úr atvinnuennsku. Ég er Valsari og langaði alltaf að enda minn feril í Val. Þjálfun í Val hefur alltaf verið góð, umgjörðin



Hildigunnur í baráttu með norska liðinu Tertnes Håndball Elite.



Hildigunnur í leik með þýsku liðinu Dortmund.

og metnaðurinn hjá félaginu er mikill og vilji hjá öllum að Valur sé stórveldi.

Okkur hefur gengið mjög vel og erum við ekki búnað að tapa leik í deildinni lengi. Gústi er búinn að búa til góðan hóp sem æfir mikið og metnaðurinn er mikill hjá liðinu. Góðir leikmenn vilja koma í Val því þeir vita af gæðunum sem búið er upp á og góðir leikmenn vilja að sjálfsögðu æfa í faglegu umhverfi. Við vorum áberandi bestar í deildinni í fyrra en Haukar og Fram hafa bæði styrkt sig þannig að deildin er jafnari á toppnum í ár og þetta ár verður mjög spennandi,“ segir Hildigunnur og segir að hópurinn í Val sé með markmið innan hópsins sem hún vill ekki gefa upp. Það sem hún þó vill segja um markmið liðsins er að halda áfram að bæta leik liðsins og að ungir leikmenn dafni og verði enn betri.

Er mikill munur að spila í íslensku deildinni eða í þeim atvinnudeildum sem þú kynntist erlendis? „Ég myndi alveg segja að það væri töluverður munur að spila í deildinni heima og norsku og þýsku deildinni. Enda er það fullkomlega eðlilegt þegar úti er atvinnumannumhverfi á meðan hér heima eru allir í vinnu og/eða skóla. Deildirnar úti eru jafnari þar sem maður er allar vikur í erfiðum leikjum. Að koma heim og spila er þess vegna góð leið til að trappa sig niður áður en maður leggur skóna á hilluna,“ segir Hildigunnur en hún hefur ekki tekið ákvörðun um hvenær það gerist og er ekki farin að hugsa til næsta tímabils að eigin sögn.

Hvernig finnst þér staðið að starfi yngri kvennaflokka í handbolta hjá Val? „Miðað við efniviðinn sem er að koma upp úr þriðja flokki myndi ég segja að framtíðin sé mjög björt á Hlíðarenda og það verður gaman að fylgjast með þessum stelpum eftir nokkur ár. Valur er með frábært yngri flokka starf sem hefur verið að skila sér vel inn í meistaraflokkana.“

Hvaða skilaboð ert þú með til yngri iðkenda í íþróttum hjá Val og almennt? „Vera óhrædd við að gera mistök, detta og standa upp aftur. Árangur er eitthvað sem kemur eftir mikla vinnu og þrautseigju. Aukaæfingin skapar meistaran. Árangur felst líka í því að þjálfar hugann jafn mikið og þjálfar þarf líkamann og því finnst mér að íþróttasálfræðingar eigi að vera meira notaðir en þeir eru. Rétt stillt hugarfar kemur þér lengra en maður myndi nokkurn tímann gruna,“ segir Hildigunnur sem á enginn börn en frænka hennar Arna Sif Jónsdóttir spilar hand-

bolta með Val í 4. flokki og æfir líka með 3. flokki og kemur stundum inn á meistaraflokksæfingar. Síðan er frændi hennar Tryggvi Garðar Jónsson uppalinn Valsari en leikur nú með Fram. Hún segist einnig fylgjast með frænkum sínum sem leika með Víkingi, Álftanesi og Stjörnunni. Greinilega mikil íþróttafjölskylda.

Hvernig kom það til að þú valdir að starfa í lögreglunni? Hvernig er að samræma þátttöku í íþróttum við lögreglustarfið? „Ég hef alltaf ætlað í lögregluna. Það var planið frá því ég var barn og mér dettur ekkert annað starf í hug sem mig hefur langað að vinna við. Það hefur gengið alveg þokkalega að þúsla þessu saman. Ég er með skilning fyrir vaktavinnu hjá Gústa og vinnan hefur sýnt mér mikinn skilning og stuðning. Án þess gengi þetta ekki upp. Erfiðast við þetta eru næturvaktirnar og að rífa sig upp fyrir æfingar eða leiki en eins og allt annað venst þetta. Ég hef nokkrum sinnum keppt eftir næturvakt eftir þriggja til fjögurra tíma í svefn, mæli ekki með því en þar kemur líka hugarfarið inn og eins og Gústi segir: „Rífa sig bara í gang,“ segir Hildigunnur og tekur jafnframt fram að lokum að það séu forréttindi að fá að vinna við draumastarfið sitt og geta einnig sinnt íþróttum.

Valsblaðið þakkar Hildigunni fyrir viðtalið en hún hefur lagt mikið á sig til að stunda handbolta á hæsta stigi í atvinnu-mennsku. Valur fékk að njóta krafta hennar í upphafi ferilsins og síðan aftur nú, í lok hans, með gríðarlega sigursælum hópi en þegar þetta er skrifað hefur liðið unnið alla handboltaleiki í rúmlega eitt ár, samtals 38 leiki, bæði í deild og bikar og í Evrópu-keppni. Einstakt afrek og þær eru ekki hættar.



Hildigunnur fagnar Íslandsmeistaratiðli í handbolta vorið 2024 með liðsfélögum sínum í Val.



Lið 1. Efri röð frá vinstri: Sturla Ármannsson hjálfari, Loki Kristjánsson, Sævar Z. Birkisson, Stefan Tufegdžic, Ægir Hjaltason, Pétur Eiríksson, Haraldur Elí Sigurðsson og Viktor Unnar Illugason hjálfari. Neðri röð frá vinstri: Viktor Tumi Helgason, Ernir Heiðarsson, Oliver Breki Arnarson, Jón Pétur Wissler, Oskar Gautason, Tjörvi Franklin Bjarkason, Ari Dan Hallgrímsson. Liggjandi er Jóhann Patrik Þuríðarson.



Lið 2: Efri röð frá vinstri: Sturla Ármannsson hjálfari, Loki Þórsson, Hafþór Sigurkarlsson, Stefán A. Úlfarsson, Sölvi Þrándarson, Leon Bjartur Sólar Arngrímsson, Patrik Bjarni Valgarðsson, Agape Izekor og Viktor Unnar Illugason hjálfari. Neðri röð frá vinstri: Jónas B. Halldórsson, Magnús Hallgrímsson, Marteinn Bárðarson, Ásgrímur Guðmundsson, Atlas Rúnarsson, Orri Hallfríðar-Þórisson og Gunnar Einarsson Kvaran.

Tár, bros og takkaskór sköpuðu fullt af minningum á Gothia Cup

Valsarar í 4. flokki karla ferðuðust til Kaupmannahafnar sunnudaginn 14. júlí, þaðan til Gautaborgar með rútu. Ferðalagið gaf strákunum góðan tíma til að kynnast og fara yfir markmiðin sín fyrir mót og stefndu þeir á að komast sem lengst í keppninni. Þegar komið var í skólann í Vallhamra, úthverfi í Gautaborg, var strax farið að skoða sig um og koma sér fyrir enda löng vika framundan.

Valur mætti með tvö lið í U-14 keppnina og mörg önnur íslensk lið mættu til leiks. Aðeins var spilaður einn leikur á dag á lið fyrstu þrjá dagana, í yfir fjóru-tíu, 4-5 liða riðlum. Valur 1 og 2 spiluðu góða leiki í jöfnum riðlum fyrstu þrjá dagana bæði lið enduðu í neðri hlutanum og fóru í svokallaða B-keppni í U-14. Margt skemmtilegt var gert á milli leikja, farið var á opunarhátiðina á Ullevi vellinum í Gautaborg, hið sögufræga Liseberg tívolí og kíkt í mollið góða. Mikil rigning setti svip sinn á mótið sem þýddi að margir grasvellir voru óleikhæfir og færðust því leikir til hjá okkar strákum. Á fimmtudeginum spilaði Valur 2 gegn Concordia frá Þýskalandi og lauk leiknum með jafntefli og því var farið í vító. Þjóðverjar unnu að lokum 4-2 og því sátu Valsstrákarnir eftir með sárt ennið og dottnir úr keppni.

Spennandi útsláttarkeppni

Valur 1 mætti KR í 64-liða úrslitum og unnu 4-0 og í 32-liða úrslitum mætti

Valur 1 sænska liðinu Ekshagens IF og vann 5-0 sigur. Það þýddi að þeir voru komnir í 16-liða úrslit. Valur 1 þurfti því að vakna eldsnemma á föstudeginum og spila gegn Mantorps FF og vannst sá leikur frekar auðveldlega 9-0. Þá voru Valsarar aldeilis gíraðir og mættu gamla liðinu hans Túfa í hádeginu á föstudeginum, Skövde, (sem Stefan Tufegdžic spilaði með ári áður). Það var aldeilis spennandi leikur sem lauk með sigri Vals í vítakeppni, 3-2 eða 5-4 samanlagt. Þá voru Valsarar komnir í aukaleik til að komast í undanúrslit sem var til þess að þriðji leikurinn á þessum langa föstudegi var um kvöldið á móti FC Trelleborg. Þvílíkir orkuboltar sem strákarnir eru og unnu þeir leikinn 5-0 og því komnir í undanúrslit gegn Þrótti 1. Leikurinn við Þrótt byrjaði á laugardagsmorgni kl. 8 og var hörkuspennandi en Þróttarar voru með Val í sama riðli á Íslandsmótinu og því mikil rimma framundan. Hins vegar töpuðu Valsarar 0-2 og urðu af því að spila til úrslita á mótinu.

Afslöppun og heimferð

Á meðan þessi leikur fór fram, þá fóru hinir strákarnir að heimsækja vinsælan baðstað í vatninu Kasjön í frábæru veðri þar sem stökkið var úr stökkpöllum og notið verunnar en eftir leik liðs 1, þá skutust þeir í tívolíð til að gleyma úrslitunum um morguninn og svo var bara strax farið í rútuferð til Kaupmanna-

hafnar þar sem flugið beið okkar eftir frá-bæra og viðburðaríka viku í Gautaborg, þar sem tár, bros og vel notaðir takkaskór sköpuðu fullt af minningum. Aðeins spiluðu 2010 og 2011 árgangar með liðum Vals og fengu strákarnir mikla reynslu, að spila á einu stærsta móti í heimi.

Þjálfarar Vals voru Viktor Unnar Illugason og Sturla Ármannsson.

Fararstjórar Vals voru Kolbrún Franklín, Hallgrímur Dan Daníelsson og Valgarður Finnbogason.

Keppendur í liði Vals voru:

Valur 1: Ari Dan Hallgrímsson, Ernir Heiðarsson, Haraldur Elí Sigurðsson, Jóhann Patrik Þuríðarson, Jón Pétur Wissler, Loki Kristjánsson, Óliver Breki Arnarson, Óskar Gautason Eggertsson, Pétur Eiríksson, Stefan Tufegdžic, Tjörvi Franklin Bjarkason, Viktor Tumi Helgason, Ægir Þór Hjaltason og Sævar Zakarías Birkisson.

Valur 2: Agape Isiagbon Izekor, Ásgrímur Guðmundsson, Atlas Rúnarsson, Gunnar Einarsson Kvaran, Hafþór Björn Sigurkarlsson, Jónas Baltasar Halldórsson, Leon Bjartur Sólar Arngrímsson, Loki Þórsson, Magnús Þór Hallgrímsson, Marteinn Elías Bárðarson, Orri Hallfríðar Þórisson, Patrik Bjarni Valgarðsson, Sölvi Þrándarson og Stefán Arnar Úlfarsson.

Höfundur greinar: Valgarður Finnbogason fararstjóri



KH karla 2024. Efri röð frá vinstri: Baldvin Orri Friðriksson, Kristinn Sigurðarson, Daniel Ölduson, Þórólfur Ragnarsson, Ingólfur Sigurðsson, Heimir Tjörvi Magnússon, Patrik Írisarson Santos, Kjartan Byrne og Luis Carlos Cabrera Solys. Neðri röð frá vinstri: Magnús Stormur Magnússon, Haflór Bjarki Guðmundsson, Sveinn Þorkell Jónsson (fyrirliði), Eyþór Örn Þorvaldsson, Bjarni Kristinsson, Bjarki Marínó Albertsson og Friðrik Óskar Reynisson. Á myndina vantar: Bele Almerovic, Birgi Ólaf Helgason, Breka Bjarnason (aðstoðarþjálfari), Edvard Dag, Elmar Frey Hauksson, Fannar Bergmann, Gest Danielsson, Hákon Erni Haraldsson, Hallgrím Dan Danielsson (þjálfari), Hauk Ásberg Hilmarrsson, Jón Örn Ingólfsson, Joshua Helber Catano, Kristófer André Kjeld Cardoso, Loka Rósinkranz, Magnús Óliver Axelsson, Sigfús Kjalar Árnason, Snorra Mía Friðriksson, Sturlu Armannsson og Þór Hinriksson (þjálfari).

Stefnan alltaf að fara upp um deild

Ársskýrsla KH karla 2024

Eftir langt og gott undirbúningstímabil hófst sumarið í apríl eins og alltaf, á leik í 1. umferð mjólkurbikarsins þar sem KH mætti Reyni Sandgerði á Hlíðarenda. Eins og síðustu ár fóru KH menn vel af stað í bikarnum með góðum 5-1 sigri á Sandgerðingum. Í 2. umferð mjólkurbikarsins var andstæðingurinn 1. deildarliðið Fjölnis sem kom í heimsókn á Hlíðarenda þar sem úr varð spennandi og flottur leikur og staðan 1-1 eftir venjulegan leiktíma. Í raun má segja að KH menn hafi verið með yfirhöndina seinni hluta leiksins og þá sérstaklega eftir jöfnunarmarkið frá Jón Erni og verið hreinlega mjög nálægt því að slá út lengjudeildarliðið. Framlegingu þurfti hins vegar og reyndust

Fjölnismenn sterkari þar, eftir að KH menn urðu fyrir því óláni að þurfa að leika einum færri þegar markmaður liðsins fékk að líta rauða spjaldið. Lauk því bikarævintýri þessa árs með 2-4 tapi gegn Fjölni.

Næsta mál á dagskrá var deildarkeppnin þar sem KH lék í 4. deild í sumar og má segja að sumarið hafi gengið svolítið upp og niður líkt og á síðasti ári. Að hálfu sumri liðnu var liðið hins vegar í 3. sæti deildarinnar. Því miður náði liðið ekki að fylgja því eftir og endaði KH í 5. sæti deildarinnar þrátt fyrir að hafa verið markahæsta lið deildarinnar með 50 mörk skorud í 18 leikjum ásamt Ýmismönnum sem enduðu í 2. sæti. Fullt af hlutum til að læra

af á tímabilinu fyrir liðið og stefnan alltaf sett á að fara upp um deild.

Annað tímabilið í röð var spilað í Fótbolta.net bikarnum sem er fyrir lið í 2., 3. og 4. deild karla. KH mættu Sindra í fyrstu umferð sem spila undir stjórn KH-ingsins (og Valsarans) Jóns Karlssonar. Leikurinn endaði með stórsigri KH 8-0 og áfram í aðra umferð keppinnar fór KH þar sem þeir mættu Tindastól á útivelli sem tapaðist því miður 2-1 og keppni liðsins í Fótbolta.net bikarnum lauk þar með.

Til gamans má geta að Sveinn Þorkell Jónsson fyrirliði liðsins varð í sumar fimmti leikmaðurinn til að spila yfir 100 leiki fyrir KH og óskum við honum til hamingju með það. Líklegt er þó að fleiri munu bætast við í þann flotta hóp næsta sumar.

KH Ultras fá stórt hrós fyrir að halda áfram að halda uppi góðri og skemmtilegri stemningu á leikjum liðsins yfir sumarið og var einnig gaman að sjá iðkendur úr yngri flokkum Vals mæta og styðja vel við liðið sem er jú mikið til samansett af uppöldum Völsurum.

Leikmaður ársins 2024 var Kristinn Sigurðarson.

Fyrir hönd KH, Sveinn Þorkell Jónsson og Hallgrímur Dan Danielsson.





KH kvenna 2024. Efri röð frá vinstri: Vilhjálmur Kári Haraldsson, Rihane Aajal, Ása Kristín Tryggvadóttir, Tera Viktorsdóttir, Ágústa María Valtýsdóttir, Hafðís María Einarsdóttir, Hulda Sigrún Orradóttir, Arna Ósk Arnarsdóttir, Ásdís Aþena Magnúsdóttir, Auður Ísold Hilmarsdóttir Kjerúlf og Magni Jóhannes Þrastarson. Neðri röð frá vinstri: Kolbrún Arna Káradóttir, Helga Nina Haraldsdóttir, Ísold Hallfríðar Þórisdóttir, Elinóra Ýr Kristjánsdóttir, Tinna Guðjónsdóttir, Steinunn Lind Hróarsdóttir og Diljá Ósk Magnúsdóttir. Á myndina vantar Auði Björgu Ármannsdóttur, Ásgerði Káradóttur, Embla Karen Bergmann Jónsdóttur, Fanneyju Rún Guðmundsdóttur, Fjólu Rúnarsdóttur, Laufeyju Höllu Sverrisdóttur, Milenu Kerstin Vanselow, Natalíu Sól Arnarsdóttur, Zizu Alomerovic og Ingólf Sigurðsson.

Þroskandi og skemmtilegt tímabil

Ársskýrsla KH kvenna 2024

Eins og flest öll tímabil hjá kvennaliði KH var nýliðið tímabil að mörgu leyti óvenjulegt og fullt af ýmis konar breytingum. Eyjamaðurinn Jón Óli Danielsson hóf tímabilið með okkur og fékk Ísfróinginn Magna Jóhannes Þrastarson til að vera sér innan handar. Í febrúar breyttust aðstæður þegar Jón Óli sneri aftur á sínar heimaslóðir til að taka við hlutverki yfirþjálfara yngri flokka og aðstoðarþjálfara meistaraflokks kvenna. Eysteinn Hauks-son Kjerúlf greip þá boltann og tók við liðinu á meðan leit að nýjum þjálfara stóð yfir. Hafði hann Magna Jóhannes áfram sér til aðstoðar. Loks fannst maður í starfið og ekki var þar leitað langt yfir skammt. Ingólfur Sigurðsson, knattspyrnuþjálfari og leikmaður karlaíðs KH, tók við hlutverki aðalþjálfara KH kvenna í apríl 2024, aðeins um tveimur vikum fyrir tímabilið. Seinna um sumarið bættist Vilhjálmur Kári Haraldsson í teymið og var hann með liðinu síðustu mánuðina. Leikmenn í hópnum voru á aldrinum 14–21 árs og spiluðu því margir leikmenn bæði með KH og U20. Tímabilið var því að vanda þéttskipað leikjum, en það er ekkert sem við erum ekki vanar.

Á Reykjavíkurmótinu tefldi U20 fram einu liði sem endaði í 3. sæti og KH tók

þátt í Lengjubikarnum og endaði þar í 4. sæti í C1-riðli. Þar voru Ágústa María Valtýsdóttir og Arna Ósk Arnarsdóttir markahæstar. Hápunktur undirbúnings-tímabilsins var samt óneitanlega æfingaferðin okkar en við skelltum okkur til Pinatar á Spáni fyrir páska. Í þeirri ferð var hópefli og samhristingur í fyrirrumi en við æfðum að jafnaði 1–2x á dag og héldum daglega liðsfundi og hópefli.

2. deildin er skemmtileg þar sem allt getur gerst. Baráttugleði, keppnisskap og trú lýsa hugarfari liðsins í ár en við höfnuðum 7. sæti fyrir úrslitakeppni og vorum í 2. sæti í B-úrslitunum. Alls fengu 23 ungir Valsarar að spreyta sig í leikjunum. Markahæst í liðinu var Ágústa María Valtýsdóttir með 10 mörk í 10 leikjum en hún kláraði þó ekki tímabilið með okkur heldur hélt hún til Eyja og spilaði fyrir ÍBV seinni hluta tímabilsins. Þrír leikmenn spiluðu sína fyrstu meistaraflokksleiki á tímabilinu en aðrir voru að fara inn í sitt þriðja eða fjórða tímabil með liðinu. Eins og venja er var hreyfing á leikmönnum á tímabilinu en við misstum bæði og græddum leikmenn. Leikmenn voru ýmist lánaðir yfir í önnur félög eða héldu á vit ævintýrana, í háskólaboltann í Bandaríkjunum. Þar eru fyrirliðinn

Embla Karen og markmaðurinn Natalía Ósk okkar fulltrúar. Við fengum til okkar stórskemmtilega markmenn, Þjóðverjann Milenu Vanselow og Elinóru Ýr og hinar frábæru Hulda Sigrún og Arna Ósk bættust einnig í hópinn. Fjórir leikmenn tóku þátt í landsliðsverkefnum, þær Ágústa María, Ísold Hallfríðar, Ása Kristín og Auður Björg, og stór hluti hópsins tók einnig þátt í meistaraflokksæfingum eða æfingaleikjum.

Lokahóf KH var haldið hátíðlegt og veittar voru viðurkenningar. Þær hlutu Ágústa María Valtýsdóttir sem var markahæst, Steinunn Lind Hróarsdóttir fyrir mestu framfarir, Ísold Hallfríðar Þórisdóttir var kjörin efnilegasti leikmaðurinn og Hafðís María Einarsdóttir sá besti. Á lokahófinu kvöddum við Ingó eftir stutt en gott samstarf og veittum honum þakklætisvott frá liðinu. Lokahófið var óneitanlega það best heppnaða hingað til. Það er óhætt að segja að tímabilið hafi verið þroskandi, lærdómsríkt og skemmtilegt og bættum við okkur ekki einungis sem fótboltakonur heldur einnig sem einstaklingar og lið. Við horfum björtum augum fram á við og hlökkum til næstu áskorana.

Fyrir hönd KH, Auður Kjerúlf.



Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu 2024. Aftasta röð frá vinstri: Pétur Pétursson hjálfari, Gisli Þór Einarsson markmannshjálfari, Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir, Anna Rakel Pétursdóttir, Helena Hálfánardóttir, Guðrún Elisabet Björgvinsdóttir, Nadía Atladóttir, Málfríður Erna Sigurðardóttir, Jasmin Erla Ingadóttir, María Hjaltalin liðsstjóri og Asgerður Stefania Baldursdóttir aðstoðarhjálfi. Miðröð frá vinstri: Haraldur Heimisson aðstoðarhjálfi, Jóhann Emil Eliasson styrktarhjálfi, Berglind Björg Þorvaldsdóttir, Berglind Rós Ágústsdóttir, Arna Sif Ásgrímsdóttir, Lillý Rut Hlynsdóttir, Anna Björk Kristjánsdóttir, Ragnheiður Þórunn Jónsdóttir, Natasha Mooraa Anasi, Guðrún Halla Guðnadóttir sjúkrahjálfi, Albert Hjaltalin nuddari og Jón Höskuldsson formaður kvennaráðs. Neðsta röð frá vinstri: Hailey Whitaker, Ísabella Sara Tryggvadóttir, Íris Dögg Gunnarsdóttir, Elísa Viðarsdóttir fyrirliði, Fanney Inga Birkisdóttir, Katherine Amanda Cousins og Fanndís Friðriksdóttir.

Sterkir árgangar á leið upp í meistaraflokkana

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar starfsárið 2024

Skipan stjórnar starfsárið 2024

E. Börkur Edvardsson formaður
Jón Höskuldsson formaður mfl.ráðs kvenna
Björn Steinar Jónsson formaður mfl. ráðs karla
Breki Logason fjölmiðlafulltrúi
Davor Purusic öryggisstjóri
Hugrún Gréta Sigurðardóttir meðstjórnandi
Leon Pétursson meðstjórnandi
Sigurður Kristinn Pálsson meðstjórnandi
Baldur Þórólfsson varafulltrúi
Bragi G. Bragason varafulltrúi
Hilmar Hilmarsson varafulltrúi



Viðurkenningar fyrir sjálfboðastörf fyrir knattspyrnudeildina. Frá vinstri: Þorsteinn Guðbjörnsson, Bragi G. Bragason, E. Börkur Edvardsson, Davor Purusic og Jón Höskuldsson.



Meistaraflokkur karla í knattspyrnu 2024. Efsta röð frá vinstri: Baldvin Orri Friðriksson leikgreinandi, Viktor Unnar Illugason aðstoðarþjálfari, Ólafur Karl Finsen, Hörður Ingi Gunnarsson, Patrik Pedersen, Aron Jóhannsson, Sigurður Egill Lárusson, Birkir Már Sævarsson, Albin Skoglund og Kjartan Sturluson markmannsþjálfari. Miðröð frá vinstri: Haukur Páll Sigurðsson aðstoðarþjálfari, Jóhann Emil Eliasson styrktarþjálfari, Lúkas Logi Heimisson, Tryggvi Hrafn Haraldsson, Jónatan Ingi Jónsson, Orri Hrafn Kjartansson, Kristinn Freyr Sigurðsson, Srdjan Tufja Tugegdzic, Örn Elingsson búningastjóri, Björn Steinar Jónasson varaformaður knattspyrnudeildar. Neðsta röð frá vinstri: Halldór Eypórssón búningastjóri, Gísli Laxdal Unnarsson, Jakob Franz Pálsson, Ögmundur Kristinsson, Stefán Þór Ágústsson, Hólmar Örn Eyjólfsson, Frederik Schram, Bjarni Mark Antonsson, Orri Sigurður Ómarsson og Einar Óli Þorvarðarson sjúkraþjálfari. Ljósmynd Hilmar Hilmarsson.

Starf stjórnar

Starf stjórnar var sem áður erilsamt og umfangsmikið enda miklar og stundum óraunhæfar kröfur gerðar til félagsins utan sem innan vallar. Velta knattspyrnudeildar er orðin eins og hjá meðalstóru fyrirtæki og ljóst að vanda þarf til verka og gæta aðhalds í rekstri. Í dag er fótboltinn á Íslandi orðin atvinnugrein rétt eins og í öðrum löndum. Sem dæmi var velta knattspyrnudeildar árið 2023 um 440 milljónir og eigið fé í lok árs 2023 tæpar 111 milljónir. Stjórn knattspyrnudeildar vinnur hörðum höndum alla daga að því að bæta alla umgjörð í kringum æfingar og leiki, bæta upplifun á leikdegi og bæta alla ferla sem lúta að rekstri.

Aðstaða og umgjörð hefur tekið stórfelldum breytingum á undanföllum árum og erum við stolt að hafa verið leiðandi í umgjörð í kringum meistaraflokkana og fyrir áhorfendur. Við höfum markað spörin í þeim málum sem önnur lið ýmist reyna eða dreymir um að feta í en samt er ljóst að öll aðstaða í dag, þ.e. knattspyrnuvellir, búningaástaða, skógeymslur, lyftingasalur og aðstaða fyrir þjálfara er sprungin enda hefur félagið stækkað hratt undanfarin ár.

Ein stærsta áskorun deildarinnar á komandi árum er að bæta aðstöðu fótboltans á Hlíðarenda en hún er farin að hefta framþróun knattspyrnunar hjá félaginu.

Í dag er einkar ánægjulegt að í langri sögu félagsins erum við með langstærstu árganga í fótboltnum sem sést hafa hjá okkur frá upphafi og eru miklar vonir bundar við að á komandi árum fáum við loks sterka árganga upp í meistaraflokka fótoltans.

Það verður seint talið eigingjarnt starf að sinna sjálfbóðaliðastarfi hjá félaginu enda miklar kröfur gerðar og starfið viðamikilið en eins og oft áður var erfitt að fá sjálfbóðaliða til að starfa og því reyndi enn eitt árið á þá góðu sjálfbóðaliða sem hafa staðið vaktina undanfarin áratug.

Ljóst er að margt þarf að breytast hjá félaginu svo að það dragist ekki aftur úr stærri fótboltafélögum hér á landi eins og reyndar hefur áður gerst í sögu Vals. Ráða þarf framkvæmdarstjóra, yfirmann knattspyrnumála og markaðs- og verkefnastjóra fótoltans til að sinna mjög umfangsmiklum og sífelldum stækkingum miklar kröfur eru gerðar og umhverfið er sífelldu breytast og alþjóðlegar kröfur hafa aukist til muna. Eins má geta þess að sífelldu erfiðara er að fá fólk til að sinna stjórnunarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar enda kröfur og væntingar miklar sem gerðar eru til þeirra sem sinna þessu frá degi til dags.

Hjá Val er fótboltinn langstærsta einstaka íþróttagreininn hvort sem er litið til fjölda íðkenda, veltu og/eða umfangs.

Það er hins vegar mjög fjárfrekt að halda úti öflugu afreksstarfi eins og Valur gerir í fótbolta, handbolta og körfubolta karla og kvenna og í raun er það einstakt að slíkt sé yfirhöfuð hægt.

Ljóst er öllum að knattspyrman hefur möguleika á umtalsverðum tekjum með því að komast í Evrópukeppni karla og kvenna á hverju ári, tekjur sem félagið allt nýtur góðs af. Fara þarf í viðamikla endurskoðun og samhliða endursemja stefnu félagsins sem gæti falist í að spila á fleiri uppöldum leikmönnum í handbolta og körfubolta og lækka þ.a.l. rekstrarkostnað til muna en jafnframt leggja enn meiri áherslu á uppgang fótoltans og tryggja honum árlega Evrópu-sæti því tekjurnar eins og Breiðablik og Víkingur hafa sýnt fram á eru gríðarlegar. Slíkar tekjur myndu nýtast félaginu öllu og hugsanlega í framhaldi gæti rekstur allra deilda og félagsins orðið sjálfbær.

Erfið en vel ígrönduð ákvörðun var tekin í byrjun ágúst sem var að segja aðalþjálfara meistaraflokks karla Arnari Grétarsyni upp störfum. Arnari Grétarsyni eru færðar þakkir fyrir sitt framlag og jafnframt óskum við honum velfarnaðar um ókomna framtíð. Srdjan Tufegdzcic var ráðinn í hans stað.

Lengjumeistarar 2024 meistaraflokkur kvenna

Stelpurnar enduðu í toppsæti síns riðils með 15 stig og markatöluna 19-3. Í úrslitakeppninni vann liðið Stjörnuna sannfærandi 4-0 og Breiðablik 2-1 og varð Lengjubikarmeistari.

Meistaraflokkur kvenna bikarmeistarar 2024

Stelpurnar sýndu glæsilega yfirburði og unnu alla leiki sína í Mjólkurbikarnum; Fram 8-0 í 16-liða úrslitunum, Grindavík 6-0 í 8-liða úrslitum, Þrótt 3-0 í undanúrslitunum og Breiðablik 2-1 í sjálfum úrslitaleiknum. Alls skoraði liðið því 19 mörk gegn einu marki. Valur er því ríkjandi bikarmeistari.

Besta deild kvenna

Valur hafði mikla yfirburði fram yfir flestöll lið í deildinni ár en Breiðablik var þó aldrei langt undan. Eftir umferðirnar 18 endaði liðið með 49 stig, einu stigi meira en Breiðablik sem var í öðru sæti og 19 stigum meira en Þór/KA sem endaði í þriðja sæti. Þá tók við úrslitakeppni efri hlutans þar sem Valur lék fimm leiki heima og að heiman. Fyrir síðustu umferðina hafði Valur einu stigi minna en Breiðablik en liðin mættust í lokaumferðinni og því var um hreinan úrslitaleik að ræða um titilinn. Breiðabliki dugði jafntefli en Valur varð að vinna til að tryggja sér titilinn fjórða árið í röð. Það gekk því miður ekki þar sem leikurinn endaði með markalausum jafntefli. Þannig að jafnteflið við Þrótt í fyrstu umferðinni reyndist dýrkeypt. Endaði liðið með 60 stig í 23 leikjum að meðtalinni úrslitakeppninni, einu stigi minna en Breiðablik. Skoraði

Valur 54 mark og fékk aðeins 18 mörk á sig.


Meistaradeild Evrópu hjá stelpunum

Meistaraflokkur kvenna tók þátt í undankeppni Meistaradeildar UEFA með tveimur leikjum í Hollandi. Liðið vann fyrri leikinn 10-0 á móti Ljuboten frá Norður Makedóníu, en tapaði úrslitaleiknum fyrir Twente 5-0 en leikurinn fór fram á heimavelli Twente. Aðalþjálfari liðsins var sem fyrr Pétur Pétursson. Aðstoðarmenn hans voru Ásgerður Stefania Baldursdóttir og Hallgrímur Heimisson. Markmannsþjálfari var Gísli Þór Einarsson, nuddari liðsins var Alfreð Hjaltalín, sjúkraþjálfari var Guðrún Halla Guðnadóttir og Jóhann Emil Eliasson styrktarþjálfari. Liðsstjóri var María Hjaltalín.

Hinn sigursæli þjálfari, Pétur Pétursson, lætur nú af stöfum eftir að hafa verið aðalþjálfari mfl. kvenna frá 2018. Á þeim sex árum vann Valur undir hans stjórn fjóra Íslandsmeistaratitla (2019, 2021, 2022 og 2023) og tvo bikartitla (2022 og 2024), auk Reykjavíkurmestaratitla og Lengjubikars. Adda Baldursdóttir aðstoðarþjálfari, Hallgrímur Heimisson aðstoðarþjálfari og Gísli Þór Einarsson markmannsþjálfari láta einnig af stöfum. Eru þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir sitt góða starf og ljóst að þeirra skarð verður vandfyllt. Árangur Vals undir stjórn Péturs og Öddu er eftirtektarverður og einstakur í sögu félagsins.

Lengjubikar karla

Strákarnir komumst í fjögurra liða úrslit en töpuðu í vítaspyrnukeppni á móti ÍA eftir að leik lauk með 1-1 jafntefli.



Birkir Már Sævarsson lagði skóna á hilluna eftir afar farælan knattspyrnuferil með 367 meistaraflokksleiki með Val og 103 A landsleiki.

Mjólkurbikar karla

Ágætis gengi var á okkar strákum í þessari keppni og í raun allir vegir færir til að komast í sjálfan úrslitaleikinn en því miður kom slæmt tap í undanúrslitum fyrir norðan í leik á móti KA sem tapaðist 3-2 og því ljóst að okkar þátttöku þetta árið var lokið.

Besta deildin

Liðið endaði í 3. sæti þetta árið og því mikilvægt Evrópusæti tryggt 2025. Ágætis gengi var á liðinu framan af og miklar væntingar voru gerðar að vinna sjálft Íslandsmótið en því miður vantaði talsvert upp á burði liðsins til að fylgja ríkjandi Íslandsmeisturum Breiðabliks og fráfarandi Íslandsmeisturum Víkings eftir. Ljóst er að liðið þarf að mæta mun betur undirbúið til leiks 2025, betur þjálfað, með öflugri liðsheild, meiri gleði og hungrið þarf að vera til staðar til að vinna deildina.

Evrópa

Í fyrstu umferð lentum við á móti öflugum liði Vllaznia frá Albaníu sem hefur verið



Frá fjölmönnum haustfundi knattspyrnudeildar 2024.



Sjálfbóðaliðarnir óþreytandi Svanur Gestsson og Leifur Benediktsson.

tiður þátttakandi í Evrópumótum undanfarin ár. Fyrri leikurinn endaði 2-2 og ljóst að síðari leikurinn sem fór fram á heimavelli Vllaznia yrði gríðarlega erfiður. En strákarnir sýndu sinn besta leik og unnu sannfærandi 0-4.

Næsti andstæðingur Vals var úrvalsdeildarlið St.Mirren frá Glasgow og endaði fyrri leikurinn 0-0 þar sem við vorum einkar óheppnir að skora ekki. Í síðari leiknum sáum við vart til sólar og tapaðist leikurinn nokkuð illa 4-1 og við vorum talsvert frá okkar besta í þessum leik.

Þjálfarateymið

Aðalþjálfari liðsins var Arnar Grétarsson og síðar um sumarið tók SrdjanTufegdzic við. Aðstoðarmenn þeirra voru þeir Haukur Páll Sigurðsson og Viktor Unnar Illugason. Markmannsþjálfari var Kjartan Sturluson, sjúkraþjálfari var Einar Óli Þorvarðarson og Jóhann Emil Eliasson styrktarþjálfari. Liðsstjórar voru þeir Halldór Eypórsson og Örn Erlingsson. Eru þeim öllum færðar þakkir fyrir störf sín og framlag.

Stjórnin, breytingar

Ljóst er að formaður deildarinnar til langs tíma E.Börkur Edvardsson hefur látið af störfum eftir farsæl 21 ár ýmist sem formaður, stjórnarmaður knattspyrnudeildar eða varaformaður félagsins. Í hans stjórnartíð hafa unnið 23 stórir titlar, 14



Hallgrímur Heimisson yfirþjálfari yngri flokka í knattspyrnu.

Íslandsmeistaratitlar og 9 bikarameistaratitlar. Ef „minni“ mót eru talin með eru titlarnir yfir 70 talsins. Það má færa fyrir því rök að með þessum árangri sé hann líklegast sigursælasti formaður í sögu fótboltans hér á landi.

Einnig lætur Jón Höskuldsson af störfum, eftir áratuga starf. Hann er fyrrum formaður barna- og unglíngaráðs, varaformaður og formaður deildarinnar og síðar formaður meistaraflokks kvenna en hann hefur á síðustu árum borið hitann og þungann af uppgangi kvennafótboltans. Einnig láta þeir Davor Purusic sem hefur gegnt ýmsum störfum innan deildarinnar undanfarin ár, Bragi G. Bragason fyrrum fjármálastjóri félagsins og afreksstjóri fótboltans og stjórnarmaður knattspyrnudeildar til áratuga, Sigurður K. Pálsson, stjórnarmaður, afreksstjóri, verkefnastjóri og síðar framkvæmdarstóri Vals og Þorsteinn Guðbjörnsson sem gegnt hefur ýmsum störfum fyrir félagið allir af störfum. Þessum einstaklingum eru færðar miklar þakkir fyrir ómetanleg störf í þágu knattspyrnudeildar undanfarna áratugi.



Srdjan Tufegdzic aðalþjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu.

Þakkir

Stjórn knattspyrnudeilar þakkar öllum þeim einstöku sjálfbóðaliðum sem lagt hafa sitt af mörkum við að halda úti viðamiklu starfi fyrir framlag sitt. Edvard Skúlason, Skúli Edvardsson, Óthar Edvardsson, Guðlaugur Ottesen Karlsson, Svanur Marteinn Gestsson, Leifur A. Benediktsson, Breki Bernharðsson fá sérstakar þakkir frá fráfarandi stjórn fyrir áratuga gjöfult samstarf.

Aðalstjórn, starfsmönnum félagsins, stjórnnum annarra deilda er þakkað fyrir samstarfið á árinu sem og starfs- og stjórnarfólki KSÍ.

Öllum samstarfsaðilum deildarinnar eru færðar þakkir fyrir öflugt samstarf á undanföllum árum.

Sérstakar þakkir fá þeir Grímur Sæmundsen og Helgi Magnússon fyrir störf sín, stuðning og hvatningu á undanföllum áratug.

Herði Gunnarssyni formanni Vals eru færðar þakkir fyrir gjöfult og ríkt samstarf.

*Valskveðja,
Stjórn knattspyrnudeildar Vals.*



Gylfi Sigurðsson umkringdur aðdáendum eftir heimaleik á Hlíðarenda. Ljós. Hilmar Hilmarsson.



Stelpur í 7. flokki með foreldrahópnum.

Yngri flokkar knattspyrnu

8. flokkur kvenna

Soffía Ámundadóttir þjálfari og Sunna, Helga og Hekla aðstoðarþjálfarar.

Í flokknum voru 45 stelpur. Flestir leikmenn voru duglegir að mæta á æfingar og yfir sumartímann fóru sumir þeirra líka í knattspyrnskóla Vals. Það er fátt skemmtilegra en að þjálfra þessi litlu krútt. Að æfa fótbolta og vera 3–5 ára er dugnaður. Gullskeið leikmanna er í kringum 8–10 ára aldur og eru þessir leikmenn því með mikið forskot. Framfarir voru miklar og gleðin alltaf til staðar. Sannur Valsandi réð alltaf ríkjum. Helstu markmið flokksins voru að hafa gaman og gleðjast. Við erum að kynna Hlíðarenda, boltanum og læra að verða Valsari sem tókst mjög vel og stelpurnar farnar að þekkja Valslögin og umhverfi sitt. Við gerðum margt saman félagslega, s.s. sund, páskabingó, pylsupartý, jóla-

æfing og jólastund þar sem Þorgrímur Þráinsson kom og las upp úr bók sinni, pizzupartý, bangsaæfing, öskudagsæfing, búningaæfing, Halloween æfing og blöðruæfing. Meistaraflokksleikmenn kirtu í heimsókn til okkar á tímabilinu. Við tókum þátt í fjórum mótum á þessu tímabili: Krónumóti HK, Cheerios móti Víkings, Síamóti Breiðabliks og Hamingjumóti í Víkinni.

7. flokkur kvenna

Rafn Haraldur Rafnsson þjálfari og Ásdís Aþena Magnúsdóttir, Hannes Bjartmar Jónsson, Rihane Aajal og Þórólfur Ragnarsson aðstoðarþjálfarar.

Árið var skemmtilegt og viðburðaríkt hjá sjöunda flokki kvenna í fótbolta. Rúmlega 40 stelpur æfðu með flokknum og var farið á átta mót. Síamótið stóð þar upp úr að vanda þar sem Valur sendi fimm lið til leiks sem stóðu sig öll með mikilli þrýði. Alls konar félagslegir við-

burðir áttu sér stað hjá flokknum. Farið var í sund, foreldrar fengu að prófa æfingu, bangsar kirtu með stelpunum á eina æfingu, þær fengu að leiða leikmenn meistaraflokks inn á völlinn, haldin var jólastund og góðir gestir komu í heimsókn. Stelpurnar í flokknum æfa sig markvisst í fótbolta. Á þessum aldri læra þær knattspyrnureglurnar og ýmis konar leikfræði, svo sem leikstöður og uppstillingar. Þær læra að leika saman í hópi auk þess sem mikil áhersla er lögð á grunn-tækni. Markmið flokksins er að búa til jákvæðan farveg fyrir stelpurnar til að blómstra og eflast sem einstaklingar, auka áhuga á fótbolta, búa til Valsara og að læra undirstöðuatriðin í fótbolta. Mikil áhersla er lögð á að læra góð gildi.

6. flokkur kvenna

Hallgrímur Heimisson þjálfari.

Ótrúlega skemmtilegt og gefandi ár. Stelpurnar í þessum flokki er einstakur hópur. Það sem einkennir hann er vinnu-semi, gleði og samstaða, og áhugasemi. Stelpurnar byrjuðu árið á að fara í æfingaferð til Vestmannaeyja. Þær fóru þar að spranga, í sund, í pizzu-party og kepptu á æfingamóti við ÍBV. Þær fóru á undirbúningstímabilinu í nokkur Öskjuhlíðarútiþlaup og æfðu sig mikið aukalega til þess að vera tilbúnar fyrir sumarið. Þær kepptu á tíu mótum yfir árið. Farið var á Síamótið, ÓB mótið á Sauðárkróki, Weetos mótið, TM mótið í Garðabæ og fleiri. Þær stóðu sig mjög vel og munu einungis verða betri. Það sem þjálfara flokksins þótti það besta við tímabilið, var hversu mikil fjölgun var í hópnum. Markmið númer eitt var að búa til áhuga og að stelpum þyki skemmtilegt á æfingum.



Hressar stelpur í 8. flokki kvenna.

5. flokkur kvenna

Arna Sif Arngrímsdóttir og Theódór Sveinjónsson þjálfarar.

Stelpurnar áttu mjög gott tímabil í ár. Flokkurinn tók þátt í sex mótum á árinu, oft með þrjú eða fjögur lið: Gleðistjörnumóti Fylkis, Reykjavíkurmótinu, Geosilica mótinu, TM mótinu í Eyjum, Síma mótinu og Íslandsmóti. Til að gera langa sögu stutta stóðu stelpurnar sig frábærliga. Stelpurnar tóku miklum framförum og voru félaginu til sóma, hvar sem þær komu. Þjálfararnir eru stoltastir af því hversu frábær liðsheild skapaðist hjá flokknum í sumar. Markmiðin okkar á öllum mótum ársins voru að njóta þess að spila fótbolta, vera besta útgáfan af okkur sjálfum og að við værum eitt lið – Valur. Enginn er stærri en liðið og við styðjum hverja aðra og stöndum saman. Stelpurnar eiga mikið hrós skilið fyrir þeirra framlag í ár og það sama má segja um foreldrahópinn sem stóð sig einnig frábærliga.



Íslandsmeistarar 5. flokks kvenna fótbolta eftir 4-1 sigur á Stjörnunni í úrslitaleik á Hlíðarenda. Nikola Kostek skoraði tvö mörk en tvö fyrstu mörkin skoruðu þær Elsa Karen Snorradóttir og Freyja Kjartansdóttir eftir að Stjarnan komst í 1-0 í upphafi leiks. Íslandsmeistararnir eru: Fanndís Hera Finnsdóttir, Guðrún Dís Fjalarsdóttir, Bryndís Esja Arnarsdóttir, Mia Alexandra Friðriksdóttir, Ásthildur Freyja Ívarsdóttir, Ylfa Margrét Fjalarsdóttir, Freyja Kjartansdóttir, Elsa Karen Snorradóttir, Nikola Kostek, Thelma Briet Ingimundardóttir og Matthildur Rína Hermannsdóttir. Þjálfarateymi liðsins skipa Arna Sif Ásgrímsdóttir (erlendis með meistaraflokki), Theódór Sveinjónsson, Auður Ísold Hilmarsdóttir Kjerúlf og Ásdís Aþena Magnúsdóttir.

4. flokkur kvenna

Theódór Sveinjónsson og Auður Kjerúlf þjálfarar.

Við förum inn í tímabilið með fámennan hóp en í lok tímabilsins voru stelpurnar orðnar 28 í flokknum. Við byrjuðum á því að vinna úr því sem við höfðum í höndunum og vorum mikið að vinna í grunninum hjá leikmönnum fyrir áramót. Eftir áramót förum við í flóknari æfingar með þær og unnum mikið í liðsamvinnu stelpnanna. Allt tímabilið vorum við að vinna í andlega hlutanum hjá stelpunum.

Reykjavíkurmótið gekk bara ágætlega hjá liði A. Við lékum sjö leiki, unnum þrjá, gerðum tvö jafntefli og töpuðum tveim leikjum. Liði C gekk aðeins betur en þær urðu Reykjavíkormeistarar. Þær léku sjö leiki, unnu sex og gerðu aðeins eitt jafntefli. Það má líka þakka 5. fl.kv fyrir hjálpina því þær gerðu okkur kleift að halda þessu liði úti. Án þeirra hefði það ekki verið hægt, takk kærlega. Skráðum A- og C-lið á Íslandsmót. Lið 1 spilaði í B-riðli því að árið á undan vann 4. fl.kv sér rétt að spila þar, eftir góða frammistöðu í C-riðli. Við spiluðum 14 leiki, unnum sjö leiki, gerðum þrjú jafntefli og töpuðum fjórum leikjum. Með þessari frammistöðu urðum við í 2. sæti og unnum okkur rétt til þess að fara í umspilsleik við Stjörnuna 2 um það að komast í undanúrslitaleik um að komast í úrslitaleik um Íslandsmeistaratitil A-liða í 4. fl.kv. Töpuðum þeim leik mjög naum-



Íslandsmeistarar 5. flokks kvenna fagna titlinum á Hlíðarenda.



4. flokkur kvenna í knattspyrnu A-lið 2024. Efri röð frá vinstri: Theódór Sveinjónsson þjálfari, Móeiður Dagsdóttir, Anna Margrét Jónsdóttir Kjeld, Þórunn Birna Klemensdóttir, Sigríður Ragna Kjartansdóttir, Vera Larsdóttir, Embla Einarsdóttir, Nina Birkisdóttir, Hildur Högnadóttir (F), Raket Hirlekar og Auður Ísold Hilmarsdóttir Kjerúlf aðstoðarþjálfari. Neðri röð frá vinstri: Jerly Estefania Catano, Sveinbjörg Lára Viggósdóttir, Lilja Þórisdóttir Hraundal (M), Vigdís Magnúsdóttir (M), Alexandra Eva Gunnarsdóttir og Lisa Ingólfsdóttir.



4. flokkur kvenna í knattspyrnu 2024. Efri röð frá vinstri: Anita Kristel Fjeldsted, Rakel Hirlekar, Rahaf Aloudah, Embla Einarsdóttir, Ylfa Katrín Gústavsdóttir, Bryndís Esja Arnarsdóttir, Kamilla Jóhannsdóttir, Mía Alexandra Friðriksdóttir og Elsa Karen Snorradóttir. Neðri röð frá vinstri: Thelma Briet Ingimundardóttir, Lilian Adaeze Alves, Auður Ísold Hilmarsdóttir Kjerúlf aðstoðarþjálfari, Alexandra Eva Gunnarsdóttir, Vigdís Magnúsdóttir (M), Matthildur Rína Hermannsdóttir, Ylfa Margrét Fjalarsdóttir og Guðrún Dis Fjalarsdóttir.

lega 2-1 sem var mjög tvísýnn leikur. Lið 2 spilaði 14 leiki, vann sjö, gerði eitt jafntefli og tapaði sex leikjum. Flokkurinn fór líka á Rey Cup með tvö lið og komst lið 1 í 8-liða úrslit og lið 2 vann sína keppni en umfram allt þá skemmtu stelpurnar sér konunglega og voru flottar innan vallar sem utan.

Fórum í eftirminnilega ferð í byrjun Íslandsmótsins en við áttum að spila við ÍBV í Vestmannaeyjum. Ferðin var skipulögð út í ystu áesar og ákváðum við að fara daginn áður. Allt var skipulagt, Herjólfur, gisting og matur. Við höfðum góðan tíma og lögðum af stað frá Hlíðarenda

„úbbbs“, það urðu tvö slys í umferðinni á leiðinni út úr bænum og það tók okkur 90 mín að komast frá Hlíðarenda að Rauðavatni sem gerði það að verkum að við misstum af bátnum. Nú voru góð ráð dýr og stoppuðum við á Hvolsvelli við skólann þar. Stelpurnar skelltu sér í fótbolta á sparkvellinginum þar og var farið í „Stinger“ þar líka. Ég var búinn að búa til „Pastasalat A la Teddi“ sem við ætluðum að gefa þeim, þar sem við áttum að gista en við ákváðum að gefa þeim pastasalat úr skottinu þarna líka. Allt tókst vel og skemmtu stelpurnar sér konunglega og var mikið hlegið.

3. flokkur kvenna

Magni Jóhannes Þrastarson þjálfari.

Tímabilið var lærdómsríkt og skemmtilegt. Markmið í upphaf tímabilsins var að mynda góða heild úr fámennum flokki og bæta þær sem lið og einstaklinga í fótbolta með sterka liðsheild og samheldni. Einnig var áhersla lögð á góðan æfingakultúr hjá stelpunum. Allt var þetta gert til að efla frammistöðu þeirra á vellinum og búa til betri félagsmenn fyrir vikið. Markmiðið var að hafa æfingar krefjandi og skemmtilegar. Í litlum flokkum er oft erfitt að hafa góðar æfingar en þessar stelpur sýndu gífurlegan metnað og mættu mjög vel á æfingar og lögðu sig alltaf vel fram. Á æfingum var lögð áhersla á að bæta einstaklingstækni og gera þær að betur spilandi liði og tóku allar stelpurnar gífurlegum framförum yfir tímabilið. Það urðu nokkrar breytingar á þjálfarateymisinu en það hafði engin áhrif á frammistöðu né metnað sem sýndi sterkan karakter hópsins. Við æfðum mikið yfir tímabilið sama hvernig viðraði og alltaf mættu stelpurnar tilbúnar til að takast á við verkefni dagsins.

Íslandsmótið var krefjandi en lærdómsríkt. Við byrjuðum í hæsta styrkleika með meginhluta flokksins á yngra ári. Úrslitin voru oft erfið en ekki var hægt að setja út á framlag stelpnanna og tókust þær á við verkefni sem efltu keppnisskapið og kenndi þeim að vinna úr alls konar tilfinningum tengdum boltanum. Eftir fyrstu lotu fengum við verkefni sem var meira við hæfi og varð miklu meiri samkeppni í leikjum og sóttum við nokkur góð úrslit. Hápunktur sumarsins var klárlega Rey Cup þar sem stelpurnar voru í B-liða keppni og voru félaginu til sóma. Þær spiluðu glæsilegan fótbolta og var liðsheildin frábær og náðu þær alla leið í





Strákar í 7. flokki á Norðurálmótinu á Akranesi.

undanúrslit þar sem þær því miður töpuðu í vítaspyrnukeppni í æsispennandi og dramatískum leik. En stelpurnar náðu að draga hópinn vel saman og unnu þær bronsleikinn í hörkuleik í mjög erfiðum aðstæðum. Stelpurnar fóru í nokkrar ferðir yfir sumarið. Við kepptum á Íslandsmótinu í Vestmanneyjum, Sauðárkróki og Dalvík. Allt voru þetta mjög skemmtilegar ferðir sem myndaði enn betri liðsheild innan hópsins. Allar þessar ferðir voru dagsferðir þannig að stelpurnar voru mikið saman í löngum mjög krefjandi ferðum en alltaf ótrúlega skemmtilegt. Það eru forréttindi að fá að vinna náðið með þessum æðislega hópi. Aðaláherslan í gegnum þetta allt var að verða betri í fótbolta og elska leikinn og allt sem honum tengist sama hversu erfitt eða skemmtilegt það er, langar dagsferðir, sprettir á æfingum, taktikfundir og klefastemningin ef fátt má nefna og má segja að stelpurnar hafi svo sannarlega lifað sig inn í fótboltakúltúrinn þetta tímabilið og get ég ekki beðið eftir næsta tímabili. Takk fyrir árið og „Áfram, Hærra!“

8. flokkur karla

Hannes Bjartmar Jónsson þjálfari og Alexander Young, Benjamín Benjamínsson, Gunnar Árni Guðmundsson, Iðunn Gróa Sighvatsdóttir, Mikael Eiríksson, Sölvi Högnason og Þórólfur Ragnarsson aðstoðarþjálfarar.

Í flokknum voru 55 iðkendur og lögd var áhersla á mikla gleði og að iðkendur fengju allir góða tilfinningu fyrir boltanum. Á æfingum var hópnum skipt upp í þrjá til fjóra smærri hópa í stöðvafjálfunum með mismunandi æfingum á hverri stöð. Á stöðvunum voru ákveðnar áherslur,



Valgarður Finnbogason þjálfari með nokkrum strákum í 7. flokki.

eins og t.d. tæknistöð, leikjastöð, þrautabraut eða spilstöð. Um vorið færðust æfingar flokksins út á grasið, við hlið aðalvallar Vals. Mikil gleði var meðal iðkenda að komast út og fá allt þetta pláss til að hlaupa um. Áfram hélt stöðvafjálfunin og við bættust fjögur fótboltamót sumarsins, öll utandyra. Fyrst var það TM-mót Stjórnunnar í lok apríl, þar sem margir voru að upplifa sitt fyrsta mót og jafnvel sinn fyrsta fótbolta utandyra því þarna var flokkurinn enn að æfa innandyra. Mánuði síðar var komið að vormóti Þróttar í Laugardalnum. Fyrir suma var svo hápunktur sumarsins að fara alla leið upp á Akranes til að taka þátt í Norðurálmótinu í lok júní, áður en flokkurinn fór í stutt sumarfrí. Tímabilið endaði frá bæraru Hamingjumóti Vikings í lok ágúst, þar

sem iðkendur luku sumrinu á viðeigandi hátt, með bros á vör og fullir af áhuga og tilhlökkun fyrir áframhaldandi æfingum, fótboltamótum og vinskáp.

7. flokkur karla

Valgarður Finnbogason þjálfari.

Markmiðið var að hafa ánægjulegar æfingar, þar sem allir eru jafn mikilvægir, óháð getu. Auka áhuga á íþróttinni og umgjörð, auka skilning og þekkingu á leiknum, samheldni og jákvæðni. Læra að vera á æfingu, vera félagi og liða vel á Hlíðarenda. Þegar þjálfarar, ásamt frábærum foreldrum, vinna saman með hæfileikaríkum krökkum og góðu skipulagi, þá gerast ótrúlegir hlutir. Einkenni hópsins voru virðing, að hafa gaman og vilji til að læra á æfingum þar sem fram-

Strákar í 7. flokki á Norðurálmótinu á Akranesi.



farir sáust augljóslega á fótoltamótunum.

Við sýndum strákunum Valsheimilið, kynntum starfsmenn Vals (Dóri/Sjonni/Risto/Halli Dan) og skoðuðum. Jóláhitt-ingur með foreldrum, með piparkökum og heitu kakói. Yfir sumarið voru strákarnir fengnir til að leiða inn á leiki hjá meistaraflokki karla. Ánægjulegt að sjá strákana vaxa og dafna, sjá þá læra af mistökum og kynnast framtíð Vals. Þátt-taka í mótum var hápunkturinn, eftir að hafa verið duglegir að mæta á allar þessar köldu æfingar, eftir erfiðan vetur. Eldra árið fór á Norðurálmótið á Akranesi, þar sem Valur mætti meðal annars liði frá Grænlandi og yngra árið fór á Selfoss-mótið sem var alger hápunktur sumarsins.

Eftir að hafa þjálfað ógrynni af árgöngum síðastliðin fjögur ár, þá hef ég stigið til hliðar sem aðalþjálfari flokksins og ber fremst í huga þakklæti til iðkenda og foreldra fyrir traustið, ásamt frábærum aðstoðarþjálfurum undanfarin ár. En ég er ekki stiginn í burt, heldur tekur við spennandi ábyrgð eftir að hafa verið kosinn formaður stjórnar barna- og unglings-sviðs knattspyrnudeildar Vals. Ég hvet foreldra til að vera virk í foreldraráðum og kynna sér starfið, Fálkana og Valkyrjurnar í Val líka.

6. flokkur karla

Jóhann Páll Einarsson þjálfari.

Helstu markmið 6. flokks eru að allir drengir flokksins skemmti sér í fótbolta og að þeir taki framförum. Á æfingum er því gleðin í fyrirrúmi og mest áhersla lögð á að efla tæknilega getu og sjálfs-traust með boltann. Flokkurinn tók þátt í nokkrum dagsmótum yfir vetrartímann, meðal annars á nýju móti Keflvíkinga, Ljósoltamótinu, en þar var að hluta til keppt í myrkri. Að vanda standa þó stóru sumarmótin tvö upp úr, yngra árið hélt á Set Mót Seflyssinga en eldra árið á Orku-

mótið í Vestmannaeyjum. Til Eyja fóru fjögur Valslið sem öll stóðu sig með stakri þryði.

5. flokkur karla

Sturla Ármannsson þjálfari.

Tímabilið var árangursríkt og mjög skemmtilegt. Markmið okkar í upphafi þess voru að láta strákunum líða vel á æfingum og í leikjum, að hjálpa þeim að bæta sig innan vallar sem utan, byggja upp sterka liðsheild og samheldni innan flokksins og loks að ná árangri á velliinum með góðri frammistöðu og úrslitum. Við lögðum mikla áherslu á, að í upphafi hverrar æfingar skyldu allir hjálpast að, við að sækja æfingabúnað. Á æfingatíma hjálpuðumst við að, við að færa mörkin og í lok æfinga gengum við frá saman. Helst færi enginn fyrr en allur búnaður væri fundinn og kominn á sinn stað. Þetta töldum við afar mikilvægt til að skapa þá stemningu sem við vildum hafa innan flokksins. Þær æfingar sem við settum upp þurftu í senn að vera skemmtilegar, krefjandi og fjölbreyttar. Þær áttu að yta undir leikgleði og keppnisskap hjá iðkendum. Leikmenn og þjálfarar áttu að mæta tímanlega á allar æfingar, enda nauðsynlegt til að skapa metnaðarfullt umhverfi, þar sem allir gætu tekið eins miklum framförum og kostur væri. Sama hvernig viðraði, þá felldum við ekki niður æfingar, í allra versta falli settum við upp þrek- og styrktaræfingar í Valsheimilinu. Okkur þótti mikilvægt að bjóða reglulega upp á aukaæfingar og á frídögum vildum við helst vera a.m.k. með valfrjálssar æfingar. Utan hefðbundinna æfinga var lögð áhersla á að vera reglulega með félagslega viðburði. Flokkurinn fór t.a.m. reglulega saman á meistaraflokksleiki hjá Val, hvort sem var handbolti, körfubolti eða fótbotli. Einnig var oft farið á leiki hjá KH, þar sem þjálfaramir Stulli, Snorri og Daníel voru að spila, og gjarnan var boðið upp á pizzu fyrir leik. Strákarnir fóru síðan saman í lazertag, einnig voru haldnir liðsfundir sem enduðu jafnvel með kahoot-spurningakeppni, með verðlaunum. Okkur þótti mikilvægt að flokkurinn tæki þátt í sem flestum mótum og í byrjun tímabilsins snemma í október var farið á Fylkismótið í Árbæ þar sem margir spiluðu sína fyrstu leiki í 8 manna bolta. Fyrsta gistimótið var strax í nóvember á Goðamóti Þórs á Akureyri. Þar endaði A-liðið í úrslitaleik gegn KA en þurfti að setta sig við silfurverðlaun, þrátt fyrir frábæra frammistöðu. Reykja-

víkurmótið hófst jafnframt í nóvember og voru þar reglulega leikir þar til það kláraðist í lok apríl. Í millitíðinni fórum við á KFC-mót Njarðvíkur í Reykjanes-höllinni snemma á nýju ári, þar sem mörg af okkur liðum fengu bikar fyrir sigur í sinni keppni. Íslandsmótið hófst í maí og lékum við í A-deild gegn mörgum af bestu liðum landsins. Flestum Valsliðum gekk vel í sinni keppni en þó bar hæst árangur B-liðsins sem fór alla leið og spilaði æsispennandi úrslitaleik gegn Þrótti sem því miður tapaðist naumlega í þetta sinn. Hápunktur sumarsins var líklega þegar við fórum í annað sinn til Akureyrar á gistimót, nú á N1 mótið. Þar gekk mörgum liðum vel en tvö af okkur liðum fóru í undanúrslit, þ.e. A-liðið og F1-liðið. Bæði lið unnu til bronsverðlauna. Við ákváðum loks með fremur stuttum fyrirvara að ljúka sumrinu með því að fara á enn eitt mótið, Olísmótið á Selfossi. Þetta mót kom skemmtilega á óvart, enda var aðstaðan þar frábær og ekki skemmdi fyrir að veðrið lék við leikmenn og áhorfendur en því miður hafði raunin verið önnur á Akureyri tæplega mánuði áður. Þarna héldu okkar lið upp-teknum hætti og unnu mörg þeirra til verðlauna. Við teljum að allir hafi tekið miklum framförum í fótbolta og jafnframt þroskast og styrkt sig mikið sem persónur á þessu tímabili. Við hlökkum til að fylgiast með þessum drengjum áfram og ljóst er að framtíðin er björt. Einnig viljum við þakka foreldrum og sérstaklega foreldraráði fyrir frábæra vinnu og gott samstarf á tímabilinu. Áfram, herra!

4. flokkur karla

Víktor Unnar Illugason þjálfari.

Tímabilið hjá 4. flokki gekk mjög vel, á heildina litið. Við byrjuðum á að taka þátt í Reykjavíkurmótinu og gekk það svona upp og ofan. Áhersla var lögð á, að spila alltaf út frá markmanni og spila boltanum á jörðinni, pressa alltaf maður á mann og pressa hátt upp á velliinum. Markmið okkar var að læra fótbolta, hafa gaman og komast með liðið upp í A-riðil á Íslandsmótinu. Við fórum til Svíþjóðar með tvö eldra árs lið og yngra árið fór á Rey Cup. Svíþjóðarferðin gekk vel og var mjög skemmtileg. Lið 2 datt út í víta-spyrnukeppni og lið 1 tapaði í undanúrslitum á móti Þrótti.

Rey Cup gekk mjög vel og vann yngra árs liðið B-keppnina þar. Strákarnir stóðu sig vel og skemmtu sér enn betur.

3. flokkur karla

Davíð Örvar Ólafsson þjálfari.

Í 3. flokki karla voru 60–65 strákar að æfa yfir árið. Við tókum þátt í Reykjavíkurmótinu (fjögur lið) og Íslandsmótinu í sumar (þrjú lið). Eldra árið fór um mjóðjan júlí á Gothia Cup í Svíþjóð, 16 strákar ásamt þjálfara og fararstjóra. Það var frábær ferð, stóðu sig vel inná vellinum og enn betur utan vallar, drengirnir algjörlega til fyrirmyndar í þessari ferð undir styrkri stjórn Ívars Arnar Benediktssonar fararstjóra. Yngra árið fór á Rey Cup í júlí, þrjú lið, 38 strákar og stóðu þeir sig einnig mjög vel innan sem utan vallar. Virkilega gaman að þjálf þessa drengi, þeir eru áhugasamir, mæta vel á æfingar og leggja sig fram og eru jákvæðir. Margir sem tóku miklum framförum síðastliðið keppnistímabil og verður gaman að fylgjast með þeim þroskast og dafna sem knattspyrnumenn á næstu árum.

2. flokkur karla

Leon Pétursson þjálfari.

Á æfingum vildum við færa umhverfið og viðmiðin nær meistaraflokki karla. Við viljum að leikmenn hugsi vel um sig hvað varðar æfingar, næringu og fleira. Mórall og góður liðsandi skiptir máli. Við viljum að menn mæti tímalega á æfingar og búi til alvöru klefastemningu. Einnig viljum við að allur búnaður sé upp á TÍU. Að vera með nóg af boltum, keilum, vestum, mörkum og fleira á öllum æfingum.

Við viljum tryggja að allir leikir hjá okkur séu teknir upp (á Spiideo og Veo). Einnig að þeir spili með Playertek vesti (GPS-vesti), þá geta þeir, ásamt okkur, fylgst með ákefð þeirra í leikjum. Svo skiptir okkur miklu máli að fá að spila



3. flokkur karla í knattspyrnu á Rey Cup. Efri röð frá vinstri: Börkur Bruun, Ólafur Bragason, Styrmir Örn Hilmarsson, Gunnar Smári Jakobsson, Haukur Norðffjörð Sveinsson og Tómas Hinrik Holloway. Neðri röð frá vinstri: Böðar Stefánsson, Ágúst Leví Karlsson, Fannar Dagur Fjalarsson, Bjartur Þórisson, Kári Rúnar Valgeirsson og Arnaldur Orri Gunnarsson. Ljósm. Hilmar Hilmarsson.

heimaleikina okkar á sumrin á N1-vellinum, leika tónlist fyrir leiki og fá myndatökumenn til þess að mynda leikina. Ekki stórir þættir í lokin en samt sem áður gerir það umgjörðina mun betri og þá verður eftirsóknarverðara að vera í yngri flokkum hjá Val.

Við erum með stóran og öflugan hóp. Það er mikil samkeppni hjá okkur og er það í raun fyrsta sinn hjá mörgum af þessum strákum sem þeir lenda í því. Okkar fyrsta hlutverk var því að búa til góða leiðtoga/karaktera og finna út hvernig leikmenn myndu bregðast við því að vera t.d settir á bekkinn eða utan hóps. Yrðu þeir með slæmt viðhorf eða myndu þeir svara „mótlætinu“ með því að sanna sig með B-liðinu eða á æfingum og sýna

þannig að við værum að gera mistök að velja þá ekki? Þetta er það fyrsta sem við lögðum áherslu á. Einnig viljum við að leikmenn okkar taki sjálfböðastörfin alvarlega, eins og t.d dómgæslustörf og vera á borunum á meistaraflokks-leikjum.

Við viljum vera skipulagðasta liðið, vinnusamastir, með besta liðsandann og besta agann. Það er betra að vera bestur á ákveðnum sviðum heldur en meðalgóður á öllum. Við þjálfarar erum með þau markmið að hjálpa leikmönnum liðsins að ná þeirra persónulegu markmiðum fyrir tímabilið, hvort sem það er að komast í atvinnumennsku, spila fyrir meistaraflokk, fara í USA-háskólabolta eða bara njóta þess að vera í góðum félagskap.

**Valsmenn –
bestu óskir
um gleðileg
jól og farsælt
nýtt ár**

Á að selja fasteign?
Ég fylgi þér alla leið
og veiti góð ráð

Þorsteinn Ólafs
löggiltur fasteignasali
842 2212 / to@remax.is



RE/MAX | Ég vinn fyrir þig

remax.is

Vel heppnuð námsferð knattspyrnuþjálfara Vals til Dublin á Írlandi

Miðvikudaginn 13. nóv. 2024 lögðu knattspyrnuþjálfarar af stað í námsferð til Dublin á Írlandi. Þjálfararnir voru 10 talsins og stóð ferðin til laugardags 16. nóv. Dagskráin var skipulögð af yfirþjálfara Vals Hallgrími Heimissyni. Dagskráin var fjölbreytt og lærdómsrík. Við förum í heimsókn til félagsliðs, Shamrock Rovers F.C. Þar hittum við þjálfara í akademíunni þeirra, skoðuðum æfingarsvæðið og horfðum á æfingar hjá yngri iðkendum. Mikið var tekið af myndum og umræður á milli kynninga við þjálfara og starfsfólk félagsins gáfu okkur góða innsýn inn í starfið þeirra. Farið var vel í uppbyggingu, sögu og þróun félagsins, starf yngri flokka, afreksþjálfun, upplagg liðsins og leikgreiningu ásamt mörgu öðru.

Knattspyrnusamband Írlands

Knattspyrnusamband Írlands var einnig heimsótt og voru þar hæg heimatökin þar sem Hallgrímur yfirþjálfari er sonur A-landsliðsþjálfara karla Heimis Hallgrímssonar. Við fengum konunglegar móttökur. Fórum á landsleik á milli Írlands og Finnlands og skemmdi það ekki fyrir að Írland vann sigur í leiknum 1-0. Hópnum var boðið í græna herbergið (Green room) fyrir leik, í hálfleik og eftir leik. Einnig fékk hópurinn að hitta leikmenn liðsins eftir leik sem vakti mikla lukku sérstaklega hjá þeim þjálfurum sem styðja Liverpool.

Ferðin var ekki síður félagsleg þar sem hópurinn þjappaði sér vel saman, skapaði ákveðna samkennd og vináttu sem heldur svo áfram að vaxa og dafna í starfi fyrir Val. Valur styrkti þjálfara sína til þessarar námsferðar og BUS einnig lítilliga. Eru þjálfarar sérstaklega þakklátir fyrir þá styrki en metnaður allra til að gera vel og styðja við starfið skein í gegn. Í allri ferðinni var mikið rætt um knattspyrnu, sögu félagsins, hefðir og hvert við stefnum. Fagleg umræða sem gott er að gefa sér tíma í að ræða og ígrunda. Eiga möguleika á að spegla sig í starfi annarra og líka sjá hvað það er margt sem við erum að gera vel.

Þjálfarar Vals þakka vel fyrir sig og fá Hallgrímur, Heimir, Íris og Guðmundur Hreiðarsson sérstakar þakkir fyrir hlýjar og góðar móttökur.

Afram Valur! Hærra! Sossa þjálfari.



Knattspyrnuþjálfarar Vals í Írlandsferðinni haustið 2024. Frá vinstri: Rafn Haraldur Rafnsson, Hannes Bjartmar Jónsson, Kristján Arnar Ingason, Magni Jóhannes Prastarson, Hallgrímur Heimisson, Gunnar Einarsson, Valgarður Finnbogason, Pétur Andri Pétursson og Sturla Ármannsson. Á myndina vantar Soffiu Ámundadóttur en hún tók myndina.



Þjálfarar fylgjast með landsleik milli Írlands og Finnlands.



Soffía Ámundadóttir með Írisi Sæmundsdóttur eiginkonu Heimis Hallgrímssonar og móður Hallgríms Heimissonar yfirþjálfara í Val.



Valsþjálfarar í Írlandsferðinni.

Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Bjarni Ólafur Eiríksson	Geirarður Geirarðsson
Bjarni Sigurðsson	Gerður Beta Jóhannsdóttir
Björgvin Páll Gústavsson	Gísli Arnar Gunnarsson
Björn Bragason	Gísli Hafsteinn Gunnlaugsson
Björn Steinar Jónsson	Gísli Níelsson
Björn Ingi Sverrisson	Gísli Óskarsson
Björn Úlfljótsson	Grímur Atlason
Böðvar Bergsson	Grímur Sæmundsen
Bragi G. Bragason	Guðbjörg Sverrisdóttir
Dagbjört Dögg Karlsdóttir	Guðlaugur Ottesen Karlsson
Dagný Rut Gísladóttir	Guðmundur Frímansson
Dagur Sigurðsson	Guðmundur Þorbjörnsson
Daníel Andri Valtýsson	Guðmundur Þorgrímsson
Davor Purusic	Guðni Olgeirsson
E.Börkur Edvardsson	Guðrún Gísladóttir
Einar Óli Þorvarðarson	Gunnar Sigurðsson
Einar Þórisson	Gunnar Zoëga
Elín Rós Hansdóttir	Gunnlaugur Ragnarsson
Elísa Elíasdóttir	Hafdís Alexandersdóttir
Elísa Viðarsdóttir	Hafrún Kristjánsdóttir
Eypór Guðjónsson	Halldór Einarsson
Fannar Örn Þorbjörnsson	Hallfríður Brynjólfsdóttir
Fanndís Friðriksdóttir	Hanna Katrín Friðriksson
Faney Inga Birkisdóttir	Helena Þórðardóttir
Friðrik Sophusson	Helga Birkisdóttir og fjölskylda
Garðar Kjartansson	Helgi Benediktsson



Væri gaman að sjá yngri strákaflokkana vinna titla í fótboltnum

Óskar Einarsson er 15 ára og leikur fótbolta með 3. flokki

Nám? 10. bekkur í Hlíðaskóla.

Framtíðarstarf? Atvinnumaður í fótbolta.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Vonandi kominn út í atvinnumennsku.

Af hverju Valur? Ólst upp í hverfinu.

Uppeldisfélag í fótbolta? Valur.

Frægur Valsari í fjölskyldunni? Monsi, í meistaraflokki Vals í handbolta.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltnum? Alltaf bara frekar vel.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Ég.

Af hverju fótbolta? Skemmtilegasta íþróttin.

Helstu afrek í öðrum íþróttagreinum?

Hef komist í landsliðshóp í handbolta.

Eftirminnilegast úr boltnum? Að

komast í úrslitin á Reycup.

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili?

Að tapa í úrslitum á Reycup.

Stærsta stundin á þessu ári? Að spila á Laugardalsvelli á Reycup.

Besti stuðningsmaðurinn? Pabbi.

Erfiðustu samherjarnir? Í Val þá er það Josua og Hilmar Óli í 2. flokki.

Erfiðustu mótherjarnir? Breiðablik.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna hjá Val? Katie Cousins er mjög góð og líka Ísabella Sara.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val? Birkir Már er alltaf góður og góð fyrirmynd og svo auðvitað líka Gylfi Sig.

Hvernig líst þér á yngri flokkana í fótbolta hjá Val? Mér finnst þeir góðir og betri en í fyrra.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir?

Ég er góður á boltnum, góðar sendingar og skil leikinn vel.

Draumur um atvinnumennsku í fótbolta? Það væri alltaf bara að spila í *prem*.

Landsliðsdraumar þínir? Komast í A-landsliðið.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Að vera með góða liðsheild og stemningu í hópnum, finnst mér mikilvægast.

Uppáhalds erlenda fótboltafélagið? Arsenal.

Nokkur orð um núverandi þjálfarateymi? Mér finnst það fínt og gott líka að fá Villa í teymið.

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum og lífinu almennt? Alltaf að

hugsa um svefn og mataræði, æfa vel og líka að vera *humble* og *nice* við alla sama hver það er.

Hvað getur Valur gert til að vinna gegn fordómum, einelti og öðru ofbeldi? Það er hægt að taka betur á svona málum þegar þau koma upp.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki hjá Val? Það er hægt að auglýsa þetta betur og byggja stemningu í kringum leiki.

Hvernig viltu sjá Val þróast á næstu árum? Það væri gaman að sjá yngri flokkana byrja að vinna titla í fótboltnum.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Evrópuleikirnir í handboltnum voru alltaf skemmtilegir.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Búa til góða stemningu í hópnum.

Besta bíómynd? Flestar James Bond myndirnar.

Besta bók? Ég á enga upphalds bók.

Einkunnarorð? Ekki leita af afsökunum.

Hver stofnaði Val og hvenær? Séra Friðrik 11. maí árið 1911.

Stærsta árið í sögu Fálkanna

Sem fyrr hafa Fálkar staðið vaktina á grillinu þetta árið með dyggri aðstoð yngri flokka Vals. Án stuðnings, aðila eins og Kjarnafæðis, Myllunnar, Colas og fleiri væri erfitt að halda úti fjáröflunarstarfi fyrir iðkendur af jafn miklum krafti og Fálkar gera.

Mikil spennan ríkti fyrir nýliðið sumar og byrjaði grillsumarið með trucki. Aðsókn á leiki var góð og bjartsýni ríkti á Hlíðarenda. En skjótt skipast veður í lofti og það í fyllstu merkingu þess orðatiltækis. Eins og með flestar útiskemmtanir á Íslandi þá er veðrið stærsti áhrifaþáttur fyrir mætningar á viðburði. Ekki verður sagt að veðrið hafi leikið við okkur hér á landi liðið sumar. Samkvæmt tölfræði Fálka voru yfir 60% leikja að Hlíðarenda spilaðir í fremur leiðinlegu sumarveðri þetta árið. En sem betur fer voru stórir og skemmtilegir dagar á Hlíðarenda og má nefna heimsókn Skotanna í St. Mirren í bongóblíðu og frá-bær úrslitaleikur Vals og Breiðabliks í lokaumferð Íslandsmótsins, þó svo úrslitin hefðu mátt falla með okkur þann daginn.

Aldrei hærri upphæðir í styrki

Árið 2024 er það stærsta í sögu Fálka. Sem fyrr var yngri flokkum Vals boðið að taka þátt í grillvöktum og öðrum söfnunum á vegum Fálka þetta árið. Okkar árlega jólatrjáasöfnun er að verða þekktari og stærri með hverju ári. Sú nýbreytni að bjóða þeim yngri flokkum sem eru á leið erlendis að taka þátt í henni hefur gefist vel.

Frá upphafi hafa Fálkar lagt hendur á plóg til að styrkja afreks-iðkendur sem æfa á vegum Vals í verkefnum sem þau hafa verið valin í fyrir hönd þjóðarinnar. Á þessu ári átti Valur fjölmarga einstaklinga sem tóku þátt í verkefnum á vegum HSÍ og KKÍ. Kostnaður sem lagður er á hvern þátttakanda í verkefnum á vegum þessara sérsambanda getur verið verulegur. Árið 2024 var það stærsta í útgreiðslu svokallaðra *Afreksstyrkja* til iðkenda hjá Val. Þó svo að markmið barna- og unglíngastarfs íþróttafélaga sé ekki að búa til afreksíþróttafólk þá er það alltaf gleðilegt þegar ungur iðkandi er valinn til þátttöku í keppni fyrir Ísland á alþjóða viðburðum. Slík viðurkenning er til marks um metnað og vilja iðkenda til að ná langt og þá alúð sem lögð er í barnastarfið.

Fálkaorðan 2024

Fálkaorðan er veitt einstaklingi sem hefur gefið mikið af sér til barna- og unglíngastarfs í Val. Einstaklingi sem lagt hefur á sig óeigingjarnt starf til að upplifun barna og unglínginga sé sem allra best á Hlíðarenda. Þetta árið var ákveðið að orðuna fengi Risto Izev sem þarf vart að kynna neinum Valsara, sama á hvaða aldri hann er. Uppáhald allra iðkenda í Val og vart til það heimili á Valssvæðinu sem hefur ekki heyrt minnst á Risto. Okkar ástsæli húsvörður sem tekur á móti öllum með bros á vör og með einstaka þolinmæði. Það er fengur hvers félags að eiga einstaklinga eins og Risto sem er alltaf til í að hjálpa, kenna og hlusta inn á milli þess sem hann sinnir sínum daglegu verkum.

Fyrir hönd foreldra í Val segjum við TAKK RISTO.



Risto Izev húsvörður á Hlíðarenda fékk Fálkaorðuna 2024 en hann tekur á móti öllum með bros á vör og einstakri þolinmæði. Ljós. Baldur Þorgilsson.

Framtíð Fálka

Nú á vormánuðum fór ný heimasíða Fálka í loftið þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar um umsóknir styrkja og annað efni tengt félagsskapnum *Falkar.is*. Samhliða nýrri heimasíðu var farið í uppfærslu á „lógói“ félagsins sem hannað var af Frosta Gnarr í tilefni 15 ára starfsári Fálka.

Á þessum 15 árum sem liðin eru frá því að Fálkarnir voru stofnaðir hefur félagskapurinn orðið mikilvægur hlekkur í Vals-fjölskyldunni. Það er varla sá flokkur sem ekki fær styrk frá Fálkum vegna keppni á vegum Vals ár hvert. En félag eins og Fálkar byggir á sjálfbodastarfi feðra í Val. Án virkra sjálfboda-liða er ekkert starf og samhliða því engir styrkir.

Við viljum því hvetja alla feður í Val að kynna sér og taka þátt í því starfi sem Fálkar bjóða upp á. Án þeirra er engin starfsemi.

Jónas Vilhelmsson formaður Fálka.



Ljós. Baldur Þorgilsson.

Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Helgi I. Jónsson	Jón S. Helgason
Helgi Magnússon	Jón Garðar Hreiðarsson
Helgi Rúnar Magnússon	Jón Höskuldsson
Helgi Sigurðsson	Jón Karlsson
Hilmar Böðvarsson	Jónas Guðmundsson
Hilmir Elísson	Júlíus Jónasson
Hólmar Örn Eyjólfsson	Karl Axelsson
Hörður Gunnarsson	Karl Guðmundsson
Hörður Hilmarsson	Karl Jónsson
Hreggviður Daníelsson	Kristján Ásgeirsson
Hugrún Sigurðardóttir	Kristján Bjartmars
Ingi Rafn Jónsson	Kristján Jónsson
Ingibjörg Kristjánsdóttir	Lárus Blöndal
Ingólfur Friðjónsson	Lárus Blöndal Sigurðsson
Ingvar Árnason	Leifur A. Benediktsson
Ísabella Sara Tryggvadóttir	Leonard
Ísak Gústafsson	Lilja Ágústsdóttir
Jakob Sigurðsson	Lillý Rut Hlynsdóttir
Jasmín Erla Ingadóttir	Málningarvörur
Jóhann Kristján Birgisson	Margrét Ósk Einarsdóttir
Jóhann Alfreð Kristinsson	Mariam Eradze
Jón Gunnar Bergs	Morgan Marie Þorkelsdóttir
Jón Ásgeir Einarsson	Nadía Atladóttir
Jón Gíslason	Natasha Anasi
Jón Pétur Guðjónsson	Nikulás Úlfar Másson
Jón Halldórsson	Orri Freyr Gíslason

Ég vil sjá yngri flokkana í Val skara fram úr

Berta María Þorkeldsdóttir er 18 ára og leikur körfubolta með 12. flokki og meistaraflokki

Nám? Félagsfræðibraut í Kvennó.

Framtíðarstarf? Íþróttasálfræðingur og/ eða þjálfari.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Veit ekki en allavega í körfubolta sem þjálfari eða leikmaður.

Af hverju Valur? Valur er langbesta félagið og þar að auki í hverfinu mínu. Ég get spilað fyrir þetta félag með stolti.

Uppeldisfélag í körfubolta? Valur.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í körfuboltanum? Þau mæta á næstum því alla leiki og eru tilbúin að hjálpa með allt tengt körfunni og styðja mig eftir erfiða leiki.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Afí Helgi.

Af hverju körfubolti? Af því ég fann mig strax þar og var ekki mikið fyrir hinar boltaíþróttirnar.

Helstu afrek í öðrum íþróttgreinum? Stóð mig vel í fimleikum 5 ára.

Eftirminnilegast úr boltanum? Landsliðsferðirnar EM og NM á þessu ári.

Mestu vonbrigðin á síðasta tímabili? Tap í úrslitum.

Stærsta stundin á þessu ári? Fyrstu stigin í úrvalsdeild.

Besti stuðningsmaðurinn? Litli bróðir minn og afí utan vallar en innan vallar hafa liðsfélagar mínir alltaf stutt mig.

Erfiðustu samherjarnir? Rún Sveinbjörns, Ingibjörg Sigrún, Fatima Rós, Emma Cortez og Sigrún María.

Erfiðustu mótherjarnir? KR eða Haukar.

Mesta prakkarastrik? Ég og vinkona mín víxluðum stundum fötum í fyrsta bekk til þess að sjá hvort fólk myndi taka eftir því vegna þess að við „vorum svo líkar“. Það gekk ekkert svakalega vel.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna hjá Val? Dagbjört Dögg Karlsdóttir

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val? Frank Aron Booker.

Hvernig líst þér á yngri flokkana í körfubolta hjá Val? Mjög vel, mikið af metnaðarfullum krökkum sem ég held að munu ná langt.

Fyrirmynd þín í körfubolta? Ásta Júlía Grímsdóttir, Dagbjört Dögg, Helena Sverris og Caitlin Clark.

Hverjir eru helstu styrkleikar þínir? Ég hef mikin dugnað, ég er sterk og ég er jákvæð.

Landsliðsdraumar þínir? Stefni á að komast í U-18 landsliðið.

Hvað einkennir góðan þjálfara? Metnaðarfullur og hefur trú á verkefninu.

Nokkur orð um núverandi þjálfarateymi? Gæti ekki verið ánægðari, Magga er frábær þjálfari og fyrirmynd. Hún hefur alltaf trú á okkur og hún hefur hjálpað mér mikið að vinna með sjálfs-traustið mitt. Anna Friða hefur líka mikla trú á okkur og vill virkilega gera okkur enn betri. Hún kemur líka alltaf með stemningu á bekkinn.

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum og lífinu almennt? Mikilvægast er að setja sér markmið og finna leið til þess að ná þeim. Með því fylgir skipulag og gott hugarfar.

Hvernig finnst þér að hægt sé að auka jafnrétti kynja hjá Val? Mér finnst að það ætti að passa betur upp á að stelpur og strákar fái sömu tækifæri, t.d. jafn margar æfingar og keppnisferðir.

Hvað getur Valur gert til að vinna gegn fordómum, einelti og öðru ofbeldi? Það



væri hægt að bæta við ábendingahnappi á heimasíðuna eða eitthvað í þá áttina þar sem hægt er að tilkynna einelti eða ofbeldi nafnlaust. Það er líka hægt að auka fræðslu og umræðu um þessi mál.

Hvernig er hægt að auka aðsókn á leiki hjá Val? Það er hægt að auglýsa betur á samfélagsmiðlum og hafa ennþá meiri stemningu í kringum leiki.

Hvernig viltu sjá Val þróast á næstu árum? Ég vil sjá jafn mikla aðsókn á kvenna- og karlaleiki í meistaraflokki og ég vil sjá yngri flokkana skara fram úr.

Hvernig telur þú að hægt sé að fjölga iðkendum hjá Val í yngri flokkum? Halda áfram á sömu braut.

Eftirminnilegasti viðburður eða atvik hjá Val á árinu að þínu mati? Úrslita-keppnin hjá meistaraflokki karla á síðustu leiktíð.

Hvað getur Valur gert til að stuðla að sem bestri líðan iðkenda? Hafa reglulega fyrirlestur um andlega heilsu, og auka umræðu um t.d. kvíða og þunglyndi.

Hvað getur Valur gert til að hlusta betur á raddir og sjónarmið iðkenda hjá félaginu? Það væri hægt að gera öllum iðkendum það ljóst að það sé alltaf hægt að tala við þjálfara sem getur tæklað málið.

Besta bók? Miðnæturbókasafnið eftir Matt Haig.

Skemmtileg staðreynd um þig? Ég kann smá táknmál.

Einkunnarorð? Get, ætla, skal.

Hver stofnaði Val og hvenær? Séra Friðrik, árið 1911.



Valskórinn og meðflytjendur á vortónleikum í Háteigskirkju 12. maí 2024. Talið frá vinstri, fremsta röð: Gissur Páll Gissurarson einsöngvari, Rákel Þorsteinsdóttir, Karitas Halldórsdóttir, Sigrún Steingrimsdóttir, Guðbjörg B. Petersen, Bára Grímsdóttir kórstjóri, Björg Ólafsdóttir, Lilja Jónasdóttir, Laufey Egilsdóttir og Sigurður Helgi pianóleikari. Fremri miðröð: Bergþóra Þórhallsdóttir, Púriður Ottesen, Guðrún Sesselja Grímsdóttir, Anna Sigríður Jóhannsdóttir, Þóra Sjöfn Guðmundsdóttir, Laufey Steingrimsdóttir, Björk Steingrimsdóttir og Minerva M. Haraldsdóttir. Aftari miðröð: Halldór Einarsson, Jón Guðmundsson, Baldur Dýrfjörð, Georg Skúlason, Guðmundur Frimannsson og Þórarinn Valgeirsson. Aftasta röð: Stefán Halldórsson, Eysteinn Eyvindsson, Friðrik Rúnar Guðmundsson, Helgi Grímur Hermannsson, Chris Foster, Ólafur Sigurðsson og Guðjón Viðar Stefánsson.

Bára Grímsdóttir hefur stjórnað Valskórnum í 20 ár

Á vortónleikum Valskórsins í Háteigskirkju 12. maí 2024 voru tónlist og útsetningar Báru Grímsdóttur í hávegum í tilefni af því að hún hafði verið stjórnandi kórsins í 20 vetur.

Bára tók við stjórn Valskórsins haustið 2004 og fljótlega fóru lög hennar og útsetningar að prýða söngskrá kórsins. Efniviðurinn var fjölbreyttur, sálmalög við aldagömul eða nýort ljóð, útsetningar á lögum Bítlanna og erlendra söngleikjahöfunda og barátusöngur fyrir náttúruvernd, svo dæmi séu tekin. Sálmurinn Verndarvængur við ljóð Gerðar Kristnýjar hefur verið ein helsta skrautfjörður Valskórsins um langt árabíll. Undir stjórn Báru hefur Valskórinn tekið stöðugum framförum og er það vafalaust ein meginástæða þess að kórnum hefur haldist afar vel á söngfólki, en jafnframt hefur nýliðun gengið vel.

Knattspyrnufélagið Valur sámdi Báru silfurmerki Vals á 100 ára afmæli félagsins árið 2011 fyrir framlag hennar til menningarstarfs félagsins. Bára Grímsdóttir starfar sem tónskáld, söngkona, tónlistarkennari og kórstjóri. Hún stundaði nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík, lauk námi frá tónmenntakennaradeild 1983 og tónfræðideild 1989 með áherslu á tónsmíðar. Hún stundaði framhaldsnám í tónsmíðum í Hollandi í fimm ár frá 1989 til 1994. Bára hefur samið fjölda kórverka, óperuna Jón biskup Arason, hljómsveitarverk, kammerverk og sólóverk fyrir ýmis hljóðfæri. Verk

hennar hafa verið flutt víða í Evrópu, í Bandaríkjunum, í Kína og Ástralíu og eru flutt reglulega á Íslandi og mörg hafa verið gefin út á geisladiskum. Geisladiskurinn Virgo Gloriosa með kórverkem eftir Báru var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2003. Bára hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir tónsmíðar, m.a. nokkrum sinnum frá Tónmenntasjóði Þjóðkirkjunnar, og hún hefur oft fengið starfslaun frá Tónskáldasjóði. Í samtölum við félagi í öðrum kórum verða Valskórsfélagar þess mjög varir hvað tónlist Báru er mikils metin.

Eiginmaður Báru er enski söngvarinn og gítarleikarinn Chris Foster, kunnur þjóðlagasöngvari í Bretlandi. Þau Bára hafa sungið saman síðan 2002 og komið fram á Íslandi og víða erlendis, lengst af undir nafninu Funi, og einnig haldið námskeið. Chris gekk í Valskórinn nokkrum árum eftir að Bára tók við kórstjórninni og Chris hefur oft sungið einsöng með kórnum og leikið undir á gítar og íslenskt langspil. Bára hefur verið formaður Kvæðamannafélagsins Iðunnar síðan 2015.

Vortónleikar Valskórsins

Á vortónleikunum var Gissur Páll Gissurarson gestasöngvari og flutti hann m.a. lag Báru, *A Young Man's Song*, við ljóð enska skáldsins William Blake. Á tónleikunum var einnig frumflutt lag eftir einn af stofnendum Valskórsins, Dýra



Dýri Guðmundsson kórfélagi féll frá á árinu.

Guðmundsson, sem lést fyrr á árinu. Dýri sem gerði garðinn frægan með sigursælu knattspyrnuliði Vals og landsliðinu á áttunda og níunda áratugnum var einnig flinkur tónlistarmaður. Hann samdi lag við ljóðið *Bæn einstæðingsins* eftir Gísla frá Uppsölum og Ómar Ragnarsson. Fyrirverandi stjórnandi Valskórsins, Guðjón Steinar Þorláksson, raddsetti lagið að ósk Dýra.

Valskórinn hafði áður vottað minningu Dýra virðingu með því að flytja lagið *Verndarvæng* eftir Báru við útför hans í Hallgrímskirkju í byrjun mars sl.

Auk vortónleika í Háteigskirkju eru nokkrir fastir liðir í starfi kórsins: Sungið var við messu í Háteigskirkju 13. október, á aðventukvöldi í Friðrikskapelli 11. desember og sjálfur hélt kórinn jólatónleika í kapellunni 12. desember. Lokatónar ársins eru jafnan sungnir við útnefningu íþróttamanns Vals á gamlársdag á Hlíðarenda.

F.h. Valskórsins, Stefán Halldórsson.

Vaskir Skógarmenn KFUM og Valsmenn í Vatnaskógi

Tilfni heimsóknarinnar var risgjöld (reisu-gilli) nýs matskála í Vatnaskógi. Athöfnin á byggingarsvæðinu var fjölmenn og hófst með ávarpi Ársæls Aðalbergssonar framkvæmdastjóra Skógarmanna KFUM. Síðustu þaksperrunni var komið fyrir og að lokinni blessun séra Sigurðar Grétars Sigurðssonar var gestum boðið inn í gamla matskálann. Gunnar Hrafn Sveinsson formaður Skógarmanna KFUM bauð gesti velkomna og Ólafur Sverrisson formaður byggingarnefndar fór yfir sögu og stöðu framkvæmdarinnar. Að loknu erindi Ólafs var boðið upp á ljúf-fengar kaffiveitingar, heita brauðrétti og súkkulaðikökur með þeyttum rjóma. Eftir athöfn var gestum frjálst að skoða svæðið.

Við, nokkrir Valsmenn, gengum til kapellunnar, sungum KFUM söng og sálm og báðum einn okkar að fara með stutta bæn. Að lokum gengum við að styttunni af Séra Friðrik Friðrikssyni vestan við kapelluna, þar sem myndin var tekin. Á myndinni eru: Í efri röð f.v. Jón Magnússon, Óttar Felix Hauksson, Séra Friðrik Friðriksson og Theódór Halldórsson. Sitjandi f.v. eru: Þórarinn Jóhannes Ólafsson, Lárus Loftsson og Sigurður Haraldsson. Á myndina vantar Jóhannn Birgisson og Þorstein Ólafs sem tók myndina og aðrar myndir með greininni.


Pistill eftir Óttar Felix Hauksson, áður birtur á Fjósínu.



Styttan af séra Friðrik Friðrikssyni í Vatnaskógi.



Nýr matskáli rís í Vatnaskógi.



Kapellan í Vatnaskógi.

KAREL

**19. desember 1911
til 17. júní 1933**

Ársins 1933 verður fyrst og fremst minnst fyrir þá sök að í úrslitaleik um Íslandsmeistaratalið milli Vals og KR á Melavellinum gerðist það að markvörður Vals, Jón Karel Kristbjörnsson slasaðist svo illa að hann lést tveimur dögum síðar. Um innvortis meiðsli var að ræða og leiddi lífhimnubólga hann til dauða. Jón Karel var 21 árs og Valsmönnum mikill harmdauði. Hann var góður drengur og einn af þeim sem höfðu verið hvað lengst í sterkum kjarna Valsmanna. Valur sá um útför Jóns Karels og var hún hin virðulegasta.



(Áfram, herra!)

1930 – Meistaraflokkur Vals hafði unnið sinn fyrsta Íslandsmeistaratalið.

Markvörðurinn Jón Karel og allir útleikmenn fóru skemmtiferð í Vatnaskóg. Á heimleið áttu þeir stund í kirkjunni að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.

Þar ávarpaði Séra Friðrik Friðriks-son hópinn að kvöldi dags 20. júlí 1930 – (brot úr ræðu)

... gjörvallur maðurinn, líkami sál og andi, þroskast jafnhliða ...

Ekkert er eins heilnæmt fyrir líkama okkar og hressandi fyrir beinin eins og það að ganga á Guðs vegum. Þá verða okkar stígir hans vegir. Mundu það ungi knattspyrnumaður. Íþrótt þín er göfug og fögur; og þú getur haft hana helgaða Drottni, svo að vegir þínir á knattspyrnu-svæðinu verði vegir Drottins. Þegar knattspyrnuvöllur KFUM var vígður, þá var sagt: „Yfir svæðinu markanna milli stendur letrað í stórum boga: „Helgað Drottni,“ og hið trúaða hjarta sér það ávallt.“ Mundu því til Drottins, er þú

leikur, og leiktu svo að vitir, að það sé sambodid Drottni.

- *Leiktu með kappi og fjöri, en leiktu með drengskap og fegurð.*
- *Leiktu með atorku og ósérhlífni, en leiktu með fullkomnu valdi á sjálfum þér; án eigingirni og yfirlætis.*
- *Gættu vel að sannleikanum og vand- aðu orð þín og framkomu eins og þú værir á heilögum stað.*


Það er mannlegt að vilja vanda sig, þegar ótal augu hvíla á leik þínum, en mundu að einn er ávallt áhorfandi, og það er Guð; reyndu að leika þannig að hann einnig geti glaðst af leik þínum. Þetta veri þá sérstaklega í dag sagt við þig, sem hér ert á heilögum stað, þú með- limur Vals, knattspyrnufélags KFUM

Þú mátt gleðjast yfir því að Valur hefur nú unnið drengilegan sigur eftir margra ára trúfast starf; þú mátt gleðjast yfir þeirri sæmd að þitt félag hefur fengið nafnbótina: „Besta knattspyrnufélag Íslands,“ en mundu að vandi fylgir veg- send hverri, og þú átt framvegis að keppa að því, að Valur eigi þetta nafn með réttu, og fái haldið því sem lengst.

En það verður því aðeins að hver ein- staklingur og félagið yfir höfuð muni eftir Drottni á vegum sínum, og í iþróttastarfi. Þá mun það æ betur geta rækt þá skyldu sína að sýna, hvernig helga má Guði líkamlega iþrótt; og þá verður þessi iþrótt ekki aðeins heilnæm fyrir líkamann og hressandi fyrir beinin, heldur einnig göfgandi fyrir andann og menntandi fyrir sálina.

Áður óbirt efni eftir Þorstein Haraldsson sem hann tók saman árið 2021 í tilefni af 110 ára ártíð Jóns Karels Kristbjörnssonar. Örn Bárður Jónsson prestur og vinur Þorsteins teiknaði myndir sem tengjast frásögninni um Karel.





**Dýri
Guðmundsson**
Fæddist 14. september 1951
Lést 20. febrúar 2024

Þann 20. febrúar 2024 lést Dýri Guðmundsson á Hrafnistu í Hafnarfirði, 72 ára að aldri. Dýri var lykilmáður í öflugum knattspyrnuliði Vals á seinni hluta áttunda áratugar síðustu aldar, á einu af gullaldartímabilunum í glæstri sögu Knattspyrnufélagsins Vals, þar sem upp úr stóðu Íslandsmeistararitlar 1976, '78 og '80 og bikarmeistararitlar 1974, '76 og '77. Margir knattspyrnuspekingar halda því fram að Valsliðið 1978 hafi verið besta lið íslenskrar knattspyrnusögu. Átján leikir, sautján sigrar og eitt jafntefli í síðasta leik er nokkuð sem ekki hefur verið leikið eftir síðan. Dýri var límið í þessu liði, miðvörðurinn stóri og stæðilegi sem las leikinn eins og opna bók og stjórnaði sterki Valsvörninni, ásamt Sigurði Haraldssyni markverði sem hélt marki sínu hreinu í 11 leiki í röð sumarið 1978. Þegar titlum var fagnað, var Dýri lykilmáður utan vallar líka, gítarleikari góður sem kunnir öll helstu lögin, íslensk sem erlend, og það var mikið sungið og mikið gaman. Það þurfti því ekki að koma á óvart að Dýri var aðal hvatamaður að stofnun Valskórins árið 1993 og hann stofnaði líka Valsbandið sem oft var kallað til leiks við ýmis tilefni á Hlíðarenda.

Eftir að keppnisferlinum lauk hófu nokkrir fyrrverandi leikmenn Vals að iðka skallablað á veturna. Alla laugardaga frá hausti til vors, í 18 ár, stunduðu menn skallablað af kappi og einu sinni á vetri var bæjarkeppni við Akureyringana sem fundu upp skallablakið. Skallaboltafélagið Skallagrímur, síðar skallablaksdeild Vals, hefur verið einn öflugasti og skemmtilegasti hliðarhópur Vals frá 1983 og var Dýri lykilmáður í þeim hópi eins og öðrum. En við Valsmenn sátum ekki einir að



**Hildur
Guðmundsdóttir**
Fæddist 3. september 1951
Lést 18. nóvember 2024

mannvininum Dýra Guðmundssyni. Hann kom til okkar úr FH og endaði einnig sinn keppnisferil með því frábæra félagi. Við Valsmenn erum FH þakklátir fyrir að hafa fengið að deila Dýra með þeim í hálfra öld.

Að leiðarlokom kveðjum við náttúrabarnið, gleðigjafann, fjölskyldumanninn, Hafnfirðinginn, FH-inginn, Valsarann, Seltinginginn, tónlistarmanninn, Fjallabróðurinn, blúsarann og Stones-aðdáandann Dýra Guðmundsson með virðingu og kærleika.

Við kveðjum einnig eiginkonu Dýra, Hildi Guðmundsdóttur sem kvaddi þessa jarðvist 18. nóvember síðastliðinn, aðeins 9 mánuðum á eftir Dýra.

Þau voru svo samrýmd alla tíð að það var oftast talað um þau í sömu andrá, Hildur og Dýri, Dýri og Hildur, eins og þau væru ein heild en ekki tveir ólíkir einstaklingar. Þau voru gott teymi, sáluvinir, dýna-



Hildur og Dýri.

mískur dúett sem var samferða í gegnum lífið, líka í gegnum þau sáru og krefjandi veikindi sem bæði fengu í fangið síðustu árin.

Knattspyrnufélagið Valur sendir börnum Dýra og Hildar, þeim Orra Páli, Guðnýju Völu og Ásu, tengdabörnum, barnabörnum og fjölskyldunni allri innilegustu samúðarkveðjur.

Blessuð sé minning Dýra Guðmundssonar og Hildar Guðmundsdóttur.

Hörður Hilmarsson.



**Sigurður Snævar
Gunnarsson**
Fæddist 10. október 1945
Lést 22. maí 2024

Sigurður ólst upp í Reykjavík. Hann lauk námi í bifvélavirkjun frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1966. Í framhaldi af námi vann hann í nokkur ár hjá Vegagerð ríkisins og síðar við margvísleg störf, þ.m.t. hjá Rafmagnsveitum ríkisins, Sindra-Stáli og SÁÁ. Erla og Sigurður bjuggu lengstan hluta 55 ára hjúskapartíðar sinnar á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík, Kópavogi og loks í Innri-Njarðvík síðustu ár.

Sigurður var mikill íþróttaáhugamaður. Á unga aldri gerðist hann Valsmaður og elskaði félagið alla tíð. Hann keppti á sínum yngri árum og var einn af efnilegum drengjum Vals. Árið 1960 urðu hann og Pétur Sveinbjarnarson fyrstu „gulldrengir“ Vals með því að vinna gullmerki KSÍ fyrir árangur sinn í knattþrautum. Fyrir honum lá þó ekki afreksferill sem leikmaður heldur var hann mjög áhugasamur og virkur þátttakandi í félagsstarfi tengdu íþróttum og öðrum áhugamálum sem snertu hug hans. Hann sinnti þessu til margra ára hjá Val og síðar hjá Golfklúbbi Reykjavíkur og SÁÁ, svo eitthvað sé nefnt. Siggí smitaði líka yngstu systkini sín sem fóru í Val þrátt

fyrir að þau ættu heima í Víkingshverfinu og þyrftu að taka strætó á æfingar.

Hann var líka mikill stuðningsmaður Manchester United en hann byrjaði að halda með þeim árið 1958. Þá frétti hann af hinu hræðilega flugslysi í München þar sem fjölmargir leikmenn og aðstandendur liðsins létu lífið. Þegar hann til viðbótar uppgötvaði að félagið spilar í rauðum peysum og hvítum buxum var teningunum kastað!

Halldór Einarsson



Ólafur Þór Thorlacius

Fæddist 21. október 1936

Lést 27. júlí 2024

Alla tíð voru íþróttir líf og yndi Óla. Eftir að hafa stundað handbolta með FH varð körfuboltinn fyrir valinu. Þar var Óli í hópi frumherja, jafnt á vettvangi síns félags og einnig varðandi landslið Íslands.

Óli gekk til liðs við körfuknattleiksfélagið Gosa, sem stofnað var 1951 af nokkrum nemendum Menntaskólans í Reykjavík. Allir áttu þeir það sameiginlegt að vera KR-ingar, en þeir höfðu fengið neitun um að stofna körfuknattleiksdeild innan þess félags. Óli var einn þeirra sem taldi Gosa ekki nægjanlega virðulegt nafn, þannig að 1957 var því breytt í Körfuknattleiksfélag Reykjavíkur, KFR. Óli var um tíma spilandi þjálfari hjá meistaraflokki KFR. Hann hafði afar sérstakan skotstíl, sem mörgum er í fersku minni. Óli hætti að spila þegar hann meiddist á ökkla og sneri sér þá alfarið að þjálfun.

Hugur Óla stóð einnig til uppbyggingar körfuboltans og því var hann alla tíð áhugasamur um starf yngri flokka en skortur á æfingaaðstöðu háði starfi þeirra hjá KFR. Um það leyti sem ákveðið var að rífa Hálogaland varð það úr að Óli, ásamt öðrum ungum mönnum í KFR, hafði um það forgöngu að körfuknattleiksdeild Vals var stofnuð 1970.

Jafnframt því að sitja í varastjórn á fyrstu árum körfuboltans í Val var Óli þjálfari meistaraflokks og gegndi því starfi af kostgæfni fram til 1975. Hann þjálfaði jafnframt yngri flokka, þar á meðal 3. flokk, sem varð fyrsti Íslandsmeistari Vals í körfuknattleik, árið 1971.

Þeir sem léku undir stjórn Óla á fyrstu árum körfuboltans í Val minnst hans með hlýhug. Hann sinnti sínu starfi af samviskusemi og vandvirkni. Hann naut virð-

ingar leikmanna um leið og hann var góður félagi þeirra. Yfirvegum einkenndi framkomu hans í kappleikjum og var framkoma hans honum né félaginu aldrei til vansa. Það einkenndi Óla að vera gjarnan með hendur í vösum þegar kappleikir fóru fram. Ef hann tók hendur úr vösum, þá var það merki þess að hann var orðinn verulega pirraður vegna einhvers sem gekk á innan vallar, meira varð það ekki.

Óli var í fyrsta úrvalsliði Íslands (landsliði), sem fór í keppnisferð til Bandaríkjanna. Hann lék alls 16 landsleiki og var þjálfari landsliðsins um tíma, m.a. á Norðurlandamóti í Svíþjóð 1972. Óli var listrænn í sér, teiknaði og málaði mikið og hannaði m.a. merki KFR og Körfuknattleikssambands Íslands.

Genginn er drengur góður með hendur í vösum, þjálfarinn Óli Toll. Hann gaf mikið og skilur ekkert eftir sig nema góðar minningar hjá þeim, sem voru honum samferða og nutu leiðsagnar hans, hvort heldur var í KFR eða Val.

*Kveðja frá Knattspyrnufélaginu Val,
Sigurður Lárus Hólm.*



Sigrún Gunnarsdóttir

Fæddist 11. maí 1945

Lést 25. maí 2024

Okkar góða, síkátá og skemmtilega Sigrún Gunnarsdóttir er látin eftir langvarandi og erfið veikindi.

Það er mikil eftirsjá að þessari heiðurskonu sem var hrókur alls fagnaðar þar sem við félagarnir ásamt mökum komum saman á tímaótum og gleðistundum. Ef pianó var á staðnum brást ekki að Sigrún settist við hljóðfærið og kæmi viðstöddum í stuð með pianóleik og söng. Vinátta og samvistir okkar spanna nú yfir hálfa öld. Sigrún hafði mikinn áhuga á golfíþróttinni og var meira en liðtæk þar. Þær voru þó nokkrar golfferðirnar með Mulningsvélinni bæði innanlands og til útlanda. Við minnumst gleðistunda er þau hjón Gunnsteinn og Sigrún voru heimsótt í glæsileg hýbýli þeirra erlendis. Þar var tekið rausnarlega á móti gestum.

Mulningsvélín vottar Gunnsteini og fjölskyldu hans sína innilegustu samúð. Minning Sigrúnar Gunnarsdóttur mun lifa með okkur.

Fh. Mulningsvélarinnar, Jón H. Karlsson.



Ægir H. Ferdinandsson

Fæddist 5. júlí 1934

Lést 27. september 2024

Ægir H. Ferdinandsson var heiðursfélagi í Knattspyrnufélaginu Val og einn af elstu félagsmönnum þess er hann lést. Hann átti langan og farsælan feril innan félagsins og kom að starfi þess á mörgum sviðum.

Hann byrjaði ungur að æfa og keppa í knattspyrnu og þótti góður leikmaður. Varð Reykjavíkur- og Íslandsmeistari með sínum jafnöldrum bæði með 3. og 2. flokki. Þá varð hann Reykjavíkurmeistari í meistaraflokki árið 1951 aðeins 17 ára að aldri og Íslandsmeistari í meistaraflokki árið 1956.

Í viðtali sem birtist í afmælisbók Vals,

ÁFRAM, HÆRRA, sagði hann að 1956 hafi hann verið 22 ára, giftur og kominn með börn og áhuginn á fótbolta hefði dofnað verulega. Hann afþakkaði því boð um að æfa með landsliðinu, minnkaði æfingar og keppni en lék samt nokkra meistara-flokksleiki næstu árin á Laugardalsvelli-inum. Hann sagði líka frá því að honum hafi verið boðin góð sumarvinna hjá fyrirtæki í eigu stuðningsmanns keppninauta Vals, gegn því að skipta um félag, en það hefði aldrei komið til greina af hans hálfu. „Núna skipta menn um félög eins og nærbuxur og spyrja hvað þeir fá í laun“ sagði hann ennfremur í viðtalinu.

Það var mikil gæfa fyrir Val að Ægir skipti aldrei um félag því þó að skórnir færu upp í hillu þá var hann virkur félagsmaður um áratuga skeið. Hann var enn leikmaður þegar hann var kjörinn fyrsti formaður knattspyrnudeildar árið 1959, en það ár var deildaskipting innan félagsins tekin upp. Hann var kjörinn formaður félagsins tvisvar og gegndi því hlutverki árin 1967–1970 og síðan aftur 1975–1977. Hann lagði ríka áherslu á að efla félagslíf innan Vals á meðan hann var formaður. Síðar var hann formaður fulltrúaráðs félagsins í mörg ár og hann mætti vel á fundi þess alla tíð, lagði gott til mála í umræðum og hlustað var á hans skoðanir.

Ægir þjálfaði líka yngri flokka Vals í knattspyrnu, var fararstjóri í keppnisferðum margra flokka, tók ötulna þátt í fjóröflunum og kom með nýjar hugmyndir í þeim efnum. Hann minnst þess sérstaklega, hve mikið ævintýri það hefði verið þegar Benfica-liðið keppti við Val árið 1968 og hve vel hefði tekist til með þá heimsókn, bæði fjárhagslega og félagslega.

Við sem urðum síðar formenn Vals gátum alltaf leitað til Ægis um hugmyndir og ráð og rætt við hann um starf félagsins. Ég átti mörg góð samtöl við hann í minni formannstíð og hvenær sem við hittumst síðar bárust málefni félagsins í tal og augljóst var að hann fylgdist vel með starfi þess.

Störf Ægis fyrir Val voru vel metin af félagsmönnum og hann hlaut allar þær viðurkenningar sem félagið veitir. Heiðursorðu Vals fékk hann árið 1981 og var kjörinn heiðursfélagi á 100 ára afmæli félagsins 11. maí 2011.

Valsmenn minnst Ægis H. Ferdinandssonar með miklu þakklæti og virðingu.

Fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Vals sendi ég ættingjum hans innilegar samúðarkveðjur. Reynir Vignir.

Valismaðurinn og heiðursfélagi Vals Ægir Ferdinandsson er látinn 90 ára að aldri. Þótt að töluverður aldursmunur hafi verið á milli okkar þá náðum við vel sam-

Þessir þrjú kappar sem standa fyrir aftan Ægi Ferdinandsson heimsóttu hann á 90 ára afmæli hans síðastliðið sumar en þessir fjórir eru eftir úr Íslandsmeistaraliði Vals 1956. Standandi frá vinstri. Árni Njálsson, Gunnar Gunnarsson og Páll Aronsson og fyrir framan situr Ægir vel skreyttur. Mynd Guðni Olgeirsson.



an sem sannir Valsmenn. Ægir var í meistaraflökksliðinu sem varð Íslandsmeistari í knattspyrnu árið 1956 fyrir 68 árum. Áður hafði hann verið Reykjavíkumeistari 1951 með meistaraflökki félagsins aðeins 17 ára gamall. Ægir rak lengi verslun á Hverfisgötunni og þar var ég aðeins honum til aðstoðar sem matreiðslumaður við kjötskurð og fleira. Eins lágu leiðir okkar saman þegar hann fór að flytja til landsins ýmsar kryddvörur og kokka- og eldhúsklæðnað. Ægir var mikill Valsmaður, gegndi ýmsum forystustörfum fyrir félagið á þeim tímum sem þurfti að hafa mikið fyrir því að láta reksturinn ganga svo hægt væri að halda úti keppnisliðum, félagslífi og huga að aðstöðu fyrir félagsmenn. Hann var ekki hávær í sínum störfum fyrir Val, kom sínum málum fram af hógværð. Undirritaður var 10 ára gamall þegar Valur varð Íslandsmeistari 1956 eins og áður sagði og voru allir leikmenn þessa liðs algjör átrúnaðargoð og hafa verið síðan. Eins og gengur falla menn frá og í dag eru þeir þrjú eftir, það eru þeir Árni Njálsson, Gunnar Gunnarsson og Páll Aronsson. Það var mikil ánægja og gleði þegar þessir þrjú heiðursmenn mættu í 90 ára afmæli Ægis síðastliðið sumar. Þar voru sko rædd og rifjuð upp ýmis atvik og sögur sagðar frá þeim tíma sem þeir urðu Íslandsmeistarar. Og þó svo að farið væri að draga af Ægi og hann ekki getað tjáð sig mikið þá tók hann þátt í umræðunum á sinn hátt.

Ég kveð þennan Valsmann af virðingu og Valsmenn eiga honum mikið að þakka fyrir hans óeingingjörnu störf í þágu félagsins. En umfram allt vil ég þakka Ægi fyrir okkar vináttu sem varði allt fram á það síðasta með heimsóknum til hans á hjúkrunarheimili þar sem hann dvaldi í lokin. Ég votta fjölskyldu Ægis mína dýpstu samúð og bið þeim Guðs blessunar. Hvil í friði minn kæri vinur og Valsmaður.

Lárus Loftsson.



**Hjalte Jónsson
Guðmundsson**
Fæddist 29. febrúar 1948
Lést 6. október 2024

Einn minn besti vinur, Hjalte J. Guðmundsson, hefur kvatt þessa jarðvist 76 ára að aldri. Að eiga traustan og góðan vin er eitt það mikilvægasta í lífi sérhvers manns. Vegir okkar Hjalta lágu saman þegar við vorum ungir drengir, við æfingar og keppni í knattspyrnufélaginu Val, enda Hlíðabúar. Hjalte var reyndar tveimur árum yngri en náðum samt að verða Íslandsmeistarar í sama liði árið 1962.

Það er margs að minnst frá okkar unglingsárum, mikið brallað, sumu hægt að segja frá en öðru ekki. Sigríður móðir Hjalta, sú góða kona, las okkur margan pistilinn áður en við fórum út á lifið að skemmta okkur og bað okkur að fara varlega. „Já, já mamma mín,“ sagði Hjalte, „við segjum bara við stelpurnar: Annaðhvort í kvöld eða aldrei“ (en þessi frasi hefur fylgt okkur alla tíð). Þá sló Sigga á lærið og sagði skellihljæjandi: „Skammist

ykkar.“ En við vorum ábyrgðarfullir ungir menn og gerðum enga vitleysu.

Unglingsárin með Hjalta vini mínum eru mér ógleymanleg og nýt ég þess oft að rifja þau upp. Eftir að Hjalti fór til Bandaríkjanna til náms í flugvirkjun hélt ég að tengslin myndu eitthvað rofna en það var öðru nær. Við héldum sambandi með heimsóknum og símtölum þótt fjarlægðin væri mikil. Hjalti var mjög frændrækinn, talaði oft um frændfólk sitt og hafði gott samband við það. Hann átti engin börn þannig að mín börn voru einnig hans börn eins og hann sagði og kallaði sig þabba 2 þegar hann sendi afmælis- og jólakveðjur og barnabörnin voru afabörnin hans.

Ég náði að heimsækja Hjalta með dóttursyni mínum í febrúar síðastliðnum þegar hann hélt upp á 76 ára afmælið sitt 29. febrúar, en hann var hlaupársbarn. Það var sannkölluð gleðistund þegar við hittumst og strax var farið að grínast, segja sögur, rifja upp og hlæja. Það voru yndislegir dagar sem við áttum saman þann tíma sem ég dvaldi hjá honum, stundir sem ég er þakklátur fyrir og hef í hjarta mínu. Það er með miklum söknuði sem ég kveð minn besta vin en minningin lifir.

Ég votta Jóhönnu systur hans og frændfólki mína dýpstu samúð og bið þeim Guðs blessunar.

Hvíl í friði okkar kæri vinur.

Lárus Loftsson og fjölskylda.

Kæri bróðir minn Hjalti er látinn. Hann skilur eftir mikinn tómléika í mínu hjarta. Lífs saga okkar var ólík allt frá unglingsárunum. Ekki sist þegar við bæði seinnu bjuggum hvort í sínu landinu, í Bandaríkjunum og Þýskalandi. Við vorum í mörgu mjög ólík, en sérstaklega síðustu árin vorum við systkinin orðin mjög nain og töludum daglega saman í síma, þegar hægt var.

Þar sem ég sit og syrgi þig koma upp margar góðar og skemmtilegar minningar. Efst í huga mér kemur hvað þú varst alltaf glaðlyndur og stríðinn. Þú gast látið mig trúá öllu bulli sem þú sagðir mér. Svo kom hrossahláturinn hjá þér, af því hve auðtrúa ég var. Pabbi sagði alltaf að fyrst ætti að skamma mömmu og svo Hjalta, þar sem mamma okkar hló alltaf að allri vitleysunni sem þú gerðir.

Einnig var alltaf svo gaman þegar þú komst í heimsókn til mín til Þýskalands og þar hittist þá gjarnan öll fjölskyldan okkar. Gjarnan hugsa ég til þáka hvað þér þótti snitselið og þýski bjórinn góður.

Seinna meir, þegar þú varst að vinna á borþöllum í Nígeríu, millitentir þú á heimleið í Frankfurt, þar sem ég gat þá komið á flugvöllinn og hitt þig í kaffi og spjallað. Ekki gleymi ég stóra góða faðmlaginu sem ég fékk alltaf frá þér.




Ásgeir Þór Óskarsson er hér í hópi félaga sem urðu Reykjavíkur- og Íslandsmeistarar í 2. flokki árið 1954. Þessi hópur fór í keppnisferð til Þýskalands haustið 1954 sem var jafnframt fyrsta utanför unglingsaflokks hjá Val. Þeir eru f.v. í aftari röð: Þórður Þorkeiðsson og Páll Guðnason fararstjórar, Árni Njálsson, Hreinn Hjartarson, Sigurður Ámundason, Sigfríð Ólafsson, Matthías Eggertsson, Sigurður Hólm Þorsteinsson, Ásgeir Þór Óskarsson, Hilmar Magnússon, Theódór Óskarsson og Frimann Helgason þjálfari. Fremri röð f.v. Hilmar Pietsch, Páll Aronsson, Friðjón Friðjónsson, Sigurbjartur Hafsteinn Helgason, Örn Ingólfsson, Grétar Geirsson, Haraldur Sumarliðason, Bragi G. Bjarnason, Guðmundur Aronsson og Hörður Hjörleifsson. Af þeim sem eru á myndinni eru aðeins þeir Árni Njálsson, Páll Aronsson og Theódór Óskarsson á lifi en aðrir félagar eru fallnir frá. Blessuð sé minning þeirra.

Áætlun okkar að hittast á ættarmóti móðurfjölskyldunnar í Mýrdal í maí 2023 tókst því miður ekki. Von okkar var sú að hittast á Íslandi á næsta ári.

Eftir að elskuleg eiginkona þín Paula dó, dró mikið úr krafti þínum. Mikið gladdist ég að þú gast þó haldið upp á þinn rétta afmælisdag sem var 29. febrúar á þessu ári. Vinir þínir gátu komið eins og Lárus og Sigurður, sem gerði þér mikið gott, einnig þín ameríska fjölskylda og margir vinir sem glöddust með þér.

Elsku bróðir, hvíl þú í friði við hlið Paulu þinnar.

Þín systir, Jóhanna Margrét.



Ásgeir Þór Óskarsson
Fæddist 1. júlí 1935
Léist 14. október 2024

Ásgeir Þór Óskarsson lést 14. október en Ásgeir var mikill Valsmaður og æskufélagi föður míns, Sigurðar Hólms Þorsteinssonar. Í barnæsku bjó Ásgeir lengstum að Lokastíg 23 en faðir minn efst á Lokastígnum, að Njarðargötu 61.

Knattspyrna var vinsæl hjá ungum drengjum á Skólavörðuholtinu og lá leið þeirra félaga til Knattspyrnufélagsins Vals að Hlíðarenda, þar sem leikið var upp alla yngri flokka félagsins. Þeir urðu meðal annars Íslands- og Reykjavíkmeistarar



í 2. flokki árið 1954 og átta margar góðar minningar frá árunum sínum í Val. Í september 1954 fóru þeir með 2. flokki Vals í ógleymanlega keppnisferð til Þýskalands sem var um leið fyrsta knattspyrnuferð unglingaflokks Vals til útlanda.

Ásgeir starfaði við skoðun og eftirlit á gúmmíbjörgunarbatum og rak Gúmmíbatáþjónustuna í Reykjavík í tæp 40 ár og var alla tíð umhugað um öryggismál sjómanna. Hann var eldheitur Valsari og sótti leiki meistaraflokks karla í knattspyrnu auk þess að styðja við rekstur knattspyrnudeildarinnar um langt skeið.

Ásgeir var afburðasögumaður, ljúfmenni með dásamlegan húmor. Skoðanir hans voru skýrar og hann var vel heima í mörgu. Hann hafði fallega tenórródd, hafði yndi af tónlist og söng í áráraðir í Karlakór Reykjavíkur og Skagfirsku söngsveitinni.

Innilegar samúðarkveðjur sendi ég Svönu, eftirlifandi eiginkonu Ásgeirs og dætrunum Ingu, Hönnu, Systu og fjölskyldum.

Pétur Örn Sigurðsson



Þorsteinn Haraldsson

Fæddist 2. desember 1949

Lést 1. nóvember 2024

Okkar ástkæri Valsmaður og vinur, Þorsteinn Haraldsson – Steini í Val, er fallinn frá, um aldur fram. Þorsteinn var með Val í hjartanu og átti traustan sess í faðmi félagsins í hálföld. Hann lét kappið sjaldan bera fegurðina ofurlíði en þegar andi séra Friðriks sveif yfir var vatnið spegilslétt og himinninn blár. Í þeim anda starfaði Steini alla tíð, með heiðarleika að leiðarljósi. Traustsins verður.

Hann brýndi fyrir okkur yngri Valsmönnum, eins og séra Friðrik á sínum tíma, að vera öllum fremri í mannlegum

dyggðum; karlmennsku, kærleika, örlæti, sjálfstillingu, fordómaleysi, vináttu, samúð, ósérhlífni og auðmýkt. Heilræði séra Friðriks voru vegvísar okkar Þorsteins og annarra, og við, sem erum af gamla skólunum, bárum ómælda virðingu fyrir honum. Hann hélt minningu séra Friðriks hæst á lofti að Hlíðarenda, m.a. með árlegum greinum í Valsblaðinu, áratugum saman. Þeir voru sálufélagar.

Í Valsblaðið ritaði Þorsteinn eitt sinn; „Á hvítasunnudag 1958, eftir hádegismat, heyrði ég hróp og hlátrasköll utan af götu. Við bjuggum í risibúð á Miklubraut. Ég var 8 ára og þurfti stól til að standa á til að sjá út um kvistgluggann. Klambratúnsmegin við Miklubrautina var hópur stráka með brilljantín í hárinu. Þetta voru strákar í Val á leið í KFUM til að hylla Séra Friðrik. Hann átti 90 ára afmæli. Ég hafði lesið allt um afmælið í Mogganum. Ég var í Val og mig langaði að fara en ég var ekki nógu stór. Ég sá aldrei Séra Friðrik.

Strákar í Val og fleiri félögum Séra Friðriks byggðu Friðrikskapellu á Hlíðarenda. Þegar byggingunni var lokið komu þeir til mín með lyklna að húsinu og sögðu: Gerðu svo vel. Viltu þú ekki vera svo vænn að taka við húsinu? Og ég tók við húsinu. Þá hófst fyrir alvöru vinátta okkar Séra Friðriks. Við höfum reyktað hana alla tíð síðan.“

Árið 1956 fór Þorsteinn niður á Valsvöll, sex ára gamall, og kom heim 1964. Hann var skráður í Val í maí 1957. Strákarnir voru öllum stundum í fótbolta. Sjálfur skrifaði hann að æskudagar hans hefðu verið dýrðardagar. Hlíðarendi var hans annað heimili. Þorsteinn bar út Morgunblaðið til Valda og Helgu sem bjuggu að Hlíðarenda og 13 ára vann hann við að raka, slá og snyrta Hlíðarenda. Þá skein sól alla daga, að hans sögn.

Æskuárin mótuðu Þorstein fyrir lífstíð eins og flesta aðra. Árið 2019 rifjaði hann upp árin að Hlíðarenda í Valsblaðinu. „Ég sat í grænum Austin Gipsy jeppa Úlfars Þórðarsonar sem var hættur að vera formaður Vals en lagði drenrör af kappi til að ræsa fram grasvöllinn. Ég sat hjá Svenna, syni Úlfars og við okum rörum til föður hans frá hinum enda vallarins. Úlfar var því feginn að þurfa ekki að eyða dýrmætum tíma sínum í akstur. Svenni var góður bílstjóri enda orðinn 10 ára. Ég var aðstoðarmaður Svenna.“

Þorsteinn Haraldsson skrifaði marg oft um þá höfðingja sem voru gæfa Vals, sjálfbodaliðana sem lögðu grunninn að því félagi sem Valur er í dag. Steini var einn af

þessum höfðingjum og hann vann sin störf í kyrrþey. Hann sagðist ekki hafa afrekað neitt innan vallar ef frá er talið mark sem hann skoraði gegn Vikingi á Háskólavellinum fyrir 5. flokk C. Það var úrslitamark, skorað úr víti. Mörkin hans urðu reyndar fjögur í vináttuleik gegn Reyni Sandgerði sama ár, öll í fyrri hálfleik.

Á gamlársdag árið 1963 missti Þorsteinn vinstra augað. Þar með lauk æskuárum hans í Val og hann kvaddi Hlíðarenda með glaðar minningar og gott veganesti út í lífið. Árið 1988 greiddi hann skuldina við æskufélagið og gerðist gjaldkeri aðalstjórnar Vals. Það var gæfa Vals enda fjármálin í ólestri. Á þessum árum hófst sú uppbygging sem við höfum notið góðs af í rúm 30 ár og hugsanlega tekið sem sjálf-sögðum hlut.

Steini var í ritstjórn bókarinnar Áfram hærra, 100 ára sögu Vals og ávallt mín hægri hönd á þeirri vegferð sem var tár, bros og takkaskór. Margar andvökunætur. En útkoman er Val og Þorsteini til sóma. Hann var einstaklega pennalipur, úrræðagóður og natinn; nákvæmur fram í fingurgóma og ævinlega elskulegur. Hans verður sárt saknað.

Við í Val sendum eiginkonu Þorsteins; Láru V. Júlíusdóttur, börnum þeirra, fjölskyldum og ættingjum okkar dýpstu samúðarkveðjur.

f.h. Knattspyrnufélagsins Vals,
Þorgrímur Þráinsson



Þorleifur Kristinn Valdimarsson

Fæddist 17. mars 1940

Lést 2. nóvember 2024

Við Binni kynntust Þorleifi vini okkar 1978 og komumst þá strax að því hvað við áttum mikið sameiginlegt. Þorleifur var mikill Valsmaður, hafði alist upp á Óðins-



Bikarmeistararitli fagnað á Laugardalsvelli 2016 að loknum sigri á ÍBV í úrslitaleik, 2-0. Á myndinni eru frá hægri til vinstri þau Karen Valdimarsson, Þorleifur, Jóhanna Gunnþórsdóttir og Lára Kristjánsdóttir.

götunni. Hann fór á eina æfingu hjá KR og það var nóg, hann æfði síðan með Val. Við vorum dugleg að fara á leiki saman, sérstaklega á fótboleikunum en hann fylgdi samt einnig mikið með handbolta og körfuboltanum í Val.

Það var síðan eitt árið, á seinni hluta tíunda áratugar síðustu aldar þegar vantaði formann fyrir knattspyrnudeild Vals, að við Binni minn töluðum við hann um að taka að sér formennsku og samþykkti hann það. Það voru ekki auðveldir tímar þá í knattspyrnunni í Val en þá fór mikill tími og orka í að útvega fé til að fjármagna rekstur knattspyrnudeildarinnar.


Þó að rekstur knattspyrnudeildarinnar hafi verið erfiður á þessum árum voru þetta skemmtilegir tímar. Í lok keppnistímabíla þegar Þorleifur var formaður voru minnisstæð heimboð þeirra hjóna, Theodóru og Þorleifs þar sem leikmönnum meistaraflokka Vals í fótbolta, bæði karla og kvenna var boðið ásamt mökum.

Það eru margar minningarnar sem við hjónin eigum með vini okkar Þorleifi í gleði og sorg en þó meira í gleði hérlendis og erlendis á ferðalögum á sjó og á landi, á tónleikum, á íþróttaleikjum o.fl. Mikið var hlegið og mikið var gaman þá.

Við Binni sendum Karen Valdimarsson, eftirlifandi eiginkonu Þorleifs, dætrum og fjölskyldum þeirra okkar innilegustu samúðarkveðjur. Vini okkar Þorleifi þökkum við af alhug allar okkar samverustundir í 46 ár, hittumst þegar okkar tími kemur.

Saknaðarkveðjur, Binni og Jóhanna.

Jóhanna Gunnþórsdóttir



Björn Júlíusson

Fæddist 19. nóvember 1940
Lést 12. nóvember 2024

Björn bróðir minn er látinn eftir stutta sjúkrahúslegu. Hann var orðinn slitinn og glímdi við ýmsa krankleika sem fylgja háum aldri. Ég kom til hans nýlega og sá að lífsgæði hans voru mikið skert en vonaðist til að með sjúkrahjálfun gæti hann fengið nokkurn bata. Við vorum sammæðra og hann er elstur systkina minna. Aldursmunur var nokkur svo í barnæsku vorum við litlir leikfélagar fremur að ég liti upp til hans sem stóra bróðurs. Í litla húsinu okkar í Þverholtinu svaf hann inni hjá Vigdísí ömmu en nafnið sitt fékk hann frá Birni föður hennar. Vigdís amma var alltaf stolt af

dugnaði Bjössu. Hann kenndi mér mann-ganginn og leiddi mig inn í forvitni-legan heim frímerkjanna þar sem heimurinn allur var undir. Þegar hann flutti að heiman til að verða fullorðinn heimilisfaðir gaf hann mér safnið sitt. Bjössu var einn af sterkustu varnarmönnum í Val, spilaði aftastur í vörninni og var framherjum andstæðinganna erfiður. Þegar ég átti í deilum við aðra stráka í Holtunum en skætur voru oft milli strákaflokka á þessum árum, gat ég hótad því að Bjössu kæmi og tuskaði þá til ef ég var í vandræðum. Þetta virkaði oftast enda margir sem vissu hver Bjössu var. Bjössu tók ungur ábyrgð. Hann fór ungur að vinna og ungur stofnaði hann heimili með konu sinni Guðrúnu Ásmundsdóttur sem nú lifir mann sinn. Bjössu og Guðrúna kynntust á kvöldgöngu fyrir sunnan Frikirkjuna, rómantískara boist það varla. Ég minnst þess að þóin hjá ungu hjónunum í Drápuhlíðinni voru gleðileg nýbreytni og tilhlökkunarrefni í hvert sinn. Bjössu var reglumaður en reykti vindla í hófi og þótt gott í vikulokin að fá sér eitt eða tvö viskíglös. Hann starfaði mest við akstur fyrst vörubílaakstur hjá Sindrastáli og seinna á eigin sendibíl hjá Nýju Sendibílastöðinni. Hann var áreiðanlegur og traustur bílstjóri og eignaðist fljótt fasta viðskiptavini og þurfti lítið að reida sig á Stöðina. Hann sá ekki aðeins um keyrslu fyrir viðskiptamenn sína heldur leysti út vörur og hafði margs konar milligöngu um flutningana. Billinn hans ljósi Benzinn alltaf hreinn og snyrtilegur. Hann var líka tiltækur ef einhver í fjölskyldunni þurfti flutningsþjónustu. Í minningunni eru líka dagstúrar út úr bænum með fjölskyldunni t.d. í berjaleit en þá voru komnir bekkir í Benzann. Bjössu var ekki gjarnt að flíka tilfinningum sínum en var umhyggjusamur við fjölskyldu sína og sjálfur á ég minningu um umhyggjusemi hans á erfiðum tímum í mínu lífi. Hann var líka einstaklega hlýr og góður við móður okkar enda upphaldið hennar. Mamma og Vigdís amma kunnu margar sögur af Bjössu sem krakka þar sem hann var að aðstoða einstæða móður sína í bragganum á Skólavörðuholtinu. Dró við í eldinn og tróð sér jafnvel undir girðingar bresku hermanna á holtinu til að ná í spýtur. Þegar hann hafði tók á við keyrsluna kom hann iðulega við hjá mömmu í kaffisopa sem gladdi hana mjög ekki síst eftir að hún varð eldri. Ég kveð bróður minn og þakka samfylgdina. Við Agnes færum Guðrúnu, börnum þeirra, barnabörnum og fjölskyldu innilegar samúðarkveðjur.

Vignir Björnsson

Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Ólafur G. Gústafsson

Ólafur Már Sigurðsson

Ólafur Stefánsson

Ómar Sigurðsson

Óskar Bjarni Óskarsson og fjölskylda

Óttar Felix Hauksson

Páll Steingrímsson

Ragnar Gunnarsson

Ragnhildur Edda Þórðardóttir

Reinhold Richter

Reynir Vignir

Ríkharður Hrafnkelsson

Róbert Aron Hostert

Saltverk ehf

Sigríður Unnur Jónsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Helgason

Sigurður K. Pálsson

Sigurður Sæberg

Sigurður Þórarinsson

Sigursteinn Gunnarsson

Sigþór Sigurðsson

Skúli Edvardsson

Smári Þórarinsson

Sonja Jónsdóttir

Srdjan Tufegdzic

Stefán Carlsson

Stefán Gunnarsson

Styrmir Þór Bragason

Svala Þormóðsdóttir

Svali Björgvinsson

Sveinn Sigfinnsson

Sveinn Stefánsson

Sveinn Zoëga

Sævar Hjálmarsson

Theódór Skúli Halldórsson

Theódór Hjalti Valsson

Torfi Magnússon

Tómas H. Heiðar

Valdimar Grímsson

Valgarður Finnbogason

Valþór Druzin Halldórsson

Viðar Bjarnason

Viðar Elísson

Vignir Ari Steingrímsson

Ýmir Örn Gíslason

Þórður Ágústsson

Þorgrímur Þráinsson

Þorsteinn Gunnar Einarsson

Þorsteinn Gíslason

Þorsteinn Guðbjörnsson

Þorsteinn Þorsteinsson

NA

NORÐURÁL

ÁFRAM VALUR!



nordural.is